



# AÐALSKIPULAG BOLUNGARVÍKUR 2020-2032

Drög að skipulagstillögu – kynning á vinnslustigi

Desember 2020





# AÐALSKIPULAG BOLUNGARVÍKUR 2020-2032

## Drög að skipulagstillögu – kynning á vinnslustigi

Desember 2020



SAMÞYKKTIR

Aðalskipulag þetta, sem auglýst hefur verið samkvæmt 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 m.s.br., var samþykkt í hreppsnefnd Súðavíkurhrepps þann

---

---

Aðalskipulag þetta var staðfest af Skipulagsstofnun þann

---

---

---

Aðalskipulagið er staðfest með fyrirvara um niðurstöður staðbundins hættumats, samkvæmt lögum um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum nr. 49/1997 m.s.br. og reglugerð um hættumat vegna ofanflóða og flokkun og nýtingu hættusvæða nr. 505/2000 m.s.br. við gerð deiliskipulags og afgreiðslu einstakra byggingar- og framkvæmdaleyfa.

ÖNNUR SKIPULAGSGÖGN

Uppdrættir í mælikvarða 1:50.000 og 1:10.000, blaðstærð A0, dags. 7. apríl 2020.

## Staðfesting á þátttöku hagsmunaaðila í skipulagshópi

Undirritaðir eru fulltrúar hagsmunaaðila í skipulagshópi, sem unnið hefur að heildarendurskoðun aðalskipulags Bolungarvíkurkaupstaðar fyrir tímabilið 2020-2032. Þeir eru sammála þeirri meginstefnu sem sett er fram í aðalskipulaginu, m.t.t. hagsmuna þess félags eða hóps sem þeir eru fulltrúar fyrir. Ágreiningur getur þó verið um afmarkaða þætti þess. Fulltrúar skipulagshópsins bera ekki ábyrgð á aðalskipulaginu, að hluta eða í heild, enda er það á forræði sveitarstjórnar, í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 og skipulagsreglugerð nr. 90/2013.

Bolungarvík \_\_\_\_\_

Félag eldri borgara í Bolungarvík

\_\_\_\_\_

Hestamannafélagið Gnýr

\_\_\_\_\_

Bændur og landeigendur

\_\_\_\_\_

Foreldrafélag grunn- og leikskóla

\_\_\_\_\_

Heilsubærinn Bolungarvík

\_\_\_\_\_

Ferðamálafélag Bolungarvíkur

\_\_\_\_\_

Sjálfsbjörg

\_\_\_\_\_

Skógræktarfélag Bolungarvíkur

\_\_\_\_\_

Fyrirtæki í sjávarútvegi

\_\_\_\_\_

UMFB

\_\_\_\_\_

Land- og húseigendur í Skálavík

\_\_\_\_\_

## EFNISYFIRLIT

Efnisyfirlit .....	v
<b>Inngangur .....</b>	<b>9</b>
1 Aðalskipulag .....	10
1.1 Skipulagssvæðið .....	10
1.2 Framsetning .....	10
1.3 Vinnuferli .....	11
Umsagnir, samráð og þátttaka hagsmunaaðila .....	11
Samráð við stofnanir og aðliggjandi sveitarfélög .....	13
1.4 Afgreiðsla skipulagsins (uppfært síðar) .....	13
1.5 Helstu breytingar frá gildandi aðalskipulagi .....	14
1.6 Umhverfismat .....	14
1.7 Eftirfylgni og vöktun .....	14
<b>Helstu áherslur .....</b>	<b>16</b>
2 Leiðarljós og meginmarkmið .....	17
2.1 Leiðarljós .....	17
2.2 Meginmarkmið .....	17
Náttúra .....	17
Samfélag .....	18
Innviðir .....	18
<b>Náttúra .....</b>	<b>20</b>
3 Staðhættir og landslag .....	21
3.1 Jarðfræði .....	22
3.2 Veðurfar .....	22
4 Vatnafar og vatnsgæði .....	25
4.1 Vatnsvernd .....	25
4.2 Votlendi .....	26
Markmið og stefna – Vatnafar og vatnsgæði .....	28
5 Óbyggðir .....	29
Markmið og stefna - Óbyggðir .....	29

6 Gróðurfar og dýralíf .....	31
6.1 Vistgerðir .....	31
6.2 Jarðvegur .....	35
6.3 Dýralíf .....	36
Markmið og stefna – Gróðurfar og dýralíf .....	36
7 Náttúruvá og loftslagsbreytingar .....	38
7.1 Ofanflóð .....	38
Markmið og stefna - Ofanflóð .....	40
7.2 Loftslagsbreytingar og sjávarrof .....	41
Markmið og stefna – Loftslagsbreytingar og sjávarflóð .....	45
8 Náttúruvernd .....	47
8.1 Sjálfbær þróun .....	47
8.2 Gildi náttúrunnar og verðmætamat .....	47
8.3 Verndarmarkmið náttúruverndarlaga .....	47
8.4 Náttúruverndarsvæði .....	48
Markmið og stefna - Náttúruvernd .....	51
<b>Samfélag .....</b>	<b>54</b>
9 Byggð .....	55
9.1 Saga byggðar .....	55
9.2 Menningar- og búsetuminjar .....	56
Fornleifar .....	56
Byggingararfur og húsfriðun .....	60
Þéttbýli .....	60
Dreifbýli .....	63
Markmið og stefna – Menningar- og búsetuminjar .....	63
9.3 Íbúápróun .....	65
Íbúafjöldi .....	65
Samsetning íbúafjölda .....	67
Markmið og stefna – Íbúápróun .....	69
9.4 Íbúðarsvæði .....	69
Markmið og stefna - Íbúðarsvæði .....	71
9.5 Miðbæjarsvæði .....	72
Markmið og stefna - Miðbæjarsvæði .....	74
9.6 Frístundabyggð og byggð í dreifbýli .....	77

Markmið og stefna – Frístundabyggð og byggð í dreifbýli.....	79	Söfn og menningarhús .....	112
9.7 Gæði byggðar .....	80	Kirkjur og kirkjugarðar.....	113
Hljóðvist.....	80	Markmið og stefna - Menning .....	113
Myrkurgæði .....	80	11.3 Heilbrigðismál, öryggi og málefni aldraðra .....	114
Markmið og stefna – Gæði byggðar .....	81	Markmið og stefna – Heilbrigðismál, öryggi og málefni aldraðra .....	114
10 Atvinna .....	83	12 Útivist, íþróttir og skógrækt.....	116
10.1 Atvinnuþróun.....	83	12.1 Útivist og græn svæði .....	116
Markmið og stefna - Atvinnuþróun.....	84	Íþróttir.....	116
10.2 Sjávarútvegur.....	86	Leiksvæði.....	116
Veiðar og vinnsla.....	86	Gildi útivistar .....	117
Fiskeldi.....	86	Markmið og stefna – Útivist og græn svæði.....	117
Markmið og stefna - Sjávarútvegur .....	89	12.2 Skógrækt og trjárækt.....	119
10.3 Landbúnaður .....	90	Markmið og stefna – Skógrækt og trjárækt.....	119
Flokkun landbúnaðarlands.....	91	<b>Innviðir .....</b>	<b>122</b>
Eignarhald og landamerki .....	92	13 Veitur og fjarskipti .....	123
Lögbýli og eyðijarðir .....	92	13.1 Veitur .....	123
Markmið og stefna - Landbúnaður.....	93	Rafveita .....	124
10.4 Ferðaþjónusta.....	95	Vatnsveita.....	125
Vöxtur ferðaþjónustu .....	95	Hitaveita.....	125
Þjónusta og afþreying fyrir ferðamenn.....	96	Fráveita .....	125
Áherslur á lands- og svæðisvísu .....	97	Markmið og stefna - Veitur .....	126
Markmið og stefna - Ferðaþjónusta .....	98	13.2 Fjarskipti.....	128
10.5 Verslun og önnur þjónusta .....	100	Markmið og stefna - Fjarskipti.....	129
Markmið og stefna – Verslun og önnur þjónusta.....	100	14 Samgöngur .....	131
10.6 Hafnarstarfsemi .....	101	14.1 Göngu-, hjóla- og reiðleiðir .....	131
Markmið og stefna - Hafnarstarfsemi .....	104	Markmið og stefna - Göngu-, hjóla- og reiðleiðir.....	132
10.7 Iðnaðar- og athafnasvæði.....	105	14.2 Vegir og gatnakerfi .....	133
Starfsemi á athafna- og iðnaðarsvæðum.....	105	„Vegir í náttúru Íslands“ .....	135
Úrgangur.....	105	Markmið og stefna - Vegir og gatnakerfi.....	136
Markmið og stefna – Iðnaðar- og athafnastarfsemi.....	106	14.3 Almennings­samgöngur .....	137
10.8 Efnistaka og vinnsla.....	108	Markmið og stefna - Almennings­samgöngur.....	137
Markmið og stefna – Efnistaka og vinnsla .....	110	<b>Skipulagsskilmálar .....</b>	<b>140</b>
11 Stofnanir, félags- og velferðamál.....	112	15 Almenn atriði.....	141
11.1 Skólar og íþróttahús.....	112		
Markmið og stefna – Skólar og íþróttahús.....	112		
11.2 Menning.....	112		

16	Landnotkun.....	142	16.18	Vötn, ár og sjór (V).....	171
16.1	Íbúðarbyggð (ÍB) .....	142	16.19	Strandsvæði (ST).....	172
16.2	Miðsvæði (M) .....	144	16.20	Varnar- og öryggissvæði (VÖ).....	173
16.3	Verslun og þjónusta (VÞ).....	146			
16.4	Samfélagsþjónusta (S).....	147	<b>Takmarkanir á landnotkun.....</b>	<b>175</b>	
16.5	Athafnasvæði (AT).....	149	17	Verndarákvæði.....	176
16.6	Iðnaðarsvæði (I).....	151	17.1	Náttúruvá (NV) .....	176
16.7	Efnistöku- og efnislosunarsvæði (E) .....	153	17.2	Minjavernd (MV) .....	177
16.8	Frístundabyggð (F) .....	155	17.3	Vatnsverndarsvæði og Vatnsból (VF, VG, VB) .....	178
16.9	Afþreyingar- og ferðamannasvæði (AF) .....	158	17.4	Hverfisvernd (HV) .....	179
16.10	Íþróttasvæði (ÍÞ) .....	159	18	Heimildir.....	182
16.11	Kirkjugarðar og grafreitir (K).....	160	19	Viðaukar.....	185
16.12	Opin svæði (OP).....	161			
16.13	Hafnir (H).....	164			
16.14	Landbúnaðarsvæði (L).....	165			
16.15	Skógræktar- og landgræðslusvæði (SL).....	167			
16.16	Óbyggð svæði (ÓB) .....	169			
16.17	Sérstök not haf- og vatnssvæða (SN) .....	170			





# INNGANGUR

## 1 AÐALSKIPULAG

Aðalskipulag þetta er heildarendurskoðun á Aðalskipulagi Bolungarvíkur 2008-2020, sem samþykkt var af bæjarstjórn Bolungarvíkur 2. maí 2011. Fyrri skipulag var unnið í samræmi við þágildandi skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997. Skipulagsvinnan við heildarendurskoðunina byggir á skipulagslögum nr. 123/2010 og lögum um umhverfismat áætlana nr. 105/2006 en samkvæmt síðarnefndu lögnum er Aðalskipulagið háð umhverfismati áætlana. Umhverfismatið var unnið samhliða endurskoðun aðalskipulagsins. Umfjöllun um einstaka þætti umhverfismatsins er fléttuð inn í greinargerðina en nánari upplýsingar um umhverfismatið, svo sem forsendur þess, aðferðir og niðurstöður, er að finna í viðauka.



Mynd 1.1 Skipulagssvæðið. (Mynd: Verkís)

### 1.1 SKIPULAGSSVÆÐIÐ

Skipulagið tekur til alls lands sveitarfélagsins Bolungarvíkurkaupstaðar. Sveitarfélagið nær til Syðridals, Tungudals, Hlíðardals og Skálavíkur auk þéttbýlis Bolungarvíkur, sem er kennt við samnefnda vík. Bolungarvík fékk kaupstaðarréttindi árið 1974 en fram að því hét byggðarlagið Hólshreppur. Ísafjarðarbær er eina aðliggjandi sveitarfélag Bolungarvíkurkaupstaðar og liggja mörk þeirra um Arafjall við Ísafjarðardjúp, til suðurs að Kistufelli, um Gilsbrekkuheiði og vestur að sjó um fjallið Öskubak.

### 1.2 FRAMSETNING

Aðalskipulagið er sett fram í greinargerð og skipulagsuppdráttum. Uppdrættirnir eru prentaðir á eitt blað í stærð A1. Auk þess er skipulaginu skilað á starfrænu formi til Skipulagsstofnunar í samræmi við skipulagslög.

Sveitarfélagsuppdráttur: Drög að tillögu, desember 2020. Mælikv. 1:25.000

Þéttbýlisuppdráttur: Drög að tillögu, desember 2020. Mælikv. 1:7.500

Greinargerðinni er skipt upp í átta meginhluta.

- ◆ Inngangur
  - Helstu gögn og aðferðir við skipulagsvinnuna.
- ◆ Stefna sveitarstjórnar
  - Leiðarljós og meginmarkmið
- ◆ Náttúra
  - Staðhættir og landslag, vatnafar og vatnsgæði, óbyggðir, lífríki, náttúruvá og náttúruvernd.
- ◆ Samfélag

- Menningarminjar, íbúapróun og íbúðarsvæði, miðbæjarsvæði, frístundabyggð, gæði byggðar, atvinna, stofnanir, félags- og velferðarmál og útivist, opin svæði, íþróttir og skógrækt.
- ♦ Innviðir
  - Veitur, fjarskipti og samgöngur.
- ♦ Skilmálar um landnotkun
  - Almenn og sértæk ákvæði fyrir landnotkunarflokk.
- ♦ Takmarkanir á landnotkun
  - Viðbótarákvæði sem varða takmörkun á landnotkun annarra landnotkunarflokka.
- ♦ Viðaukar
  - Umhverfismat aðalskipulagsins og ýmsar aðrar viðbótarupplýsingar.

Kaflar um náttúru, samfélag og innviði fjalla um grunnforsendur og stefnu en auk þess er umfjöllun um áhrif skipulagsins á umhverfi og samfélag fléttuð inn í þann texta (umhverfismat áætlan). Nánar er fjallað um umhverfisáhrifin í viðauka.

### 1.3 VINNUFERLI

Bolungarvíkurkaupstaður samdi við Verkís verkfræðistofu um ráðgjöf við heildarendurskoðun á aðalskipulaginu og hófst undirbúningsvinna verkefnisins fyrri hluta árs 2018. Teiknistofan Eik vann gildandi aðalskipulag en árið 2016 sameinaðist hún Verkís. Í lok árs 2018 og í upphafi árs 2019 fjallaði umhverfismálaráð Bolungarvíkur um viðfangsefni og áherslur heildarendurskoðunar aðalskipulagsins og lagði þar með grunninn að skipulags- og matslýsingu. Lýsingin var samþykkt í sveitarstjórn í apríl 2019 og fór í umsagnar- og kynningarferli.

Fyrir hönd ráðgjafa unnu Gunnar Páll Eydal, Ruth Guðmundsdóttir, Erla Bryndís Kristjánsdóttir og Einar Jónsson mest í verkefninu. Fyrir hönd Bolungarvíkur voru Finnboogi Bjarnason og Gísli Gunnlaugsson tengiliðir ráðgjafa. Stefnumörkunin var unnin af kjörnum fulltrúum Bolungarvíkurkaupstaðar en jafnframt var hópur íbúa og hagsmunaaðila virkjaður til þátttöku í verkefninu. Umhverfismálaráð og bæjarstjórn ræddu um viðfangsefni aðalskipulagsins eftir þörfum á vinnslutímanum og eru þeir fundir ekki tilgreindir sérstaklega hér en vísað er á vefsíðu Bolungarvíkur þar sem finna má fundargerðir nefnda og bæjarstjórnar. Fjallað er um þátttöku íbúa og hagsmunaaðila í skipulagsvinnunni í kafla 1.3.

### Umsagnir, samráð og þátttaka hagsmunaaðila

Aðalskipulagsvinnan var kynnt í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 og skipulagsreglugerð nr. 90/2013. Þar er gert ráð fyrir kynningu á skipulags- og matslýsingu, kynningu skipulagstillögu á vinnslustigi og auglýsingu skipulagstillögu. Jafnframt skal senda lýsingu til umsagnaraðila.

Við upphaf skipulagsvinnunnar var ákveðið að ganga talsvert lengra í samráði og samtali við íbúa og hagsmunaaðila en krafist er í skipulagslöggjöfinni. Settur var á fót skipulagshópur sem skipaður var íbúum og hagsmunaaðilum. Hópnum var ætlað að vera virkur þátttakandi við gerð og mótun skipulagstillögunnar. Að auki hafa málefni aðalskipulagsins verið kynnt með ýmsum hætti, m.a. á íbúafundum og á vefsíðu hreppsins.

Óskað var eftir útnefningu fulltrúa í skipulagshópinn frá starfandi félögum en umhverfismálaráð útnefndi fulltrúa fyrir þá hóp sem voru án félags (tafla 1.1). Skipulagshópurinn tók virkan þátt í skipulagsvinnunni undir leiðsögn skipulagsráðgjafa og var sveitarstjórn til ráðgjafar um málefni aðalskipulagsins. Hópurinn starfaði eftir starfsreglum sem hann samþykkti sjálfur í upphafi vinnunnar. Þar var fjallað um hlutverk, þátttöku og ábyrgð fulltrúa hópsins. Skipulagshópnum var ætlað að auðvelda og auka gæði gagnaöflunar og greiningarvinnu. Breiðari og virkari þátttaka er líkleg til að draga úr hagsmunaárekstrum og auka stuðning íbúa við skipulagsáætlunina.

Þar með er líklegra að markmiðum skipulagsins verði hrint í framkvæmd á skipulagstímabilinu. Áhersla var lögð á að fulltrúar hópsins kæmst að sameiginlegri niðurstöðu og sættust á eina skipulagslausn. Gert er ráð fyrir að fulltrúar hópsins muni staðfesta þátttöku sína í skipulagsvinnunni með undirskrift eins og sjá má fremst í greinargerðinni. Með staðfestingunni eru undirritaðir í grundvallaratriðum sammála þeirri stefnu sem sett er fram í aðalskipulaginu. Ágreiningur getur þó verið um einstaka afmarkaða þætti í skipulagstillögunni.

**Tafla 1.1 Skipulagshópur íbúa og fleiri hagsmunaaðila.**

Hópur	Tilnefning
Umhverfismálaráð (formaður)	Umhverfismálaráð
Yngra fólkið	Foreldrafélag grunnskóla og leikskóla
Eldri borgarar	Félag eldri borgara
Fatlaðir	Sjálfbjörg
Íþróttaiðkendur	UMFB
Hestafólk	Hestamannafélagið Gnýr
Útivist og heilsa	Heilsubærinn Bolungarvík
Skógrækt	Skógræktarfélagið
Land- og húseigendur Skálavík	Bolungarvíkurkaupstaður
Bændur og aðrir landeigendur	Bolungarvíkurkaupstaður
Ferðamálasamtök Bolungarvíkur	Bolungarvíkurkaupstaður
Fyrirtæki í sjávarútvegi	Bolungarvíkurkaupstaður



**Mynd 1.2 Skipulagshópur íbúa og fleiri hagsmunaaðila.**

Samvinna við íbúa, hagsmunaaðila og umsagnaraðila – helstu áfangar og viðburðir:

- ♦ Kynning skipulags- og matslýsingar.
  - Lýsingin var samþykkt í bæjarstjórn 9. apríl 2019 og auglýst í framhaldinu. Hún var aðgengileg á vef Bolungarvíkur og vefsíða sem og á skrifstofu sveitarfélagsins. Opið var fyrir athugasemdir frá 15. apríl til 31. maí 2019.
  - Send til umsagnaraðila 14. apríl 2019.
  - Kynningarfundur 13. Júní 2019.

- ◆ Kynning á vinnslustigi
  - Afurðir auglýstar og birtar á vefnum þann \_\_\_.
  - Kynningarfundur þann \_\_\_.
  - Afurðir sendar stofnunum til umsagnar í \_\_\_.
- ◆ Vinna skipulagshóps
  - Boðaðir fundir skipulagshóps: 6. júní 2019, 20. nóvember 2019, 18.júní. 2020.
  - Upplýsingaöflun og greiningarvinna – samtal og fundir ráðgjafa með einstökum fulltrúum skipulagshóps eftir þörfum.
- ◆ Afgreiðsla og auglýsing skipulags (uppfært síðar)
  - Umhverfismálaráð lagði til við sveitarstjórn þann \_ að aðalskipulagið yrði auglýst skv. 1. mgr. 31. gr. skipulagslaga. Sveitarstjórn samþykkti fundargerð nefndarinnar þann \_.
  - Skipulagsstofnun fékk tillögu að aðalskipulaginu til yfirferðar \_ og skilaði stofnunin umsögn sinni þann \_.
- ◆ Vegagerðin
- ◆ Isavia
- ◆ Kirkjugarðaráð
- ◆ Veðurstofa Íslands
- ◆ Ísafjarðarbær
- ◆ Náttúrufræðistofnun
- ◆ Ferðamálastofa
- ◆ Orkustofnun
- ◆ Samgöngustofa
- ◆ Fiskistofa
- ◆ Skógræktin
- ◆ Landgræðsla ríkisins
- ◆ Fjórðungssamband Vestfirðinga
- ◆ Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið
- ◆ Míla

### Samráð við stofnanir og aðliggjandi sveitarfélög

Eftirtaldir aðilar fengu skipulagslýsinguna og skipulagstillöguna til umsagnar, auk Skipulagsstofnunar.

- ◆ Umhverfisstofnun
- ◆ Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða
- ◆ Minjastofnun
- ◆ Orkubú Vestfjarða
- ◆ Landsnet

Hér verður greint frá þeim athugasemdum sem kunna að verða gerðar á vinnslustigi.

### 1.4 AFGREIÐSLA SKIPULAGSINS (UPPFÆRT SÍÐAR)

Þann \_ lagði umhverfismálaráð það til við bæjarstjórn að aðalskipulagstillagan yrði auglýst. Þann \_ samþykkti bæjarstjórn Bolungarvíkur að auglýsa aðalskipulagstillöguna. Aðalskipulagið var sent Skipulagsstofnun til yfirferðar þann \_. Þann \_ fjallaði bæjarstjórn aftur um aðalskipulagstillöguna og samþykkti að auglýsa hana með þeim breytingum

sem höfðu verið gerðar eftir yfirferð Skipulagsstofnunar. Skipulagstillagan ásamt umhverfisskýrslu var auglýst frá \_ til og með \_. Eftirtaldir aðilar sendu athugasemdir:

- ◆ Listi- bætt við síðar

Auk þess sendu eftirfarandi stofnanir inn ábendingar og athugasemdir:

- ◆ Listi – bætt við síðar

Afgreiðsla og mögulegar breytingar eftir auglýsingu.

- ◆ Bætt við Síðar

## 1.5 HELSTU BREYTINGAR FRÁ GILDANDI AÐALSKIPULAGI

Heildarendurskoðun felur annars vegar í sér uppfærslu á grunnupplýsingum sem settar eru fram í aðalskipulaginu og hins vegar á stefnu skipulagsins. Árið 2010 tóku gildi ný skipulagslög þar sem m.a. eru breyttar skilgreiningar á landnotkun og landnotkunarflokkum. Skipulagið hefur verið uppfært m.t.t þess.

Helstu stefnubreytingar frá fyrra aðalskipulagi eru í atvinnumálum. Gert er ráð fyrir auknu rými og þróun fyrir hafnsækna starfsemi, m.a. með landfyllingu við Grundargarð. Ferðaþjónustu eru gerð skýrari skil en áður og megináfangastaðir skilgreindir. Miðsvæði Bolungarvíkur fær sérstakan sess og þar er gert ráð fyrir fjölbreyttri starfsemi með áherslu á aðlaðandi ásýnd. Miðsvæðið og hafnarsvæðið mynda heild sem styrkir sjávarútveg og ferðaþjónustu. Hafnargatan og nánasta umhverfi er hverfisverndað til að styðja við þessi markmið. Loftslagsmál fá rýmri umfjöllun en áður. Forsendur hafa breyst vegna breytinga á lögum og tekur skipulagið mið af því. Ýmsar aðrar áherslubreytingar og breytingar á landnotkun, sem ekki eru tilgreindar nánar hér, er að finna í skipulaginu.

## 1.6 UMHVERFISMAT

Í lok hvers kafla, sem tilgreinir stefnu aðalskipulagsins, er stutt samantekt á umhverfisáhrifum stefnunnar sem mörkuð er í skipulaginu. Nánari umfjöllun um umhverfisáhrifin er í viðauka.

## 1.7 EFTIRFYLGNI OG VÖKTUN

Í aðalskipulaginu er lögð áhersla á skýra framsetningu og gott aðgengi að skipulaginu fyrir íbúa og aðra hagsmunaaðila. Fyrirhugað er að aðalskipulagið verði aðgengilegt á stafrænu formi í gegnum sérstaka vefsíða. Þannig verður skipulagið sýnilegra og líklegra að því verði fylgt eftir.

Verði stefnubreyting í einstökum málaflokkum, eða upplýsingar bætast við þann gagnagrunn sem þegar er til staðar, er mikilvægt að uppfæra aðalskipulagið í samræmi við það.

Fjallað er um vöktun í einstökum landnotkunarköflum í greinargerðinni. Hér skal þó nefnt mikilvægi þess að vakta fjölda og samsetningu íbúa og starfa sem og gæði innviða, svo sem fráveituvatn, raforku og fjarskipti. Mikilvægt er að fullnægjandi grunnupplýsingar liggi fyrir þegar teknar eru ákvarðanir um skipulagsmál. Húsakönnun er dæmi um greiningu sem þarf að ráðast í á skipulagstímabilinu.

Áframhaldandi samvinna og þátttaka hagsmunaaðila í skipulagsmálum og ákvarðanatöku er mikilvæg við framkvæmd aðalskipulagsins.







LEIÐARLJÓS AÐALSKIPULAGSINS byggir á hugmyndafræði sjálfbærrar þróunar. Lagt er upp með að í Bolungarvík verði heilbrigt, skemmtilegt og fjölskylduvænt samfélag með góðu aðgengi að heilnæmu og fallegu umhverfi. Boðið verði upp á einstaklingsmiðaða þjónustu í samfélagi sem hæfir öllum íbúum þess. Aðalskipulagið leggur grunn að fjölbreyttu, kröftugu og skapandi atvinnulífi sem byggir á öflugum innviðum og þeim grunni sem þegar er til staðar

## HELSTU ÁHERSLUR

## 2 LEIÐARLJÓS OG MEGINMARKMIÐ

### 2.1 LEIÐARLJÓS

Leiðarljós aðalskipulagsins byggir á hugmyndafræði sjálfbærrar þróunar. Lagt er upp með að í Bolungarvík verði heilbrigt, skemmtilegt og fjölskylduvænt samfélag með góðu aðgengi að heilnæmu og fallegu umhverfi. Boðið verði upp á einstaklingsmiðaða þjónustu í samfélagi sem hæfir öllum íbúum þess. Aðalskipulagið leggur grunn að fjölbreyttu, kröftugu og skapandi atvinnulífi sem byggir á öflugum innviðum og þeim grunni sem þegar er til staðar.

Í aðalskipulaginu er lögð áhersla á að bæta búsetuskilyrðin og efla byggðina með þeim styrkleikum sem eru til staðar. Horfa þarf til framtíðar og vinna að sjálfbærum lausnum. Halda á áfram uppbyggingu innviða sem eru forsenda þess að sveitarfélagið sé samkeppnishæft bæði m.t.t. búsetu og atvinnustafsemi. Bæta á aðstöðu fyrir sjávarútveg og sjávar tengdar greinar og bjóða upp á aðstöðu sem tengist fiskeldi. Uppbygging er fyrirhuguð í ferðaþjónustu, bæði með uppbyggingu á áfangastöðum en einnig með eflingu miðsvæðis og bættri tengingu við hafnarsvæðið. Aðlaðandi miðsvæði, spennandi útivistarsvæði, sköpunarkraftur og menningarlíf munu gera Bolungarvík eftirsóknarverðan stað til búsetu en jafnframt laða að ferðamenn.

### 2.2 MEGINMARKMIÐ

#### Náttúra

- ◆ Nýting auðlinda og náttúru verði með sjálfbærum hætti þannig að við ákvarðanatöku verði tekið tillit til komandi kynslóða og náttúrunnar.
- ◆ Skipulag landnýtingar verði hagað með tilliti til náttúruvár og loftslagsbreytinga.
- ◆ Líffræðileg fjölbreytni verði vernduð í samræmi við lög og alþjóðaskuldbindingar.
- ◆ Allir íbúar búi við heilnæmt umhverfi þar sem mengun verði undir ströngustu mörkum á evrópska efnahagssvæðinu.
- ◆ Sérkenni náttúru verði varðveitt, þannig að íbúar og gestir geti notið þeirra gæða sem eru til staðar.
- ◆ Landslagsheildir og fjölbreytileiki landslags verði vernduð.

## Samfélag

---

- ◆ Í Bolungarvík verði fjölskylduvænt og skapandi samfélag með:
  - Blómlegu mannlífi og lifandi menningu.
  - Góðu þjónustukerfi og aðgengi fyrir alla.
  - Góðu aðgengi að útivistar- og íþróttasvæðum.
- ◆ Uppbygging samfélagsins byggi á sveigjanleika gagnvart samfélags- og umhverfisáhrifum og hafi seiglu til að geta svarað breyttum þörfum og aðstæðum.
- ◆ Sérkenni byggðar verði varðveitt, þannig að íbúar og gestir geti notið þeirra gæða sem eru til staðar.
- ◆ Að miðsvæði myndi fjölbreyttan, öflugan, aðlaðandi og heilsteyptan miðbæ þar sem er gott framboð af þjónustu.
- ◆ Aðalskipulagið stuðli að fjölbreyttu atvinnulífi og atvinnuþróun byggi á sjálfbærri þróun og vistkerfisnálgun.
- ◆ Atvinnulífið byggi ímynd sína á hreinleika, sérkennum náttúrunnar en einnig fumkvöðla- og sköpunarkrafti íbúa.

## Innviðir

---

- ◆ Innviðir þjóni atvinnulífi og auki lífsgæði íbúa, þannig að sveitarfélagið verði samkeppnishæft við önnur sveitarfélög á landinu.
- ◆ Sjálfbær þróun og vistkerfisnálgun verði höfð að leiðarljósi við uppbyggingu innviða.



**NÁTTÚRA**


## MEGINMARKMIÐ NÁTTÚRA

- ◆ Nýting auðlinda og náttúru verði með sjálfbærum hætti þannig að við ákvarðanatöku verði tekið tillit til komandi kynslóða og náttúrunnar.
- ◆ Skipulag landnýtingar verði hagað með tilliti til náttúruvár og loftslagsbreytinga.
- ◆ Líffræðileg fjölbreytni verði vernduð í samræmi við lög og alþjóðaskuldbindingar.
- ◆ Allir íbúar búi við heilnæmt umhverfi þar sem mengun verði undir ströngustu mörkum á evrópska efnahagssvæðinu.
- ◆ Sérkenni náttúru verði varðveitt, þannig að íbúar og gestir geti notið þeirra gæða sem eru til staðar.
- ◆ Landslagsheildir og fjölbreytileiki landslags verði vernduð.

## 3 STADHÆTTIR OG LANDSLAG

Sveitarfélagið Bolungarvíkurkaupstaður er nyrst við sunnanvert Ísafjarðardjúp og nær frá Arafjalli að Öskubak. Þéttbýlið stendur við grunna vík, Bolungarvík, sem opin er til norðausturs og afmörkuð háum hamrafjöllum er nefnast Traðarhyrna og Óshyrna. Í Óshyrnu er standklettur, nefndur Puríður og kenndur við Puríði Sundafylli landnámskonu. Inn af vikinni ganga tveir dalir, Tungudalur og Syðridalur og á milli þeirra er fjallsmúlinn Ernir. Tunguhorn er fyrir miðjum Tungudal, og klýfur hann í tvo hluta, Hlíðardal að norðan en Tungudalur liggur áfram sunnan Tunguhorns. Eftir Tungudal rennur Hólsá, kennd við Hól, sem er fornt höfuðból í Bolungarvík. Syðridalur er nokkuð breiður og í mynni hans er Bolungarvíkursandur, í daglegu tali kallaður Sandurinn. Inn af sandinum er Syðridalsvatn og rennur Ósá úr því til sjávar. Upp frá ströndinni í Bolungarvík er nokkurt undirlendi, þar sem þorpið stendur og hinn forni bær Hóll.

Stutt er í gjöful fiskimið frá Bolungarvík enda var þarna fyrr á tímum stærsta veiðistöð við Ísafjarðardjúp. Fyrir opnu hafi til norðvesturs er Skálavík og þangað liggur vegur um Hlíðardal. Í Skálavík var fyrrum búið en nú er byggð þar aflögð.



Mynd 3.1 Bolungarvíkurkaupstaður.

### 3.1 JARÐFRÆÐI

Vestfjarðakjálkinn liggur utan virku gosbeltanna og einkennist af þykum jarðlagastafla frá því seint á Tertíer tímabilinu. Þessi blágrýtisgrunnur, sem er allt að 15 milljón ára, tilheyrir elsta hluta landsins, ásamt Austfjörðum. Samhliða upphleðslu jarðlaganna hafa þau hallast og haggast. Inn í hraunlagastaflann skerast þröngir djúpir firðir og brött fjöll gnæfa í sjó fram. Setlög eru óveruleg en þó eru þrjú meiriháttar setlög í um 200 m hæð í norðurhlíð Traðarhyrnu. Í tveim efri lögunum finnst surtarbrandur. Innst í Syðridal er einnig surtarbrandslag í svipaðri hæð. Berggangar eru m.a. í Traðarhyrnu, Gilsbrekkuheiði og fram með eystri hlíð Syðridals. Bolungarvík stendur á sjávarhjalla sem hefur myndast framan við skriðjökul sem gekk fram Hlíðardal og Tungudal. Hólsá hefur grafið sig í gegnum hjallann og stendur bærinn Hóll á syðri hluta hans. Hjallinn er gerður úr lagskiptri mól og neðst í honum er gróf jökulurð. Áreyrar eru litlar og þunnar á svæðinu, en þær má finna sunnan Syðridalsvatns og á láglandinu við mynni Tungudals og Hlíðardals.

Grjótskriðurnar sem einkenna neðri hlíðar fjallanna, eru að mestu leyti myndaðar við frostaveðrun í blágrýtislögunum. Þekkt framhlaup eru í norðurhlíð Hlíðardals, þrjú þunn hlaup, í vesturhlíð Tunguhorns og við Óshóla, norðan Óshyrnu.

Norðlæg vindátt ríkir í Bolungarvík og hefur brim sorfið af norðurhluta Traðarhyrnu og borið sand og mól inn eftir víkinni og þannig smám saman fyllt hana upp. Augljós dæmi um flutningsgetu sjávarins er malarkamburinn sem hefur myndast við norðurhlíð hafnargarðsins í Bolungarvík.

Sjö misgengi hafa fundist og eru þrjú þeirra í Traðarhorni og hafa þau NNA stefnu. Lítil misgengi eru einnig vestan Heiðarskarðs og í norðurhlíð Ernis. Heit lind í Syðridal kemur líklega upp með berggangi.

### 3.2 VEÐURFAR

Veðurfar á norðanverðum Vestfjörðum mótast m.a. af landslagi, háum fjöllum, vogskorinni strönd og djúpum fjörðum. Veðráttu svæðisins hefur áhrif á lífríki og aðra náttúrulega þætti, en einnig mótar hún byggðina og samfélagið.

Í dag er einungis mönnuð veðurathugunarstöð í þéttbýlinu í Bolungarvík. Veðurathuganir þar hafa farið fram frá árinu 1994 en auk þess hafa sjálfvirkar veðurathuganir farið fram frá árinu 1999.


Skv. mynd 3.2 eru norðaustan og norð- norðaustan áttir ríkjandi í Bolungarvík. Meðalhraði vinds er jafnframt mestur í þessum vindáttum. Suðvestan- og vestsuðvestan áttir eru einnig tíðar en meðalvindhraði er að jafnaði nokkuð minni en í norðaustlægni átt.

Á mynd 3.3 má sjá meðalúrkomu í Bolungarvík. Þar kemur fram að frá apríl og út ágúst er meðalúrkoman undir 60 mm en í október, nóvember og desember fer úrkoman yfir 100 mm.


Snjóalög eru almennt mikil á norðanverðum Vestfjörðum. Að meðaltali er snjóþyngst í janúar til mars. Á þeim tíma er jafnframt lægstur sjávarhiti og fer hitinn úti fyrir Vestfjörðum niður fyrir 3°C. Í köldu veðri getur hafís lagst að landi, og getur hann þá haft mikil tímabundin áhrif á veðurfar, gróðurfar og samgöngur á sjó.

Meðalhiti eftir einstökum mánuðum í þéttbýli Bolungarvíkur árin 2000-2019 er sýndur á mynd 3.4. Meðalhiti í júlí og ágúst er nálægt 10 gráðum á þessu tímabili en í köldustu mánuðunum, febrúar og mars, er meðalhitinn lítillega undir 0°C.

ENDURSKOÐUN AÐALSKIPULAGS BOLUNGARVÍKUR 2008-2020. DRÖG, kynning á vinnslustigi




Mynd 3.3 Meðalúrcoma mánaða í Bolungarvík 2005-2019. (Veðurstofa Íslands, 2020)



Mynd 3.2 Tíðni vindátta og meðalhraði vindátta fyrir þéttbýli Bolungarvíkur 2000-2019. (Veðurstofa Íslands, 2020)





Mynd 3.4 Meðalhiti mánaða í Bolungarvík árin 2000-2019. (Veðurstofa Íslands, 2020)

## 4 VATNAFAR OG VATNSGÆÐI

Lífverur og vistkerfi, þ.m.t. heilsa og vellíðan fólks, eru háð vatns- og loftgæðum, sbr. heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna nr. 6 og 14. Víða er mengun eitt alvarlegasta heilbrigðisvandamál sem glímt er við í heiminum í dag og ein mesta ógn við lífríki og vistkerfi jarðar, sbr. t.d. heimsmarkmið 11. Mengun getur einnig haft skaðleg áhrif á helstu atvinnuvegi sveitarfélagsins, s.s. sjávarútveg, ferðaþjónustu og landbúnað, sem allir byggja á gæðum náttúrunnar og ímynd svæðisins.

### 4.1 VATNSVERND

Almennt er ástand vatns ásættanlegt í Bolungarvík og orsakast það m.a. af smæð samfélagsins. Hér á landi eru í gildi lög, reglugerðir og alþjóðlegar samþykktir er varða mengun, þar á meðal lög nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda, lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og samningur um verndun hafrýmis NA-Atlantshafsins (OSPAR). Reglugerð um varnir gegn mengun vatns, nr. 796/1999 m.s.br., er ætlað að koma í veg fyrir og draga úr mengun vatns og umhverfis af mannavöldum. Skv. reglugerðinni skal sveitarstjórn flokka allt yfirborðsvatn og grunnvatn eftir ástandi þess og skilgreina langtímamarkmið fyrir vatn.

Flokkun vatns skv. reglugerð 796/1999 hefur ekki farið fram á Vestfjörðum Almennt má segja að flokka megi ástand vatns á Vestfjörðum sem ósnortið eða lítið snortið<sup>1</sup> Neysluvatn er vaktað í þéttbýli og einnig er fylgst með sigvatni frá urðunarstöðum.


Vatnsverndarsvæði eru merkt á aðalskipulagsupprátt (sjá einnig mynd 4.1). Þau skiptast í brunnsvæði (vatnsból), grannsvæði og fjarsvæði skv. reglugerð 796/1999 m.s.br. um varnir gegn mengun vatns. Reglugerðin tilgreinir einnig takmarkanir á athöfnum og framkvæmdum innan vatnsverndarsvæða.

Á grundvelli rammatilskipunar Evrópusambandsins um verndun vatns (vatnatilskipun 2000/60/EB) eru í gildi lög nr. 36/2011 um stjórn vatnamála og reglugerðir, nr. 535/2011 um flokkun vatnshlota, eiginleika þeirra, álagsgreiningu og vöktun og nr. 935/2011 um stjórn vatnamála. Markmið laganna er að vernda vatn og vistkerfi þess, hindra frekari rýrnun vatnsgæða og bæta ástand vatnavistkerfa til þess að vatn njóti heildstæðrar verndar. Jafnframt er lögunum ætlað að stuðla að sjálfbærri nýtingu vatns og langtímavernd vatnsauðlindarinnar. Samkvæmt lögunum nær vatn yfir straumvötn, stöðuvötn, árósa, strandsjó, grunnvatn og jökla.

Tafla 4.1 Flokkun vatns.

Flokkur	Ástand
A	Ósnortið vatn
B	Lítið snortið vatn
C	Nokkuð snortið vatn
D	Verulega snortið vatn
E	Ófullnægjandi vatn

<sup>1</sup> Anton Helgason, 2019.



Mynd 4.1 Vatnafar og vatnsverndarsvæði í Bolungarvík.

Áætlað er að vatnaáætlun fyrir Ísland taki gildi árið 2022. Samkvæmt markmiðum laganna skulu vatnshlot vera í mjög góðu eða góðu vistfræðilegu ástandi. Í vatnaáætlun verða sett umhverfismarkmið sem miða að því að halda vatnsgæðum góðum.

## 4.2 VOTLENDI


Votlendi eru mikilvæg búsvæði plantna, fugla, fiska og smádyra og fjölmargar tegundir byggja tilvist sína á því. Jarðvegurinn er mjög

kolefnaríkur og geymir verulegan hluta af kolefnisforða jarðar ásamt því að bæta vatnsbúskapinn. Votlendi hafa burði til þess að jafna vatnsrensli og geta þannig minnkað hættu á flóðum, sveiflum í vatnsrensli og jarðvegsrofi. Það er því til mikils að vinna með verndun votlendis og endurheimt raskaðs votlendis sem ekki er verið að nýta, t.d. til landbúnaðarframleiðslu. Á Íslandi teljast mýrar, flóar, vötn og straumvötn m.a. til votlendisgerða.<sup>2</sup>Íslensk stjórnvöld hafa á stefnuskrá sinni að auka kolefnisbindingu og bæta landnotkun til að bregðast við loftslagsbreytingum, sbr. *Aðgerðaáætlun í loftslagsmálum 2018 – 2030*. M.a. er stefna stjórnvalda að herða takmarkanir á framræslu votlendis og að ráðast í átak til að endurheimta votlendi.

Votlendi er 6% af heildarflatarmáli sveitarfélagsins (mynd 6.1) og er nánast allt með hátt eða mjög hátt verndargildi eða 99%, þar af eru 90% með mjög hátt verndargildi. Lítið raskað votlendi sem fellur undir vernd náttúruverndarlaga nr. 60/2013 telur um 190 ha ( mynd 8.1).

Náttúrufræðistofnun Íslands hefur kortlagt allar vistgerðir á landinu og eru votlendi, tún og akurlendi hluti af þeim. Þá hefur Landbúnaðarháskóli Íslands skráð inn nær alla skurði landsins og jarðvegskort. Þessi gögn voru skoðuð til að kanna hvar helst væru tækifæri til endurheimtar. Í Bolungarvík telja framræsluskurðir tæplega 37 km skv. fyrirbyggjandi grunnupplýsingum Landmælinga Íslands og þar af tilheyra 30 km túnum og bithögum innan landbúnaðarlands (mynd 4.2). Við nánari athugun og samanburð má sjá að takmarkað svigrúm er til endurheimtar votlendis.

<sup>2</sup> Umhverfis- og auðlindaráðuneytið, 2016.



Mynd 4.2 Framræsla lands í Bolungarvík (gögn frá Landmælingum Íslands).

## Markmið og stefna – Vatnafar og vatnsgæði

### Markmið

- ♦ Mengun í ám og stöðuvötnum verði engin eða svo lítil að hún hafi ekki áhrif á vistkerfi ferskvatns, fiskgengd eða útivistargildi.
- ♦ Íbúar Bolungarvíkur búi við heilnæmt vatn, til neyslu og annarra nytja, samkvæmt ströngustu mörkum á Evrópska efnahagssvæðinu.
- ♦ Sjávarfang úr hafinu í nágrenni Bolungarvíkur verði ávallt undir ströngustu viðmiðunarmörkum innlendra sem erlendra heilbrigðisyfirvalda, hvað varðar mengun.
- ♦ Votlendum svæðum verði viðhaldið, og eftir því sem við á unnið að endurheimt á röskuðu votlendi í samstarfi við landeigendur.

### Útfærsla stefnu

Bolungarvíkurkaupstaður mun leggja áherslu á að íbúar búi við hreint og heilnæmt umhverfi. Sérstök áhersla verður lögð á að halda strandsvæðum og hafinu hreinu og ómengdu. Þessar áherslur munu hafa jákvæð áhrif á íbúa og undirstöðuatvinnugreinar á svæðinu. Markmiðunum má m.a. ná með því að auka vitund almennings og atvinnulífs um afleiðingar mengunar og hvetja sömu aðila til að forðast slíka mengun. Taka skal markmið vatnaáætlunar, þegar hún liggur fyrir, til greina við skipulagsákvæðanir.

Til að ná settum markmiðum um vatnsvernd er mikilvægt að beina framkvæmdum og umferð frá vatnsverndarsvæðum í samvinnu við heilbrigðiseftirlit svæðisins. Tryggja skal, í samræmi við lög og reglugerðir, að mengun frá atvinnustarfsemi berist ekki í jarðveg eða vatn. Vatnsverndarsvæði og vatnsból, þ.e. fjar-, grann- og brunnsvæði, eru sýnd á aðalskipulagsupprætti.

<sup>3</sup> Umhverfis- og auðlindaráðuneytið, 2016.

Skoða þarf leiðir til að draga úr mengun frá sjávarútvegi, landbúnaði og öðrum atvinnugreinum, þ.e. svokallaðar lífrænar mengunarvarnir. Horfa þarf til hreinsunar vinnsluvatns hjá matvælaframleiðslufyrirtækjum og annarri vatnsmengandi starfsemi. Fjallað er um fráveitu í kafla 13.1.

Viðhalda skal votlendissvæðum í sveitarfélaginu vegna mikilvægis þeirra sem búsvæði fugla og í samhengi við loftslagsmál. Framræst land, sem hentar vel til ræktunar, verður áfram nýtt sem landbúnaðarland í sátt við umhverfið. Ekki eru mikil tækifæri til endurheimtar á votlendi en skoðaðir verða möguleikar á að vinna að endurheimt votlendis í samstarfi við landeigendur, til að draga úr gróðurhúsaáhrifum. Stuðst verður við rit umhverfis- og auðlindaráðuneytisins um endurheimt votlendis.<sup>3</sup>

*Stefnan um vatnafar og vatnsgæði er útfærð nánar með afmörkun fyrir svæði VB-1, VB-2, VG-1 og VF-1 á skipulagsupprætti og ákvæðum um vernd þeirra í kafla um vatnsverndarsvæði og vatnsból í greinargerð.*

### Helstu stefnubreytingar

Í meginatriðum er um að ræða sömu stefnu og í eldra aðalskipulagi en hér sett er nánari stefna um votlendi.

### Umhverfisáhrif stefnu

Stefnan hefur jákvæð áhrif á vistkerfi og stuðlar að aðgangi að hreinu vatni. Hún er líkleg til að hafa jákvæð áhrif til lengri tíma lítið á ímynd svæðisins hvað varðar hreinleika og styrkja stöðu atvinnulífs. Markmið vatnaáætlunar verða tekin til greina við skipulagsákvæðanir þegar hún liggur fyrir. Stefnan mun ekki leiða til aukinnar losunar gróðurhúsalofttegunda en umfang kolefnisbindingar verður líklega óverulegt.

## 5 ÓBYGGÐIR

Hér er fjallað um óbyggð svæði í almennum skilningi, þ.e. svæði sem eru að mestu án mannvirkja og land er óbrotið og mögulega litið snortið. Á þessum svæðum eru svæði sem njóta verndar vegna náttúru og menningarminja en einnig vegna vatnsbóla.

Í landsskipulagsstefnu er áhersla lögð á að varðveita náttúru- og menningargæði sem hafa staðbundið, eða víðtækara, gildi út frá sögu, náttúrufari eða menningu. Náttúra og umhverfi landsins er ein helsta undirstaða búsetu og starfsemi í dreifbýli og því mikilvægt að viðhalda og varðveita heilbrigði þess og sérstöðu. Mikilvægt er því að skipulagsgerð stuðli að vernd og viðhaldi gróðurs, jarðvegs og líffræðilegrar fjölbreytni. Í landsskipulagsstefnu er auk þess lagt til að sveitarfélög móti stefnu um verndun svæða sem þau telja verðmæt vegna sögu, náttúru eða menningar.

Óbyggð víðerni eru skilgreind í lögum um náttúruvernd en í Bolungarvíkurkaupstað eru ekki svæði sem falla undir skilgreiningu laganna.

Hluti Bolungarvíkur liggur hátt eða í miklum bratta og stýrist landnotkun og mannvirkjagerð m.a. af því. Brattlendi og hálendi sveitarfélagsins er að miklum hluta skilgreint sem óbyggð svæði ásamt öðrum afskekktum svæðum þar sem mannvirkjagerð er ekki fyrirhuguð.

Í sveitarfélaginu eru óbyggð svæði sem njóta vaxandi vinsælda í tengslum við útivist og ferðapjónustu. Það á m.a. við um Bolafjall, svæðið umhverfis Skálavík og Óshlíð. Aukin ásókn í þessa staði kalla á viðbrögð í skipulagi, svo sem að að skilgreina nánar sérstöðu svæða með tilliti til verndargildis og nýtingar fyrir ferðapjónustu.

## Markmið og stefna - Óbyggðir

### Markmið

- ♦ Landnotkun á óbyggðum svæðum gefi kost á fjölþættri nýtingu, svo sem til útivistar, ferðapjónustu og hlunnindanytja í samræmi við meginmarkmið aðalskipulagsins.
- ♦ Verðmætar náttúru- og menningarminjar og landslag verði hverfisverndað.
- ♦ Heimilt verði að nýta eyðijarðir utan landbúnaðarsvæða til hefðbundinna hlunnindanytja, þar sem tekið er mið af hefð og sögu svæðisins.
- ♦ Uppbygging aðstöðu fyrir ferðamenn í óbyggðum taki mið af náttúru, menningu og sögu, sem og afþreyingarrófs.

### Útfærsla stefnu

Óbyggð svæði eru almennt ætluð til útiveru auk hlunnindanytja. Um þau liggja gönguleiðir og vegir, en ekki gert ráð fyrir nýjum mannvirkjum öðrum en þeim sem tengjast beit, gönguleiðum og grunnkerfi samgangna. Hefðbundnar hlunnindanytjar landeigenda og ábúenda geta m.a. falið í sér, allt eftir hefð og sögu hvers svæðis, beit, útivist, dúntekju, veiðar og skógrækt.

Lögð er áhersla á að uppbygging aðstöðu fyrir ferðamenn á óbyggðum svæðum taki mið af náttúru, menningu og sögu, m.t.t. eðlis og umfangs uppbyggingar. Tilteknir staðir verði byggðir upp til að taka við miklum fjölda ferðamanna, svo sem með gerð útsýnispalla og göngustíga. Á öðrum verði umfangslítill og lágstemmd uppbygging.

*Stefnan er útfærð með afmörkun óbyggðra svæða á skipulagsupprætti, ÓB-1 og almennum ákvæðum fyrir þau í greinargerð.*

### *Helstu stefnubreytingar*

Að stofni til er um að ræða óbreytta stefnu frá eldra aðalskipulagi en sett er nánari stefna um fjölbætta nýtingu óbyggðra svæða. Einnig er sett markmið um uppbyggingu á aðstöðu fyrir ferðamenn innan óbyggðra svæða m.t.t. eðlis og umfangs uppbyggingar.

### *Umhverfisáhrif stefnu*

Stefnan er líkleg til að efla ferðaþjónustu í sveitarfélaginu með því að draga betur fram sérkenni svæðisins og stuðla að verndun. Stefnan stuðlar einnig að möguleikum til útivistar og hreyfingar og hefur jákvæð áhrif á náttúru- og menningarminjar. Stefnan hefur óveruleg áhrif á loftlagsmál, en ákveðnar áskoranir fylgja mögulegri fjölgun ferðamanna, svo sem áskoranir tengdar uppbyggingu innviða og öryggi þeirra sem fara um svæðið.

## 6 GRÓÐURFAR OG DÝRALÍF


Fjalllendi og auðnir eru ráðandi á Vestfjörðum og undirlendi er lítið.

Gróðurlítið eða gróðursnautt er efst til fjalla og samfelldur gróður nær sjaldnast í meira en 200-400 m h.y.s. Á láglandi og í neðri hlíðum fjalla er mikill gróður og er lyng- og kjarrgróður mest áberandi. Þar eru einnig góð berjalönd. Mosar og fléttur vaxa á hásléttunum og heiðum og þar er að finna móajarðveg. Fuglalíf er fjölskrúðugt og silung má finna í ám og vötnum en af villtum spendýrum finnast hagamýs og refur í sveitarfélaginu.

### 6.1 VISTGERÐIR

Vistgerð er landeining sem býr yfir ákveðnum eiginleikum hvað varðar gróður, dýralíf, jarðveg og loftslag. Innan sömu vistgerðar eru aðstæður með þeim hætti að þar þrífast svipuð samfélög plantna og dýra. Með flokkun lands í vistgerðir fæst yfirlit yfir sérstæðar og sjaldgæfar vistgerðir, einkenni þeirra og útbreiðslu. Vistgerðir gefa því mikilvægar upplýsingar um verndargildi lands og eru veigamiklar undirstöðueiningar um vernd og nýtingu náttúrunnar.<sup>4</sup> Alls finnast 28 vistgerðir í Bolungarvík samkvæmt gögnum Náttúrufræðistofnunar, fyrir utan tún og akurlendi og almennt skóglendi. Af þeim eru 10 vistgerðir sem hafa hátt eða mjög hátt verndargildi og tileyra þær votlendi, strandlendi og graslendi. Mat á verndargildi vistgerðanna miðast við lista Bernarsamningsins frá 2014 yfir vistgerðir sem þarfnast verndar. Mynd 6.2 sýnir dreifingu vistgerða innan sveitarfélagsins miðað við verndargildi þeirra. Sjá má í töflunni að víða finnast vistgerðir með hátt og mjög hátt verndargildi. Í öðrum landgerðum felast tún og akurlendi, þéttbýli og annað manngert land, skógrækt og alaskalúpína.

Mest er af skriðum og klettum eða um 32%. Þá eru melar og sandlendi um 26% eins og sjá má á mynd 6.1. Þar á eftir fylgja moslendi, mólendi og graslendi með u.þ.b. 9-10% hlutfall.



Mynd 6.1 Hlutfall vistgerða í Bolungarvík. (Náttúrufræðistofnun Íslands, 2019)

Náttúrulegir birkiskógar njóta verndar skv. 61. gr. náttúruverndarlaga. Engir náttúrulegir birkiskógar finnast í Bolungarvík.

Alaskalúpína og skógarkerfill eiga sér ekki langa sögu hér á landi og eru þær fyrstu dæmin um framandi plöntutegundir sem verða ágengar. Báðar voru þær fluttar inn sem garðplöntur en síðar var lúpínan nýtt til uppgræðslu. Þær eru stórar og áberandi og skógarkerfillinn virðist þrífast vel í lúpínubreiðum. Á skömmum tíma hafa bæði alaskalúpína og skógarkerfill náð að festa rætur í Bolungarvík. Ýmsar aðferðir hafa verið reyndar til að hefta útbreiðslu þeirra með misjöfnum árangri.<sup>5,6</sup>


<sup>4</sup> Náttúrufræðistofnun Íslands, 2019.

<sup>5</sup> Náttúrufræðistofnun Íslands, 2019.


<sup>6</sup> Náttúrufræðistofnun Íslands og Landgræðsla ríkisins, 2019







Mynd 6.2 Dreifing vistgerða í Bolungarvík með tilliti til verndargildis. (Náttúrufræðistofnun Íslands, 2019)



Mynd 6.3 Lúpína í hlíðum Traðarhyrnu. (Mynd: RG).




Mynd 6.4 Útbreiðsla lúpínu og skógrækt í Bolungarvík. (Mynd: Verkís á grunn frá Loftmyndum. Gögn: Náttúrufræðistofnun Íslands, 2019 og Skógræktin, 2018)

## 6.2 JARÐVEGUR


Skriðujarðvegur er algengasti jarðvegur á Vestfjörðum og ræktanlegt land er tiltölulega lítil hluti af flatarmáli svæðisins.

Gróður- og jarðvegseyðing er alvarlegt vandamál hér á landi. Búseta mannsins með tilheyrandi beitarálagi hefur breytt ásýnd gróðurs á svæðinu. Nær allir skógar, kjarr og meira en helmingur af gróðurþekjunni eru taldir hafa tapast síðastliðin 1100 ár.<sup>7</sup> Talið er að ástæður þessa megi rekja til mikillar gjóskuframleiðslu, vinda og umsvifa mannsins.




Mynd 6.5 Útbreiðsla gróðurs í fyrrum Suðureyrarhreppi og Bolungarvík. (Ólafur Arnalds og fleiri, 1996)

Hlutfall vel gróins lands, þar sem lítið rof á sér stað, er minna í Bolungarvík en víða annars staðar, m.a. vegna þess að undirlendi er lítið. Skv. mati á rofi, á mynd 6.6, er stór hluti fyrrum Suðureyrarhrepps og Bolungarvíkur með rofeinkunnina 3. Þar af er nokkuð stór hluti jarðsilssvæði og vatnsrásir. Af þessu sést að jarðvegur er mjög viðkvæmur í þessu brattlendi. Mikið rof er þó ekki mjög útbreitt (einkunnir 4 og 5).



Mynd 6.6 Hlutfall rofs í fyrrum Suðureyrarhreppi og Bolungarvík. (Ólafur Arnalds og fleiri, 1996)

<sup>7</sup> Ólafur Arnalds og fleiri, 1996.



Mynd 6.7 Dreifing gróðurs í Bolungarvík. (Landmælingar Íslands, 2019)

### 6.3 DÝRALÍF

Fuglalíf er fjölskrúðugt enda eru álitleg búsvæði fugla í björgum, votlendi og víðar. Mikið fuglalíf er í Syðridal við Syðridalsvatn. Algengustu fuglategundirnar þar eru æður, kría, toppönd, duggönd og skúfönd. Fjölbreytt fuglalíf er einnig utar, einkum við tjarnir. Í Skálavík er mjög gott að sjá straumandarsteggi í fjaðrafelli. Þá eru tvær mikilvægar sjófuglabyggðir sem fjallað er um í kafla um náttúruvernd og sýndar á mynd 8.1. Í gögnum Náttúrufræðistofnunar eru tilgreindar allar fuglategundir sem finnast í Bolungarvík og eru friðaðar samkvæmt lögum nr. 61/1994. Tegundir í hættu (flokkur EN hjá Alþjóða náttúruverndarsamtökunum IUCN) eru samkvæmt því duggönd, fýll, hvítmáfur, kjói, sendlingur og svartbakur. Tegundir í

nokkurri hættu (flokkur VU hjá IUCN) eru himbrimi, hrafn, kría, rita, snjótittlingur og æður. Tegundir í yfirvofandi hættu (flokkur NT hjá IUCN) eru hávella, rjúpa og stelkur.

Viltt spendýr eru hagamýs og refur en refurinn er eina landspendýrið sem var hér á landi við landnám. Silungur er í ám og vötnum, m.a. Syðridalsvatni. Hitaskil heitra og kaldra hafstrauma eru úti fyrir Vestfjörðum og því er svæðið auðugt af plöntusvifi, sem er ein meginforsenda góðra fiskimiða. Á Bolungarvíkurmiðum hefur ávallt verið mikil fiskigengd og vertíðir hafa verið þar fleiri og lengri en víðast annars staðar. Fiskimið Bolvíkinga voru í daglegu tali auðgreind á tvennan hátt, útmíð og djúpmið. Útmíðin voru miðuð við Ísafjarðardjúp en djúpmiðin við breidd Djúpsins, norðvesturhluta Djúpsins.

### Markmið og stefna – Gróðurfar og dýralíf

#### Markmið

- ◆ Stuðla að líffræðilegum fjölbreytileika og öll nýting lifandi og lífvana náttúru fari fram á sjálfbæran hátt.
- ◆ Efla almenningsrými með tilliti til gróðurs og fjölbreyttra nýtingarmöguleika.
- ◆ Hefta útbreiðslu ágengra framandi tegunda plantna.
- ◆ Vernda mikilvæg fuglasvæði.
- ◆ Sporna við eyðingu gróðurs og jarðvegs.

#### Útfærsla stefnu

Bolungarvíkurkaupstaður leggur áherslu á að halda í náttúrufarsleg sérkenni og yfirbragð svæðisins og nýta þá kosti sem felast í mikilli nálægð byggðarinnar við náttúruna. Aðgengi að náttúrunni er hluti af lífsgæðum íbúa og gesta á svæðinu. Áhersla er lögð á að hægt sé að njóta náttúru

svæðisins án þess þó að umferð og útivist ógni sérkennum þess. Það felst m.a. í því að efla gróður í almenningsrýmum innan þéttbýlis en einnig í ræktun skóga fyrir útivist.

Æskilegt er að fram fari viðeigandi rannsóknir á náttúru og nýtingu svæðisins og nánari stefnumörkun taki mið af þeim. Mikilvægt er að fylgjast með útbreiðslu vistgerða með hátt verndargildi, og að takmarka útbreiðslu ágengra framandi plantna á svæðinu.

*Stefnan um gróðurfar og dýralíf er útfærð nánar með markmiðum fyrir náttúruvernd ásamt almennum og sértækum ákvæðum fyrir hverfisverndarsvæði, opin svæði og íþróttasvæði.*

*Hverfisverndarsvæði eru skilgreind til verndar mikilvægum svæðum og eru þau tilgreind í kafla um verndarsvæði. Fjallað er um náttúruverndarsvæði í þarnæsta kafla.*

### **Helstu stefnubreytingar**

Í meginatriðum er um að ræða sömu áherslur og í eldra aðalskipulagi, en inn kemur nýtt markmið um að efla almenningsrými með tilliti til gróðurs.

### **Umhverfisáhrif stefnu**

Stefnan er líkleg til að hafa jákvæð áhrif á náttúrufarslega þætti eins og líffræðilega fjölbreytni og viðhalda vistgerðum með hátt verndargildi. Efling gróðurs í þéttbýli hefur jákvæð áhrif á heilsu, stuðlar að möguleikum til útivistar og hreyfingar. Aukin skógrækt og áhersla á að viðhalda gróðri stuðlar að bindingu gróðurhúsalofttegunda, en kann að hafa áhrif á landslag og ásýnd lands. Stefnan hefur óveruleg áhrif á hagræna- og félagslega þætti, en styður stefnu stjórnvalda í loftlagsmálum.

## 7 NÁTTÚRUVÁ OG LOFTSLAGSBREYTINGAR

Undir náttúruvá flokkast hraunflóð, gjóskufall, jarðskjálftar, flóð undan jökklum, flóð í ám, ofanflóð, flóð frá sjó, hafískoma, lagnaðaris og fárviðri. Skipulagssvæðið er utan hins virka gosbeltis og því munu jarðskjálftar eða eldsumbrot ekki hafa áhrif á landnotkun. Ytri öflin hafa á hinn bóginn sett mark sitt á nýtingu og menningu svæðisins. Áhrif flóða í ám eru lítil og flóð frá jökklum eiga ekki við í sveitarfélaginu en hins vegar er rétt að hafa í huga flóð frá sjó, fárviðri, hafís og lagnaðaris.

Fyrirsjáanlegar loftslagsbreytingar munu líklega hafa veruleg áhrif á náttúrufar hér á landi, m.a. sjávarstöðu, rennsli áa og lífríki. Breytingarnar munu einnig hafa áhrif á samfélagið, þ.e. innviði þess og undirstöðuatvinnuvegi, s.s. sjávarútveg og landbúnað.<sup>8</sup>

### 7.1 OFANFLÓÐ

Samkvæmt reglugerð nr. 505/2000 m.s.br., um hættumat vegna ofanflóða og flokkun og nýtingu hættusvæða, skal sveitarstjórn láta meta hættu á ofanflóðum þar sem saga er um að ofanflóð hafi fallið á byggð eða nærri henni eða hætta er talin á slíku. Til ofanflóða teljast snjóflóð, skriðuföll, berghlaup og grjóthrun. Hættumatið skal fyrst og fremst ná til þéttbýlis og svæða þar sem þétt byggð er fyrirhuguð. Þéttbýli er þyrping húsa þar sem búa a.m.k. 50 manns og fjarlægð á milli húsa er að jafnaði ekki meiri en 200 metrar.

Gildandi aðalskipulag skal vera í samræmi við hættumat svæðisins. Samkvæmt hættumatsreglugerðinni er óheimilt að skipuleggja íbúðabyggð, frístundabyggð eða svæði fyrir atvinnustarfsemi á áður óbyggðum svæðum, nema tryggt sé að áhætta fólks m.t.t. ofanflóða sé ásættanleg.

Við afgreiðslu bygginga- og framkvæmdaleyfa og við gerð deiliskiplags á svæðum þar sem ofanflóð eru möguleg og ekki er til staðfest hættumat, skal sveitarstjórn setja fyrirvara um gerð staðbundins hættumats, í samræmi við

lög nr. 49/1997 um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum og áður nefnda hættumatsreglugerð.

Hættusvæði skiptast í þrjá flokka út frá staðaráhættu, sem eru árlegar dánarlíkur einstaklings af völdum ofanflóða ef dvalið er öllum stundum í óstyrktu einbýlishúsi (reglugerð nr. 505/2000). Hættusvæðin, A, B og C, afmarkast af jafnáhættulínunum. Heimilt er að tryggja öryggi fólks með eftirliti og rýmingu á hættusvæðum A og B en á hættusvæði C skal öryggi tryggt með varanlegum varnarvirkjum eða uppkaupum íbúðarhúsnæðis. Á C svæðum eru engar nýbyggingar heimilar nema frístundahús að uppfylltum ákveðnum skilyrðum. Á B svæðum byggja atvinnuhúsnæði án styrkinga og byggja má íbúðarhús og byggja við hús þar sem búist er við miklum mannsafnaði ef þau eru styrkt. Á A svæðum þarf að styrkja hús ef búist við miklum mannsafnaði.

Ofanflóð hafa fallið mjög víða í sveitarfélaginu, bæði í þéttbýli og dreifbýli. Árið 2003 var kynnt ofanflóðahættumat í Bolungarvík og í kjölfarið voru byggðar snjóflóðavarnir sem verja byggðina.<sup>9</sup> Lokið var við gerð 710 m langs varnargarðs ásamt keilum undir Traðargili og Ytragili árið 2010 og árið 2012 var lokið við gerð garðs utar, undir Ufsum. Ekki hefur verið gert nýtt hættumat sem tekur tillit til varnarvirkjanna en birtar hafa verið óstaðfestar hættumatslínur til viðmiðunar neðan Traðarhyrnu og Ytragils (mynd 7.2). Veðurstofan hefur bent á það að fræðilegur skilningur á áhrifum varnargarða og keilna á snjóflóð sé takmarkaður og því erfitt að meta snjóflóðahættu neðan slíkra mannvirkja. Sveitarfélögum ber skv. reglugerð um hættumat að „stýra skipulagsgerð og þróun byggðar með tilliti til ofanflóðahættu“ á svæðum sem varin hafa verið með varnarvirkjum.

Mannvirki Orkubús Vestfjarða og hesthúsin undir Erni eru á hættusvæði C og þar hafa snjóflóð margsinnis fallið að húsum og stundum valdið tjóni. Tengivirki sem þar var, hefur hins vegar verið flutt í húsnæði varafsstöðvar á iðnaðarsvæði I-1 á Söndunum sunnan byggðarinnar. Í dreifbýli hefur auk þess verið gert hættumat við Minni-Hlíð, Ós og Geirastaði (mynd 7.1).

<sup>8</sup> Halldór Björnsson og fleiri, 2018.


<sup>9</sup> Veðurstofa Íslands, 2003.

Aðalskipulagið er samþykkt með fyrirvara um hættumat ofanflóða á þeim svæðum þar sem það liggur ekki fyrir. Til viðmiðunar má nefna það að snjóflóð falla oftast í brekkum sem hafa 30-50 gráðu halla. Blaut flóð, krapaflóð, geta þó fallið í minni halla. Yfirleitt má miða við að byggingarsvæði teljist utan hættusvæða ef úthlaupshorn er undir 15°. Þetta á þó ekki við um krapa- og aurflóðahættu neðan gilskorninga. Úthlaupshorn er hornið frá viðkomandi stað í upptakasvæði flóðs.

Í Syðridal eru miklir snjóflóðafarvegir. Skv. álit Veðurstofu Íslands bendir snjóflóðasaga þar til að C-svæði nái út á mitt Syðridalsvatn undir Mærðarhorni og niður í dalbotninn undir Heiðnafjalli.

Í Skálavík, einkum norðan til, eru þekktir snjóflóðafarvegir. Fjórir menn fórust í snjóflóði sem féll á Breiðaból í Skálavík árið 1910. Jafnframt hafa tvö frístundahús skemmt í snjóflóði, auk þess sem flóð hafa fallið mjög nærri öðrum frístundahúsum á síðustu árum. Leyfilegt er að reisa frístundahús þar sem árleg áhætta er minni en 5 af 10.000 skv. reglugerð 505/2000. Skv. álit Veðurstofu Íslands er líklegt að a.m.k. hluti af frístundabyggð Skálavíkur sé á svæði þar sem áhættan er meiri en þetta viðmið.

Gömul skíðalyfta er undir Traðarhrynu við innri enda snjóflóðagarðs. Skíðalyftan er líklega, skv. álit Veðurstofu Íslands, á snjóflóðahættusvæði C. Lyftan hefur ekki verið í notkun í mörg ár en verði hún tekin í rekstur þarf að gera áætlun um daglegt eftirlit vegna snjóflóða skv. reglugerð nr. 636/2009.



**Mynd 7.1 Afmörkuð hættusvæði vegna ofanflóða í Bolungarvík. (Hættumatslínur: Veðurstofa Íslands, 2003)**





**Mynd 7.2** Afmörkuð hættusvæði vegna ofanflóða í þéttbýlinu í Bolungarvík. Endurskoðun m.t.t. varnarvirkja hefur ekki verið gerð en er á dagskrá. (Hættumatslínur: Veðurstofa Íslands, 2003)

## Markmið og stefna - Ofanflóð

### Markmið

- ◆ Íbúar sveitarfélagsins búi við ásættanlegt öryggi m.t.t. náttúruvár vegna ofanflóða.
- ◆ Eignir verði sem best varðar fyrir náttúruvá vegna ofnaflóða.

- ◆ Öll íbúðarbyggð og atvinnustarfsemi byggist upp á hættulausum eða hættulitlum svæðum í samræmi við ofanflóðahættumat sem takmarkar þróun og uppbyggingu á hættusvæðum.

### Útfærsla stefnu

Bolungarvíkurkaupstaður tók þá stefnu fyrir um 15 árum að verja byggð í þéttbýli á snjóflóðahættusvæðum, í samræmi við reglugerð 505/2000 m.s.br., með byggingu varnarvirkja. Lokið er gerð snjóflóðavarnarvirkja undir Traðarhyrnu en mikilvægt er að lokið verði sem fyrst við gerð hættumats sem tekur tillit til varnarvirkjana. Við gerð nýs hættumats ber að hafa í huga mögulegar nýjar upplýsingar vegna snjóflóðs sem féll á Flateyri í janúar 2020. Einnig skal í ljósi þessa skoða hvort breytinga sé þörf á varnarvirkjum ofan Bolungarvíkur.

Neðan varnarvirkja verður snjóflóðahættusvæði A og B eingöngu nýtt til að byggja stöku hús á þegar þéttbyggðum svæðum en ekki skipulögð ný byggð. Til lengri tíma litið er gert ráð fyrir því að leggja af atvinnustarfsemi á hættusvæðum C, þar sem mikillar viðveru yfir vetrartímann er krafist. Almennt skal snjóflóðahættusvæði nýtt á þann hátt að þar sé ekki mikill mannsafnaður yfir vetrartímann og jafnframt skal reyna að nýta náttúrulegt landslag og móta landslag þannig að öryggi íbúa verð sem mest.

Lögð er áhersla á að gerð verði könnun á ofanflóðaaðstæðum fyrir helstu ofanflóðasvæði í dreifbýli, einkum þar sem fyrirhugað er að reisa mannvirki samkvæmt aðalskipulaginu. Slík vinna yrði unnin í samvinnu við Ofanflóðasjóð og Veðurstofu Íslands. Skv. reglugerð 505/2000 má ekki reisa frístundahús þar sem árleg staðaráhætta er meiri en 5 af 10.000.

Vinna skal staðbundið hættumat fyrir Skálavík áður en frekari ákvörðun um uppbyggingu frístundahúsa þar verður tekin.

Þar sem fyrir liggur hættumat eru útmörk A-, B- og C- hættusvæðis vegna snjóflóða sett á skipulagsuppdrátt. Stefnan er enn frekar útfærð með skipulagsákvæðum fyrir þá reiti sem við á (ÍB-1, L-1, OP-2, OP-3, OP-4, OP-6, ÍP-2, ÍP-3, ÍP-5, S-1 og AT-2).

### Helstu stefnubreytingar

Í öllum meginatriðum eru markmið hin sömu og í eldra aðalskipulagi en stefnan er uppfærð miðað við núverandi stöðu og uppbyggingu varnarvirkja.

### Umhverfisáhrif stefnu

Stefnan er líkleg til að auka viðnámsþol samfélagsins gagnvart náttúruvá og auka öryggi fólks vegna ofanflóða. Uppbygging varnarvirkja í þéttbýli er lokið samkvæmt gildandi áætlunum en stefnan hefur eftir sem áður áhrif á ákvarðanir um ráðstöfun lands undir byggð í þéttbýli og dreifbýli.

## 7.2 LOFTSLAGSBREYTINGAR OG SJÁVARROF

Í janúar 2018 kom út skýrsla vísindanefndar um loftslagsbreytingar um áhrif loftslagsbreytinga á Íslandi.<sup>10</sup> Þar er fjallað um súrnun sjávar, sjávarstöðubreytingar, áhrif loftslagsbreytinga á náttúruvá, samfélagslega innviði og nauðsynlega aðlögun vegna þessa. Jafnframt er fjallað um áhrif hlýnunar síðustu áratuga og áhrif hennar á náttúrufar á landi og í hafinu við Ísland. Sambærileg skýrsla kom út árið 2008.<sup>11</sup>

Í samantekt nýju skýrslunnar segir:

- ♦ Frá aldamótum og fram að miðbiki aldarinnar er líklegt að hlýni um 1.3 - 2.3°C á landinu og hafsvæðinu umhverfis það. Umfang hlýnunar ræðst af losun gróðurhúsalofttegunda og ef hún verður mikil getur hlýnun til loka aldarinnar náð 4°C.
- ♦ Bráðnun og þynning jökla veldur landrasi og umfangsmiklum breytingum á vatnafari á jaðri þeirra.
- ♦ Hlýnun hefur aukið afrakstur ræktarlands og trjávöxt, en á móti kemur að ýmsir skaðvaldar gróðurs hafa orðið meira áberandi.

- ♦ Á hnattræna vísu er súrnun sjávar hvað örust í hafinu nærri Íslandi og því líklegt að neikvæð súrnun komi því fyrr fram hér.
- ♦ Breytingar á ástandi sjávar hafa haft veruleg áhrif á vistkerfi sjávar sem skýrir að hluta breytingar í stofnstærð og útbreiðslu sumra uppsjávarfiska, sérstaklega loðnu, makríls og sandsílis.
- ♦ Sjávarstöðu- og úrkomubreytingar hafa áhrif á fráveitur og ofanvatnskerfi, og veruleg þörf er á aðlögun slíkra kerfa.
- ♦ Takmarkaðar upplýsingar liggja fyrir um aðlögunarþörf vegna afleiðinga loftslagsbreytinga, og ólíkt nágrannaþjóðum er ekki til landsáætlun í þeim efnum. Lítið hefur verið hugað að samlegðaráhrifum mótvægisáðgerða sem draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og aðgerðum til aðlögunar.

Þó svo að óvissa sé um loftslagsbreytingar og afleiðingar þeirra næstu áratugi þá er ljóst að lofthjúpurinn og heimshöfin hafa hlýnað, ísmagn hefur minnkað, sjávarborð hækkað, sýrustig sjávar lækkað og styrkur gróðurhúsalofttegunda aukist. Loftslagsbreytingarnar síðustu áratugi hafa haft áhrif á náttúru og samfélög á öllum meginlöndum og heimshöfunum. Öfgar í veðurfari hafa aukist og vísbendingar eru um að sum vistkerfi og mörg félagsleg kerfi séu berskjölduð og viðkvæm gagnvart núverandi breytileika í veðurfari.<sup>10, 11</sup>

Í fyrrnefndum skýrslum vísindanefndar er bent á að búast megi við aukinni uppskeru á þeim fóður- og matjurtum sem nú eru ræktaðar og fleiri möguleikum á ræktun nýrra tegunda, svo sem korni. Séð er fram á fleiri möguleika í trjárækt og landgræðslu en jafnframt aukna ágengni meindýra og plöntusjúkdóma og áhrif vegna breytts veðurlags og hækkandi sjávarstöðu. Breytingar á búsvæðum munu gera ákveðnum tegundum erfitt um vik en stuðla að landnámi annarra tegunda. Hlýnun sjávar umhverfis landið hefur þegar valdið breytingum á stofnstærð og útbreiðslu ákveðinna nytjategunda. Vetrar- og haustflóð gætu orðið meiri og útbreiddari í kjölfar

<sup>10</sup> Halldór Björnsson og fleiri, 2018.

<sup>11</sup> Halldór Björnsson og fleiri, 2008.

aukinnar úrkomu. Þá mun aukið afrennsli vatnsfalla vegna hlýnunar auka möguleika á raforkuframléiðslu. Einnig kemur fram að aðlögun að afleiðingum loftslagsbreytinga verði ekki umflúin. Þessi misserin er mikið fjallað um aðlögun innan alþjóðasamfélagsins og gerð er krafa um að aðildarlönd Parísarsamkomulagsins frá árinu 2015 geri áætlanir um hvernig eigi að bregðast við afleiðingum loftslagsbreytinga. Í Parísarsamkomulaginu eru markmið um að halda hnattrænni hlýnun innan við 1,5° árið 2100.

Í september 2018 kynnti ríkisstjórn Íslands aðgerðaáætlun í loftslagsmálum fyrir tímabilið 2018-2030. Markmiðið með áætluninni er að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og stuðla að aukinni kolefnisbindingu þannig að Ísland geti staðið við markmið Parísarsamkomulagsins og markmið ríkisstjórnarinnar um kolefnishlutleysi á Íslandi árið 2040. Í aðgerðaráætluninni eru tvær megináherslur:

- ♦ Orkuskipti í samgöngum, með sérstakri áherslu á rafvæðingu í vegasamgöngum.
- ♦ Átak í kolefnisbindingu þar sem skógrækt og landgræðsla gegna lykilhlutverki og markvisst verður dregið úr losun gróðurhúsalofttegunda með endurheimt votlendis.

Í október 2018 kom út skýrsla loftslagsráðs Sameinuðu þjóðanna.<sup>12</sup> Þar kemur fram að það stefni í 3° hlýnun jarðar árið 2100 miðað við núverandi þróun, þ.e. umtalsvert meiri hlýnun en markmiðin í Parísarsamkomulaginu gera ráð fyrir. Í skýrslunni kemur fram að þetta sé lokaviðvörðun vísindamanna. Eigi markmið um 1,5° hlýnun að nást verði að fara í hraðar, víðtækar og fordæmislausar breytingar á öllum hliðum samfélaga okkar.

Skv. 5. gr. laga nr. 28/1997 um sjóvarnir ber að taka tillit til sjóvarnarmannvirkja. Ölduálag er mikið við strönd Bolungarvíkur og getur sjór gengið á land við Brjótinn við ákveðnar aðstæður (mynd 7.4).

Í yfirlitsskýrslu um sjóvarnir árið 2011 kemur fram að lagfæra þurfi um 200 m kafla grjótvagnar utan við brjótinn.<sup>13</sup> Þar er hætta á tjóni ef skarð kemur í

grjótgarðinn. Í skýrslunni kemur fram að minna álag sé sunnan við Bolungarvíkurhöfn. Sunnan hafnarinnar er um 400 m kafla sem athugaður var m.t.t. mögulegrar byggðar á svæðinu. Ekki var talin flóðahætta miðað við aðstæður á þeim tíma og þ.a.l. ekki talin þörf á að verja svæðið. Í gildandi samgönguáætlun (2019-2023 og 2019-2033) er ekki gert ráð fyrir nýjum sjóvarnarframkvæmdum í Bolungarvík en búast má við að hækkandi sjávarstaða muni auka rof og ölduálag til lengri tíma litið (mynd 7.4).



**Mynd 7.3 Lágsvæði í þéttbýli Bolungarvíkur. (Mynd: Verkís á grunn frá LMÍ. 2019).**

Lágsvæði eru almennt skilgreind sem svæði í minna en 4-5 m hæð yfir sjávarmáli eða svæði þar sem geta orðið vatnsfarvegir eða uppistöður í

<sup>12</sup> IPCC, 2008.

<sup>13</sup> Siglingastofnun Íslands, 2011.

flóðum.<sup>14</sup> Lítil hluti byggðarinnar í Bolungarvík stendur lágt með tilliti til flóðahættu. Ofan Aðalstrætis og Þuríðarbrautar er landhæð meiri en 5 m yfir sjávarmali og flokkast því landið þar ekki sem lágsvæði (mynd 7.3).

Í samantekt Veðurstofu Íslands á þekktum sjávarflóðum er getið um fjögur sjávarflóð í Bolungarvík árin 1916, 1925, 1946 og 1969.<sup>15</sup> Í skýrslunni eru ekki upplýsingar um hvaða svæði um var að ræða en þó kemur fram að Brimbrjótur skemmdist í flóðinu 1946.

Ekki hefur verið gert sjávarflóðahættumat í Bolungarvík en í Vegagerðin hefur gefið út viðmiðunarreglur fyrir landhæð á lágsvæðum.<sup>16</sup>

---

<sup>14</sup> Fjarhitun, 1995.

<sup>15</sup> Guðrún Elín Jóhannsdóttir, 2017.

<sup>16</sup> Sigurður Sigurðarson, 2018.



Mynd 7.4 Sjóvarnir í Bolungarvík.<sup>17</sup>

<sup>17</sup> Siglingastofnun Íslands, 2011.

## Markmið og stefna – Loftslagsbreytingar og sjávarflóð

### Markmið

- ◆ Skipulag byggðar taki tillit til áhrifa loftslagsbreytinga vegna hækkunar sjávarborðs.
- ◆ Rofvörnum verði haldið við þar sem landbrot er við byggð.
- ◆ Ásýnd byggðar og lands verði hlíft eins og kostur er, sérstaklega náttúrulegum fjörum.
- ◆ Dregið verði úr losun gróðurhúsalofttegunda með því að stuðla að minni umferð og bættri aðstöðu fyrir gangandi og hjólandi.
- ◆ Binding gróðurhúsalofttegunda verði aukin með endurheimt votlendis, skógrækt og landgræðslu í samræmi við áætlanir sveitarfélagsins.
- ◆ Forðast skal röskun á landi sem bindur gróðurhúsalofttegundir.

### Útfærsla stefnu

Bolungarvíkurkaupstaður mun markvisst vinna að því að draga úr loftslagsbreytingum af manna völdum. Lögð verður áhersla á eftirfarandi þætti á skipulagstímabilinu:

- ◆ Hvatt verði til minni eldsneytisnotkunar með því að bjóða upp á gott net stíga fyrir gangandi og hjólandi í þéttbýli. Bjóða þarf upp á góðar almenningssamgöngur á milli þéttbýliskjarna sveitarfélaga á norðanverðum Vestfjörðum.
- ◆ Stuðlað verði að skógrækt og trjárækt innan þess ramma sem sett eru í aðalskipulaginu og í samræmi við ákvæði í kafla um skógrækt og trjárækt.

- ◆ Mikilvægt er að viðhalda votlendi og endurheimta það, þar sem það er mögulegt og raunhæft. Tækifærin eru þó takmörkuð. (sjá umfjöllun um votlendi).

Stefna sveitarfélagsins er að draga úr hættu á tjóni af völdum sjávargangs. Aðalskipulagið gerir ráð fyrir fullnægjandi sjóvörnum, þ.e. viðhaldi og uppbyggingu, til varnar byggð í þéttbýli í samræmi við samgönguáætlun. Gert er ráð fyrir viðbótum við rofvörn utan við brjótinn (mynd 7.4). Sjóvarnargarðar eru sýndir á meðfylgjandi skipulagsuppráttum.

Forðast skal nýbyggingar á lágsvæðum þar sem hætta er talin á sjávarflóðum. Gera þarf hættumat vegna sjávarflóða í Bolungarvík og endurskoða aðalskipulagið í samræmi við það. Þar til slíkt mat liggur fyrir skal ekki skipuleggja byggð nær sjávarkambi en 50-100 m, þar sem líkur eru á sjávarflóðum. Meta þarf í hverju tilviki lágmarksfjarlægð. Ekki er gert ráð fyrir nýbyggingum á þeim stöðum þar sem vitað er að tjón hefur orðið vegna flóða eða á stöðum þar sem líklegt þykir að flóð geti valdið tjóni á mannvirkjum. Nota skal viðmiðunarreglur Vegagerðarinnar fyrir landhæð á lágsvæðum (Vegagerðin 2018).

Í deiliskipulagi skal taka tillit til hættumats vegna sjávarflóða og kveða á um lágmarks gólfhæðir húsa með hliðsjón af hæstu mögulegu sjávarstöðu og spám um sjávarborðshækkun. Jafnframt skal fjalla um lóðahæðir og hönnun lóða m.t.t. hugsanlegs flóðrennslis.

Horfa þarf langt fram í tímann og taka tillit til langtíma sjávarstöðubreytinga við hönnun, því líftími bygginga getur verið hundruð ára. Líftími hafnarmannvirkja er yfirleitt talinn vera um 40-50 ár. Við skipulag og hönnun sjóvarna þarf jafnframt að huga að útsýni og ásýnd byggðar.

Áhersla er lögð á gott aðgengi að varnargörðunum til að hægt sé að sinna viðhaldi.

*Stefnan um loftslagsbreytingar og sjávarflóð er útfærð með markmiðum fyrir endurheimt votlendis og í innviðakafla.*

### ***Helstu stefnubreytingar***

Stefnan byggir á eldra aðalskipulagi en hér er sett fram mun ítarlegri stefna, mótvægisáðgerðir og aðlögun vegna loftslagsbreytinga.

### ***Umhverfisáhrif stefnu***

Stefnan er líkleg til að hafa jákvæð áhrif á byggð og samfélag og auka viðnám og þol gegn umhverfisbreytingum. Áhrifin á náttúrufarslega þætti verða að einhverju leyti neikvæð, ef kemur til uppbyggingar varnarvirkja við ströndina. Stefnan hefur óveruleg áhrif á losun gróðurhúsalofttegunda en hún skilgreinir mótvægisáðgerðir við loftslagsbreytingum, svo sem með viðmiðum um fjarlægð frá strönd.

## 8 NÁTTÚRUVERND

Bolungarvíkurkaupstað ber skylda til að vernda náttúruna og fjölbreytni hennar fyrir komandi kynslóðir, í samræmi við stefnu íslenskra stjórnvalda og gildandi lög. Mikilvægt er að vernda það sem er sérstætt en einnig að stuðla að því að endurheimta röskuð vistkerfi og auka þol gegn umhverfisbreytingum, svo sem hnattrænni hlýnun.

### 8.1 SJÁLFBÆR ÞRÓUN

Sjálfbær þróun er lykilhugtak í allri umræðu samtímans um þróunar- og umhverfismál. Hugtakið er þýðing á enska orðasambandinu „sustainable development“ og felur í sér viðleitni til að mæta þörfum samtíðarinnar án þess að draga úr möguleikum komandi kynslóða til þess að mæta þörfum sínum.

### 8.2 GILDI NÁTTÚRUNNAR OG VERÐMÆTAMAT

Samfara fjölbreyttari nýtingu náttúruauðlinda og aukinni samkeppni um land eykst álag á náttúruna og hugsanlegum hagsmunaárekstrum fjölgar. Á sama tíma er löggjöf sem snertir náttúru, umhverfi og skipulag landsins orðin strangari og ítarlegri en áður.

Í stefnu íslenskra stjórnvalda um sjálfbæra þróun er fjallað um mikilvægi verndunar og óspilltrar eða lítt snortinnar náttúru. Þar er bent á að íslenskri náttúru hafi verið minna breytt af mannavöldum en víðast hvar í iðnvæddum löndum. Lífríkið á Íslandi hefur þó breyst mikið vegna áhrifa mannsins, m.a. vegna skógareyðingar, jarðvegsrofs og framræslu votlendis. Samfelld víðerni þar sem áhrifa mannsins gætir lítt eða ekkert er vart lengur að finna í Evrópu, nema nyrst í Skandinavíu og á Íslandi. Ætla má að slík víðerni fái aukið gildi í framtíðinni og verði því verðmætari.

Óspillt náttúra hefur margvísleg gildi og er einnig forsenda margvíslegra grunngæða og mannlífs sem erfitt hefur verið að meta hagrænt. Náttúran

<sup>18</sup> Umhverfisráðuneytið, 2011.

býr m.a. yfir svokölluðu eigingildi en í því felst að í henni eru verðmæti sem ekki eru háð hagsmunum mannsins og því er skoðun mannsins á þessum verðmætum ekki til umfjöllunar.<sup>18</sup> Þessu til viðbótar er talað um *tilvistargildi og valkostagildi*.<sup>19</sup> Með tilvistargildi er átt við að sumir gleðjast yfir því að ákveðin náttúrufrýrbrigði skuli vera til (ósnortin), þótt þeir hafi ekki hugsað sér sérstaklega að fara þangað og upplifa hana. Með valkostagildi er átt við það að nýting getur haft í för með sér óafturkræfar breytingar, þ.e. ógerlegt getur verið að afmá áhrif nýtingarinnar.

Í Hvítbók um löggjöf til verndar náttúru Íslands<sup>19</sup> er fjallað um mat á verndargildi náttúrunnar út frá þjónustu vistkerfa (*e. ecosystem services*), þ.e. þjónustu sem maðurinn er algerlega háður. Náttúruna má *flokka* niður í þætti út frá þeim fyrirbærum sem þar finnast og talið er að búi yfir verðmætum: Jarðmyndanir, ferskvatn, haf, lífríki, landslag og óbyggð víðerni. Til viðbótar hafa verið skilgreindir eiginleikar eða *viðmið* sem verðmætin byggjast á:

- ◆ Auðgi, fjölbreytni
- ◆ Fágæti
- ◆ Stærð, samfella, heild
- ◆ Upprunaleiki/röskun
- ◆ Þekkingargildi
- ◆ Fagurfræðilegt eða upplifunargildi
- ◆ Táknrænt eða tilfinningarlegt gildi

### 8.3 VERNDARMARKMIÐ NÁTTÚRUVERNDARLAGA

Markmið náttúruverndarlaga nr. 60/2013 er að „vernda til framtíðar fjölbreytni íslenskrar náttúru, þar á meðal líffræðilega og jarðfræðilega fjölbreytni og fjölbreytni landslags. Þau eiga að tryggja eftir föngum þróun

<sup>19</sup> Sigurður Jóhannesson, 2007.



*Íslenskrar náttúru á eigin forsendum og verndun þess sem þar er sérstætt eða sögulegt og einnig stuðla að endurheimt raskaðra vistkerfa og auknu þoli Íslenskra vistkerfa gegn náttúruhamförum og hnattrænum umhverfisbreytingum.“*

Nánari verndarmarkmið eru skilgreind í 2. og 3. grein laganna. Í 2. gr. laganna er fjallað um verndarmarkmið fyrir vistgerðir, vistkerfi og tegundir. Þar er tekið fram að stuðla skuli að vernd líffræðilegrar fjölbreytni og í 3. gr. laganna er fjallað um verndarmarkmið fyrir jarðminjar, vatnasvæði, landslag og víðerni. Þar er lagt til að stuðlað skuli að vernd jarðfræðilegrar fjölbreytni landsins og fjölbreytni landslags. Í 61. gr. laganna eru tilgreind vistkerfi og jarðminjar sem forðast ber að raska nema brýna nauðsyn beri til. Samkvæmt skipulagslögum og lögum um mannvirki er skylt að afla framkvæmdaleyfis, eða eftir atvikum byggingarleyfis, vegna framkvæmda sem fela í sér röskun á svæðum sem njóta sérstakrar verndar.

Á vefsíðu Náttúrufræðistofnunar má sjá að í Bolungarvík eru víða vötn og lítið raskað votlendi og einnig mikilvægar sjávarfitjar og sjófuglabyggðir ( mynd 8.1).

## 8.4 NÁTTÚRUVERNDARSVÆÐI

Skv. lögum nr. 60/2013 um náttúruvernd er náttúruverndarsvæðum skipt í þrennt:

- Friðlýst svæði og afmörkuð búsvæði friðaðra tegunda sem vernduð eru skv. 1. mgr. 56. gr.
- Svæði og náttúrumyndanir á B og C hluta náttúruminjaskrár, sbr. 33. gr.
- Afmörkuð svæði á landi og sjó sem njóta verndar skv. öðrum lögum vegna náttúru eða landslags.

Náttúruminjar eru náttúrufrýrbæri sem ákveðið hefur verið að vernda með friðlýsingu, friðun eða með öðrum hætti eða fyrirbrigði sem tekin hefur verið

afstaða til að rétt sé að vernda, þ.e. aðrar náttúruminjar. Náttúruminjaskrá skiptist í þrjú hluta sem auðkenndir eru sem A, B og C hluti. Þar inniheldur A hluti, skrá yfir náttúruminjar og svæði sem hafa verið friðlýstar eða friðaðar. Á B hluta er yfirlit yfir þær náttúruminjar sem Alþingi hefur ákveðið að setja í forgang um friðlýsingu eða friðun á næstu fimm árum og er því nokkurs konar framkvæmdaáætlun náttúruminjaskrár. Náttúruminjar sem ástæða þykir til að friðlýsa eða friða eru skráðar í C hluta náttúruminjaskrár.<sup>21</sup>

Skv. 37. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013 skal leita umsagnar Umhverfisstofnunar, Náttúrufræðistofnunar Íslands og viðkomandi náttúruverndarnefndar vegna framkvæmda sem hafa í för með sér röskun á náttúrumyndunum, enda sé um að ræða hættu á því að spillt verði friðlýstum náttúruminjum sem skráðar hafa verið á C hluta náttúruminjaskrár, nema fyrir liggja staðfest aðalskipulag og samþykkt deiliskipulag þar sem umsagnir liggja fyrir.


Innan skipulagssvæðisins er eitt svæði á náttúruminjaskrá sem flokkast sem *aðrar náttúruminjar*:

Gil í Syðridal, Bolungarvík. (1) Surtarbrandslög við Gilsá upp af Syðridal. (2) Fundarstaður surtarbrands frá tertíer ( mynd 8.1).

Sjófuglabyggðir eru mikilvæg varplönd og eru tvær alþjóðlega mikilvægar sjófuglabyggðir í Bolungarvík. Það eru Stigahlíð-Deild og Göltur-Öskubakur sem Bolungarvík deilir með Ísafjarðarbæ ( mynd 8.1). Stigahlíð liggur vestur af Bolungarvík, sæbrött, skriðurunnin og klettótt. Ysti hluti hennar heitir Deild, 636 m y.s. Þar verpir mjög mikið af fýl, einnig tæplega 6% íslenska hvítmáfastofnsins og töluvert af svartbak. Öskubakur liggur eftir sveitarfélagsmörkum Bolungarvíkur og Ísafjarðarbæjar og rís hæst í 517 m y.s. Þar eru brattar og skriðurunnar fjallshlíðar vestan megin frá Skálavík að Keflavík. Þar verpa fýll og hvítmáfur.<sup>20</sup> Náttúrufræðistofnun Íslands hefur sett fram tillögu um að svæðið Stigahlíð-Deild verði sett á B hluta náttúruminjaskrár sem hluti af stærra verndarsvæði, kennt við Patreksfjörð-

<sup>20</sup> Náttúrufræðistofnun Íslands, 2019.

Djúp. Tillögurnar eiga eftir að fá þá málsmeðferð sem getið er um í lögum um náttúruvernd, svo sem samráð við sveitarfélög og hagsmunaaðila.



Mynd 8.1 Svæði sem njóta sérstakrar verndar skv. náttúruverndarlögum, mikilvæg fuglasvæði og aðrar náttúruminjar skv. núverandi náttúruminjaskrá í Bolungarvík. Náttúrufræðistofnun hefur lagt til að Stigahlíð-Deild verði sett á B hluta náttúruminjaskrár. (Náttúrufræðistofnunar Íslands, 2019).

## Markmið og stefna - Náttúruvernd

### Markmið

- ◆ Öll landnýting og önnur auðlindanýting verði með sjálfbærum hætti þannig að við ákvarðanatöku verði tekið tillit til komandi kynslóða og náttúrunnar.
- ◆ Sérstæðar náttúruminjar og önnur sérkenni verði vernduð, m.a. landslagsheildir og jarðmyndanir.
- ◆ Aðgengi að náttúru svæðisins, frá fjöru að fjalli, verði gott.
- ◆ Líffræðileg fjölbreytni (tegunda og vistgerða) verði vernduð í samræmi við lög og alþjóðaskuldbindingar.
- ◆ Áhersla verið lögð á endurheimt og verndun votlendis.

### Útfærsla stefnu

Þó svo að Bolungarvík sé lítið sveitarfélag þá er náttúrulegt umhverfi, frá fjöru að fjallstoppum, áhrifamikið, fjölbreytt og sérstakt. Allt frá landnámi hefur náttúran staðið undir búsetu á svæðinu. Helstu atvinnuvegir byggja á náttúruauðlindum og íbúar sem kjósa að búa í mikilli nánd við náttúruna laðast að svæðinu. Fjölbreyttari landnotkun eykur álag á náttúruna á þessu takmarkaða landsvæði en sjálfbær nýting mun styrkja grunnatvinnuvegina og leggja grunn að nýtingu í þessum greinum til langs tíma.

Mikilvægt er að halda í náttúrufarsleg sérkenni og yfirbragð svæðisins og nýta þá kosti sem felast í mikilli nálægð byggðarinnar við náttúruna. Öll nýting náttúru og auðlinda skal vera í sem mestri sátt við umhverfið og hafi sem minnst óafturkræf áhrif. Tekið skal tillit til komandi kynslóða, efnahagslegra, félagslegra og menningarlegra þátta við ákvarðanatöku.

Aðgengi að náttúrunni er hluti af lífsgæðum íbúa og gesta á svæðinu. Aðalskipulaginu er ætlað að tryggja að hægt sé að njóta ósnortinnar náttúru og þeirra svæða sem eru raskaðri og nær byggð. Gæta þarf því þess að nýframkvæmdir skerði ekki aðgengi að útivistarsvæðum. Umferð er jafnframt stýrt m.t.t. álags á náttúru. Nánar er fjallað um þetta í kafla um útivist.

Stuðla skal að auknu upplýsingaflæði og fræðslu um náttúru og umhverfi. Þannig má auka þekkingu, meðvitund og ábyrgð fólks og fyrirtækja í þessum málum og stuðla að bættri umgengni og hvetja til útivistar. Leita skal eftir samvinnu við stofnanir og fyrirtæki, m.a. Náttúrustofu Vestfjarða, Háskólaseturs Vestfjarða og Fræðasetur Háskóla Íslands í Bolungarvík.

Almennt skal forðast framkvæmdir á óbrotnu landi og lágmarka jarðrask vegna framkvæmda eins og kostur er. Við framkvæmdir skal beita varúðarsjónarmiðum og vistkerfisnálgun þannig að neikvæðum áhrifum á vistkerfi verði haldið í lágmarki. Áður en ráðist er í framkvæmdir sem valda umhverfisáhrifum skal skoða mismunandi valkosti og meta áhrif þeirra á umhverfið. Við matið skal bera saman mikilvægi náttúruminja sem í húfi eru á viðkomandi svæði og áhrif vegna fyrirhugaðra framkvæmda.

Vernda skal vistgerðir, vistkerfi, tegundir, jarðminjar, vatnasvæði og landslag í samræmi við lög um náttúruvernd, auk þess sem tekið skal mið af mikilvægi minjanna og sérstöðu í íslensku og alþjóðlegu samhengi, sbr. 3. og 4. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga.

Bæta skal eftirlit og eftirfylgni með stefnumörkun, reglum og áætlunum sem varða náttúru og umhverfi og í gildi eru á skipulagssvæðinu. Einnig þurfa að fara fram viðeigandi rannsóknir á náttúru og nýtingu svæðisins og nánari stefnumörkun þar sem það á við í samstarfi við viðeigandi stofnanir og aðila. Af einstökum náttúruyfyrirbrigðum er lögð sérstök áhersla á að varðveita:

- ◆ Upprunalega fjöru við þéttbýli og Sandinn.
- ◆ Surtabrandsnámurnar í Syðridal (Gilsnáma), í samræmi við hverfisverndarákvæði.

- ◆ Ósvör og nágrenni.
- ◆ Skálavík, í samræmi við hverfisverndarákvæði.
- ◆ Óbyggð og ósnortin svæði.

Ysti hluti Skálavíkur er hverfisverndaður í aðalskipulaginu og þannig verndaður fyrir óæskilegum áhrifum.

Við gerð deiliskipulags á hverfisvernduðum svæðum og svæðum á náttúruminjaskrá ber að gera greiningu á áhrifum þess í samræmi við staðlaða matstöflu í viðauka aðalskipulagsins. Þannig er reynt að tryggja að tillit sé tekið til áhrifa á umhverfi og samfélag og að deiliskipulag sé í samræmi við markmið aðalskipulagsins. Greiningin tryggir jafnframt faglega málsmeðferð við ákvarðanatöku sveitarstjórnar og framkvæmdaaðila.

*Stefnan er útfærð þannig að sjófuglabbyggðir við Stigahlíð-Deild og surtabrandssvæði ásamt námu við Gil í Syðridal eru skilgreind sem hverfisverndarsvæði. Þau eru auðkennd sem HV-5 og HV-6 á aðalskipulagsupdrætti og sett um þau verndarákvæði í greinargerð.*

### **Helstu stefnubreytingar**

Meginstefnan er sú sama og í fyrra aðalskipulagi. Áhersla er lögð á sjálfbæra nýtingu lands og auðlinda og verndun sérkenna en jafnframt lögð áhersla á gott að gengi að náttúrunni.

### **Umhverfisáhrif stefnu**

Stefnan er líkleg til að auka viðnámsþol gegn umhverfisbreytingum og stuðla að sjálfbærri nýtingu náttúruauðlinda. Einnig er hún líkleg til að styrkja sérstöðu og styðja við ferðaþjónustu. Stefnan mun tryggja aðgengi að náttúru svæðisins og þannig stuðla að hreyfingu og bættri lýðheilsu. Stefnan hefur jákvæð áhrif á losun gróðurhúsalofttegunda, er ákveðið mótþægi við loftslagsbreytingar þar sem hún stuðlar að verndun og endurheimt vistkerfa.



**SAMFÉLAG**

## MEGINMARKMIÐ - SAMFÉLAG

- ◆ Í Bolungarvík verði fjölskylduvænt og skapandi samfélag með:
  - Blómlegu mannlífi og lifandi menningu.
  - Góðu þjónustukerfi og aðgengi fyrir alla.
  - Góðu aðgengi að útivistar- og íþróttasvæðum.
- ◆ Uppbygging samfélagsins byggi á sveigjanleika gagnvart samfélags- og umhverfisáhrifum og hafi seiglu til að geta svarað breyttum þörfum og aðstæðum.
- ◆ Sérkenni byggðar verði varðveitt, þannig að íbúar og gestir geti notið þeirra gæða sem eru til staðar.
- ◆ Að miðsvæði myndi fjölbreyttan, öflugan, aðlaðandi og heilsteyptan miðbæ þar sem er gott framboð af þjónustu.
- ◆ Aðalskipulagið stuðli að fjölbreyttu atvinnulífi og atvinnuþróun byggi á sjálfbærri þróun og vistkerfisnálgun.
- ◆ Atvinnulífið byggi ímynd sína á hreinleika, sérkennum náttúrunnar en einnig fumkvöðla- og sköpunarkrafti íbúa.

## 9 BYGGÐ

### 9.1 SAGA BYGGÐAR

Bolungarvík hlaut kaupstaðarréttindi árið 1974 en upphaf byggðar í Bolungarvík má rekja til þess er Þuríður sundafyllir, landsnámskona, gerði sér bú í Vatnsnesi ásamt Völu-Steini syni sínum og Þjóðólfi bróður sínum í Þjóðólfstungu í Tungudal. Sveitarfélagið nær yfir það svæði sem áður var Hólshreppur, en Hóll var mesta jörð í Bolungarvík á fyrri öldum, höfuðból og kirkjustaður.

Helsta atvinna íbúanna hefur í gegnum tíðina verið tengd sjósókn, enda liggur Bolungarvík mjög vel við fiskimiðum. Miklar þyrpingar verbúða stóðu við sjóinn í vikinni á fyrri tíð, þótt ekki festist þar varanleg byggð lengi vel. Bolungarvík var aðalverstöðin í Norður-Ísafjarðarsýslu og með stærstu verstöðvum á landinu um aldamótin 1900. Aðstaða til útgerðar í Bolungarvík var þó á margan hátt erfið, því að vikin er opin fyrir hafáttum og fjaran stórgrýtisurð. Verslun hófst á staðnum árið 1890 og upp úr því tók fólk að setjast þar að. Löggildingu sem verslunarstaður fékk Bolungarvík árið 1903. Hafnargerð hófst árið 1911 með byggingu brimbrjótsins og í kjölfarið stórbatnaði hafnaraðstaða fyrir vélbáta með tilheyrandi jákvæðum áhrifum fyrri byggðarlagið.

Upphaf þéttbýlisins má rekja til verbúða sem munu hafa verið reistar á svokölluðum Bolungarvíkurmölum eða Mölum. Byggðin leitaði smám saman upp í brekkurnar og túnin, bæði vegna þess að útvegurinn þurfti ákveðið svæði fyrir sína starfsemi, en einnig vegna þess að ókostur þótti að íbúðarhús væru svo nálægt rakanum og briminu.

Í Bolungarvík gefst tækifæri til að gaumgæfa hvernig sjósókn var háttáð fyrir á tímum. Einnig sjást ummerki um annan atvinnuveg, sem nú er horfinn, því að hjá Gili í Syðridal var grafið eftir surtarbrandi til eldsneytis á árunum 1917-1921.

Á fyrri öldum var Bolungarvík mjög einangraður staður og erfitt að komast þangað, nema á sjó. Úr samgöngumálunum rættist verulega þegar vegurinn til Hnífsdals og Ísafjarðar var lagður um Óshlíð um 1950. Sextíu árum síðar



var ákveðið að leggja hann af með gerð jarðganga undir Óshlíð og voru Bolungarvíkurgöng opnuð almennri umferð árið 2010.

Af þessari lýsingu má ráða að náttúruöflin í Bolungarvík eru kröftug og þróun byggðar hefur mótast m.t.t. þeirra. En náttúruauðlindirnar eru jafnframt forsenda fyrir þróun byggðarinnar, sem hefur í gegnum tíðina aðlagast umhverfinu.

Byggð í dreifbýli hefur breyst, m.a. með samdrætti í landbúnaði og auknum áhuga á uppbyggingu sumarhúsa, skógrækt, útivistar og ferðaþjónustu. Einnig hefur fjöldi bæja farið í eyði á síðari hluta tuttugustu aldar, m.a. öll byggð í Skálavík.

## 9.2 MENNINGAR- OG BÚSETUMINJAR

Samkvæmt lögum um menningarminjar (nr. 80/2012) teljast menningarminjar ummerki um sögu þjóðarinnar, t.d. fornminjar, menningar- og búsetulandslag, kirkjugripir og minningarmörk, hús og önnur mannvirki, skip og bátar, samgöngutæki, listmunir og nytjahlutir, svo og myndir og aðrar heimildir um menningarsögu þjóðarinnar. Þjóðminjar eru jarðfastar minjar eða lausir gripir eða hlutir sem eru einstakir og hafa sérstaka merkingu og mikilvægi fyrir menningarsögu Íslands. Samkvæmt sömu lögum eru fornminjar annars vegar forngripir og hins vegar fornleifar. Forngripir eru þeir lausamunir sem eru 100 ára og eldri sem menn hafa notað eða mannaverk eru á og fundist hafa í eða á jörðu eða jökli, í vatni eða sjó. Fornleifar eru hins vegar hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri.

Samkvæmt áður nefndum lögum (16. gr.) skal skráning fornleifa, húsa og mannvirkja fara fram áður en gengið er frá aðalskipulagi eða deiliskipulagi. Við gildistöku laga um menningarminjar nr. 80/2012, 1. janúar 2013 féllu þjóðminjalög nr. 107/2001 úr gildi.


<sup>21</sup> Ragnar Edvardsson, 2000.

## Fornleifar


Eitt helsta markmið með fornleifaskráningu er að sporna við því að minjar verði fyrir skemmdum af gáleysi eða að nauðsynjalaus. Kerfisbundin skráning fornleifa í Bolungarvík hófst sumarið 1996 og hefur nú stór hluti sveitarfélagsins verið skráður kerfisbundið.<sup>21</sup> Þegar unnið var að deiliskipulagi fyrir jörðina Ós þá bættist við forleifaskráning fyrir jörðina.<sup>22</sup> Finnist ókunnar fornleifar skal tilkynna Minjastofnun Íslands frá fundinum skv. 24. gr. laga um menningarminjar. Í fornleifaskráningu er metin hættu á að fornleifar geti eyðst af manna- eða náttúrulegum völdum, með svokölluðu hættumati. Í fornleifaskránum er miðað við jarðarskiptingu eins og hún kemur fyrir í Jarðartali Johnsens frá 1847 og eru jarðir tölusettar með sama hætti og þar.

Niðurstöður fornleifaskráninga eru birtar á myndum 9.1, 9.2, 9.3 og 9.4 og í töflu 9.1. Af þeim minjastöðum sem skráðir hafa verið í sveitarfélaginu eru 38 staðir taldir í hættu af manna- eða náttúrulegum völdum (tafla 9.1).


<sup>22</sup> Ragnar Edvardsson, 2019.




Mynd 9.1 Skráðar fornminjar í Tungudal og þéttbýlinu. (Byggt á gögnum frá Ragnari Edvardssyni, 2000)



Mynd 9.2 Skráðar fornminjar í Skálavík. (Byggt á gögnum frá Ragnari Edvardssyni, 1996).



Mynd 9.3 Skráðar fornminjar við Ós. (Byggt á gögnum frá Ragnari Edvardssyni, 1997)



Mynd 9.4 Skráðar fornminjar í Syðridal. (Byggt á gögnum frá Ragnari Edvardssyni 1997 og Minjastofnun, 2020)

Tafla 9.1 Fjöldi minjastaða og hættumat flokkað eftir jörðum skv. fornleifaskráningu í Bolungarvík. (Ragnar Edvardsson 1996, 1997 og 2000 og 2019)

Jörð	Fjöldi minjastaða	Ekkert tilgreint	Engin hætta	Lítill hætta	Hætta	Nokkur hætta	Talsverð hætta	Mikil / stór hætta
Tröð	17	2	2	2	1	5	1	4
Ytri-Búðir	20	19				1		
Hóll	29	18	4		1	1		5
Grundarhóll	1	1						
Árbær eða heimari Búðir	11	11						
Landalifur	1	1						
Miðdalur	10	3	3		2			2
Tunga (Þjóðólfstunga)	9		9					
Meiri-Hlíð	12		7		5			
Minni-Hlíð	13		11		2			
Hanhóll	15	6	8		1			
Gil	12	1	10		1			
Ós	18		18					
Meiri-Bakki	18	8	7		3			
Minni-Bakki	31	13	18					
Breiðaból	21	3	18					
Kroppstaðir	9		8		1			
Meira-Hraun	10	1	9					
Minna-Hraun	10	3	7					
<b>Alls</b>	<b>267</b>	<b>90</b>	<b>139</b>	<b>2</b>	<b>17</b>	<b>7</b>	<b>1</b>	<b>11</b>

Fornar bæjarrústir á Vatnsnesi við Syðridalsvatn, sem tilheyra Hóli og eru taldar frá landnámsbæ Þuríðar sundafyllis, eru friðlýstar skv. friðlýsingarskrá. Í Skálavík er skráður fjöldi verminja, sumar óraskaðar (mynd 9.2 og tafla 9.1) en engar þeirra eru friðaðar sérstaklega. Fjöldi verbúða og vara var einnig í Bolungarvík en þær hafa vikið fyrir þéttbýlinu. Í Ósvör, þar sem þrautarlending Bolvíkinga var í upphafi tuttugustu aldar, hefur verið sett upp minjasafn.

Fornleifar og aðrar búsetuminjar geyma upplýsingar um sögu og menningu svæðisins, einkum búskaparhætti, byggingarlag og lifnaðarhætti fyrri tíma. Á norðanverðum Vestfjörðum er tækifæri til að rannsaka þessa þætti því byggð hefur minnkað og þétt og minjar varðveitt.

### Byggingararfur og húsfriðun

Skv. 4. grein laga um menningarminjar nr. 80/2012 teljast hús og önnur mannvirki og einstakir hlutar þeirra sem hafa menningarsögulegt, vísindalegt eða listrænt gildi til byggingararfs og á það við um eftirfarandi:

- ♦ *Stök hús eða hluta þeirra og húsasamstæður, hvort sem er til íbúðar eða menningar- og atvinnustarfsemi í þéttbýli eða dreifbýli, húsabyrpingar og götumyndir.*
- ♦ *Kirkjur og bænhús, ásamt tilheyrandi mannvirkjum, svo sem klukkuturnum, garðhleðslum og sáluhliðum, klaustur, samkomuhús, skólahús og nánasta umhverfi þeirra, aðrar opinberar byggingar, íþróttamannvirki og sundlaugar.*
- ♦ *Brýr og hvers konar samgöngumannvirki, virkjanir, stíflur, dælustöðvar og önnur orkumannvirki, hafnarmannvirki, vind- og vatnsmyllur, vitar, slippir, hjallar, manngerðir hellar og réttir.*

Tilgangur laganna er að stuðla að verndun menningarminja og tryggja að íslenskum menningararfi verði skilað óspilltum til komandi kynslóða. Öll hús og mannvirki sem eru 100 ára eða eldri eru því friðuð skv. 29. grein laganna

og er óheimilt að raska þeim, spilla eða breyta, rífa þau eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands. Eigendum húsa og mannvirkja sem ekki njóta friðunar en byggð voru 1925 eða fyrr, svo og forráðamönnum kirkna sem reistar voru 1940 eða fyrr, er enn fremur skylt að leita álits hjá Minjastofnun Íslands með minnst sex vikna fyrirvara ef þeir hyggjast breyta þeim, flytja þau eða rífa.

Skv. 18. grein laganna má friðlýsa hús og mannvirki eða hluta þeirra, sem hafa menningarsögulegt, vísindalegt eða listrænt gildi. Friðlýsing húsa og mannvirkja og friðun kirkna sem ákveðin hefur verið á grundvelli eldri laga heldur jafnframt gildi sínu. Ráðherra ákveður friðlýsingu eða afnám hennar að fenginni tillögu Minjastofnunar Íslands. Minjastofnun Íslands hefur ennfremur heimild til skyndifriðunar menningarminja sé hætta á að minjunum verði spillt, þær glattist eða að gildi þeirra rýrist á einhvern hátt.

Við gildistöku laga um menningarminjar nr. 80/2012, 1. janúar 2013 féllu lög um húsafriðun nr. 104/2001 úr gildi. Samkvæmt þeim lögum voru öll hús á Íslandi friðuð sem byggð eru fyrir 1850 og allar kirkjur sem byggðar eru fyrir 1918. Friðun samkvæmt eldri lögum samsvarar friðlýsingu í gildandi lögum.

### Þéttbýli

Bolungarvík er ein elsta verstöð landsins. Undir lok árabátaaldar voru 27 varir á svæðinu norðan Hólsár. Ofan við þær byggðist þéttbýlið þ.e. á Mölunum, fyrst eingöngu sem verbúðir en í lok nítjándu aldar byrjaði að þróast þar eiginlegt þorp með fastri búsetu. Í fyrstu var lítið byggt en verbúðum breytt í íbúðir. Framan af tuttugustu öldinni voru verbúðir því einkennandi fyrir byggðina. Flest þessara húsa eru horfin og stendur nú aðeins eftir eitt hús frá nítjándu öld.

Gömlu húsin minna á sögu Bolungarvíkur, á þann grunn sem Bolvíkingar eru sprotnir úr. Það sem helst vantar í flóru gömlu húsanna eru „sjóbúðir“ sem minna á ræturnar sem byggjast á útgerð og nálægð við fiskimiðin. Mikilvægt er fyrir sérhvert byggðarlag að glata ekki tengslum við söguna og þar með sérkennum sínum. Jörðin Hóll var mesta jörðin í Bolungarvík á fyrri öldum, höfuðból og kirkjustaður. Í Hólslandi voru afbýli mörg en fá ummerki um þau

eru sýnileg í dag þar sem hóllinn hefur nánast allur verið sléttaður. Engu að síður eru þarna miklar minjar um sögu Bolungarvíkur og mikil hætta á að þær raskist enn frekar við framkvæmdir. Hólskirkja, sem byggð var árið 1908, er eina friðaða byggingin í Bolungarvík sem hlotið hefur friðlýsingu skv. lögum um menningarminjar. Kirkjan, sem er timburhús, var tilsniðin í Noregi og hönnuð af Rögnvaldi Ólafssyni arkitekti.

Í Bolungarvík eru 34 uppstandandi byggingar eldri en hundrað ára (byggðar fyrir 1921) og eru því friðaðar. Til viðbótar eru 14 byggingar sem verða 100 ára á skipulagstímabilinu (byggðar fyrir 1933) og eru 4 þeirra byggðar 1925 eða fyrr og er því skylt að leita álits Minjastofnunar ef fyrirhugaðar eru framkvæmdir við þær (Tafla 9.2). Fjölmörg hús eru auk þess fallin. Af þeim byggingum sem eru eldri en 100 ára eða ná þeim aldri á skipulagstímabilinu eru 42 í þéttbýlinu, flest á Bökkunum, og 6 í dreifbýli.

Útlit bæja hefur töluverð áhrif á sjálfsmynd íbúa. Vistlegur bær með sterk tengsl við söguna getur haft afgerandi áhrif á val fólks um búsetu og skapað undirstöðu fyrir nýsköpun á ýmsum sviðum. Það hefur sýnt sig að verndun bæja leiðir ekki til stöðnunar. Verndunin hefur augljós jákvæð áhrif á ferðapjónustu en það sem laðar að ferðamenn, laðar einnig að fólk og fjárfesta. Áhersla á endurreisn gamalla bæjarhluta hefur verið afgerandi þáttur í þróun margra byggða í heiminum.


**Tafla 9.2 Hús í Bolungarvík sem eru friðlýst, friðuð og verða eldri en 100 ára skipulagstímabilinu. (Þjóðskrá, 2020)**

Bygging	Byggingarár og aldursskipting			
	Friðlýst	Friðuð	Verður 100 á tímabili	Leita þarf álits
Hólskirkja	1908 (friðlýst 1990)			
Bakkastígur 9		1900-56		
Bakkastígur 10			1930	

Bygging	Byggingarár og aldursskipting			
	Friðlýst	Friðuð	Verður 100 á tímabili	Leita þarf álits
Bakkastígur 11		1880-1971		
Bakkastígur 12		1912-15		
Aðalstræti 3		1902		
Aðalstræti 16		1909		
Aðalstræti 18				1924
Hafnargata 9				1925
Hafnargata 37			1930	
Hafnargata 41		1902		
Hafnargata 47		1908		
Hafnargata 48			1932	
Hafnargata 49		1920		
Hafnargata 53-59 (rifið árið 2009)		1920		
Hafnargata 74		1920		
Hafnargata 75		1910		
Hafnargata 76			1930	
Hafnargata 81		1920		
Hafnargata 99			1930	
Hafnargata 101-103		1908		
Hafnargata 108		1908-10		
Hafnargata 115A		1905-10		
Hafnargata 115B		1907-8		

ENDURSKOÐUN AÐALSKIPULAGS BOLUNGARVÍKUR 2008-2020. DRÖG, kynning á vinnslustigi

Bygging	Byggingarár og aldursskipting			
	Friðlýst	Friðað	Verður 100 á tímabili	Leita þarf áhlits
Hafnargata 120		1908-10		
Hafnargata 122		1900		
Hlíðarstræti 26			1930	
Hlíðarvegur 16		1908-10		
Hlíðarvegur 17		1907-17		
Holtastígur 8		1913-54		
Holtastígur 9		1903-4		
Holtastígur 10		1912-40		
Miðstræti 1			1930	
Miðstræti 3		1900-2		
Miðstræti 4		1900-5		
Miðstræti 5		1908		
Miðstræti 6		1907-10		
Miðstræti 11 (Sólberg)			1931	
Skólastígur 6				1924
Skólastígur 23		1900		
Þuríðarbraut 5			1932	
Þuríðarbraut 7		1912-15		
Breiðaból		1910		
Gil		1910		
Hóll 2				1925
Meiri-Hlíð			1927	
Minni-Bakki		1910		
Fremri Ós		1906		



Mynd 9.5 Verndarákvæði húsa í þéttbýli Bolungarvíkur. (Sólrún Geirsdóttir, 2000; Minjastofnun, 2020 og Fasteignaskrá, 2020)

## Dreifbýli

---

### Skálavík

Víkin er fyrir opnu hafi, vestan þéttbýlis Bolungarvíkur. Þar er brimasamt og óhægt um lendingu. Í Skálavík eru 6 jarðir sem allar eru farnar í eyði. Breiðaból, Meiri-Bakki og Minni-Bakki eru lögbýli en auk þess eru þar jarðirnar Kroppstaðir, Meira-Hraun og Minna-Hraun. Íbúar svæðisins lifðu einkum á landbúnaði en sjósókn var aukabúgrein.<sup>23</sup> Þéttleiki fornminja í víkinni er heldur meiri en almennt í Bolungarvík. Þar eru t.d. verstöðvarminjar í landi Minni-Bakka.

Skálavík er vinsælt útivistarsvæði Bolvíkinga en fjaran og Skálavíkuráin hafa mikið aðdráttarafl. Gömlu bæjarhúsin eru nýtt sem sumarhús, auk þess sem nokkur stök sumarhús eru dreifð um svæðið, en þar er ekkert sumarhúshverfi. Í dag eru túnin að einhverju leyti nýtt af bændum í Bolungarvík auk þess sem Skálavíkin öll er nýtt til sauðfjárbæjar. Landið ber því sterk einkenni sveitarinnar sem þar var, fram yfir miðja tuttugustu öldina og er það hluti af aðdráttarafli og sérkennum Skálavíkur.

## Markmið og stefna – Menningar- og búsetuminjar

---

### Markmið

- ◆ Menningar- og búsetuminjar og sérkenni verði vernduð fyrir framkvæmdum og ágangi náttúrunnar.
- ◆ Skapa umhverfi sem styrkir efnahagslegan og samfélagslegan grunn Bolungarvíkur og styrkja jákvæða þróun sveitarfélagsins.

### Útfærsla stefnu

Aðalskipulagið felur í sér verndun sérkenna í sveitarfélaginu, þ.e. verndun sögu og menningar sem nær allt til landnáms þuríðar sundafyllis. Með því er einnig átt við búsetulandslag, þ.e. það umhverfi sem mannhöndin hefur mótað með athöfnum sínum í gegnum tíðina. Í sveitarfélaginu eru margs konar mannvirki sem tengjast nýtingu sjávarauðlinda, svo sem fiskhjallar, varir, naust og verstöðvar. Þessi mannvirki setja sterkan svip á svæðið og eru hluti af sögu þess. Leitast skal við að varðveita gömul hús í þéttbýli og dreifbýli sem hafa á einhvern hátt verndargildi. Áhersla er lögð á verndun staða sem tengjast merkjum atburðum, þjóðsögum og þjóðháttum, svo og verndun mannvirkja sem bera vitni um horfið verklag eða tækni. Þessi stefna leiðir af sér aðlaðandi umhverfi og styður við ferðaþjónustu og fleiri atvinnuvegi. Afmörkuð eru hverfisverndarsvæði til að styðja við ofangreind markmið.

Æskilegt er að framkvæmdum sé beint frá minjastöðum, ellegar ber að tilkynna Minjastofnun Íslands það með góðum fyrirvara. Jafnframt ber að stöðva verk og tilkynna Minjastofnun komi fornleifar í ljós við framkvæmdir, skv. 24. gr. laga um menningarminjar. Fornleifaskráning skal gerð samhliða deiliskipulagi, eins og lög um menningarminjar gera ráð fyrir.

Lögð er áhersla á að íbúar og gestir verði upplýstir um sögu og menningu svæðisins og þannig verði stuðlað að góðri umgengni og aukinni virðingu fyrir fornleifum og menningararfi svæðisins.

Hverfisverndarsvæði HV-1 nær til þess hluta bæjarins sem hefur að geyma um helming af þeim húsum sem byggð eru fyrir 1910, eða 10 hús mynd 9.5). Bjarnabúðarreitir og Hafnargata eru hverfisvernduð innan svæðis HV-7. Þar er leitast við að mynda fjölbreytt og aðlaðandi miðsvæði. Nánar er fjallað um þetta í kafla um miðsvæði.

---

<sup>23</sup> Ragnar Edvardsson, 2000.



Með hverfisvernd í þéttbýlinu (svæði HV-1 og HV-7) er ætlunin að skapa aðlaðandi umhverfi sem verður eftirsóknarvert fyrir íbúa og gesti. Slíkt umhverfi getur styrkt bæjarfélagið í heild.

Með því að leggja áherslu á að gera uppruna þéttbýlisins sýnilegri skapar bærinn sér sérstöðu sem ein elsta verstöð landsins. Líklegt er að áhersla í þessa átt hafi afar jákvæð áhrif á ferðaþjónustu og renni styrkari stoðum undir atvinnulífið og bæti ímynd bæjarins.

Þó verndunin nái aðeins til lítils hluta bæjarins er þekkt að slík verndun hefur jákvæð áhrif á íbúapróun í öðrum bæjarhlutum. Verndunin er því líkleg til að efla byggðina í heild. Mikilvægt er þó að verndarsvæðið myndi heildstæðan kjarna á sínum upprunalega stað. Stök hús hafa takmarkað gildi fyrir þróun byggðar, nema þau hafi verulegt verndargildi.

Ákvæði hverfisverndar taka til breytinga, viðhalds, niðurrifs og nýbyggingar húsa og umhverfis þeirra. Hverfisverndinni er ætlað að vernda íbúa og hagsmunaaðila fyrir hugsanlegum óæskilegum breytingum á svæðinu og ásýnd þess. Í kjölfar hverfisverndar í þéttbýlinu þarf að gera húsakönnun.

Upplýsingar um hverfisverndina skulu vera vel kynntar og aðgengilegar öllum á skipulagstímabilinu. Aðkoma hagsmunaaðila að gerð deiliskipulags á þessum svæðum skal tryggð.

Hverfisverndarsvæði HV-3 nær til þess svæðis þar sem líkur eru á að minjar höfuðbólsins Hóls sé að finna, skv. upplýsingum frá minjaverði Vestfjarða. Hverfisverndinni er ætlað að tryggja að fornminjar spillist ekki við framkvæmdir og að uppbygging á svæðinu spilli ekki möguleikum á að gera sögu svæðisins sýnilega.

Til að ná markmiðum um menningar- og búsetuminjar er ytri hluti Skálavíkur hverfisverndaður, merkt HV-2 á uppdrætti. Þetta er sá hluti víkurinnar sem ber sterkust einkenni af sveitinni sem þar var. Þar er gert ráð fyrir tjaldsvæði, gönguleiðum og bættu aðgengi að svæðinu og upplýsingum fyrir gesti, sbr. kafla um ferðaþjónustu. Gert er ráð fyrir að fjölga megi frístundahúsum en þess gætt að þau falli vel að yfirbragði byggðarinnar sem fyrir er. Lögð er áhersla á styrkja ímynd sveitarinnar í Skálavík.

Til að tryggja að verminjar í landi Minni-Bakka spillist ekki er gert ráð fyrir að svæðið njóti hverfisverndar, merkt HV-4 á uppdrætti. Ekki er gert ráð fyrir framkvæmdum á svæðinu, nema þeim sem lúta að verndun minjanna eða að því að gera sögu þeirra sýnilega.

Í landi Gils í Syðridal eru surtarbrandslögin og surtabrandsnáman hverfisvernduð, merkt HV-6 á uppdrætti. Náman er til vitnis um horfinn atvinnuveg.

Við gerð deiliskipulags á hverfisvernduðum svæðum í dreifbýli, ber þeim er stendur að gerð deiliskipulags að gera greiningu á áhrifum deiliskipulags, í samræmi við staðlaða matstöflu í viðauka aðalskipulagsins. Þannig er reynt að tryggja að tillit sé tekið til áhrifa á umhverfi og samfélag og að deiliskipulag sé í samræmi við markmið aðalskipulagsins. Greiningin tryggir jafnframt faglega málsmeðferð við ákvarðanatöku sveitarstjórnar og framkvæmdaaðila. Nánar er fjallað um þetta í viðauka greinargerðarinnar.

*Stefnan um menningar- og búsetuminjar er útfærð nánar með því að setja friðlýst minjasvæði MV-1, MV-2 og hverfisverndarsvæði HV-1 til og með HV-4 og HV-7 inn á skipulagsuppdrátt ásamt almennum og sértækum ákvæðum fyrir viðkomandi reiti í kafla um verndarákvæði í greinargerð.*

### **Helstu stefnubreytingar**

Líkt og í fyrra aðalskipulagi er lögð áhersla á að vernda sérkenni svæðisins og þannig skapa umhverfi sem styrkir búsetuskilyrðin í Bolungarvík. Til viðbótar við fyrri hverfisverndarsvæði er nú einnig skilgreint hverfisverndarsvæði við Hafnargötu (á miðsvæðinu) og við surtabrandsnámunu í landi Gils í Syðridal. Stefnan hefur einnig verið uppfærð m.t.t. laga um menningarminjar en þau voru ekki til staðar við gildistöku fyrra aðalskipulags.

### Umhverfisáhrif stefnu

Stefnunni er ætlað að stuðla að varðveislu menningarsögulegra minja. Áhersla er lög á upprunann og sérstöðuna í sveitarfélaginu. Verndun menningarverðmæta er ætlað að styrkja efnahagslegan grunn og leiða til jákvæðrar þróunar í sveitarfélaginu. Stefnan er í samræmi við þá stefnu sem stjórnvöld hafa markað um verndun menningarminja.


### 9.3 ÍBÚAÞRÓUN

Margir þættir geta haft áhrif á íbúáþróun og því er erfitt að segja til um það hverjar mannfjöldabreytingarnar munu verða á gildistíma aðalskipulagsins. Jafnframt geta hlutfallslegar sveiflur verið miklar í minni sveitarfélögum, þar sem hver einstaklingur hefur mikið vægi. U.þ.b. tvær fjölskyldur eru um 1% af heildaríbúafjölda í sveitarfélaginu.

#### Íbúafjöldi


Þann 1. janúar 2020 bjuggu 955 manns í Bolungarvíkurkaupstað og íbúafjöldi var 8,51/km<sup>2</sup>. Íbúum Bolungarvíkur fækkaði talsvert í kringum aldamótin þó sú þróun hafi að einhverju leyti snúist við undanfarinn áratug. Þann 1. desember árið 1990 voru íbúar 1187 og 20 árum síðar eða þann 1. desember árið 2010, voru íbúarnir 887. Fækkunin á þessu tímabili er því talsverð, eða um 25%, mest á tíunda áratugnum. Á sama tíma fjölgaði íbúum á landinu öllu um 24%. Ef miðað er við tímabilið frá fyrsta desember 2010 til 1. desember árið 2019 hefur orðið ákveðinn viðsnúningur þar sem íbúum Bolungarvíkur fjölgaði um 8% (mynd 9.6). Á sama tímabili fjölgaði íbúum um 14% á landsvísi.

Þegar litið er lengra aftur fjölgaði Bolvíkingum jafnt og þétt frá fimmta tug síðustu aldar en aukningin var mest á áttunda áratugnum. Íbúafjöldinn nú er svipaður því sem var á miðjum áttunda áratugnum.




**Mynd 9.6 Íbúafjöldi í Bolungarvík 1. desember á tímabilinu 1991-2019. (Hagstofa Íslands 2020)**

Þróunin í Bolungarvík er ekki ósvipuð því sem almennt hefur verið á Vestfjörðum. Vestfirðingar voru rúm 14% af mannfjölda landsins árið 1920 en árið 1990 var þetta hlutfall komið niður undir 4%. Straumur fólks á 20. öldinni og fyrstu ár þeirrar 21. hefur legið frá landsbyggðinni og á suðvesturhornið. Breyting varð á þessu árið 2008 en þá fjölgaði íbúum á Vestfjörðum um 65, eða um tæpt eitt prósent, eftir langvarandi fólksfækkun. Sú fjölgun hefur ekki viðhaldist því alls fækkaði um 285 eða 4% á árunum þar á eftir og fram til ársins 2019.



**Mynd 9.7** Búferlaflutningar, þ.e. aðfluttir umfram brottfluttra, innan sveitarfélagsins á tímabilinu 1998-2018. (Hagstofa Íslands, 2020)

Íbúápróun er háð búferlaflutningum og náttúrulegri fjölgun, þ.e. fjölda fæddra umfram dána. Búferlaflutningar eru í heild neikvæðir frá árinu 1998 (mynd 9.7), þ.e. fleiri hafa flutt frá sveitarfélaginu en í það. Neikvæðastir voru flutningarnir á árunum 1998-2009, að árinu 2008 undanskildu en eftir það komu jákvæð ár.




**Mynd 9.8** Þróun mannfjölda í Bolungarvík frá árinu 1998 og áætluð þróun til ársins 2032. (Hagstofa Íslands 2020)

Íbúápróun í Bolungarvík síðustu 10 ár var í ágætu samræmi við þær spár sem lagðar voru fram í fyrra aðalskipulagi sem gerði ráð fyrir 0,6% fjölgun á tímabilinu eða u.þ.b. 40 manns. Íbúum fjölgaði í raun um 44 frá árinu 2007 til 2018 eins og sjá má á mynd 9.8. Þróunin var nokkuð sveiflukennd með fækkun árin 2010, 2014 og 2015 en önnur ár fjölgaði íbúum. Fólksfjölgun 2007-2008 og fækkun 2009-2010 má skýra með tímabundinni dvöl verkamanna.

Í mannfjöldaspá Íbúalánasjóðs frá því í lok árs 2019 er gert ráð fyrir að fólki fækki á kjarnasvæðum á Vestfjörðum um 5% fram til ársins 2030 og um 10% til 2050. Mannfjöldaspá fyrir Bolungarvík er á svipuðum nótum. Í háspá Byggðastofnunar er gert ráð fyrir árlegri fjölgun næstu sex ár og að íbúafjöldi í Bolungarvík verði 1193 árið 2032 en að svo fækki aftur rólega fram yfir miðja öldina og að árið 2065 verði íbúafjöldi svipaður og nú er.

Í húsnæðisáætlun Bolungarvíkurkaupstaðar er mannfjöldaspá gerð á grundvelli fyrirhugaðs fiskeldis að teknu tilliti til takmarkandi þátta, þ.e. burðarþols og erfðablöndunar.<sup>24</sup> Til grundvallar er einnig úttekt á fjölda beinna og óbeinna starfa og fólksfjölgunar vegna fiskeldis sem KPMG gerði fyrir Vestfjarðarstofu.<sup>25</sup> Samkvæmt þessu má búast við fólksfjölgun upp á 91-105 manns í Bolungarvík næstu fjögur til fimm árin og að fjölgun á norðanverðum Vestfjörðum geti orðið 474-549 manns.




**Mynd 9.9 Fæddir umfram dánir innan sveitarfélagsins á tímabilinu 1998-2018. (Hagstofa Íslands 2020)**

Flutningsjöfnuður kynjanna hefur verið mjög jafn ef litið er á allt tímabilið frá 1998-2018, þó breytileikinn milli ára hafi verið mjög mikill. Náttúruleg fjölgun á tímabilinu hefur hins vegar verið mjög jákvæð, þ.e. fæðingar hafa verið fleiri en dauðsföll og hefur það unnið á móti fækkun vegna búferlaflutninga (mynd 9.9).

<sup>24</sup> Bolungarvíkurkaupstaður, 2020.

## Samsetning íbúafjölda

Á næstu myndum er litið á aldur, kyn, fjölskyldugerð og þjóðerni.




**Mynd 9.10 Aldursdreifing íbúafjölda í Bolungarvík og á Íslandi 1. janúar 2019. (Hagstofa Íslands, 2020)**

Samkvæmt mynd 9.10, sem sýnir aldursdreifingu íbúa Bolungarvíkur í samanburði við landið allt, er hlutfall aldurshópsins 55-69 ára mun hærra en á landsvísu. Í eldra skipulagi (gögn frá 2008) var hlutfall aldurshópsins 45-59 ára mun hærra en á landsvísu. Hlutfall annarra aldursflokka fylgir ágætlega landsmeðaltali en þó er hlutfall þeirra sem eru 20-54 ára í Bolungarvík heldur lægra en landsmeðaltalið og hlutfall þeirra sem eru 5-15 ára er litlu hærra en á landsvísu. Hlutfall karla í Bolungarvík er 54%, sem er heldur hærra en á landsvísu, þar sem hlutfall karla er 51% af mannfjölda.


<sup>25</sup> KPMG, 2017.

ENDURSKOÐUN AÐALSKIPULAGS BOLUNGARVÍKUR 2008-2020. DRÖG, kynning á vinnslustigi



**Mynd 9.11 Hlutfall erlendra ríkisborgara í Bolungarvík á tímabilinu 1998-2018. (Hagstofa Íslands, 2019)**

Hlutfall erlendra ríkisborgara í Bolungarvík var í upphafi árs 2018 um 18%, en það er talsvert hærra en landsmeðaltalið sem var á sama tíma um 11%. Á mynd 9.11 má sjá að hlutfall erlendra karla jókst á árunum 2007 til 2010 sem skýrist líklega af tímabundnum framkvæmdum á tímabilinu. Eftir það hefur hins vegar verið jöfn en stöðug aukning erlendra ríkisborgara í Bolungarvík og hafa erlendir karlar verið í örlitlum meirihluta síðustu ár.



**Mynd 9.12 Fjölskyldumynstur íbúa í Bolungarvík á tímabilinu 1998-2019. (Hagstofa Íslands, 2020)**

Litlar breytingar hafa orðið á fjölskyldugerð í Bolungarvík síðustu 12 ár, þó búa nú færri einir en áður. Einstaklingum fjölgaði á árunum 2009 til 2010 en sú aukning gekk til baka, eins og sést á mynd 9.12. Þessi fjölgun var líklega vegna farandverkafólks sem bjó tímabundið í sveitarfélaginu. Fólki í sambúð eða hjónabandi og með börn hefur heldur fækkað. Minni sveiflur eru hjá öðrum hópum. Hafa verður í huga fólksfækkun síðustu 20 ára í sveitarfélaginu við túlkun á þessum gögnum (mynd 9.6).

## Markmið og stefna – Íbúapróun

---

### Markmið

- ◆ Íbúum fjölgi um a.m.k. 100 á skipulagstímabilinu.
- ◆ Viðhalda og stuðla að fjölbreytni í samfélaginu.

### Útfærsla stefnu

Skipulagið miðar að því að bæta búsetuskilyrðin í Bolungarvík og því er gert ráð fyrir að íbúum muni fjölga á skipulagstímabilinu (mynd 9.8). Mikilvægt er að þróunin byggji á því búsetumynstri sem fyrir er og styrki þannig byggðina.

Þróun íbúafjölda næstu ára getur m.a. ráðist af þeirri stefnu sem aðalskipulagið markar. Óljós stefna er ekki líkleg til að leiða til fólksfjölgunar en skýr stefna í aðalskipulaginu getur haft afgerandi áhrif á mannfjöldaþróun sem og aðra þætti sem tekið er á í skipulaginu.

Samfélagið þarf að vera sveigjanlegt og tilbúið að aðlagast nýjum aðstæðum t.d. vegna umhverfisbreytinga eða annarra utanaðkomandi þátta. Tækifærin felast ekki síst í sérkennum svæðisins en sjálfbær þróun er leiðarstefið í allri ákvarðanatöku. Til að stuðla að fólksfjölgun er m.a. lögð áhersla á eftirfarandi þætti í samræmi við leiðarsljós og meginmarkmið aðalskipulagsins.

#### Öflugir innviðir

Uppbygging innviða þannig að svæðið sé samkeppnishæft við aðra landshluta og nýsköpun og skapandi greinar geti þróast í atvinnulífinu.

#### Kröftugt og skapandi atvinnulíf

Efling sjávarútvegs með bættri aðstöðu á hafnarsvæðinu og uppbyggingarmöguleikum fyrir nýja starfsemi, þ.m.t. fiskeldi. Gert er ráð fyrir fólksfjölgun samfara uppbyggingu í fiskeldi.

Efling ferðapjónustu með uppbyggingu ferðamannastaða, m.a. Bolafjalls, og áhersla á þróun miðsvæðis og tengingu þess við hafnarsvæðið og ferðapjónustu.

#### Fjölskylduvænt samfélag

Heilbrigt, skemmtilegt og fjölskylduvænt samfélag þar sem áhersla er lögð á jafnrétti og einstaklingsmiðaða þjónustu, gott aðgengi að náttúru og íþróttaaðstöðu en einnig iðandi mannlíf með blómstrandi menningu og listum.

### Helstu stefnubreytingar

Gert er ráð fyrir talsvert meiri fólksfjölgun en á síðasta skipulagstímabili. Stefna aðalskipulagsins mun hafa áhrif á íbúapróun en af einstökum þáttum má gera ráð fyrir að þróun í atvinnulífi hafi einna mest að segja í þessum efnum.

### Umhverfisáhrif stefnu

Stefnan hefur lítil áhrif á umhverfið. Íbúðum mun fjölga með þéttingu byggðar og fólksfjölgun byggir á stöðum sjálfbærrar þróunar. Innviðir samfélagsins þola fólksfjölgun en gera þarf ráð fyrir nauðsynlegum viðbótum á nýjum íbúðarsvæðum. Gæta þarf að þeim áhrifum sem hraður vöxtur í atvinnulífi getur haft á umhverfið.

## 9.4 ÍBÚÐARSVÆÐI

---


Segja má að íbúðarsvæðin séu tvö í Bolungarvík í dag, þ.e. norðan og sunnan Hólsár. Stærstur hluti íbúðarbyggðarinnar er norðan við Hólsána. Þar byggðist þorpið upp, fyrst á Mólunum við lok níttjándu aldar, en teygði sig síðan í átt að bæjarstæðinu í Tröð við lok tuttugustu aldar. Sunnan við ána,

á Grundunum, er lítið íbúðarsvæði sem byggðist litlu síðar og teygði sig í vesturátt eftir því sem leið á öldina.

Langmest var byggt á áttunda áratugnum en einnig töluvert á þeim sjöunda og níunda. Mjög lítið hefur verið byggt síðustu tvo áratugin. Fá hús eru uppistandandi frá fyrri hluta tuttugustu aldar, enda var að miklu leyti um verbúðarbyggingar að ræða. Verbúðunum var með tímanum breytt í íbúðir sem síðan hafa vikið fyrir nýrri byggð. Bæjarhlutar bera mismunandi einkenni eftir því hvenær þeir voru byggðir, þ.e. með tilliti til byggingarstíls, þéttleika og heildaryfirbragðs.

Mjög breytilegt er eftir tímabilum hvernig byggingar voru byggðar og í hve miklu magni.


Svipaður fjöldi einbýlishúsa og íbúða í fjölbýlishúsum var byggður á áttunda áratugnum, en á áratugnum á undan var nánast eingöngu um einbýli að ræða. Síðasta áratuginn hefur einungis verið bætt við einu fjölbýlishúsi.



<sup>26</sup> Húsnæðis- og mannvirkjastofnun, 2020.

**Mynd 9.13 Fjöldi íbúða í Bolungarvík 1995-2018. (Húsnæðis- og mannvirkjastofnun, 2019)**


Fjöldi íbúða í Bolungarvík í ársbyrjun 2020 var 396. Stærstur hluti þeirra er einbýlishús (59%) sem voru byggð á síðari hluta 20. aldar en íbúðir í fjölbýli eru um fjórðungur af heildarfjölda íbúða.<sup>26</sup> Fjöldinn hefur verið nokkuð stöðugur frá árinu 2012 en árið 2013 voru teknar í notkun nýjar íbúðir fyrir aldraða í Aðalstræti 20. Íbúðum fækkaði talsvert frá 2009-2011 eftir nokkurn stöðugleika frá aldamótum (mynd 9.13).



**Mynd 9.14 Fjöldi íbúa á hverja íbúðareiningu í Bolungarvík 2000-2018 (Þjóðskrá og Hagstofa Íslands, 2019)**

Meðalfjöldi íbúa á íbúð árið 2020 í Bolungarvík er 2,4. Fjöldi íbúa á hverja íbúð lækkaði frá frá 2000 til 2007 en hefur sveiflast talsvert síðan þá. Sveiflurnar á tímabilinu 2007-2010 eru m.a. vegna tímabundinnar dvalar

verkamanna og einnig má sjá breytingarnar þegar íbúðir fyrir eldri borgara voru teknar í notkun árið 2015 (mynd 9.14).



Mynd 9.15 Tegund íbúða í Bolungarvík 2018 (Þjóðskrá Íslands, 2019)

Íbúðarhúsnæði er að einhverju leyti vannýtt í sveitarfélaginu en þó verður að hafa það í huga að líklegt er að íbúar hér kjósi að búa í stærra húsnæði en á höfuðborgarsvæðinu, m.a. vegna lægra íbúðaverðs. Íbúðareigendum með lögheimili utan sveitarfélagsins hefur fækkað lítillega á síðustu árum, þ.e. þeim sem hafa tvöfalda búsetu. Árið 2014 voru þeir um 13.8% íbúðareigenda en 12,8% árið 2017.<sup>27</sup>

Áætluð landþörf fyrir íbúðarbyggð ræðst m.a. af fólksfjölgun, þörf fyrir endurnýjun húsnæðis og vannýttu íbúðarhúsnæði. Mat á húsnæðisþörf byggir einkum á aldursdreifingu, fjölskyldugerð, heimilisstærð, viðhorfum og efnahagsástandi á hverjum tíma.

<sup>27</sup> Þjóðskrá Íslands, 2019.

Aðalskipulagið gerir ráð fyrir að Bolvíkingum fjölgi um a.m.k. 100 manns á skipulagstímabilinu, eins og áður hefur komið fram. Ef miðað er við 2,4 íbúa á íbúð þarf u.þ.b. 42 nýjar íbúðir á skipulagstímabilinu.



Mynd 9.16 Íbúðarbyggð í Bolungarvík.

### Markmið og stefna - Íbúðarsvæði

#### Markmið

- ◆ Boðið verði upp á fjölbreyttar gerðir byggingalóða og fjölbreytt umhverfi íbúðarsvæða.



- ◆ Sérkenni byggðar og náttúru verði varðveitt, þannig að íbúar geti notið þeirra gæða sem eru til staðar.

### Útfærsla stefnu

Til þess að nýta sem best þá innviði sem eru til staðar er gert ráð fyrir að þetta byggðina þar sem kostur er og stækka núverandi hverfi. Til að auka fjölbreytni í lóðarvali er einnig gert ráð fyrir nýjum byggingarsvæðum sem þó eru í góðum tengslum við núverandi byggð. Við uppbyggingu nýrra svæða verður fyrst horft til landsins innan við Þjóðólfsveg og Völusteinsstræti, svokallaðs Hreggnasvæðis. Þar er rými fyrir allt að 40 íbúðir. Ekki er þó gert ráð fyrir skerðingu á skógræktarsvæðinu sem þar er. Til viðbótar er rými fyrir ríflega 10 íbúðir í grónum hverfum. Til lengri tíma er horft til svæðisins innan við Hólsá, þ.e. við Kirkjuveg og innan Þuríðarbrautar. Þar er rými fyrir allt að 10 íbúðir. Við Hól eru miklar minjar um sögu Bolungarvíkur og skal þess gætt að þær raskist ekki. Fyrirhugað er að breyta húsnæði á Höfðastíg, Miðstræti og Vitastíg í íbúðarhúsnæði. Samtals verða þetta 18-20 íbúðir.

Lögð er áhersla á að götur eða hverfi með sérstætt yfirbragð, m.t.t. sögu bæjarins og arkitektúrs, haldi sínum sérkennum þrátt fyrir þéttingu byggðar eða viðhald einstakra húsa. Dæmi um slíkt eru verkamannabústaðirnir við Traðarstíg og Völusteinsstræti. Sérstök ákvæði gilda um elsta hluta byggðarinnar en hann er skilgreindur sem hverfisverndarsvæði, sbr. kafla um menningar- og búsetuminjar.

Fyrirhuguð íbúðarsvæði rúma því samtals um 80 íbúðir sem er talsvert meira rými en þörf er á ef horft er til þeirrar fjölsfjölgunar sem búist er við á skipulagstímabilinu. Þannig verða tiltæk íbúðarsvæði fari svo að fjölgun hér verði meiri en gert er ráð fyrir í skipulaginu. Gert er ráð fyrir að íbúðarsvæði byggist upp á hættulausum eða hættulitlum svæðum m.t.t. náttúruvár. Fjallað er um aðgerðir sem draga úr snjóflóðahættu í kafla um náttúruvía.

Lögð er áhersla á að náttúruleg sérkenni verði varðveitt, s.s. umhverfi Hólsár, Lautirnar og Morðingjamýri. Til að sérkennin geti notið sín þarf jafnframt að vernda menningarsöguleg verðmæti. Mynda skal góðar tengingar við náttúruna með stígum og þess gætt að útsýni verði ekki hindrað. Stefnt skal

að því að öll íbúðarhverfi verði í góðum tengslum við útivistarsvæði, og að hugað verði að göngu- og hjólaleiðum og aðgengi fyrir alla. Sjá nánar í kafla um menningar- og búsetuminjar og kafla um útivist.

Við uppbyggingu þarf einnig að skoða hagkvæmni, fjárhagslegar og félagslegar forsendur, gatnakerfi og samgöngur, umhverfi, fráveitu og meðhöndlun yfirborðsvatns.

*Stefnan er útfærð með afmörkun svæða fyrir íbúðarbyggð ÍB-1 til og með ÍB-4 á skipulagsupprætti ásamt almennum og sértækum ákvæðum í greinargerð.*

*Á hverfisvernduðum svæðum gilda einnig ákvæði hverfisverndar.*

### Helstu stefnubreytingar

Litlar breytingar eru frá fyrra aðalskipulagi. Íbúðarsvæði er nú afmarkað á milli Hólsár og kirkjugarðs en þar var í fyrra skipulagi verslunar- og þjónustusvæði. Einnig stækkar íbúðarsvæði ofan við grunnskólann en þar var áður þjónustusvæði (heilsugæsla og leikskóli).

### Umhverfisáhrif stefnu

Fjölsfjölgun og stækkun byggingarlands veldur óhjákvæmilega raski. Nýtt byggingarland er þó í jaðri svæðis sem þegar hefur verið raskað og felur því ekki í sér landbrot á lítið röskuðu svæði. Við uppbyggingu er lögð áhersla á varðveislur sérkenna byggðar og náttúru. Þétting byggðar hefur jákvæð áhrif m.t.t. loftslagsbreytinga. Umhverfisáhrif verða því lítil.


## 9.5 MIÐBÆJARSVÆÐI

Vistlegur miðbær er mikilvægur fyrir bæjarfélagið í heild. Hann getur haft áhrif á hvort íbúar velji að búa í sveitarfélaginu og styrkir þannig samkeppnisstöðu þess.

Aðalstræti er í dag aðalgata bæjarins og þar er mest af daglegri þjónustu, svo sem verslanir, banki og stjórnslásla, en þar eru einnig íbúðir fyrir aldraða sem í daglegu tali eru kallaðar Hvíta húsið. Félagsheimilið er við götuna og

rými er fyrir aðstöðu utandyra. Aðalstræti nær allt að 25 m breidd með gangstéttum og fjarlægð milli húsaraða er um 30-40 m en að auki er nokkuð mikið um opin svæði við götuna.

Fram yfir miðja tuttugustu öldina var Hafnargata aðalgata bæjarins, en hún tilheyrir elsta hluta hans og liggur samsíða strandlengjunni frá Hólsá að norðurmörkum þéttbýlisins. Gatan myndaðist á því svæði þar sem verbúðir byggðust upp og hefur hún þannig sterk tengsl við höfnina og útgerð; þar sem rætur bæjarins liggja. Hafnargata er fremur mjó og mörg húsanna eru byggð, að hluta eða í heild, á fyrri hluta tuttugustu aldar. Af þeim 48 húsum í þéttbýlinu sem eru eða verða 100 ára á skipulagstímanum eru 17 þeirra við Hafnargötu. Mælikvarði götunnar er í takti við þann kvarða sem fólk laðast gjarnan að, einkum fótgangandi.




Mynd 9.17 Aldur húsa á miðsvæði.

Á þeim hluta Hafnargötu sem nær frá Skólastíg að Hlíðarvegi er fjölbreytt starfsemi en þar eru einnig stök íbúðarhús. Eiginleg miðbæjarstarfsemi er


takmörkuð á þessu svæði en þó eru þar veitingastaður, verslun og skrifstofur. Starfsemi á svæðinu er að stærstum hluta sjávarútvegur, matvælaframleiðsla, verkstæði og geymslur. Þvert á Hafnargötu liggur Vitastígur og í framhaldi af honum liggur leiðin að Lækjarbryggju, þar sem smábátar og ferðapjónustubátar leggjast að. Við Vitastíg er ein af aðalverslunum bæjarins og handverkshús, auk þess sem innangengt er í verslun og þjónustu við Aðalstræti. Á reitnum milli Vitastígs og Skólagötu eru græn svæði sem tengjast félagsheimilinu og bakgarði Einarshúss og bæjarbúar nýta til að koma saman. Norðan Brimbrjótsgötu er ein elsta dagvöruverslun landsins, Bjarnabúð, og þar eru einnig íbúðarhús frá fyrsta hluta tuttugustu aldar.

Aðgengi að svæðinu öllu er gott og það er í góðum tengslum við aðra bæjarhluta með aðkomu frá Aðalstræti en um hana er megininnkoma í bæinn. Útsýni er til allra átta svo sem að Traðarhyrnu, Tunguhorni, Erni og Óshyrnu auk hafnarinnar og til sjávar.



Mynd 9.18 Núverandi notkun bygginga á miðsvæði í Bolungarvík.

Byggðin á reitnum milli Hafnargötu og Aðalstrætis er fremur dreifð. Byggingar eru í mismunandi ástandi og hafa mismikið verndargildi, sbr. kafla um menningarminjar. Fyrir liggur að fiskmarkaður, sem starfræktur er á svæðinu, muni flytja á lóð við Brimbrjótinn. Einnig býður nýlegt iðnaðarsvæði á Söndunum (við Tjarnarkamb) upp á betri uppbyggingarmöguleika fyrir iðnað en er á reitnum. Gera má því ráð fyrir að iðnaður leiti þangað fremur en á miðbæjarreitinn, sem hentar betur fyrir smærri starfsemi og starfsemi sem hefur bein tengsl við miðbæ. Reiturinn er miðsettur í kjarna Bolungarvíkur og getur tengt saman stjórnsýslu við Aðalstræti, fjölbreytta starfsemi innan reitsins og starfsemi hafnarinnar svo sem við Lækjarbryggju. Leið margra liggur að bryggjunni, svo sem sjómanna á leið til vinnu og ferðamanna og íbúa í leit að afþreyingu. Jöfn og dagleg umferð auk staðbundins mannlífs er einn af lykilþáttum í uppbyggingu miðbæja. Fjölbreytileiki er einnig mikilvægur fyrir uppbyggingu.



Mynd 9.19 Hafnargata og tenging við Lækjarbryggju.

## Markmið og stefna - Miðbæjarsvæði


### Markmið

- ♦ Miðsvæði myndi fjölbreyttan, öflugan og heilsteyptan miðbæ með gott framboð af þjónustu.
- ♦ Í miðbænum geti þrífist fjölbreytt starfsemi sem mæti þörfum íbúa og styðji við uppbyggingu ferðaþjónustu.
- ♦ Miðbærinn verði vistlegur og með áherslu á aðgengi gangandi og hjólandi.

- ◆ Uppbygging miðbæjar hafi skýr tengsl við atvinnulíf og sögu svæðisins.

### Útfærsla stefnu

Áhersla er lögð á að efla Hafnargötu, milli Hlíðarvegjar og Skólastígs, ásamt aðliggjandi götoreitum sem miðbæ Bolungarvíkur. Götoreiturinn milli Hafnargötu, Vitastígs, Aðalstrætis og Brimbjótsgötu myndar þungamiðju miðsvæðisins. Mikilvægt er að varðveita og styrkja þá þætti sem geta gert götuna lífvænlega, svo sem verslun, þjónustu og útivistarsvæði. Sérstök áhersla er lögð á að efla byggðina á þessu svæði sem aðlaðandi og líflegt miðsvæði. Vinna skal með rýmismyndun þannig að möguleiki verði til að mynda lítil torg af stærðargráðu sem er í samræmi við fólksfjölda í bænum.




Mynd 9.20 Afmörkun miðsvæðis.



Mynd 9.21 Söltun í Bolungarvík snemma á tuttugustu öld. (Ljósmyndari óþekktur)

Eins og fram kemur að framan byggðist Bolungarvík upp í tengslum við útgerð en ræturnar liggja einnig í sveitinni sem séð hefur bæjarbúum fyrir matvælum í gegnum tíðina, líkt og útgerðin. Lögð er áhersla á að gera upprunann sýnilegri og tengja uppbyggingu miðbæjarins við hann. Það á bæði við um staðbundna byggingararfleifð sem og atvinnuhætti. Því er lögð áhersla á að tengslin við hafnarsvæðið glattist ekki. Einnig er lögð áhersla á frekari uppbyggingu matvælaframleiðslu og tengingu við staðbundinn landbúnað svo sem veitingar og sölu sem byggir á afurðum framleiddum í héraði. Jafnframt er lögð áhersla á að uppbygging verði í sátt við byggingarhefð þess tíma sem gatan byggðist upp og að leitast verði við að varðveita byggingar sem hafa mikið verndargildi eða mikið gildi fyrir svæðið sem miðbæ. Slíkar byggingar hafa fjölbreyttum rekstri og smáíðnaði og eru í mælikvarða sem fólk laðast gjarnan að.




**Mynd 9.22 Dæmi um innblástur frá Fjórubúðum. (Mynd frá Þjóðminjasafni Íslands. Ljósmyndari Þorsteinn Jósefsson)**

Með því að blanda saman mannlífi sem tengist hafnarsvæðinu og því sem tengist verslun og þjónustu, er lagður grunnur að því að það byggist upp miðbær með aðráttarafl fyrir fólk og starfsemi. Til að styrkja þann grunn er einnig lögð áhersla á að hlúð verði að bæjarrýmum á svæðinu og gróðurnotkun verði aukin. Það gerir götuna vistlegri og getur haft áhrif á staðbundna veðráttu. Mikilvægt að taka tillit til hljóðvistar og ljósvistar við ákvarðanatöku, sbr. kafla um gæði byggðar.

Lögð er áhersla á að styrkja gönguleiðir úr miðbæ að Lækjarbryggju auk þess að efla göngutengsl við aðra bæjarhluta, svo sem um gömlu brúna yfir Hólsá, en hún tengir hverfin sunnan ár við miðbæinn.

Á Bjarnabúðarreit eru tækifæri til uppbyggingar ferðaþjónustu. Þar er m.a. svigrúm fyrir smáhýsi til gistingar, í samræmi við deiliskipulag reitsins.



**Mynd 9.23 Möguleg efling miðsvæðis, græn svæði, göngutengingar og dæmi um þéttingu byggðarinnar.**

*Stefnan er útfærð með afmörkun miðsvæðis M-1 á skipulagsuppdrætti og sérstökum ákvæðum fyrir frekari uppbyggingu þar sem svigrúm er gefið til vaxtar og þróunar fyrir M-1 (sjá afmörkun á mynd 9.20).*

*Á hverfisvernduðum hluta svæðisins gilda einnig ákvæði hverfisverndar.*

### **Helstu stefnubreytingar**


Talsverðar stefnubreytingar eru frá fyrra skipulagi. Efla á miðsvæðið með því að varðveita byggðamynstur og styrkja þau gæði sem þegar eru til staðar með hverfisverndun við Hafnargötu. Gert er ráð fyrir aukinni fjölbreytni á miðsvæðinu og betri tengslum við athafnasvæði, hafnarsvæði og ferðaþjónustu. Bætt ásýnd og aukin umferð munu gera svæðið aðlaðandi.

### Umhverfisáhrif stefnu

Stefnunni er ætlað að hafa jákvæð áhrif á íbúa og atvinnulíf með því að samþætta og tengja saman fjölbreytta nýtingu. Tengsl við fyrri byggingarhefð, græn svæði og skemmtilegar göngutengingar munu laða að fólk og starfsemi. Stefnan mun hafa jákvæð áhrif á samfélagið allt en við nánari útfærslu þarf að gæta að hagsmunaárekstrum vegna mismunandi nýtingar, m.a. vegna umferðar. Gamlar byggingar eru nýttar og fá nýtt líf og því minnkar þörfin fyrir nýbyggingar með þeim umhverfisáhrifum sem þeim fylgir.



Mynd 9.24 Dæmi um mögulega uppbyggingu. Séð frá Brimbrjótsgötu í átt að Erninum.




Mynd 9.25 Dæmi um mögulega götummynd. Séð frá Brimbrjótsgötu til norðurs í átt að Bjarnabúð og Mjólkurstöð Örmu.

## 9.6 FRÍSTUNDAFYGGÐ OG BYGGÐ Í DREIFBÝLI


Byggð í dreifbýli hefur mótast af landslagi og landgæðum svæðisins. Nokkrar breytingar hafa orðið á landnotkun í dreifbýli. Breytingarnar hafa m.a. falist í samdrætti í landbúnaði og uppbyggingu sumarhúsa, aukinni skógrækt, útivist og ferðaþjónustu. Fjöldi bæja hefur einnig farið í eyði á síðari hluta tuttugustu aldar, m.a. öll byggð í Skálavík.

Frístundabyggð er svæði þar sem tvö eða fleiri frístundahús standa í þyrpingu eða nýta sameiginlega tengingu við veg eða veitur. Frístundahús eru hús sem nýtt eru til dvalar tímabundið, þ.e. ekki heilsársbúsetu, óháð eignaraðild eða rekstrarfyrirkomulagi. Þar er jafnan óheimilt að hafa skráð lögheimili. Almenn má segja að með bættum samgöngum aukist líkur á byggingu frístundahúsa og mannvirkja. Mannvirki eru nú byggð fjær þéttbýlisstöðum en áður. Einnig hafa frístundahús stækkað undanfarin ár. Uppbygging frístundabyggðar í dreifbýli hefur víða talsverð áhrif á náttúru, oft óafturkræf. Áhrif á ásýnd lands og skert aðgengi getur rýrt útivistargildi og möguleika á nýtingu, m.a. í þágu ferðaþjónustu. Uppbygging frístundahúsa getur auk þess skert nýtingarmöguleika landbúnaðarsvæða og haft óafturkræf áhrif á menningarminjar.



**Mynd 9.26 Dreifing frístundahúsa eftir jörðum (Bolungarvík og Þjóðskrá Íslands, 2019.).**

Í Bolungarvík eru skráð 19 frístundahús. Húsin dreifast á margar jarðir en nærri helmingur þeirra er á Meiri- og Minni-Bakka í Skálavík, eða fimm á hvorri jörð. Fjórðungur allra frístundahúsa í Bolungarvík er byggður fyrir 1970 en þar er um eldri íbúðarhús að ræða. Meðalstærð húsanna er tæpir 50 m<sup>2</sup>. Fáar lóðir fyrir frístundahús eru samliggjandi.



**Mynd 9.27 Byggingarár frístundahúsa í Bolungarvík. Óvissa er með byggingarár eins hússins, og því er byggingarár þess ekki tilgreint á myndinni. (Þjóðskrá Íslands, 2019).**

Víða er ofanflóðahætta í dreifbýli í sveitarfélaginu og takmarkar hún þróun sumarhúsabygðar. Ekki liggur fyrir hættumat í dreifbýli, nema undir Erninum og á stöku stað þar sem gert hefur verið staðbundið hættumat, svo sem við Ós og Minni-Hlíð. Leyfilegt er að reisa frístundahús þar sem árleg áhætta er minni en 5 af 10.000 skv. reglugerð 505/2000. Veðurstofa Íslands hefur bent á að líklegt sé að í norðanverðri Skálavík sé ofanflóðahætta yfir þessum viðmiðunarmörkum. Stofnunin hefur jafnframt bent á að í austanverðum Syðridal séu þekktir snjóflóðafarvegir og því ofanflóðahætta. Nánar er fjallað um þessi svæði í kafla um ofanflóð.

## Markmið og stefna – Frístundabyggð og byggð í dreifbýli

### Markmið

- ◆ Svigrúm verði fyrir þróun og eflingu dreifbýlis, þ.m.t. eflingu landbúnaðar og ferðapjónustu og uppbyggingu frístundahúsa.
- ◆ Svigrúm verði fyrir hefðbundna hlunnindanýtingu á eyðijörðum.
- ◆ Boðið verði upp á fjölbreytt svæði fyrir frístundabyggð.
- ◆ Öll uppbygging frístundahúsa skal miða að því að skerða ekki sérstöðu svæðisins.
- ◆ Uppbygging frístundahúsa skal ekki skerða góð landbúnaðarsvæði, t.d. ræktarland, aðgengi að útivistarsvæðum eða loka gömlum göngu- og reiðleiðum.

### Útfærsla stefnu

Aðalskipulagið gerir ráð fyrir allt að þremur frístundahúsum á skilgreindu landbúnaðarsvæði á hverri jörð ef aðstæður leyfa en hlífa skal góðu ræktarlandi. Þau svæði sem ætluð eru undir fleiri en þrjú frístundahús má sjá í skilmálatöflu (kafla 14) og á meðfylgjandi skipulagsupprætti.

Lögð er áhersla á að lóðir fyrir frístundahús verði ekki samliggjandi, þannig að gott aðgengi að náttúru svæðisins verði tryggt. Útlit frístundahúsa skal taka mið af umhverfinu, þ.e. náttúrulegu landslagi og menningarlandslagi, þannig að sérstaða svæðisins skerðist ekki. Er þar átt við stærðarhlutföll, form og efnisnotkun sem og staðsetningu. Leitast skal við að samnýta nauðsynlega innviði eftir því sem kostur er, svo sem veitur, bílastæði, heimreiðar, stíga, útivistarsvæði og fleira þess háttar.

Fyrirhuguð er frístundabyggð í Syðridal og í Skálavík. Í Syðridal er gert ráð fyrir allt að 12 nýjum frístundahúsum. Í Skálavík er gert ráð fyrir samtals 18 nýjum frístundahúsum eða allt að þremur nýjum húsum á hverri jörð. Helmingur fyrirhugaðra húsa er innan hverfisverndaðs svæðis. Í norðanverðri Skálavík eru þekkt snjóflóðagil og samkvæmt upplýsingum frá Veðurstofu Íslands fellur svæðið norðan Hraunsár undir viðmið um staðbundið hættumat.<sup>28</sup> Uppbyggingu frístundabyggðar skal hagað í samræmi við hættumat á þeim svæðum sem talin er hætta á ofanflóðum. Gera skal ofanflóðahættumat áður en frekari útfærsla verður gerð á svæðum fyrir frístundabyggð þar sem þess er þörf. Nánar er fjallað um ofanflóð í kafla um náttúruvá.

Frístundabyggð skal vera í sátt við nærliggjandi landnotkun. Við byggingu frístundahúsa skal þess gætt að þau séu ekki staðsett nær takmarkandi þáttum en sem segir í skilmálatöflu í kafla 14. Í hverfisverndarákvæðum Skálavíkur er kveðið á um útlit og stærð frístundahúsa þar. Stefnu um skóg- og trjárækt, sem oft fylgir frístundabyggð, má sjá í kafla 4.2 um skógrækt.

*Stefnan er útfærð með afmörkun á svæðum fyrir frístundabyggð F-1 til og með F-6 á skipulagsupprætti, þar sem gert er ráð fyrir fleiri en þremur frístundahúsum og með almennum og sértækum ákvæðum fyrir viðkomandi reiti í greinargerð. Svæði með þremur húsum eða færri eru ekki sýnd á skipulagsupprætti.*

*Á hverfisvernduðum svæðum gilda einnig ákvæði hverfisverndar.*

### Helstu stefnubreytingar

Áfram er gert ráð fyrir allt að þremur frístundahúsum á landbúnaðarsvæðum, líkt og í fyrra aðalskipulagi. Heildarfjöldi frístundahúsa í Skálavík er svipaður og í fyrra skipulagi en útfærslan er nú útfærð nánar. Í Syðridal er breyting á afmörkun og fjölda húsa fyrir frístundabyggð.

<sup>28</sup> Sigríður Sif Gylfadóttir, 2020.



### Umhverfisáhrif stefnu

Stefnan veitir svigrúm fyrir hóflega uppbyggingu frístundahúsa og hefur því jákvæð áhrif á samfélagið. Tekið er tillit til sérstöðu svæðisins, svo sem náttúrufars, og þess gætt að góð landbúnaðarsvæði og útivistarsvæði skerðist ekki. Stefnan hefur jákvæð áhrif á ferðaþjónustu.

## 9.7 GÆÐI BYGGÐAR

Landskipulagsstefna leggur áherslu á að við skipulagsgerð sé sérstaklega hugað að gæðum hins byggða umhverfis og að skapa heilnæmt umhverfi fyrir íbúa.

Leiðarljós aðalskipulagsins leggur áherslu á að í Bolungarvík verði heilbriggt, skemmtilegt og fjölskylduvænt samfélag með góðu aðgengi að heilnæmu og fallegu umhverfi. Hér er tekið á tveimur þáttum sérstaklega, hljóðvist og myrkurgæðum.

### Hljóðvist

Við skipulagsgerð skal hljóðstig vegna umferðar ökutækja, flugumferðar og atvinnustarfsemi vera undir skilgreindum mörkum í viðauka reglugerðar nr. 724/2008 um hávaða.

Skv. reglugerð um kortlagningu hávaða og aðgerðaráætlanir nr. 1000/2005 skal sveitarstjórn gera hávaðakort fyrir þéttbýlissvæði en veghaldarar og rekstraraðilar flugvalla fyrir stóra vegi og flugvelli. Sveitarstjórn ber ábyrgð á því að aðgerðaráætlun sé gerð til að draga úr áhrifum hávaða, þar sem það á við. Reglugerðin kveður einnig á um það að skipulagsáætlanir séu í samræmi við niðurstöður hávaðakortlagningar. Ekki var talin þörf á gerð hávaðakorts fyrir þéttbýli samhliða þessu aðalskipulagi.

<sup>29</sup> Umhverfis- og auðlindaráðuneytið, 2013.

### Myrkurgæði


Myrkrið er manningum mikilvægt ekki síður en dagsbirtan. Í myrkrinu felast ákveðin gæði og er það mat þeirra sem rannsakað hafa áhrif óþarfa birtu á lífsskilyrði og lífsgæði, að myrkurgæði ættu að vera sjálfsagður þáttur náttúruverndar og að líta beri á náttúrulegt myrkur sem umhverfisþátt sem bæði menn og dýr eigi að geta notið.<sup>29</sup> Aukin umræða á sér stað um ljósmengun víða um heim. Þegar talað er um ljósmengun er átt við óheppileg hliðaráhrif sem gjarnan fylgja manngerðri lýsingu. Þá er lýsing notuð á rangan hátt, hún of mikil eða algerlega óþörf. Ljósmengun myndast þannig þegar að birtan dreifist umfram það sem óskað er eftir. Oft er hægt að greina ljósmengunina yfir þéttbýli sem birtuhjúp og eru það einkum eftirfarandi þættir sem eru helstu uppsprettur hennar: Götulýsing, fyrirtæki, stofnanir, hafnir og athafnasvæði, t.d. íþróttavellir og iðnaðarsvæði ásamt heimilum.

Algengustu tegundir ljósmengunar má sjá á mynd 9.28. Þær eru:

- ♦ **Ljóshjúpur** (e. Sky Glow): Bjartari næturhiminn vegna óskipulegrar útilýsingar í borgum. Ljóshjúpur getur meðal annars myndast út frá illa skermuðum lömpum og endurkasti ljóss sem hvorutveggja takmarkar upplifun næturhiminsins, eins og stjarna og norðurljósa ásamt því að vera hrein orkusóun.
- ♦ **Ágeng lýsing** (e. Light Trespass): Birta dreifist þangað sem hennar er ekki óskað eða þar sem hún er óþörf og veldur ónæði. Mikilvægt er að setja skýr mörk milli þess sem á að lýsa og þess sem ekki á að lýsa. Einnig skal gera greinarmun á miðlungs lýstum og ólýstum þáttum í tilteknu rými.
- ♦ **Glýja** (e. Glare): Óhófleg lýsing sem veldur sjónrænum óþægindum. Glýja myndast yfirleitt þegar það mikill munur er milli ljóss og

myrkurs að skynjun augans nær illa að aðlagast því. Glýja getur takmarkað sýn og valdið óþægindum.

- ♦ **Oflýsing / Spilliljós** (e. Spill Light, Over Illumination): Byggir á þeirri hugmyndafræði að "meira sé betra" og er sambland af öllum hinum þremur þáttunum, þ.e. þegar lýsing fer yfir þarfamörk. Það getur hvorutveggja valdið óþægindum hjá vegfarendum en er einnig óþarfa orkueyðsla.



**Mynd 9.28 Helstu þættir ljósmengunar. Skermun er takmörkuð og dreifist því ljósið langt út fyrir eiginlegt lýsingarsvæði. Á myndinni sjást vel þau fjögur ljósmengunaratríði sem þarf að hafa í huga í huga við varðveislu myrkurgæða án þess að skerða lýsingu þess svæðis sem lýsa skal. Það eru ljóshjúpur, ágeng lýsing, glýja og oflýsing.**

## Markmið og stefna – Gæði byggðar

### Markmið

- ♦ Tekið verði tillit til hljóðvistar og myrkurgæða í öllu skipulagi.

### Útfærsla stefnu

Íbúar í Bolungarvík skulu eiga kost á því að búa við heilnæmt umhverfi. Í því samhengi ber að taka tillit til hljóðvistar og ljósvistar. Framfylgja skal reglugerðum sem fjalla um þessi mál og við deiliskipulagsvinnu skal ávallt huga að ljósmengun og myrkurgæðum og gera hávaðakort sem nýtist við skipulag og ákvarðanatöku, þar sem það á við.

Lýsingu innan þéttbýlis og dreifbýlis þarf að nálgast á heilðrænan hátt þar sem velferð íbúa er sett í forgrunn. Lýsingaráætlun þarf því bæði að vera í samhengi við umhverfi sitt og samþættandi þáttur í heildar næturásynd sveitarfélagsins. Hvað varðar náttúruleg svæði, þá er sérstaklega mælt til þess að myrkursvæði séu varðveitt eins og mögulegt er, um leið og öryggi vegfarenda er tryggt með ákjósanlegri lýsingu. Notast skal við leiðbeinandi svæðisflokkun umhverfis sem byggir á CIE-S-015:2005 staðlinum (tafla 9.3).

Hægt er að ná góðum birtugæðum með því að nota þá eiginleika og dreifingu ljóss sem er viðeigandi í hverju tilviki fyrir sig. Sérstaklega er mælt með því að nota ljósgjafa sem valda sem minnstri glýju. Til að koma í veg fyrir glýju og truflun á næturásynd byggðarinnar skal í deiliskipulagi setja viðmið fyrir hönnun lýsingarkerfa þar sem miða skal við að koma í veg fyrir ágengt ljós við byggingar ásamt óþarfa ljósmengun. Setja skal viðmið fyrir litarhitastig (Correlated Color Temperature, CCT) þannig að hægt sé að greina á milli mismunandi svæða og stigskiptra götutegunda. Tryggja skal að litarendurgjöf (Color Rendition, CRI) sé hærri en Ra70 til að tryggja fullnægjandi sjónræn áhrif.

Evrópustaðlaröðin ÍST-EN 1321 1-4 skal notuð sem grunnviðmið við flokkun götulýsingar. Hins vegar skal lýsing fyrir gangandi og hjólandi vegfarendur vera að minnsta kosti jafnmikil eða meiri en á aðliggjandi samsíða vegum.

Nauðsynlegt er að viðhafa samráð við bæjaryfirvöld varðandi notkun ljósa- og auglýsingaskilta.

**Tafla 9.3 Leiðbeinandi svæðisflokkun umhverfis, byggt á CIE-S-015:2005 staðlinum.**

<i>Flokkun</i>	<i>Umhverfi</i>	<i>Lýsing umhverfisins</i>	<i>Dæmi</i>
E1	Náttúrulegt	Náttúrulegt myrkur	Þjóðgarðar og verndarsvæði
E2	Dreifbýli	Lítið upplýst svæði	Iðnaðar- eða íbúasvæði í dreifbýli, sveitabýli
E3	Úthverfi	Meðal upplýst svæði	Iðnaðar- eða íbúasvæði í úthverfi
E4	Þéttbýli	Mikið upplýst svæði	Bæjar- og borgarkjarnar, verslunar- og þjónustusvæði

*Stefna um gæði byggðar er einnig fléttuð inn í aðra kafla aðalskipulagsins þar sem hugað er að gæðum byggðar.*

### **Helstu stefnubreytingar**

Hér er mörkuð sérstök stefna fyrir gæði byggðar en slík stefna var ekki í fyrra aðalskipulagi.

### **Umhverfisáhrif stefnu**

Stefnunni er ætlað að draga úr ljósmengun og tryggja að farið sé að lögum og reglum varðandi hljóðvist. Stefnan stuðlar að heilnæmu umhverfi og hefur jákvæð áhrif á samfélagið.

## 10 ATVINNA

Í þessum hluta er fjallað um atvinnumál, þróunarmöguleika atvinnulífs og landnýtingu tengda atvinnusvæðum í þéttbýli og dreifbýli Bolungarvíkur.

### 10.1 ATVINNUÞRÓUN

Atvinnuþróun á Vestfjörðum hefur mótast af staðháttum. Stutt er á fiskimið en undirlendi til landbúnaðar er af skornum skammti. Sjávarútvegur hefur verið stærsta atvinnugreinin en síðustu ár hefur fjölbreytni aukist, m.a. með fiskeldi. Magn þess afla sem landað er í Bolungarvík hefur um það bil tvöfaldast á síðastliðnum áratug.<sup>30</sup> Nýliðun í landbúnaði er lítil en áframhaldandi gerjun hefur verið í ferðabjónustu samfara auknum fjölda ferðamanna.

Árið 2018 voru fiskveiðar og fiskvinnsla stærstu atvinnugreinarnar á Vestfjörðum, mælt í atvinnutekjum (mynd 10.1 og mynd 10.2). Þar á eftir komu stjórnarsýsla og almannatryggingar, heilbrigðis- og félagsmál ásamt fræðslumálum. Meðalatvinnutekjur hafa verið heldur lægri en landsmeðalatalið en heildaratvinnutekjur jukust um ríflega 7% á tímabilinu 2008-2017. Mesta aukning teknanna á þessu tímabili var í fiskeldi en þar á eftir komu fræðslustarfsemi, heilbrigðis- og félagsþjónusta og fiskvinnsla. Samdráttur varð á þessu tímabili í atvinnutekjum af fiskveiðum, opinberri stjórnarsýslu, mannvirkjagerð og fjármála- og váttryggingastarfsemi.<sup>31</sup>

Fasteignaverð hefur verið lágt á Vestfjörðum í samanburði við önnur landsvæði en síðustu misseri hefur íbúðamarkaðurinn glæðst og fasteignaverð hefur farið hækkandi.<sup>32</sup> Þannig hefur bilið á milli byggingakostnaðar og endursöluverðs minnkað en það hefur staðið uppbyggingu fyrir þrifum í fjórðungnum.

<sup>30</sup> Hagstofa Íslands, 2019.

<sup>31</sup> Byggðastofnun, 2018b.

<sup>32</sup> Íbúðalánasjóður, 2019.

Í stöðugreiningu Byggðastofnunar árið 2016 er bent á að landsbyggðir Íslands séu mjög karllægar. Bent er á að gildi samfélaga og störf séu meira tengd við karlmenn, s.s. í frumatvinnugreinunum, sjávarútvegi, landbúnaði og iðnaði. Konur sinna frekar störfum í ferðabjónustu, heilbrigðisþjónustu og öðrum störfum í opinberri þjónustu. Lítið atvinnuleysi hefur verið á Vestfjörðum og hefur þurft að flytja inn vinnuafli fyrir frumvinnslustörf í sjávarútvegi.<sup>33</sup> Bent hefur verið á að þörf sé á fleiri tækifærum fyrir menntað fólk á Vestfjörðum. Í *Sóknaráætlun Vestfjarða 2020-2024* er m.a. markmiðið að fjölga fyrirtækjum, störfum og vel menntuðu starfsfólki og auka þannig verðmætasköpun í landshlutanum.<sup>34</sup>

Bætt grunngerð er alger forsenda fyrir jákvæðri atvinnuþróun á svæðinu. Byggðastofnun bendir á, í greiningu sinni á hagvexti landshluta, að erfiðar samgöngur ráði miklu um það að hlutur Vestfjarða í sjávarútvegi hafi lengi farið minnkandi. Sveitarfélög á Vestfjörðum hafa lagt áherslu á eflingu innviða, þannig að öflugt atvinnulíf geti þróast og svæðið verði samkeppnishæft við aðra landshluta og hægt verði að laða fólk að svæðinu.<sup>35</sup> Öflugir innviðir eru forsenda þess að hægt verði að laða fólk að svæðinu.


Eitt af viðfangsefnum aðalskipulags er að marka stefnu sem tryggir rekstrarumhverfi fyrirtækja og styrkir þannig möguleika á þróun og vexti atvinnulífs. Uppbygging innviða, skýr stefna yfirvalda og öflug samfélagsvitund eru grundvallarforsendur fyrir þessu.

Atvinnulífið, s.s. iðnaður, ferðabjónusta, sjávarútvegur og landbúnaður, geta með einum eða öðrum hætti haft áhrif á landslag og náttúru. Mjög mismunandi er þó hve mikil áhrif atvinnugreinar hafa eða geta haft á umhverfið. Stórfelldar breytingar og inngrip geta samrýmst umhverfinu nokkuð vel en eins geta lítil mannvirki haft veruleg áhrif, t.d. ef þau falla ekki að umhverfinu.


<sup>33</sup> Lára Dögg Gústafsdóttir, 2019.

<sup>34</sup> Fjórðungssamband Vestfirðinga, 2019.

<sup>35</sup> Fjórðungssamband Vestfirðinga, 2016.



Mynd 10.1 Skipting framleiðslu á atvinnugreinar á Vestfirðum árið 2016. (Bygðastofnun, 2019)



Mynd 10.2 Atvinnutekjur á Vestfirðum, raðaða eftir stærð atvinnugreina 2018 í milljónum króna. (Bygðastofnun, 2019b)

## Markmið og stefna - Atvinnuþróun

### Markmið

- ♦ Sjálfbær þróun verði höfð að leiðarljósi við atvinnuþróun.
- ♦ Tryggja fjölbreytt atvinnulíf og auka seiglu og sveigjanleika gagnvart samfélags- og umhverfisbreytingum.
- ♦ Efla innviði til að bæta samkeppnisstöðu atvinnulífsins.
- ♦ Meginstoðir atvinnulífsins byggi áfram á nálægðinni við fiskimiðin og auðlindir sjávar.
- ♦ Atvinnulífið byggi ímynd sína á hreinleika og sérkennum náttúrunnar.

- ◆ Stuðla að auknum tækifærum til nýsköpunar og virkja frumkvöðlakraftinn á svæðinu.

### **Útfærsla stefnu**

Bolungarvík er sjávarþorp og nýting sjávarauðlindarinnar er hornsteinn atvinnulífsins. Mikilvægt er að stuðla að nýsköpun og þróun í sjávarútvegi sem og öðrum greinum og laða þannig að mismunandi aldurs- og þjóðfélagsþópá. Fiskeldi og ferðaþjónusta eru dæmi um vaxandi greinar sem hlúa þarf að og byggja upp. Jafnframt þarf að vera svigrúm fyrir iðnað og tæknigreinar.

Aðalskipulaginu er ætlað að móta umgjörð um öflugt, fjölbreytt og sveigjanlegt atvinnulíf. Mikilvægt er að efla innviði til að svo megi verða. Með innviðum er einkum átt við vegakerfi, flugsamgöngur, sjóflutninga, almenningsamgöngur, afhendingu rafmagns, fjarskipti, veitur, auk fyrirkomulags úrgangsmála. Einnig samfélagslega innviði eins og félagslega þjónustu, heilsugæslu og menntastofnanir. Góðar samgöngur til nágrennasveitarfélaga stækka atvinnu- og þjónustusvæði fyrir íbúa í Bolungarvík og eru því forsenda öflugs atvinnulífs.

Ímynd hreinleika og sérkenna Bolungarvíkur er til staðar og getur hún stutt við þróun í framleiðslugreinum, eins og landbúnaði, sjávarútvegi og ferðaþjónustu. Ímynd samfélagsins getur einnig haft áhrif á val fólks um búsetu. Kynningarstarf Markaðsstofu Vestfjarða síðustu ár ýtir undir jákvæða ímynd Vestfjarða og rímar vel við áherslur Bolungarvíkur.

Hagsmunaaðreksrar geta orðið á milli ólíkrar landnotkunar og atvinnugreina. Mikilvægt er að mynda samstarfsvettvang eða klasa í sem flestum atvinnugreinum. Með samstarfi má bæta stöðu fyrirtækja og skapa ný sóknarfæri.

Mikilvægt er að virkja frumkvöðlakraftinn í samfélaginu með markvissum stuðningi. Ívilnanir sem höfða til fólks og fyrirtækja, geta verið grundvallarforsenda þess að nýsköpunarfyrirtæki komist á legg.

Skapa þarf atvinnuvegum nægt rými til þróunar og vanda val á plássfrekum atvinnurekstri, þannig að tryggt verði að framtíðarnýting svæðisins verði

sem best. Stuðla skal að vönduðum frágangi allra atvinnulóða, gæta þess að ásýnd atvinnusvæða verði í sátt við umhverfið og tillit verði tekið til stærðarhlutfalla bygginga og götummynda þar sem það á við. Horfa ber til langs tíma við ákvarðanatöku í skipulagi og jafnframt huga sérstaklega að afturkræfni framkvæmda og aðgerða.

Vinna og vinnuframlag er öllum mikilvægt, einnig fötluðum, geðfötluðum og öryrkjum. Það er slæmt fyrir heilsu fólks sem hefur takmarkaða starfsgetu að hafa ekki tækifæri á vinnu sem hæfir getu hvers og eins. Allir hafa þörf á að upplifa sig sem nýtan þjóðfélagsþegn. Bolungarvíkurkaupstaður leggur áherslu á að fatlaðir og öryrkjar fái aðstoð við að finna vinnu sem hentar starfsgetu hvers og eins. Atvinna með stuðningi er einn af möguleikum í þessu sambandi.

Vinnuafl og velferð þess, s.s. aðgangur að heilsugæslu, félagsþjónustu, afþreyingu og ekki síst menntun á öllum stigum er jafnframt lykilþáttur í uppbyggingu öflugs atvinnulífs. Aukin menntun kallar á fleiri störf fyrir menntað fólk á landsbyggðinni, þar sem störf hafa verið einhæf og frekar hentað körlum. Aukin háskólamenntun kvenna kallar á breytingar í þessum efnunum. Aðstæður fyrir fjölskyldufólk, svo sem dagvistun og umhverfi til að ala upp börn og önnur grunnþjónusta eru mikilvægir þættir til eflingar búsetuskilyrða.

*Stefna aðalskipulagsins um atvinnuþróun er útfærð í eftirfarandi köflum um sjávarútveg, landbúnað, ferðaþjónustu, verslun- og þjónustu, hafnarstarfsemi, iðnaðar- og athafnarstarfsemi og efnistöku og vinnslu.*

### **Helstu stefnubreytingar**

Líkt og í fyrra skipulagi eru sjávarauðlindir og sjálfbær nýting þeirra hornsteinn atvinnulífsins. Nú hefur fiskeldi bæst við í flóru sjávarútvegs. Tækifæri atvinnulífsins tengjast sérkennum svæðisins en jafnframt þurfa öflugir innviðir að vera til staðar. Ferðaþjónusta og nýsköpun fá nú meiri sess en í eldra skipulagi.

### Umhverfisáhrif stefnu

Almennt séð styður stefna um atvinnuþróun við sjálfbæra þróun og er líkleg til að stuðla að atvinnuuppbyggingu á svæðinu og að einhverju leyti styrkja nærþjónustu. Stefnan leggur áherslu á sjálfbæra nýtingu náttúruauðlinda og hefur almennt ekki áhrif á náttúruminjar eða landslagsheildir. Stefnan er líkleg til að hafa jákvæð áhrif á innviði og stuðla að því að sveitarfélagið umfaðmi alla þjóðfélagsþópna hvað varðar atvinnu og þátttöku í samfélaginu.

## 10.2 SJÁVARÚTVEGUR

Stefna um sjávarútveg tekur til stefnu Bolungarvíkurkaupstaðar um sjávarþengda starfsemi, veiðar, vinnsla og fiskeldi.

### Veiðar og vinnsla

Fiskveiðar hafa verið undirstaða byggðar á Vestfjörðum frá upphafi búsetu á svæðinu. Nálægð við gjöful fiskimið og verkunnátta í landi skapaði Vestfjörðum sérstöðu með öflugum sjávarútvegsbyggðum.

Talsverðar breytingar hafa orðið síðustu áratugi í sjávarútvegi vegna breytinga í aflaheimildum og aukinnar tæknivæðingar í veiðum og vinnslu. Störf í greininni eru nú færri en áður. Framleiðsla í sjávarútvegi dróst töluvert saman eftir bankahrunið 2008 en hefur náð betra jafnvægi eftir það. Strandveiðar voru heimilaðar árið 2008 og glæddi það lífi í mörg vestfirsk sjávarþorp.

Á Vestfjörðum er sjávarútvegur um fjórðungur af framleiðslu.<sup>36</sup> Árið 2017 voru mestu atvinnutekjurnar á Vestfjörðum greiddar í fiskveiðum og fiskvinnslu eins og áður hefur komið fram.<sup>37</sup>

Umsvif sjávarútvegs í Bolungarvík hafa aukist á liðnu skipulagstímabili og nú er um tvöfalt meiri afla landað í Bolungarvíkurhöfn en í fyrir um áratug.<sup>38</sup> Meginuppistaðan í lönduðum afla er frá dragnótarbátum, línubátum og afla úr botntrolli. Frá Bolungarvík eru nú gerðir út handfærabátar, línubátar,

netabátar, einn togari, tveir rækjuveiðibátar og auk þess eru sjóstangveiðibátar gerðir út á sumrin. Aðkomubátar landa einnig í Bolungarvík.

Landaður afli í Bolungarvík er eingöngu botnfiskaflí og á staðnum eru reknir tveir fiskmarkaðir. Í Bolungarvík er ein hefðbundin fiskvinnsla og auk þess harðfiskvinnsla. Einnig er lýsisvinnsla þar sem unnið er hágæða lýsi úr lifur sem kemur beint úr slægingu af fiskmarkaðnum.

Sóknarfæri liggja fyrir hjá vestfirskum sveitarfélögum í að nýta betur þann afla sem berst að landi og þróa hliðarafurðir sjávarútvegs, svo sem í samhengi við bláa lífhagkerfið (*e. blue bioeconomy*). Uppbygging í fiskeldi hefur einnig haft talsverð áhrif á atvinnulíf og íbúáþróun á Vestfjörðum, einkum á sunnanverðum fjörðunum. Vonir eru bundnar við frekari uppbyggingu í greininni. Nánar er fjallað um fiskeldi í næsta kafla.

Atvinnutækifæri og umfang sjávarútvegs ákvarðast mjög af sókn og nýtingu fiskistofna, framleiðsluháttum, tæknijungum, nýsköpun og markaðsmótun sem skýrir þær sveiflur sem koma fram í atvinnulífi tengdu sjávarútvegi á norðanverðum Vestfjörðum. Spár og áætlanir um fjölda starfa í sjávarútvegi til lengri tíma markast af þessu með tilheyrandi óvissu.

Ímynd svæðisins getur haft áhrif á afkomu sjávarútvegsins. Aukin umhverfisvitund neytenda kallar á það að sjálfbær þróun sé höfð að leiðarljósi við veiðar og vinnslu afurða. Neytendur kalla eftir auknum gæðum og láta sig varða hvar og við hvaða aðstæður varan er framleidd.

### Fiskeldi

Á mynd 10.3 má sjá þróun á framleiddum eldisfiski í tonnum frá 2007 til 2019 á Íslandi. Aukningin sem þar sést er fyrst og fremst á sunnanverðum Vestfjörðum og Austfjörðum. Ástæðan fyrir miklum vexti í eldi á Vestfjörðum og Austfjörðum er sú að önnur svæði, utan Eyjafjarðar, eru friðuð fyrir eldi laxfiska í sjókvíum. Því til viðbótar eru aðstæður til eldis víða góðar á

<sup>36</sup> Byggðastofnun og Hagfræðistofnun HÍ, 2019.

<sup>37</sup> Byggðastofnun, 2018b.

<sup>38</sup> Hagstofa Íslands, 2019b.

Vestfjörðum og möguleikar á frekari þróun í greininni. Nálægð við góðar hafnir, fiskvinnsluhús og flutningsleiðir er mikilvæg, því ferskleiki afurða gefur möguleika á hærra afurðaverði.

Eldisfyrirtæki hafa haft áform um umtalsvert laxeldi á Vestfjörðum. Heimild til eldisframleiðslu takmarkast þó við umhverfisaðstæður, þ.e. burðarþol og hættu á erfðablöndun.

Árið 2019 var 16.100 tonnum slátrað í vestfjörðum og var það um 90% aukning frá árinu 2018 og tæplega helmingur af öllum eldisfiski á landinu árið 2019 var frá Vestfjörðum (mynd 10.4).<sup>39</sup> Hjá tveimur stærstu eldisfyrirtækjunum á Vestfjörðum starfa nú um 150 manns, flestir á sunnanverðum fjörðunum.

Hafrannsóknastofnun hefur burðarþolsmetið Ísafjarðardjúp m.t.t. áhrifa á vistkerfið. Samkvæmt matinu þolir Djúpið 30.000 tonna eldi á ári.<sup>40</sup> Samkvæmt endurskoðuðu áhættumati Hafrannsóknastofnunar, vegna mögulegrar erfðablöndunar milli eldislaxa og náttúrulegra laxastofna, ráðleggur stofnunin að eldið í Ísafjarðardjúpi verði að hámarki 12.000 tonn og 64500 tonn á Vestfjörðum öllum (hámarkslífmassi).<sup>41</sup> Forsendur áhættumatsins verða endurskoðaðar í samræmi við niðurstöður vöktunaráætlunar..


Fjórðungssamband Vestfirðinga lét greina áhrif laxeldis í Ísafjarðardjúpi á efnahag og íbúapróun. Miðað var við 25.000 tonna framleiðslu á ári. Helstu niðurstöður eru birtar í skýrslu KPMG.<sup>42</sup> Niðurstaða skýrsluhöfunda er m.a. að fjöldi beinna nýrra starfa af eldinu er áætlaður um 260 og nái hámarki um 11 árum eftir að ákvörðun um að leyfa eldi yrði tekin. Fjöldi afleiddra starfa sem verða til á svæðinu verði um 150 á sama tíma. Gert er ráð fyrir að íbúapróun snúist við og áætluð fjölgun verði um 900 manns í sveitarfélögum við Djúp á sama tíma og bein störf ná hámarki.

<sup>39</sup> Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi, 2020.

<sup>40</sup> Hafrannsóknastofnun, 2017.

<sup>41</sup> Hafrannsóknastofnun 2020.

Byggðastofnun birti í ágúst 2017 mat á byggðalegum áhrifum fiskeldis á Íslandi (tafla 10.1).<sup>43</sup> Þar er gert ráð fyrir að 10.000 tonna eldi muni skapa 130 bein störf. Í greiningunni er bent á að veruleg óvissa sé óhjákvæmilega í mati á fjölda starfa tengdu fiskeldi og áhrifum þess á íbúafjölda. M.a. er bent á óvissuþætti eins og seiðaframleiðslu, fjármögnun og leyfismál. Einnig hversu mikið eldisfiskurinn verður unninn á svæðinu, hvort ráðist verði í að byggja fóður- og kassaverksmiðjur og hvort þjónusta muni byggjast upp í kringum eldissvæðin eða hvort hún verði keypt annars staðar frá.




Mynd 10.3 Framleiðsla eldisfiska 2007-2019 á Íslandi. (Samtök fyrirtækja í Sjávarútvegi, 2020)

<sup>42</sup> KPMG, 2017.

<sup>43</sup> Byggðastofnun, 2017a.





**Mynd 10.4 Framleiðsla í fiskeldi árið 2019. (Samtök fyrirtækja í Sjávarútvegi, 2020)**

Fyrirhugaðar eldisstöðvar þar sem reiknað er með að ársframleiðsla verði 200 tonn eða meira eru tilkynningaskyldar til Skipulagsstofnunar, sem úrskurðar hvort þörf sé á umhverfismati. Sveitarfélög hafa hingað til ekki komið með beinum hætti að ákvörðunum um fiskeldi. Leyfisveitingar eru í höndum Umhverfisstofnunar og Matvælastofnunar og því til viðbótar hefur skipulagsvald sveitarfélaga eingöngu náð 115 m út fyrir stórstraumsfjöruborð. Með nýjum lögum um skipulag haf- og strandsvæða nr. 88/2018 hefur þessu nú verið breytt og vinna við strandsvæðisskipulag á Vestfjörðum er nú hafin. Þessi lagasetning hefur verið eitt af stóru baráttumálum vestfirskra sveitarfélaga síðustu ár.

**Tafla 10.1 Áhrif 25.000 tonna laxeldis í Ísafjarðardjúpi á efnahag og íbúapróun. (KPMG, 2017)**

Helstu niðurstöður	
Störf	<ul style="list-style-type: none"> <li>Fjöldi beinna nýrra starfa er áætlaður um 260 og nái hámarki um 11 árum eftir að ákvörðun um að leyfa eldi yrði tekin.</li> <li>Fjöldi afleiddra starfa sem verða til á svæðinu verði um 150 á sama tíma.</li> </ul>
Íbúapróun	<ul style="list-style-type: none"> <li>Íbúapróun snúist við og áætluð fjölgun verði um 900 manns í sveitarfélögum við Djúp á sama tíma og bein störf ná hámarki.</li> </ul>
Samanburður við stangveiði	<ul style="list-style-type: none"> <li>Heildarumfang beinna og óbeinna áhrifa 25 þús. tonna laxeldis er talið verða um 23 m.kr. á ári við hámarksframleiðslu.</li> <li>Heildarumfang beinna og óbeinna áhrifa stangveiði á svæðinu er metinn um 220 m.kr. á ári.</li> </ul>
Tekjur hins opinbera	<ul style="list-style-type: none"> <li>Greiðslur á ári til ríkissjóðs nema um 1.070 m.kr. og um 380 m.kr. til sveitarfélaga þegar framleiðsla er í hámarki og flest bein störf verða til.</li> </ul>

**Tafla 10.2 Hugsanleg áhrif fiskeldis á Íslandi samkvæmt úttekt Byggðastofnunar. (Byggðastofnun, 2017a)**

Hugsanleg áhrif fiskeldis		
Framleidd tonn	10.000	40.000
Bein störf	130	520
Afleidd störf	104	416
Íbúar með afkomu af fiskeldi	562	2.246

## Markmið og stefna - Sjávarútvegur

### Markmið

- ◆ Að sjálfbær þróun og vistkerfisnálgun verði höfð að leiðarljósi við ákvarðanir tengdar fiskeldi og sjávarútvegi.
- ◆ Að öflugur sjávarútvegur þrífist í sveitarfélaginu.
- ◆ Að tryggja rými fyrir frekari þróun í sjávarútvegi, vinnslu og rannsóknum þeim tengdum.
- ◆ Að bjóða upp á góða aðstöðu fyrir sjávarútveg og fiskeldi í landi, svo sem vegna vinnslu afurða og þjónustu tengdri þessari starfsemi.
- ◆ Að fiskeldi á norðanverðum Vestfjörðum skili efnahagslegum ávinningi til íbúa í Bolungarvík.

### Útfærsla stefnu

Sérstök áhersla er lögð á að í Bolungarvík þrífist öflugur sjávarútvegur. Mikil nálægð er við gjöful fiskimið í Bolungarvík og miklir möguleikar eru á að gera verðmæti úr gæðum og ferskleika hráefnisins þegar það er selt áfram til frekari vinnslu. Nálægðin við auðlindina gerir það að verkum að sjávarútvegur á auðvelt með að dafna við rétt starfsskilyrði.

Hlúa þarf að þeirri starfsemi sem fram fer í dag en einnig þarf að nýta þau sóknarfæri sem gefast. Mikilvægt er að hægt sé að nýta hana með sjálfbærni og vistkerfisnálgun að leiðarljósi til langtíma hagsældar fyrir íbúa sveitarfélagsins. Vistkerfisnálgun innan sjávarútvegs felur í sér að leitast verður við að ná jafnvægi með fjölbreyttum samfélagslegum markmiðum, með því að taka tillit til þekkingar og óvissu um lífræna, ólífræna og mannlega þætti vistkerfisins og samverkan þeirra, ásamt því að beita heildrænni nálgun í greininni.

Áhersla er lögð á það að starfsumhverfi sjávarútvegs verði bætt og eru innviðir þar í lykilhlutverki. Traustar og öruggar flutningsleiðir og samkeppnishæfur flutningskostnaður er ein af grunnforsendum þess að öflugur sjávarútvegur geti þrífist á svæðinu.

Gert er ráð fyrir að svæðin næst höfninni verði fyrst og fremst ætluð hafnsæknum iðnaði eins og sjávarútvegi. Mikilvægt er að haga landnotkun þannig að atvinnugreinar styrki hverja aðra. Sem dæmi má nefna að ýmis hátækniíðnaður og ferðaþjónusta geta styrkt sjávarútveg en mengandi iðnaður getur veikt hann.

Í umhverfismati aðalskipulagsins voru greindir valkostir um þróun mið- og hafnarsvæðis, m.a. með tilliti til þróunarmöguleika sjávartengdrar starfsemi. Niðurstaðan var að tækifæri er fyrir frekari þróun tengdri útgerð, eldi og fiskvinnslu á landfyllingu við Grundargarð. Þar er einnig gert ráð fyrir lengingu hafnarkants. Starfsemi tengd fiskeldi krefst talsverðs rýmis, m.a. til geymslu á fóðri og eldisbúnaði. Jafnframt er fyrirhugað að lengja hafnarkantinn við Grundargarð, þannig að þjónustubátar, brunnbátar og flutningaskipt geti lagst þar að. Nánar er fjallað um nýtingu hafnarmannvirkja í kafla 10.6. Hafnir.

Ímynd svæðisins getur haft veruleg áhrif á gengi sjávarútvegsins og annarra atvinnugreina. Með áherslu sveitarfélagsins á sjálfbærni og hreinleika er lagður mikilvægur grunnur sem sjávarútvegur getur nýtt sér til verðmætasköpunar. Leggja þarf áherslu á að umgengni um hafið og auðlindir þess verði með sjálfbærum hætti. Það stuðlar að jákvæðri ímynd svæðisins.

Mismunandi atvinnugreinar hafa líka áhrif á hvor aðra og þarf að skoða ákvarðanir heildstætt. Dæmin hafa t.d. sýnt að sjávarútvegur, landbúnaður og ferðaþjónusta geta styrkt hver aðra.

Bolungarvík styður uppbyggingu og þróun á fiskeldi í Ísafjarðardjúpi. Horft er til þeirra samfélagslegu jákvæðu áhrifa sem eldi á Vestfjörðum mun hafa. Fiskeldi af þeirri stærðargráðu sem er í undirbúningi er umfangsmikið og kann að hafa áhrif á aðrar greinar, ímynd þeirra og ímynd Vestfjarða eða einstakra sveitarfélaga. Mikilvægt er því að fiskeldið sé ábyrgt og taki mið af

fyrirliggjandi rannsóknnum og þeim skorðum sem settar eru vegna umhverfisáhrifa. Þess skal gætt, í samræmi við lög um fiskeldi, að sem minnst röskun verði á vistkerfi villtra fiskstofna og að sjálfbærri nýtingu þeirra sé ekki stefnt í hættu.

Vanda þarf ákvarðanir og fara ekki of geyst í uppbyggingu. Afar mikilvægt er að lokið verði við skipulag á haf- og strandsvæðum Vestfjarða og frekari ákvarðanir teknar þar. Einnig er mikilvægt að þróun í fiskeldi verði í takt við sameiginlega stefnu sveitarfélaga á Vestfjörðum um sjálfbæra þróun. Ákvarðanir skal taka á traustum grunni, þ.e. með vandaðri stjórnáslu og nauðsynlegum rannsóknum, svo sem burðarþoli fjarða og áhættumati vegna erfðablöndunar.

*Stefna um sjávarútveg er útfærð nánar í almennum og sértækum ákvæðum fyrir samgöngur, athafna- og iðnaðarsvæði og á svæðum fyrir hafnir.*

### **Helstu stefnubreytingar**

Líkt og í fyrri aðalskipulagi er litið á sjávarútveg sem hornstein í atvinnulífnum. Til viðbótar er nú gert ráð fyrir uppbyggingu í tengslum við fiskeldi. M.a. er gert ráð fyrir uppbyggingu tengdu eldi eða öðrum sjávarútvegi á landfyllingu við Grundargarð. Í skipulaginu er einnig lögð áhersla á samþættingu ferðaþjónustu og hafnarstarfseminnar og tengsl greinanna við miðsvæðið.

### **Umhverfisáhrif stefnu**

Stefnan er líkleg til að stuðla að sjálfbærum hagvexti og nýjum atvinnutækifærum til lengri tíma litið, en óljóst er með áhrif stefnunnar til skamms tíma litið vegna óvissu um uppbyggingu fiskeldis við Ísafjarðardjúp. Stefnan leggur áherslu á vistkerfisnálgun og er almennt séð líkleg til að hafa óveruleg eða jákvæð áhrif á vistkerfi hafsins og strandsvæði. Komi til stórfelldrar uppbyggingar hafnarsvæðisins, svo sem landfyllinga og

varnargarða, er það líklegt til að hafa neikvæð áhrif á sjávarbotn og strönd á afmörkuðu svæði.

## **10.3 LANDBÚNAÐUR**

Landbúnaðarsvæði er fyrir landbúnað og mannvirki sem tengjast búrekstrinum, með áherslu á búfénað, matvæla- og fódurframleiðslu. Í aðalskipulagi skal gera grein fyrir helstu einkennum landbúnaðarsvæða, þ.m.t. ferðaþjónustu og annarri atvinnustarfsemi sem tengist búrekstrinum. Fjalla skal um helstu atriði sem varða mannvirkjagerð og gera sérstaklega grein fyrir ræktuðum svæðum innan landbúnaðarsvæða. Beitiönd eru skilgreind sem óbyggð svæði en ekki sem sérstök landbúnaðarsvæði.

Undanfarin 50 ár hefur landbúnaður á Íslandi breyst mikið og um leið hafa ólíkar greinar þróast innan landbúnaðar. Má þar nefna alifugla- og loðdýrarækt, hrossarækt, ferðaþjónustu, fiskeldi, garðyrkju og skógrækt. Samdráttur hefur verið í landbúnaði í Bolungarvík, eins og víðast á landinu, og samfara því hafa jarðir farið í eyði, m.a. öll Skálavík. Hlutur landbúnaðar í framleiðslu á Vestfjörðum árið 2017 var 2% og um 3% af landbúnaði á landinu er stundaður á Vestfjörðum.<sup>44</sup> Búskapurinn takmarkast við sauðfé en auk þess eru hestar á nokkrum bæjum. Í upphafi árs 2020 er sauðfé í Minni-Hlíð, Þjóðólfstungu og á Ósi og Geirastöðum.

Ferðaþjónusta og búfjárrækt eru dæmi um greinar sem geta styrkt hvor aðra, en uppkaupt jarða í öðrum tilgangi geta veikt þessar greinar.

Þarfir neytenda hafa breyst. Eftirspurn er ekki lengur bundin við vörur sem fullnægja frumþörfum neytandans, s.s. kjöt og mjólk. Neytendur vilja einnig kaupa landbúnaðarvörur sem tengjast lífstíl og upplifun og hann lætur sig varða um framleiðsluaðferðir. Dæmi um þetta er vistvænn, lífrænn og menningartengdur landbúnaður. Landbúnaðurinn hefur því fjölþætt hlutverk.

<sup>44</sup> Byggðastofnun, 2019.

Þrátt fyrir samdrátt í landbúnaði hefur þörfin fyrir landbúnaðarsvæði ekki minnkað sem neinu nemur. Þúum hefur fækkað á landsvísu en þau sem eftir eru hafa stækkað. Fjölskyldubúum með fjölbætta framleiðslu hefur fækkað og sérhæfð framleiðslubú hafa komið í staðinn.

Hugsanlegt er að þörf fyrir hefðbundinn landbúnað á Íslandi aukist í framtíðinni. Til að auka matvælaöryggi þjóðarinnar er mikilvægt að varðveita það land sem best hentar til matvælaframleiðslu. Með hlýnandi veðurfari er líklegt að ræktunarmöguleikar á bújörðum aukist, og er þá sérstaklega litið til kornræktar.

Landbúnaður á Íslandi er að verða mun sjálfbærari en áður, samfara breyttum viðhorfum í þjóðfélaginu. Það er sjálfsögð krafa í dag að nýting lands sé sjálfbær, þannig að starfsemi og bygging vistkerfis viðhaldist eða eflist. Bændur hafa einnig síðustu ár gripið til aðgerða til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og auka bindingu þeirra.


Með breyttum áherslum í landbúnaði og nýjum landbúnaðarafurðum hefur hugtakið búsetulandslag borið á góma. Landslag felur ekki aðeins í sér náttúrufar, heldur einnig menningarþætti. Búsetulandslag er auðlind til upplifunar sem fræðir um ferla náttúrunnar, menningarsögu og samspil manns og náttúru. Bændur eiga mikinn þátt í þeim mikla vexti sem orðið hefur í ferðaþjónustu hér á landi. Það er m.a. að þakka framboði þeirra á upplifun er tengist búskaparháttum, menningu og sögu, þ.e. menningartengdri ferðaþjónustu þar sem sagan og menningin er söluvara.

Sláturhús er ekki staðsett á Vestfjörðum og er því búfenaður fluttur burt af svæðinu til slátrunar. Meginhluti úrvinnslu kjötafurða fer fram utan svæðisins.

Land sem skipulagt er sem landbúnaðarsvæði eða land sem nýtanlegt eða er nýtt til landbúnaðar, má ekki taka til annarra nota, nema heimild sé til þess í lögum, sbr. 6. gr. jarðalaga nr. 81 / 2004 m.s.br.

Framkvæmdir til endurskipulagningar á landareignum í dreifbýli sem taka til stærra landsvæðis en 20 ha eru tilkynningaskyldar til Skipulagsstofnunar sem úrskurðar hvort þörf sé á umhverfismati. Þetta á einnig við um framkvæmdir til að leggja óræktað land eða lítt snortið svæði undir

paulnýttinn landbúnað. Sveitarfélagið úrskurðar. hvort þörf er á umhverfismati fyrir framkvæmdir til endurskipulagningar á landareignum í dreifbýli á landsvæði allt að 20 ha.



**Mynd 10.5 Tún og ræktarland í Bolungarvík ásamt jörðum og votlendissvæðum. Myndin byggir á gögnum frá Náttúrufræðistofnun Íslands og Corine gagnagrunni LMÍ. (Mynd: Verkís).**

### Flokkun landbúnaðarlands

Í landsskipulagsstefnu er lagt til að flokkun landbúnaðarlands verði lögð til grundvallar skipulagsákvörðunum í sveitarfélögum. Í landsskipulagsstefnu 2015-2026 kemur fram að gerðar verði leiðbeiningar um flokkun landbúnaðarlands til nota við skipulagsgerð og stefnumótunar um landnýtingu. Leiðbeiningar þessar eða áætlun um skráningu ræktunarlands og verndar- og varðveisluráðstafanir liggja ekki fyrir. Í 6. gr. jarðalaga nr.

81/2004 m.s.br. segir að ef flokkun landbúnaðarlands liggja ekki fyrir skuli sveitarfélag óska eftir umsögn ráðunautar um viðkomandi land ef fyrirhugað er að taka það úr landbúnaðarnotum. Á mynd 10.5 er yfirlit yfir tún, bithaga og annað ræktað land sem nýtt er til landbúnaðar í Bolungarvík.

### Eignarhald og landamerki

Flestar jarðir í Bolungarvík eru í eigu einkaaðila en sveitarfélagið á mest af landinu við þéttbýlið og auk þess nokkrar jarðir og landskika.

Á skipulagstímabilinu hefur verið unnið að skráningu á landeignamörkum á afmörkuðum svæðum en þeirri vinnu er ekki lokið. Almennt liggur ekki fyrir hvar þinglýst landeignarmörk liggja.

Óbyggðanefnd hefur til umfjöllunar eignarhald lands á landsvísu. Samkvæmt yfirlitskortum um stöðu þjóðlendumála á landinu öllu er málsmeðferð lokið á meirihluta landsins alls og til meðferðar er m.a. svæði 10B, en Bolungarvík er hluti af því svæði (Ísafjarðarsýslur). Hlutverk nefndarinnar er, skv. lögum nr. 58/1998 um þjóðlendir og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta að:

- ♦ Kanna og skera úr um hvaða land telst til þjóðlendna og hver séu mörk þeirra og eignarlanda.
- ♦ Skera úr um mörk þess hluta þjóðlendu sem nýttur er sem afréttur.
- ♦ Úrskurða um eignarréttindi innan þjóðlendna.

Niðurstöður um mörk þjóðlendna og eignarlanda verða færðar inn í aðalskipulagið á skipulagstímabilinu eftir því sem upplýsingar koma fram.

### Lögbýli og eyðijarðir

Skv. jarðalögum nr. 81/2004 er lögbýli sérhver jörð sem hefur þann húsakost og það landrými eða aðstöðu að unnt sé að stunda þar landbúnað eða aðra atvinnustarfsemi og var skráð í jarðaskrá landbúnaðarráðuneytisins 1. desember 2003. Ennfremur geta jarðir sem hljóta síðar viðurkenningu

landbúnaðarráðuneytis talist lögbýli. Ný býli sem hljóta viðurkenningu landbúnaðarráðuneytisins geta einnig talist lögbýli.

Eyðijörð er samkvæmt Jarðalögum 81/2004 „jörð sem ekki hefur verið setin í fimm ár eða lengur án tillits til þess hvort hún er lögbýli eða ekki, nema sveitarstjórn og jarðeigandi hafi samþykkt að ábúanda sé ekki skylt að búa á jörð”.

Síðari ár hefur eftirspurn eftir heilsársbúsetu í dreifbýli aukist. Sækjast menn þá einkum eftir búsetu en sækja atvinnu í þéttbýlið. Í sumum tilvikum er um tvöfalda búsetu að ræða, þ.e. einstaklingurinn eða fjölskyldan rekur eitt heimili í þéttbýli en annað í dreifbýlinu og sækir þaðan jafnvel vinnu að hluta til. Í öðrum tilvikum er um fasta búsetu að ræða, þ.e.a.s. atvinna er sótt annað en ekki stundaður hefðbundinn landbúnaður.

Í Bolungarvík eru alls 12 lögbýli samkvæmt lögbýlisskrá þjóðskrár Íslands (tafla 10.3). Til viðbótar eru tvær jarðir sem ekki teljast lögbýli. Heilsársbúseta er aflögð í Skálavík, en samkvæmt lögbýlisskrá eru þar ennþá þrjú lögbýli sem ekki eru skráð í eyði.

**Tafla 10.3 Lögbýli og aðrar jarðir í Bolungarvík. (Þjóðskrár Íslands, 2019)**

Jörð	Staða
Geirastaðir	Lögbýli með fastri búsetu
Hanhóll	Lögbýli með fastri búsetu
Minni-Hlíð	Lögbýli með fastri búsetu
Þjóðólfstunga	Lögbýli með fastri búsetu
Ós	Lögbýli með fastri búsetu
Meiri-Bakki	Lögbýli án fastrar búsetu
Minni-Bakki	Lögbýli án fastrar búsetu
Breiðaból 1-4	Lögbýli án fastrar búsetu
Miðdalur	Lögbýli án fastrar búsetu
Meiri Hlíð	Lögbýli án fastrar búsetu
Gil	Lögbýli skráð í eyði

Hóll 1	Lögbyli skráð í eyði
Kroppsstaðir	Ekki lögbyli – ekki föst búseta
Meira-Hraun	Ekki lögbyli - ekki föst búseta
Minna-Hraun	Ekki lögbyli – ekki föst búseta

## Markmið og stefna - Landbúnaður

### Markmið

- ◆ Stefnit verði að sjálfbærum búskap sem miðar að arðbærri framleiðslu sem tekur bæði tillit til umhverfis og dýravelferðar.
- ◆ Gott landbúnaðarland, sem er í góðum tengslum við innviði sveitarfélagsins, verði skilgreint sem landbúnaðarsvæði og því ekki ráðstafað í aðra nýtingu.
- ◆ Að styðja við þann landbúnað sem er til staðar og tryggja möguleika til uppbyggingar.
- ◆ Efla tengsl landbúnaðar og ferðaþjónustu. Svigrúm verði fyrir uppbyggingu í ferðaþjónustu í dreifbýli.
- ◆ Hefðbundin hlunnindanýting verði tryggð á landbúnaðarsvæðum og afskekktari búsvæðum sem farin eru í eyði.
- ◆ Landbúnaðarnýting og hefðbundin hlunnindanýting skerði ekki önnur gæði svæðisins.
- ◆ Skipulag á landbúnaðarsvæðum gefi kost á byggingu smávirkjana í sátt við umhverfið.

### Útfærsla stefnu

Lögð er áhersla á að hefðbundinn landbúnaður sem atvinnugrein geti eflst og uppbygging stöðgreina hans verði auðvelduð. Möguleikar til breytinga felast m.a. í framleiðslu og sölu afurða, á ýmsum framleiðslustigum, beint til neytenda. Mikilvægt er að tryggja möguleika til úrvinnslu landbúnaðarafurða heima í héraði. Því er gert ráð fyrir því að vinnsla á afurðum geti farið fram á býlum og að mannvirki því tengd verði innan landbúnaðarsvæða. Þetta á einnig við um heimasláturhús og sölu- eða veitingahús þar sem vara af býlinu er seld.

Lögð er áhersla á að það land sem best hentar til matvælaframleiðslu, s.s. á kjöti, mjólk, grænmeti eða korni, verði fyrst og fremst nýtt til slíkrar framleiðslu. Með því að spilla ekki slíku landi er einnig viðhaldið möguleikum fyrir nýliða að hefja búskap.

Svæði sem í dag eru nýtt til landbúnaðar eru skilgreind sem landbúnaðarsvæði sem og þau svæði sem henta vel til landbúnaðar og eru í góðum tengslum við innviði eins og vegasamband og rafveitu.

Gert er ráð fyrir að landbúnaður verði stundaður í Tungudal og Syðridal. Jafnframt er gert ráð fyrir að tún og beitilönd verði áfram nýttu í Skálavík, þó svæðið sé að stórum hluta skilgreint fyrir útivist og frístundahús. Á Hóli er landbúnaðarland innan hverfisverndarsvæðis HV-3. Hverfisverndin hefur engin áhrif á hefðbundin landbúnaðarnot, svo fremi sem þau hafi ekki áhrif á fornminjar eða menningarverðmæti á svæðinu. Ekki er gert ráð fyrir landbúnaðarsvæðum þar sem landbúnaður hefur lagst af og aðgengi er takmarkað, enda er hagkvæmast að nýta fyrst þau svæði sem eru næst byggð. Mögulega verður hagkvæmt síðar að nýta meira land til landbúnaðar en skilgreint er í þessu skipulagi og verður þá hægt að breyta aðalskipulaginu til samræmis við það. Mikilvægt er að álitleg landbúnaðarsvæði, sem ekki eru nýtt til landbúnaðar í dag, verði ekki nýtt á þann hátt að aðrir valmöguleikar, s.s. landbúnaður, verði útilokaðir.

Mikilvægt er að möguleikum til þróunar og nýsköpunar á landbúnaðarsvæðum verði haldið opnum svo nýta megi núverandi aðstöðu til fulls en einnig má gera ráð fyrir breytingum samfara breyttum aðstæðum

í Þjóðfélaginu. Þróunarmöguleikar svæðisins felast m.a. í nægilegu landrými, hreinleika og lítt snortinni náttúru. Mikilvægt er að tryggja möguleika bænda til að byggja upp lífræna framleiðslu.

Í dreifbýlinu er gert ráð fyrir að hægt verði að byggja upp og stunda ferðaþjónustu og nýta þannig þá innviði sem eru til staðar. Á landbúnaðarsvæðum er svigrúm fyrir uppbyggingu ferðaþjónustu og mannvirkjum því tengdu. Sjá einnig ákvæði í kafla um Ferðaþjónustu.

Mikilvægt er að landeigendur geti nýtt hlunnindi sín, s.s. með beit, útivist, dúntekju, veiðum og skógrækt.

Áhersla er lögð á möguleika landeigenda til að vernda mikilvæg búsvæði fugla, m.a. æðarvarp, gagnvart mannvirkjagerð og annarri umgengni sem getur raskað þeim.

Á landbúnaðarsvæðum (utan Skálavíkur) er gert ráð fyrir allt að þremur frístundahúsum á hverri jörð án þess að breyta aðalskipulagi þessu. Hámarksstærð nýrra húsa er 100 m<sup>2</sup> og skulu þau reist utan ræktaðs lands.

Landeigendum er heimilt að virkja bæjarlækinn með smávirkjun þar sem gert er ráð fyrir byggð á landbúnaðarsvæðum. Aðalskipulagið heimilar allt að 30 kW smávirkjanir með minni háttar uppistöðulóni eða allt að 200 kW rennslisvirkjanir. Á hverfisvernduðum svæðum og svæðum á náttúruminjaskrá skal meta áhrif virkjanafkamvæmda í greiningu á umhverfisáhrifum deiliskipulags, sem gera skal samfara deiliskipulagi, skv. staðlaðri matstöflu sem birt er í viðauka.

Minni háttar mannvirki eru heimil á landbúnaðarsvæðum, svo sem lítil fjarskiptamöstur, litlar vindmyllur og sólarsellur til heimanotkunar sbr. kafla um fjarskipti. Einnig má byggja minni mannvirkir tengd fiskverkun, svo sem hjalla. Gæta þarf þess að slík starfsemi valdi öðrum ekki óþægindum. Áhersla er lögð á hreinleika umhverfis og afurða og hvatt er til lífrænnar framleiðslu.

Skógrækt er heimil á landbúnaðarsvæðum. Við ákvörðun um staðsetningu og stærð skógræktarsvæða skal sá aðili er hyggur á skógrækt greina áhrif hennar (sjá viðauka). Við afgreiðslu framkvæmdaleyfis skal sérstaklega hugað að áhrifum á landbúnað og landbúnaðarsvæði. Jafnframt er æskilegt að leita samráðs við Skógræktina.

Þá skal þess gætt við túnrækt, uppgræðslu lands og aðra ræktun að hún falli sem best að heildarsvipmóti lands og raski ekki náttúru- og menningarminjum. Æskilegt er að fornleifaskráning liggja fyrir áður en ný tún eru unnin.

Við uppbyggingu á landbúnaðarsvæðum skal þess gætt að framkvæmdir verði ekki staðsettar nær takmarkandi þáttum en tilgreint er í skilmálatöflum fyrir landbúnaðarsvæði og skógræktar- og landgræðslusvæði.

*Stefna um landbúnaðarsvæði er útfærð fyrir L-1 og L-2 á skipulagsupprætti og með almennum og sértækum ákvæðum í greinargerð.*

*Á hverfisvernduðum svæðum gilda einnig ákvæði hverfisverndar.*

### **Helstu stefnubreytingar**

Stefnan er í grunninn sú sama og í fyrra aðalskipulagi. Helstu breytingarnar felast í nánari útfærslu á tengslum ferðaþjónustu og landbúnaðar og auk þess eru nú nánari ákvæði um byggingu minni háttar mannvirkja.

### **Umhverfisáhrif stefnu**

Stefnan er líkleg til að styðja við hefðbundinn landbúnað og styrkja byggð í dreifbýlinu. Svigrúm er fyrir hlunnindanýtingu og ferðaþjónustu á landbúnaðarsvæðum. Almennt er áhersla á sjálfbærar framleiðsluáferðir og nýtingu lands. Einnig á að viðhalda búsetulandslagi og ásýnd lands með tilliti til framkvæmda og skógræktar. Stefnan hefur að einhverju leyti í för með sér jákvæð áhrif á loftslagsmál til lengri tíma litið, þó svo að ekki sé gert ráð fyrir umfangsmikilli skógrækt eða umtalsverðri endurheimt á votlendi.

## 10.4 FERÐAÞJÓNUSTA

### Vöxtur ferðaþjónustu

Ferðaþjónusta er ein af meginundirstöðum íslensks efnahagslífs og hefur mikill vöxtur einkennt greinina að undanfögnu (mynd 10.6). Fjöldi erlendra ferðamanna á Íslandi hefur um það bil tífaldast á 10 árum og er það margfaldur vöxtur miðað við vöxt á alþjóðavísu.<sup>45</sup> Gjaldeyrstekjur tengdar ferðaþjónustu hafa vaxið í takt við þessa fjölgun. Dregið hefur úr árstíðasveiflu í komu ferðamanna til landsins en þær eru enn talverðar, einkum utan suðvesturhornins. Fyrri hluta árs 2019 fækkaði ferðamönnum hér á landi en almennt hefur verið búist við við góðum horfum í íslenski ferðaþjónustu.<sup>46</sup> Fjöldi ferðamanna á Íslandi á fyrri hluta árs 2020 er aðeins brot af því sem hann hefur verið undanfarin ár vegna COVID-19 sjúkdómsins sem kórónuveiran veldur. Talsverð óvissa er því uppi núna um ferðaþjónustu í heiminum vegna áhrifa veirunnar en vonir eru bundnar við að ferðaþjónustan taki við sér í kjölfar bóluefnis

Ferðaþjónustan er afar mikilvægur drifkraftur í byggðum landsins og ein hagkvæmasta leiðin til að fjölga störfum og auka efnahagsvöxt, ekki síst á jaðarsvæðum þar sem samdráttur hefur verið í öðrum greinum.<sup>47</sup> Ferðaþjónusta getur aukið eftirspurn eftir þekkingu sem leiðir af sér betur launuð störf. Ferðaþjónustan hefur einnig oft jákvæð áhrif á menningarlíf, afþreyingu, þjónustu og manngert umhverfi. Fjölgun ferðamanna fylgir jafnan aukið álag á samfélag og náttúru og þar með eykst þörfin fyrir að draga úr þeim áhrifum.

Kannanir og greiningar hafa leitt í ljós að markaðshlutdeild Vestfjarða í ferðaþjónustu er minni en á mörgum öðrum landsvæðum en jafnframt eru miklir möguleikar til sóknar.<sup>48</sup> Á svæðinu hefur markvisst verið unnið að uppbyggingu ferðaþjónustu og samfara því hefur atvinnugreinin eflst. Ein helsta áskorun í ferðaþjónustu á Vestfjörðum er, og hefur um langan tíma

verið, samgöngur. Lélegar samgöngur hafa hamlað uppbyggingunni en nýlegar og fyrirhugaðar úrbætur á því sviði munu styðja verulega við þróun í ferðaþjónustu. Önnur stór áskorun er árstíðarsveifla innan greinarinnar. Lögð hefur verið mikil áhersla á lengingu ferðamannatímabilsins síðustu ár. Aðilar í ferðaþjónustu á Vestfjörðum hafa á síðustu 10-15 árum lagt talsverða vinnu í að skilgreina sérstöðu svæðisins og reyna þannig að ná samkeppnisforskoti. Í stefnumörkun Ferðamálasamtaka Vestfjarða er nefnt að sérstaða svæðisins felist í nálægð við einstaka náttúru, einstakri friðsæld og öðruvísi upplifun.


<sup>45</sup> Íslandsbanki, 2016.

<sup>46</sup> Landsbankinn, 2019.

<sup>47</sup> Ferðamálastofa, 2008.

<sup>48</sup> Markaðsstofa Vestfjarða, 2018.





**Mynd 10.6 Fjöldi ferðamanna á Íslandi 2001-2019. Útlit er fyrir að ferðamenn árið 2020 verði umtalsvert færri en síðustu ár. (Ferðamálastofa, 2020).**

Skv. könnunum á viðhorfi og hegðun ferðamanna á Vestfjörðum er náttúran helsta aðdráttarfl svæðisins, sérstaklega hjá erlendum ferðamönnum.<sup>49</sup> Ferðamenn á Vestfjörðum eru náttúruunnendur sem sækja í frið og ró og eru meðvitaðir um umhverfið. Slíkir ferðamenn krefjast almennt minni þjónustu og afþreyingar en sækja í að upplifa hið „ósnera“ eða óhefðbundna. Útivist, einkum gönguferðir og fuglaskoðun, er á meðal þess helsta sem ferðamenn svæðisins vilja upplifa. Einnig sækir stór hópur í söfn, sýningar, sund og aðra þjónustu.

<sup>49</sup> Albertína Friðbjörg Elíasdóttir o.fl., 2008.

Þetta er í samræmi við þá þróun sem sjá má í víðara samhengi. Íslendingar ferðast í meiri mæli en áður um eigið land og hafa gönguferðir um náttúruna notið vaxandi vinsælda. Ferðamenn í heiminum í dag sækja í auknum mæli í lítt spillta náttúru sem verður sífelld sjaldgæfari. Jafnframt leitast þeir eftir nýrri upplifun í ferðum sínum.

### Þjónusta og afþreying fyrir ferðamenn

Margs konar þjónusta og afþreying er til staðar fyrir ferðamenn í Bolungarvík. Töluverð gróska hefur einkennt ferðaðjónustu á svæðinu, samhliða auknum fjölda ferðamanna og horfur eru bjartar samfara heilsárshringvegi um Vestfirði sem nú er unnið að og samfara almennri eflingu ferðaðjónustufyrirtækja með aukinni afþreyingu og annarri vörubrúun. Þetta er þó háð því að kórónaveiran láti undan og ferðaðjónustan í heiminum nái sér aftur á strik.

Af einstökum stöðum koma flestir ferðamenn til sjóminjasafnsins í Ósvör, við ósa Ósár, en þar má sjá 19. aldar verbúð, salthús, fiskreit, þurrkhjalla, áraskip, veiðafæri og fleiri tæki og tól sem notuð voru við veiðar og fiskverkun á liðnum öldum. Af öðrum stöðum sem hafa aðdráttarfl má nefna Skálavík, Bolafjall, golfvöllinn, náttúrugripasafnið, sundlaugina, snjóflóðavarnargarðana, Syðridalsvatn ásamt veitingasölu og annarri þjónustu. Menntatengd ferðaðjónusta hefur einnig verið í sókn með aukinni starfsemi stofnana á svæðinu, einkum Náttúrustofu Vestfjarða, Fræðasetri Háskóla Íslands og Háskólasetri Vestfjarða. Tjaldsvæði eru sunnan við sundlaugina en einnig er tjaldsvæði í Skálavík. Mjög takmörkuð aðstaða er í boði fyrir ferðamenn í Skálavík en umferð þangað hefur aukist talsvert. Í undirbúningi er uppbygging á aðstöðu fyrir ferðamenn á Bolafjalli, m.a. veglegur útsýnispallur og göngustígar.

Komum skemmtiferðaskipa til Ísafjarðar hefur fjölgað jafnt og þétt og sumarið 2019 komu 108 skemmtiferðaskip þangað en til samanburðar komu 39 skip árið 2013.<sup>50</sup> Farþegarnir sækja í dagsferðir frá Ísafirði.

<sup>50</sup> Ísafjarðarhöfn, 2019.

Mikilvægt er að stjórnvöld, sveitarfélög og aðilar í ferðaþjónustu rói í sömu átt í uppbyggingu og rekstri ferðaþjónustu. Stjórnvöld hafa markað sér stefnu í ferðamálaáætlun og landsskipulagsstefnu. Fjallað er um það hér að neðan en nánar er fjallað um stefnu Bolungarvíkur og ferðaþjónustuaðila svæðisins hér í framhaldinu.

### Áherslur á lands- og svæðisvísu

Eitt af markmiðum landsskipulagsstefnu 2015-2026 m.t.t. skipulags í dreifbýli er að ferðaþjónusta verði í sátt við náttúru og umhverfi.<sup>51</sup> Samkvæmt stefnunni skal skipulag landnotkunar stuðla að eflingu ferðaþjónustu í dreifbýli um leið og gætt verði að því að varðveita þau gæði sem eru undirstaða ferðaþjónustu. Í umfjöllun um skipulagsgerð sveitarfélaga segir í landsskipulagsstefnunni: „*Ferðaþjónusta á grunni sérstöðu og umhverfisgæða: Við skipulagsgerð sveitarfélaga verði leitast við að greina sérstöðu, styrkleika og staðaranda viðkomandi svæðis með tilliti til tækifæra í ferðaþjónustu. Skipulagsákvæðanir um ferðaþjónustu taki mið af náttúruverndarsjónarmiðum og kortlagningu á auðlindum ferðaþjónustunnar og miði jafnframt að því að ferðaþjónustuuppbygging nýtist jafnt íbúum á svæðinu og ferðamönnum.*“

Í *Ferðamálaáætlun 2011-2020* eru sett fjögur meginmarkmið, sem iðnaðarráðherra er falið að stefna að:

- ♦ Að auka arðsemi atvinnugreinarinnar.
- ♦ Að standa að markvissri uppbyggingu áfangastaða, öflugri vörupróun og kynningarstarfi til að skapa tækifæri til að lengja ferðamannatímabilið um land allt, minnka árstíðasveiflu og stuðla að betri dreifingu ferðamanna um landið.
- ♦ Að auka gæði, fagmennsku, öryggi og umhverfisvitund ferðaþjónustunnar.

- ♦ Að skilgreina og viðhalda sérstöðu Íslands sem áfangastaðar ferðamanna, m.a. með öflugri greiningar- og rannsóknarstarfi.

Landsáætlun um innviði, þ.e. *Stefnumarkandi landsáætlun um uppbyggingu innviða til verndar náttúru og menningarsögulegum minjum 2018–2029*, er áætlun sem fjallar um uppbyggingu innviða á ferðamannastöðum, leiðum og svæðum. Í áætluninni er lögð áhersla á að sveitarfélög skilgreini í aðalskipulagi hvert ferðamönnum sé beint. Er þá horft til náttúruyfyrirbrigða og menningarsögulegra minja sem og mismunandi hópa ferðamanna.

*Áfangastaðaáætlun Vestfjarða* var unnin af Markaðsstofu Vestfjarða fyrir Ferðamálastofu.<sup>52</sup> Í áætluninni er horft á ferðaþjónustu út frá víðu sjónarhorni og tekið tillit til margra ólíkra aðila sem eiga hagsmuna að gæta við þróun áfangastaða svæðisins. Í áætluninni var unnin greining á stöðu ferðaþjónustunnar á svæðinu þar sem farið var yfir helstu þætti sem tengjast henni á beinan eða óbeinan hátt.

Út frá greiningunni var mótuð framtíðarsýn og markmið en einnig aðgerðaáætlun. Sameiginleg sýn til næstu þriggja ára er þessi: „*Vestfirðir eru sjálfbær gæðaáfangastaður þar sem arðbær ferðaþjónusta er rekin í sátt við umhverfi og samfélag. Hringvegur 2 og kerfi göngu-, hjóla- og hlaupaleiða gefur gestum kost á að njóta sérkenna svæðisins, ægifagurrar náttúru og heildstæðra þorpsmynda allt árið um kring.*“

Fram kemur að á Vestfjörðum verði lögð áhersla á ferðaþjónustu sem er með náttúru og menningu sem helstu áherslusvið, þ.e. náttúruferðamennsku, sjálfbæra ferðamennsku, upplifunarferðamennsku, menningar- og arfleifðarferðamennsku og matarferðamennsku. Varast eigi massa ferðaþjónustu en leggja fremur áherslu á að byggja upp ferðaþjónustu fyrir þá ferðamenn sem eru tilbúnir að dvelja lengur og borga fyrir gæði.

<sup>51</sup> Skipulagsstofnun, 2016.

<sup>52</sup> Markaðsstofa Vestfjarða, 2018.

Sett eru starfsmarkmið fyrir einstök svæði í áfangastaðaáætluninni. Farið er yfir uppbyggingu áfangastaða með eigin sérkenni þar sem náttúran fær að njóta sín í samlyndi við ferðamenn. Í Bolungarvík eru tilgreindir tveir staðir:

- ♦ **Bolafjall** – Heildarskipulagning Bolafjalls sem áfangastaðar.
- ♦ **Minni-Bakki í Skálavík** – Uppbygging Minni-Bakka og Skálavíkur sem áfangastaða með aðgengi að salernum og bættum samgöngum.

Í umhverfismati aðalskipulagsins voru greindir valkostir um áfangastaði ferðamanna með hliðsjón af *Áfangsstaðaáætlun Vestfjarða*. Niðurstaða valkostagreiningarinnar var nýtt til að útfæra áherslur aðalskipulagsins um áfangastaði ferðamanna.

Árið 2012 tóku sveitarfélög á Vestfjörðum ákvörðun um að gerast aðilar að umhverfissvottunarsamtökunum Earth Check. Með þessu skuldbundu sveitarfélögin sig til þess að taka mið af náttúrunni í öllum ákvörðunum sínum og tryggja sjálfbærni auðlinda á svæðinu. Hugmyndin að verkefninu kom upprunalega frá Ferðamálasamtökum Vestfjarða.

## Markmið og stefna - Ferðapjónusta

### Markmið

- ♦ Aðalskipulagið leggi grunn að öflugri og sjálfbærri ferðapjónustu, þ.e. ferðapjónustu sem hámarkar ávinning íbúa svæðisins og upplifun ferðamanna en gengur ekki á náttúruleg eða menningarsöguleg gæði svæðisins.
- ♦ Ferðapjónustan verði í takt við stefnu sveitarfélaga um umhverfissvottaða Vestfirði og í takt við áfangastaðaáætlun fyrir Vestfirði.
- ♦ Tekið verði tillit til þarfa ferðapjónustunnar við uppbyggingu innviða og ákvarðana um þjónustu.

- ♦ Markvisst verði byggðir upp áhugaverðir staðir sem laða að marga ferðamenn. Áhersla er lögð á að ferðamenn staldri við í þéttbýlinu.

### Útfærsla stefnu

Aðalskipulagið gerir ráð fyrir aukinni og fjölbreyttari ferðapjónustu í sveitarfélaginu sem byggir á sérstöðu svæðisins. Í Bolungarvík er hægt að kynnast fjölbreyttri og tilkomumikilli náttúru, frá fjöru að fjalli, á aðgengilegan hátt. Saga og menning svæðisins er hluti af þessari sérstöðu, en Bolungarvík er ein elsta verstöð landsins. Aðlaðandi umhverfi getur laðað að sér ferðamenn og nýja íbúa, en einnig aukið lífsgæði núverandi íbúa. Til að ferðapjónustan geti dafnað er æskilegt að hafa góða aðstöðu og fjölbreytta afþreyingu á svæðinu. Vanda þarf uppbyggingu á ferðamannastöðum og m.a. taka tillit til hljóðvistar og ljósvistar.

Markviss uppbygging í ferðapjónustu, með samstarfi ferðapjónustuaðila og sveitarfélaga, er líkleg til að auka hlutdeild ferðamanna sem heimsækja norðanverða Vestfirði. Gert er ráð fyrir að ferðapjónusta verði mikilvægur þáttur í framtíðarþróun atvinnulífs á Vestfjörðum og aukningu efnahagvaxtar. Hafa verður þó í huga að greinin byggir á þeim gæðum náttúru og samfélags sem til staðar eru og aukinn fjöldi ferðamanna veldur álagi á náttúru, samfélag og innviði þess. Hætta er á því að atvinnuvegir og framkvæmdir sem spilla náttúru svæðisins geti haft neikvæð áhrif á ferðapjónustu.

Bolungarvík vinnur í takt við *Áfangastaðaáætlun Vestfjarða* sem endurspeglar sameiginlegar áherslur vestfirskra sveitarfélaga og ferðapjónustuaðila. Inntakið í þeirri áætlun er að Vestfirðir verði gæðaáfangastaður þar sem ferðamenn geti notið sérkenna svæðisins. En jafnframt að þar verði rekin arðbær ferðapjónusta í sátt við umhverfi og samfélag, þ.e. sjálfbær ferðapjónusta. Í Aðalskipulaginu er lögð áhersla á að laða ferðamenn að ákveðnum stöðum sem verða meginaðráttarafl eða seglar sveitarfélagsins en jafnframt að styrkja miðsvæðið og gera það að aðlaðandi viðkomustað. Þessir seglar eru Bolafjall, þar sem fyrirhugað er að reisa útsýnisþall og bæta aðgengi, safnasvæðið Ósvör og Skálavík. Áhersla á

umbætur á miðsvæðinu mun hvetja ferðamenn til að staldra við í þéttbýlinu. Á svokölluðum Bjarnabúðareit er í gildi deiliskipulag sem felur í sér uppbyggingu ferðaþjónustu, þ.á.m. smáhýsum til gistingar.



**Mynd 10.7 Helsta aðdráttarafli ferðamanna í Bolungarvík. (Mynd: Verkís).**

Til að ferðaþjónusta geti dafnað þarf að huga að innviðum, svo sem aðgengi og aðstöðu sem og upplýsingagjöf til ferðamanna. Gera skal aðgengi að húsum og öðrum mannvirkjum þannig að fólk í hjólastólum og aðrir sem eiga erfitt með gang komist leiðar sinnar um svæðið. Lélegir innviðir geta hamlað uppbyggingu greinarinnar en auk þess valdið umhverfisraski. Vakta þarf þau áhrif sem stórauðinn fjöldi ferðamanna getur haft á samfélagið og náttúru svæðisins, t.d. í tengslum við komu skemmtiferðaskipa.

Til að ná frekari árangri í ferðaþjónustu og til þess að nýta þau fjölmörgu tækifæri sem norðanverðir Vestfirðir geta boðið upp á fyrir ferðamenn er mikilvægt að efla samvinnu ferðaþjónustuaðila og sveitarfélaga, bæði við

stefnumörkun og skipulagningu atburða. Staðþekking er dýrmæt og mikilvægt er að nýta hana vel. Jafnframt getur verið ákjósanlegt og hagkvæmt að hafa samvinnu á milli landssvæða við þróun á vöru og þjónustuframboði.

Auðvelt er að skapa góð tengsl ferðamanna við atvinnulíf, m.a. landbúnað og sjávarútveg, vegna nálægðar við þessar atvinnugreinar. Mikilvægt er að miða uppbyggingu hafnarsvæðis við þetta, m.a. með það að markmiði að skapa aðlaðandi umhverfi þar. Vegna nálægðar við Hornstrandafriðland og góðrar hafnaraðstöðu er gert ráð fyrir auknu vægi ferðaþjónustu á hafnarsvæðinu.

Nýta ber það sem hefur verið byggt upp og gagnast getur í ferðaþjónustu, m.a. íþróttamannvirki, menningu, rannsóknáðstöðu, söfn, atburði og göngustíga. Svæðið hentar vel til rannsókna, bæði m.t.t. aðstöðu og náttúrufars. Reyna ætti að lengja ferðamanntímamann og byggja enn frekar upp ferðir sérsniðnar að vetrinum og upplifunum á náttúru, menningu og mannlífi tengdu þessari árstíð.

Tryggja þarf nægt framboð af gístiaðstöðu og tjaldsvæðum og fylgja þarf eftir þeim kröfum sem almenningur gerir með breyttum ferðavenjum. Leggja skal áherslu á fjölbreytileika og forðast hagsmunaaðrekstra mismunandi hópa ferðamanna. Áfram er gert ráð fyrir þeim tjaldsvæðum sem þegar eru rekin, þ.e. við sundlaugina og í Skálavík. Við sundlaugina, á bökkum Hólsár, er gert ráð fyrir smáhýsum til útleigu. Í Skálavík er einnig gert ráð fyrir bættri aðstöðu til móttöku ferðamanna. Svigrúm er til stækkunar og bættrar þjónustu tjaldsvæðanna, sem skilgreind eru sem afþreyingar- og ferðaþjónustusvæði. Minni tjaldsvæði eru heimil á landbúnaðarsvæðum. Tjaldsvæði eru oft á eða í nálægð við viðkvæm svæði og því skal við alla uppbyggingu hafa stefnu aðalskipulagsins um náttúruvernd að leiðarljósi. Á landbúnaðarsvæðum er heimilt að nýta núverandi mannvirki og byggingar til minni háttar ferðaþjónustu. Þar er jafnframt mögulegt að hafa tjaldsvæði, heimasölu og heimavinnslu.

Í þéttbýlinu er svigrúm fyrir gistiheimili á miðsvæðinu. Heimagisting, skv. skilgreiningu í lögum um veitingastaði, gístistaði og skemmtanahald nr.

85/2007 (flokkur I), er heimil á íbúðarsvæðum. Annars konar gisting skv. sömu lögum (flokkar II, III og IV) er ekki heimil á íbúðarsvæðum. Gisting er heimil á verslunar- og þjónustusvæðum og miðsvæðum í samræmi við skipulagslög og skipulagsreglugerð. Útleiga húsnæðis til gistiþjónustu er leyfisskyld starfsemi sbr. lög um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald og reglugerð um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald nr. 1277/2016 m.s.br.

*Stefna um ferðapjónustu er einkum útfærð í landnotkunarflokkum VP-1, AF-1 til og með AF-3, M-1 og almennum ákvæðum fyrir þau svæði.*

*Á hverfisvernduðum svæðum gilda sérstök ákvæði til verndar náttúru og menningarminjum.*

### **Helstu stefnubreytingar**

Stefnan er uppfærð og samræmd m.t.t þeirra áætlana sem í gildi eru á svæðinu og á landsvísi. Skilgreindir eru þrír megin áfangastaðir en auk þess er gert ráð fyrir að miðsvæðið laði að sér ferðamenn. Sérstök áhersla er lögð á að efla tengsl miðsvæðis, athafnasvæðis og hafnarsvæðis við ferðapjónustu. Ekki er gert ráð fyrir ferðapjónustusvæði (verslunar- og þjónustusvæði) við Hólsá líkt og í eldra skipulagi. Rými er fyrir slíka starfsemi á Bjarnabúðarreit.

### **Umhverfisáhrif stefnu**

Stefnan er líkleg til að styðja við hagræna og félagslega þætti eins og sjálfbæra ferðapjónustu, skapa störf í héraði til langs tíma litið. Óbeinu áhrifin felast m.a. í eflingu nærþjónustu og að auka viðnámsþrótt byggðarinnar gagnvart samfélags- og umhverfisbreytingum. Stefnan stuðlar að bættri nýtingu á aðstöðu sem er þegar til staðar og styrkir grundvöll nærþjónustu í sveitarfélaginu. Stefnan leggur áherslu á uppbyggingu áfangastaða sem hafa mikið aðdráttarafl. Hún mun heilt yfir hafa jákvæð áhrif á náttúru og menningarminjar, þar sem öðrum og viðkvæmari svæðum

er hlíft við álagi af völdum ferðamanna. Auk þess er innviðauppbýgging á þessum áfangastöðum í samræmi við náttúru, landslag og menningu svæðisins og er jafnframt ætlað að stuðla að auknu öryggi fólks.

## **10.5 VERSLUN OG ÖNNUR ÞJÓNUSTA**

Verslun og þjónusta innan sveitarfélagsins er að mestu leyti bundin við miðsvæðið, þ.e. við Aðalstræti, Vitastíg og Hafnargötu.

Þróun miðbæjarins hefur einkennst af samþættingu margbreytilegrar landnotkunar, s.s. verslunar og þjónustu, íbúðarbyggðar, létts iðnaðar og stofnana.

Bolungarvíkurgöng hafa haft mikil áhrif á þjónustustigið á Ísafirði og í Bolungarvík. Nú er mun auðveldara fyrir Bolvíkinga að sækja þjónustu til Ísafjarðar og öfugt. Eins og kemur fram í umfjöllun um atvinnuþróun, hefur ferðapjónusta vaxið umtalsvert og er greinin mikilvæg þó hún sé umtalsvert minni en sjávarútvegur. Opinber þjónusta er einnig mikilvægur atvinnuvegur á Vestfjörðum.<sup>53</sup>

### **Markmið og stefna – Verslun og önnur þjónusta**

#### **Markmið**

- ♦ Stuðla að fjölbreyttri verslunar- og þjónustustarfsemi sem eykur lífsgæði íbúa og ánægju ferðamanna.
- ♦ Verslun og þjónusta verði miðsvæðis og aðgengileg fyrir íbúa og ferðamenn.

#### **Útfærsla stefnu**

Til að tryggja að miðbærinn haldist blómlegur, er lögð áhersla á að viðhalda fjölbreyttri nýtingu miðsvæðisins. Liður í þeirri stefnu er að hvetja til verslunar- og þjónustustarfsemi á miðsvæðinu. Þess verði þó gætt að

<sup>53</sup> Byggðastofnun, 2019.

hefðbundin dagvöruverslun verði ávalt í boði í göngufjarlægð frá þorra íbúa í Bolungarvík. Ferðaþjónusta í þéttbýlinu rúmast innan miðsvæðisins og minni háttar ferðaþjónusta rúmast innan landbúnaðarsvæða eins og áður hefur komið fram. Ekki er skilgreint sérstakt verslunar- og þjónustusvæði í þéttbýlinu.

Á Bolafjalli er skilgreint verslunar- og þjónustusvæði í tengslum við móttöku ferðamanna. Skoða á tækifæri til frekari uppbyggingar á fjallinu, m.a. gistimöguleika.

*Stefnan er útfærð fyrir svæðin VP-1 og M-1 á skipulagsupprætti og með almennum og sértækum ákvæðum fyrir viðkomandi landnotkunarflokka í greinargerð.*

### **Helstu stefnubreytingar**

Á Bolafjalli er nú gert ráð fyrir verslunar- og þjónustusvæði til að taka á móti ferðamönnum. Verslun og þjónusta rúmast innan miðsvæðis líkt og í fyrra skipulagi. Ekki gert ráð fyrir verslunar- og þjónustusvæði fyrir ferðaþjónustu við Hólsá sem var í fyrra skipulagi.

### **Umhverfisáhrif stefnu**

Til lengri tíma stuðlar stefnan að atvinnuuppbyggingu á svæðinu og eflingu nærþjónustu. Stefnan er líkleg til að hafa jákvæð áhrif á lýðheilsu og notkun virkra ferðamáta þar sem nærþjónusta er innan göngufæris fyrir þorra íbúa. Stefnan hefur óveruleg áhrif á náttúru og landslag en stuðlar að auknu viðnámi gegn samfélagsbreytingum.

## **10.6 HAFNARSTARFSEMI**

Á hafnarsvæðum tengist landnotkun fyrst og fremst hafnsækinni starfsemi, s.s. útgerð, fiskvinnslu, sjóflutningum og skipasmíði eða viðgerðum. Almennt skal ekki gera ráð fyrir íbúðum á hafnarsvæðum. Fjallað er um hafnarsvæði í Hafnalögum nr. 61/2003 og hafnarreglugerð nr. 489/1985 fyrir Bolungarvík.

Hafnarsvæði eru svæði sem heyra undir hafnarstjórn og skv. hafnalögum má engin mannvirkjagerð fara fram á hafnarsvæði nema með samþykki hennar. Bolungarvíkurhöfn samanstendur af þremur meginbryggjum. Austast er Brimbrjóturinn eða Brjóturinn og þar er fiski landað. Grundargarður lokar höfninni til suðausturs og þar leggjast stærri bátar að. Á milli Brjótsins og Grundargarðs er Lækjarbryggja. Þar leggjast einkum að ferðamannabátar og strandveiðibátar. Tvær minni flotbryggjur fyrir smærri bátar eru suðvestan við Lækjarbryggju. Bryggjukantar eru samtals 560 m að lengd og mesta dýpi við kant er 8,7 m á 120 m kafla. Snúningssvæðið í höfninni er 9 m á dýpt, 90 m í þvermál og dýpi í innsiglingu er 9,5 m. Nú er unnið að endurbyggingu stálþils við Brjótinn.

Höfnin og athafnasvæði og starfsemi hennar hafa tekið umtalsverðum breytingum í árána rás. Eins og fram kom í kafla um sjávarútveg er nú um tvöfalt meira af afla landað í Bolungarvík en fyrir 10 árum.<sup>54</sup> Eins hefur ferðaþjónusta á norðanverðum Vestfjörðum vaxið talsvert frá bankahruninu, m.a. farþegaflutningar til Jökulfjarða og Hornstranda frá Bolungarvík.

Ásýnd hafnarsvæða getur haft áhrif á þær atvinnugreinar sem þar eru stundaðar, m.a. sjávarútveg og ferðaþjónustu. Aukin umhverfisvitund neytenda og ferðamanna kallar á aukin gæði.

Um umgengni við og á hafnarsvæðum gilda lög um varnir gegn mengun hafs og stranda nr. 33/2004. Öll losun úrgangs og mengandi og skaðlegra efna á hafnarsvæðum er bönnuð. Fjallað er um sjóvarnir í kafla um náttúruvá.

Í Aðgerðaáætlun í loftslagsmálum 2018 – 2030 er fjallað um helstu aðgerðir stjórnvalda til að draga úr losun og auka kolefnisbindingu úr andrúmslofti, þannig að Ísland gæti staðið við alþjóðlegar skuldbindingar sínar í loftslagsmálum og áform um kolefnishlutleysi 2040. Orkuskipti í samgöngum og átak í kolefnisbindingu eru tvö helstu áhersluatriði áætlunarinnar og m.a. eru sett markmið og aðgerðaráætlun um hleðslustöðvar fyrir rafbíla og rafvæðingu hafna.

<sup>54</sup> Hagstofa Íslands, 2019.





Mynd 10.8 Hafnarsvæði í Bolungarvík. (Mynd: Verkís).



## Markmið og stefna - Hafnarstarfsemi

### Markmið

- ◆ Aðstaða á hafnarsvæðum miðist við þarfir sjávarútvegsins en einnig annarra atvinnugreina eins og vöruflutninga og ferðaþjónustu.
- ◆ Skipulag hafnarsvæðis skapi svigrúm fyrir uppbyggingu á þjónustu við fiskeldi og sjávertengdri ferðaþjónustu.
- ◆ Aðstaða fyrir smábátaútgerð verði til fyrirmyndar og aðstaða fyrir skemmti- og frístundabáta verði tryggð.
- ◆ Að unnið verði að rafvæðingu hafna og uppbyggingu innviða fyrir orkustöðvar, þ.e. rafhleðslustöðvar og stöðvar sem framleiðir rafeldsneyti fyrir bíla og skip.
- ◆ Ásýnd og umgengni á hafnarsvæðum verði til fyrirmyndar.

### Útfærsla stefnu

Mæta þarf breyttum þörfum atvinnugreina og huga að nýjum möguleikum en jafnframt gera ráð fyrir að hefðbundnar greinar geti dafnað á svæðinu. Við uppbyggingu og hönnun hafnarsvæða þarf að gera ráð fyrir fjölbreyttri notkun og þróun ólíkra atvinnutækifæra, án hagsmunaárekstra. Mikilvægt er að haga landnotkun þannig að atvinnugreinar styrki hverja aðra og ekki verði þrengt að hafnarsvæðunum svo að það hefti uppbyggingu og þróun þeirra. Því er gert ráð fyrir nýrri landfyllingu við Grundargarð til að skapa þróunarmöguleika fyrir sjávertengda starfsemi og þjónustu við fiskeldi.

Í Bolungarvík er gert ráð fyrir þremur hafnarsvæðum líkt og verið hefur. Við Brjótinn er gert ráð fyrir löndun á fiski og tengingu við fyrirhugaðan fiskmarkað nálægt hafnarkantinum (svæði 1-3). Þar verður einnig hægt að taka á móti minni skemmtiferðaskipum. Við Grundargarð er gert ráð fyrir lengingu á hafnarkanti og nýrri landfyllingu sem skilgreind er sem

iðnaðarsvæði og hefur góða tengingu við önnur iðnaðar- og athafnasvæði. Nýrri sjávertengdri starfsemi, svo sem fiskvinnslu og starfsemi tengdri fiskeldi, er einkum beint að þessum hluta hafnarinnar. Gert er ráð fyrir endurbyggingu og tilfærslu Lækjarbryggju. Þar verður áfram þjónusta fyrir ferðamannabáta og smærri strandveiðibáta. Bryggjan hefur góða tengingu við athafnasvæði og miðsvæðið í Bolungarvík. Með þessu móti geta hafnarsvæðin dafnað og þróast í góðum tengslum við aðra starfsemi.

Á skipulagstímabilinu verður enn frekar unnið að uppbyggingu innviða fyrir orkuskipti í samgöngum í samræmi við aðgerðaáætlun stjórnvalda í loftslagsmálum. Áfram verður unnið að rafvæðingu hafna og mikilvægt er að á hafnarsvæðinu verði í framtíðinni svigrúm fyrir afgreiðslu og mögulega framleiðslu á rafeldsneyti, sbr. kafla um iðnaðarsvæði.

Ímynd hafnarsvæðisins er samofin ímynd bæjarins og sjálfsmynd íbúanna. Öflug hafnarsvæði, með góða umgengni, geta því haft afgerandi jákvæð áhrif á bæjarfélagið í heild. Mikilvægt er að taka tillit til hljóðvistar og ljósvistar við ákvarðanatöku, sbr. kafla um gæði byggðar.

*Stefnan um hafnarsvæði er útfærð í landnotkunarflokkum H-1 og H-2, bæði á skipulagsupprætti og með almennum og sértækum ákvæðum í greinargerð.*

### Umhverfisáhrif stefnu

Áfram er gert ráð fyrir svipaðri þjónustu á einstökum hafnarköntum og í fyrra aðalskipulagi. Gert er ráð fyrir frekari uppbyggingu og viðhaldi til að mæta aukinni starfsemi í sjávarútvegi, iðnaði, flutningum og ferðaþjónustu. Lengja á kantinn við Grundargarð og tengja hann við nýja landfyllingu. Svigrúm er fyrir tilfærslu Lækjarbryggju.

### Umhverfisáhrif stefnu

Stefnan er líkleg til að hafa jákvæð áhrif á hagræna og félagslega þætti enda stuðlar hún að eflingu sjávertengdrar starfsemi og skapar jafnframt svigrúm fyrir þróun fjölbreyttrar starfsemi, svo sem ferðaþjónustu. Uppbygging á

landfyllingu kann það að hafa neikvæð áhrif á sjávarbotn og raska strönd. Því er nauðsynlegt að lágmarka þau áhrif ef af framkvæmdum verður.

Stefna um skipulag hafnarsvæðisins mun hafa jákvæð áhrif á innviði en mun hafa óveruleg áhrif á umferðaröryggi og hljóðvist í þéttbýlinu. Vegalengdir frá hafnarkanti að vinnslustöðum eru stuttar. Leiðir fyrir þungaflutninga og aðra flutninga innan hafnarsvæðis og út á þjóðveg eru greiðar og trufla ekki mikið íbúa og aðra atvinnustarfsemi.

## 10.7 IÐNAÐAR- OG ATHAFNASVÆÐI

Almennt skal ekki gera ráð fyrir íbúðum á iðnaðar- og athafnasvæðum. Þó er unnt að gera ráð fyrir íbúðum tengdri starfsemi fyrirtækja, s.s. fyrir húsverði.

Margvíslegar framkvæmdir innan iðnaðar- og athafnasvæðis eru tilkynningaskyldar til Skipulagsstofnunar og er vísað til laga nr. 106 / 2000 um mat á umhverfisáhrifum.

### Starfsemi á athafna- og iðnaðarsvæðum

Iðnaðar- og athafnasvæði er við innanverða byggðina sunnan Hólsár. Þar er nægt landrými og aðgengi að höfn og þjóðvegi er gott. Byggð á svæðinu er mjög dreifð en það er mjög sýnilegt við innkomuna í bæinn. Þarna er m.a. áhaldahús bæjarins, verkstæði og varaafstöð og tengivirki á vegum Landsnets. Móttökusvæði fyrir sorp er við áhaldahús bæjarins á iðnaðarsvæðinu. Innsti hluti þessa svæðis var deiliskipulagður árið 2013, þegar varaafstöð og tengivirki Landsnets voru byggð. Austan Ernis, utan við núverandi hesthús, er geymslusvæði sem nær inn á ofanflóðahættusvæði C. Ein vatnsaflsvirkjun er í sveitarfélaginu, Reiðhjallavirkjun í Syðridal, sem tekin var í notkun árið 1959. Stífla virkjunarinnar er frá 1930 og verður hún því 100 ára á skipulagstímabilinu. Vatnafl Fossár er nýtt og raforkuframleiðsla á ári eru tæpar 3,7 GWh.

## Úrgangur

Skv. lögum nr. 55/2003 bera sveitarfélög ábyrgð á flutningi heimilisúrgangs og skulu sjá til þess að starfræktar séu móttöku- og söfnunarstöðvar fyrir úrgang sem fellur til í sveitarfélaginu.

Lögunum var breytt í upphafi árs 2020 í samræmi við Evróputilskipanir. Þeim er ætlað að skapa skilyrði fyrir myndun hringrásarhagkerfis og þar með að ýta undir endurvinnslu og draga úr myndun úrgangs. Nú er ríkari flokkunarskylda úrgangstegunda en áður og sveitarfélögum og fyrirtækjum sem safna flokkuðum úrgangi ber að koma honum til endurvinnslu.

Skv. reglugerð nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs er úrgangur flokkaður í heimilisúrgang og rekstrarúrgang. Gerðar eru strangari kröfur en áður um meðhöndlun úrgangs þar sem hann er nú starfsleyfisskyldur atvinnurekstur. Reglugerðinni er ætlað að draga úr myndun úrgangs og stuðla að því að meðhöndlun úrgangs valdi sem minnstum óæskilegum áhrifum umhverfið.

Umhverfis- og auðlindaráðuneytið hefur gefið út landsáætlun um meðhöndlun úrgangs fyrir tímabilið 2013-2024.

Markmið íslenskra stjórnvalda í úrgangsmálum eru af tvennum toga; annars vegar markmið sem eru bundin í lögum og hins vegar markmið sem eru hluti af stefnumótun stjórnvalda án þess að vera lögbundin.

Landsáætluninni er ætlað að leiða til ábyrgari meðhöndlunar úrgangs, draga úr hættu á mengun umhverfis og sóun á verðmætum og landrými til urðunar. Henni er jafnframt ætlað að vera sveitarstjórnnum til leiðbeiningar um gerð svæðisáætlunar um meðhöndlun úrgangs Skv. áætluninni verður markmiðum hennar náð með því að draga úr myndun úrgangs, með endurnotkun, endurnýtingu og endanlegri förgun, m.a. með aukinni endurnýtingu lífræns úrgangs, umbúðaúrgangs og raftækjaúrgangs.

Í svæðisáætlun ber sveitarstjórn að gera grein fyrir því hvernig hún hyggst ná markmiðum landsáætlunar. Svæðisáætlun fyrir Vestfirði liggur ekki fyrir en áætlunin verður færð inn í aðalskipulagið við gildistöku hennar.

Samband íslenskra sveitarfélaga hefur lagt áherslu á sjálfbæra meðhöndlun úrgangs og aukna samvinnu og samskipti í úrgangsmálum.<sup>55</sup> Umhverfis- og auðlindaráðherra hefur gefið út fyrstu almennu stefnuna um úrgangsförvarnir sem ber heitið *Saman gegn sóun* sem gildir fyrir árin 2016-2027. Markmið stefnunnar eru m.a. að draga úr myndun úrgangs og bæta nýtingu auðlinda.

Í landsskipulagsstefnu 2015-2026 kemur fram að við skipulagsgerð sveitarfélaga skuli stuðlað að heilnæmi umhverfis með viðeigandi ráðstöfunum varðandi úrgangsméðhöndlun. Áhersla er lögð á að huga að umhverfisvænum lausnum þar sem það á við, svo sem varðandi möguleika til flokkunar og endurvinnslu. Einnig kemur fram að huga þurfi að nýjum leiðum varðandi úrgangsméðhöndlun og nýtni við auðlindanotkun.

Árið 2019 féllu til 500 tonn af úrgangi í sveitarfélaginu, þar af voru 193 tonn óvirkur úrgangur og heimilissorp 316 tonn. Heimilissorp er flokkað og flutt til endurvinnslu eða urðunar í Fíflholt. Spilliefnum er eytt í Reykjavík. Lífrænn úrgangur hefur ekki verið flokkaður til jarðgerðar. Hreint timbur og garðaúrgangur er urðað við Hól en þar er urðunarstaður með starfsleyfi, sbr. nánari upplýsingar hér á eftir.

Sorpgámar eru staðsettir við áhaldahús Bolungarvíkur en þar er tekið á móti öllum úrgangi. Sveitarfélagið sér um sorphirðu við hús í öllu þéttbýli, en íbúar í dreifbýli skila sorpi í gámastöðina við áhaldahúsið.

Frá árinu 1994 var allt brennanlegt sorp frá Bolungarvík og fleiri sveitarfélögum brennt í sorpbrennslustöðinni Funa á Ísafirði en sorpbrennslu hefur nú verið hætt á Ísafirði.

Árið 2006 var gefið út starfsleyfi vegna urðunar í landi Hóls í Bolungarvík. Leyfið heimilaði urðun á allt að 500 tonn af óvirkum úrgangi á ári. Samkvæmt starfsleyfinu var heimilt að jarðgera eða endurvinna garðaúrgang og annan lífrænan úrgang á svæðinu.

Urðunarstaðurinn er á viðkvæmum stað vegna nálægðar við Hólsá og margvíslegrar starfsemi, m.a. Hólskirkju, sem er friðuð, kirkjugarð og Grunnskóla Bolungarvíkur. Í nágrenninu er auk þess að finna fornminjar.

Í aðalskipulagi fyrir tímabilið 2008-2020 er gert ráð fyrir að urðun og efnisvinnslu við Hól verði hætt á seinni hluta skipulagstímabilsins, eða í kjölfar svæðisáætlunar fyrir meðhöndlun úrgangs. Vinnu við áætlunina er ekki lokið eins og fram kom hér að framan. Því var árið 2018 samþykkt deiliskipulag fyrir urðunarstaðinn, þar sem gert er ráð fyrir áframhaldandi urðun fram að gildistöku endurskoðaðs aðalskipulags. Í deiliskipulaginu voru skoðaðir tveir valkostir í umhverfismati þess. Annars vegar tímabundið óbreytt ástand og hins vegar að hætta urðun á Hóli og taka nýtt svæði í notkun. Fyrri valkosturinn varð fyrir valinu eins og áður kom fram.

Gefið hefur verið út nýtt starfsleyfi vegna urðunar í landi Hóls og gildir það til ársins 2035.

Til lengri tíma litið er mikill hagur í því fyrir sveitarfélagið að auka endurvinnslu, endurnýtingu og jarðgerð á lífrænum úrgangi. Með þeim hætti er hægt að minnka umfang á úrgagni, svo og kostnað við flutninga á sorpi til förgunar.

## Markmið og stefna – Iðnaðar- og athafnastarfsemi

### Markmið

- ◆ Nægt rými verði fyrir uppbyggingu og starfsemi á athafna og iðnaðarsvæðum í sátt við samfélagið og náttúruna.
- ◆ Áhersla er lögð á að umgengni verði til fyrirmyndar og umhverfi snyrtilegt á iðnaðar- og athafnasvæðum.
- ◆ Stuðlað verði að endurvinnslu og endurnýtingu og dregið úr myndun úrgangs.

<sup>55</sup> Samband íslenskra sveitarfélaga, 2009.

- ◆ Meðhöndlun úrgangs valdi sem minnstum óæskilegum áhrifum á umhverfið og mengi ekki vatn, jarðveg eða andrúmsloft. Tryggt verði að spilliefni berist ekki út í umhverfið.

### Útfærsla stefnu

Aðalskipulagið gerir ráð fyrir að iðngreinar og iðnaður geti eflst og stækkað. Gott svigrúm er fyrir áframhaldandi uppbyggingu og aukinn þéttleika byggðar á Söndunum, á svæði I-1 (við Tjarnarkamb). Þetta svæði getur rúmað verulegan hluta af þeirri uppbyggingu sem sveitarfélög á norðanverðum Vestfjöðrum sjá fyrir sér í fiskeldi. Úthluta skal fyrst lóðum á því svæði sem núverandi mannvirki eru, í samræmi við gildandi deiliskipulag. Svæðið suðaustar af því verður hins vegar nýtt í framhaldi af því, eftir því sem þörf krefur. Byggðin þarna er dreifð og góðir möguleikar á þéttingu. Þannig næst hagkvæmt byggingarland og betri nýting innviða. Þétt byggð kallar einnig á skynsamlega nýtingu lóða og bættu ásýnd. Vegna sýnileika svæðisins er lögð áhersla á að svæðinu verði haldið snyrtilegu.

Suðaustan við Grundargarð er gert ráð fyrir nýrri landfyllingu og starfsemi sem krefst aðgengis að höfn (svæði I-5). Við Brimbriót er iðnaðarsvæði (I3) og þar er ráðgert að reisa nýja byggingu fyrir fiskmarkað í samræmi við gildandi deiliskipulag.

Á athafnasvæði AT-3 á milli Hafnargötu og Árbæjarkants og Búðarkants er gert er ráð fyrir fjölbreyttri athafnastarfsemi, einkum þjónustu við sjávarútveg en einnig er svigrúm fyrir starfsemi tengdri ferðþjónustu.

Við Grundarstíg er áfram gert ráð fyrir léttum iðnaði og hreinlegri atvinnustarfsemi á svæði AT-1.

Hafa verður í huga að iðnaðarstarfsemi getur haft margvísleg áhrif á atvinnuvegi sem fyrir eru í sveitarfélaginu og því mikilvægt að gera grein fyrir hugsanlegum árekstrum á milli atvinnugreina áður en ákvörðun um slíkt er tekin. Þetta á sérstaklega við um starfsemi sem byggir afkomu sína að talsverðu leyti á náttúru og ímynd, m.a. sjávarútveg, landbúnað og ferðþjónustu. Iðnaðarsvæðið er jafnframt í mikilli nálægð við helstu útivistarsvæði Bolvíkinga og er sýnilegt frá íbúðarbyggð.

Lögð er áhersla á að umgengni á iðnaðar- og athafnasvæðum verði til fyrirmyndar. Leitast skal við að varningur safnist ekki á ónýttar lóðir og opin svæði á atvinnusvæðum. Í deiliskipulagi skal hugað að því að fyrirkomulag á lóð hvetji til snyrtilegs umhverfis og að bæjarland verði aðlaðandi. Stuðla skal að öryggi á athafnasvæðum í samræmi við markmið aðalskipulagsins m.t.t. náttúruvár.

Austan Ernis utan við núverandi hesthús verður áfram geymslusvæði en hesthúsin verða færð út af snjóflóðahættusvæðinu. Gert er ráð fyrir að gömlu hesthúsin verði nýtt sem geymslur. Á þessu svæði, merkt AT-2 á uppdrætti, var tengivirki sem flutt var á Sandana (Tjarnarkamb) á síðasta skipulagstímabili. Jafnframt er gert ráð fyrir geymslusvæði við áhaldahús bæjarins, á svæði I-1. Á svæðunum verður hægt að geyma gáma kerrur, vagna og fleiri slíka hluti. Svæðið við áhaldahúsið tengist vel hafnarsvæðinu, vegna nálægðar. Þetta er að sama skapi ókostur vegna særöks og sýnileika. Svæðið undir Erninum er fjær sjó og ekki eins sýnilegt frá þéttbýlinu eða við innkomu í bæinn. Ókostir þess svæðis eru hins vegar nálægð við útivistarsvæði og snjóflóðahætta en samkvæmt hættumati er svæðið skilgreint sem C svæði. Viðvera á svæði AT-2 verður mjög lítil, einkum yfir vetrartímanni, en ef mikil snjóflóðahætta er til staðar má takmarka umferð. Mikilvægt er að svæðið verði snyrtilegt, sbr. ákvæði í skilmálakafli.

Áhersla er lögð á endurnýjanlega orkugjafa. Gert er ráð fyrir að landeigendur geti virkjað bæjarlækinn á landbúnaðarsvæðum með smávirðjun. Nánar er fjallað um þetta í kafla um landbúnað.

Hafa ber í huga að mögulega verður þörf í framtíðinni fyrir geymslu og jafnvel framleiðslu á rafeldsneyti í sveitarfélaginu. Höfnin er heppilegur staður vegna nálægðar við skip og báta. Gæta þarf þess, við frekari þróun hafnarinnar, að svigrúm verði fyrir slíkt mannvirki ef á þarf að halda.

Mikilvægt er að úrgangsmál verði til fyrirmyndar í sveitarfélaginu og stuðli þannig að öryggi og heilbrigði íbúa og gesta. Úrgangsmál geta einnig haft mikil áhrif á ímynd sveitarfélagsins og þar af leiðandi áhrif á samkeppnishæfni fyrirtækja og stofnana en einnig val fólks um búsetu.

Brýnt er að sveitarfélög vinni saman að gerð svæðisáætlunar um meðhöndlun úrgangs, í samræmi við lög nr. 55/2003. Einnig er mikilvægt að mótuð verði stefna um úrgangsförvarnir eins og fjallað er um í ritinu Saman gegn sóun, til að draga úr myndun úrgangs og bæta nýtingu auðlinda.

Urðunarstaðurinn við Hól verður áfram í notkun. Urðun þar skal vera í samræmi við starfsleyfi og miða að því að lágmarka neikvæð áhrif eins mikið og mögulegt er. Sérstaklega skal þess gætt að fornminjum í nágrenninu verði ekki raskað. Jafnframt skal áhersla lögð á að allir móttökustaðir fyrir sorp, þ.m.t. gámasvæði, verði afgirtir þannig að sjónmengun verði í lágmarki.

Annað sorp verður flutt út af svæðinu til urðunar og endurvinnslu.

Endurskoða skal urðun við Hól og fyrirkomulag sorpmála þegar svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs verður gerð.

Leitað skal leiða til að draga úr myndun úrgangs í sveitarfélaginu, m.a. með endurnotkun og endurnýtingu, svo sem jarðgerð. Fyrirtæki og stofnanir verða einnig hvött til aðgerða og áætlana sem stuðla að minna umfangi sorps.

Verulega þarf að bæta úr fræðslu íbúa og forsvarsmanna fyrirtækja, varðandi flokkun sorps og umgengni og bæta þarf aðstöðu þeirra til flokkunar, bæði heima og á móttökustað. Mikilvægt er að brennanlegt sorp, spilliefni og sorp sem mögulegt er að endurvinna, endi ekki á urðunarstað.

*Stefnan er útfærð með afmörkun iðnaðar- og athafnasvæða I-1 til og með I-5, AT-1 og AT-2 á uppdrætti og skipulagsákvæðum fyrir landnotkun og frágang reitanna í greinargerð.*

*Á hverfisvernduðum svæðum gilda einnig ákvæði hverfisverndar.*

### **Helstu stefnubreytingar**

Gert er ráð fyrir nýrri landfyllingu við Grundargarð til að þjónusta fyrirséða uppbyggingu í sjávarútvegi og fiskeldi. Svæðið á milli Hafnargötu og hafnarinnar er skilgreint sem athafnasvæði en var áður hafnarsvæði. Þar verður rými fyrir fjölbreytta athafnastarfsemi, einkum þjónustu við sjávarútveg en einnig er svigrúm fyrir starfsemi tengdri ferðaþjónustu.

Brimbrjóturinn, utan hafnarsvæðis er skilgreindur sem iðnaðarsvæði en var í fyrra skipulagi hafnarsvæði. Undir Erninum verður geymslusvæði og hesthúsin víkja. Líkt og í fyrra skipulagi er gert ráð fyrir uppbyggingu á Söndunum (Tjarnakambi). Gert er ráð fyrir svigrúmi fyrir breytingar á innviðum tengdar orkukerfum.

### **Umhverfisáhrif stefnu**

Stefnan stuðlar að endurvinnslu og endurnýtingu til langs tíma litið, en talsverður hagur er af því fyrir samfélagið að minnka umfang á úrgangi sem fluttur er úr sveitarfélaginu. Gert er ráð fyrir urðun á úrgangi í landi Hóls og það kann að hafa neikvæð áhrif á náttúru og menningarminjar. Umfang úrgagns minnkar með aukinni endurvinnslu og endurnýtingu. Það hefur jákvæð áhrif á ferðaþjónustu og útivist og ímynd framleiðslu í Bolungarvík að setja skýra stefnu um frágang og umgengni á iðnaðar- og athafnasvæðum við aðkomu inn í þéttbýlið. Færsla hesthúsa frá Erninum hefur jákvæð áhrif m.t.t. öryggis. Auknir þróunarmöguleikar atvinnulífs efla byggðina.

## **10.8 EFNISTAKA OG VINNSLA**

Áður en framkvæmdaleyfi fyrir efnistöku er gefið út skal liggja fyrir áætlun námuréttarhafa um væntanlega efnistöku, þar sem m.a. skal gerð grein fyrir magni og gerð efnis, vinnslutíma og frágangi á efnistökusvæði (sjá nánar gr. 13 og 14 í skipulagslögum nr. 123/2010). Heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga veitir starfsleyfi fyrir vinnslu jarðefna, sbr. reglugerð nr. 785/1999 m.s.br. um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun. Leyfi þarf frá embætti veiðimálastjóra fyrir efnistöku sem getur haft áhrif á lífríki í ám og vötnum. Þó er eiganda eða umráðamanni eignarlands heimil án leyfis minni háttar efnistaka til eigin nota, nema um sé að ræða náttúruverndarsvæði eða jarðminjar eða vistkerfi sem njóta verndar skv. 61. gr. laga um náttúruvernd.

Óheimilt er að veita leyfi fyrir efnistöku sem er tilkynningar- og matskyld skv. lögum um mat á umhverfisáhrifum áður en ákvörðun um matskyldu

liggur fyrir og/eða álit í mati á umhverfisáhrifum. Skilyrði um mat á umhverfisáhrifum er m.a. háð flatarmáli og rúmmáli efnistökusvæða (tafla 10.4).

**Tafla 10.4 Efnistaka og mat á umhverfisáhrifum.**

Efnistaka	Flokkur	Umhverfismat
Áætluð efnistaka og/eða haugsetning á landi eða úr hafsbotni þar sem áætlað er að raska 50.000 m <sup>2</sup> svæði eða stærra eða efnismagn er 150.000 m <sup>3</sup> eða meira.	A	Ávallt háð mati á umhverfisáhrifum.
Efnistaka og/eða haugsetning á landi eða úr hafsbotni þar sem áætlað er að raska 25.000 m <sup>2</sup> svæði eða stærra eða efnismagn er 50.000 m <sup>3</sup> eða meira.	B	Tilkynningarskylt og Skipulagsstofnun metur hvort þörf sé á umhverfismati.
Efnistaka og/eða haugsetning þar sem fleiri en einn efnistökuastaður og/eða haugsetningarstaður vegna sömu framkvæmdar og á sama svæði ná samanlagt yfir 25.000 m <sup>2</sup> .	B	Tilkynningarskylt og Skipulagsstofnun metur hvort þörf sé á umhverfismati.
Efnistaka og/eða haugsetning á verndarsvæðum.	B	Tilkynningarskylt og Skipulagsstofnun metur hvort þörf sé á umhverfismati.
Efnistaka og/eða haugsetning á landi eða úr hafsbotni þar sem áætlað er að raska minna en	C	Tilkynningarskylt sveitarfélag metur hvort þörf sé á umhverfismati.

<sup>56</sup> Námur, kortasjá, 2020.


Efnistaka	Flokkur	Umhverfismat
25.000 m <sup>2</sup> svæði eða efnismagn er minna en 50.000 m <sup>3</sup> .		

Í lögum um náttúruvernd nr. 60/2013 eru ekki gerðar sérstakar kröfur um frágang á gömlum námum. Vegagerðin vinnur að frágangi náma í samræmi við langtímaáætlun sína um námufrágang.

Í sveitarfélaginu eru ófrágengin efnistökusvæði sem ekki eru lengur í notkun. Í töflu 10.5 má sjá efnistökusvæði í sveitarfélaginu skv. námuskrá Vegagerðarinnar.<sup>56</sup>

**Tafla 10.5 Efnistökusvæði í Bolungarvík, samkvæmt námuskrá Vegagerðarinnar.**

Náma	Gerð	Frágangur
Ófærúnáma	Setnáma	Fullfrágengin
Kálfadalur	Setnáma	Hálfrágengin
Ósá (sandur)	Setnáma	Fullfrágengin
Sandur	Setnáma	Fullfrágengin
Hóll	Setnáma	Ófrágengin
Syðridalsvegur	Setnáma	Frágengin með vottun
Tunga	Setnáma	Hálfrágengin
Hærikross	Storkubergsnáma	Ófrágengin



Mynd 10.9. Fyrirhuguð efnistöku- og efnislosunarsvæði í Bolungarvík. (Mynd: Verkís).

## Markmið og stefna – Efnistaka og vinnsla

### Markmið

- ◆ Öll efnistaka og efnislosun fari fram með skipulegum hætti og nýting jarðefna miði að því að hámarka virði þeirra og draga úr sóun.
- ◆ Nægt framboð efnistökusvæða verði fyrir fjölbreytta starfsemi og uppbyggingu innviða.
- ◆ Efnistaka og efnislosun valdi sem minnstum umhverfisáhrifum og ónæði fyrir íbúa.

- ◆ Öllum eldri námum, sem ekki eru sýndar á aðalskipulaginu, verði lokað þannig að þær falli sem best að umhverfi og náttúruleg gæði verði endurheimt.

### Útfærsla stefnu

Aðgengi að efnisnámmum er forsenda margs konar mannvirkjagerðar. Opin og ófrágrengin efnistökusvæði hafa hins vegar neikvæð áhrif á ásýnd og ímynd sveitarfélagsins. Slík svæði leiða gjarnan til lakari umgengni og jafnvel efnistöku án heimildar. Áhersla er því lögð á nýtingu eldri efnistökusvæða í stað þess að opna ný. Ganga skal frá eldri námum. Þegar hlé verður á notkun námunnar eða henni lokað skal ganga snyrtilega frá framkvæmdasvæðinu þannig að það falli sem best að umhverfi. Jafnframt skal ganga snyrtilega um efnistökusvæði á meðan á vinnslu stendur.

Framkvæmdaleyfi verður bundið skilyrðum um að framfylgja markmiðum aðalskipulagsins, sem m.a. er ætlað að koma í veg fyrir neikvæð áhrif á landslag, lífríki, vistkerfi og núverandi eða fyrirhugaða starfsemi eða landnýtingu í nágrenni svæðanna. Við ákvarðanatöku skal bærinn kynna fyrirhugaða efnistöku fyrir landeigendum og þeim er kunna að hafa hagsmuna að gæta.

Gert er ráð fyrir fjórum efnistökusvæðum í sveitarfélaginu og eru þau tilgreind í skilmálatöflu í kafla 16 en einnig sýndar á mynd 10.9. Öðrum námum verður lokað og frá þeim gengið í samræmi við ákvæði aðalskipulagsins og deiliskipulag þar sem það er í gildi.

Náma sem kennd er við Hærríkross á Skálavíkurheiði og náma kennd við Skálavíkurveg, ná inn á grann- og fjarsvæði vatnsverndar. Á þessu svæði gilda ákvæði reglugerðar nr. 796/1999 m.s.br. um varnir gegn mengun vatns (sjá viðbótarákvæði vegna vatnsverndar í kafla 17). Þessum markmiðum verður fyrst og fremst náð með góðri og náinni samvinnu Bolungarvíkurkaupstaðar við Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða og þá er kunna að nýta námuna á skipulagstímabilinu. Áætluð stærð námusvæðisins við Hærríkross er 5 ha og því er efnistakan háð lögum nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum.

*Stefnan er útfærð með afmörkun efnistökusvæða E-1, E-2, E-3 og E-4 á uppdrætti og skipulagsákvæðum fyrir landnotkun og frágang reitanna í greinargerð (mynd 10.9).*

*Á vatnsverndarsvæðum gilda einnig sérstök ákvæði vatnsverndar.*

### **Helstu stefnubreytingar**

Efnistökusvæði við Hól er nú aflagt og bætt er við efnistökusvæði á Skálavíkurheiði. Meginstefnan er sú sama og í fyrra aðalskipulagi.

### **Umhverfisáhrif stefnu**

Stefnan er líkleg til að stuðla að hagkvæmri nýtingu jarðefna og draga úr sóun á verðmætum jarðefnum. Stefnan er einnig líkleg til að tryggja nægilegt framboð jarðefna til uppbyggingar í sveitarfélaginu. Fá efnistökusvæði lágmarka áhrif efnistöku, svo sem á ásýnd lands og íbúa á nærliggjandi svæðum. Stefnan hefur óveruleg áhrif á menningarminjar og svæði sem njóta verndar samkvæmt lögum um náttúruvernd. Tvö námusvæði ná inná grann- og fjarsvæði vatnsverndar og það kallar á sérstaka varfærni í nýtingu jarðefna en kann að skapa hættu á mengun grunnvatns. Stefnan er líkleg til að valda aukinni losun gróðurhúsalofttegunda til skamms tíma litið vegna rasks á grónu landi en skilyrði um frágang náma draga verulega úr neikvæðum loftslagsáhrifum.



## 11 STOFNANIR, FÉLAGS- OG VELFERÐAMÁL

Í þessum hluta er fjallað um skóla og íþróttahús, menningu og heilbrigðismál.

### 11.1 SKÓLAR OG ÍÞRÓTTAHÚS

Grunnskóli, íþróttamiðstöð og tónlistarskóli eru á samliggjandi svæði og mynda nokkurs konar skólahverfi. Grunnskóli og íþróttamiðstöð eru í samtengdum byggingum við Höfðastíg. Nemendur í grunnskólanum veturinn 2019 - 2020 voru 132 af fimm þjóðernum. Skólinn getur rúmað nokkuð fleiri nemendur. Í íþróttamiðstöðinni Árbæ er góð aðstaða til íþróttar og afþreyingar, vinsæl innisundlaug og útsvæði með heitum pottum og vatnsrennibraut. Aðgengi fyrir fatlaða er þó ábótavant. Öflugur tónlistarskóli er í nágrenni grunnskólans, á mótum Aðalstrætis og Skólastígs en þar stundar stór hluti grunnskólabarna tónlistarnám.

Einn leikskóli er í sveitarfélaginu, Glaðheimar, en hann var um tíma starfræktur á tveimur stöðum, við Hlíðarstræti 16 og í Lambhaga sem er við Höfðastíg í nágrenni við grunnskólann. Húsnæðið við Hlíðarstræti rúmaði ekki þann fjölda barna sem er á leikskólaaldri í Bolungarvík svo ráðist var í úrbætur og opnaði leikskólinn þar í nýju og endurbættu húsnæði í ágúst 2019. Í Glaðheimum eru ríflega 50 börn á þremur deildum.

### Markmið og stefna – Skólar og íþróttahús

#### Markmið

- ♦ Aðgengi fyrir alla verði tryggt í skólabyggingum og íþróttamiðstöðu.
- ♦ Umhverfi skóla verði heilsusamlegt, stuðli að góðri hreyfingu og efling þroska allra nemenda. Skólarnir nýti sér nálægðina við náttúruna.
- ♦ Allir íbúar sveitarfélagsins eigi möguleika á skipulagðri íþróttaiðkun.

#### Útfærsla stefnu

Mikilvægt er að ávallt verði nægt framboð á leikskólaplássi en það getur styrkt stöðu sveitarfélagsins í samkeppni um íbúa. Leikskólinn Glaðheimar verður áfram við Hlíðarstræti í endurbættu húsnæði. Leggja skal áherslu á samstarf milli skólastiga og jafnvel kynslóða, s.s. samstarf milli yngstu og elstu borgara sveitarfélagsins. Nánar er fjallað um leikskólafærslu í leikskólafærslu bæjarins.

Gert er ráð fyrir að skólarnir nýti tækifærin sem felast í fjölmenningslegu samfélagi. Lögð er áhersla á að nemendur með sérþarfir fái viðeigandi aðstoð og skal miða alla hönnun skólamannvirkja við að aðgangur verði fyrir alla.

*Stefnan er útfærð með afmörkun svæða fyrir samfélagsþjónustu á uppdrætti og viðeigandi skipulagsákvæðum fyrir S-1 og S-2.*

#### Helstu stefnubreytingar

Meginstefnan er sú sama og í fyrra aðalskipulagi.

#### Umhverfisáhrif stefnu

Almennt séð hefur stefna um skóla og íþróttahús jákvæð áhrif á alla matsþætti og áhersla á heilsusamlegt umhverfi skóla, íþróttamiðstöðu og nálægð við náttúruna er líkleg til að hafa verulega jákvæð áhrif á heilsu og öryggi.

### 11.2 MENNING

Menningarlíf Bolungarvíkur er fjölbreytt og tengist á margan hátt sjósókn og útgerð. Árlega eru haldnar ýmsar hátíðir sem efla menningarlífið.

#### Söfn og menningarhús

Sjóminjasafnið Ósvör er lífandi minjasafn um útgerðarhætti fyrri tíma á Íslandi. Bolungarvík hefur verið nefnd elsta verstöð landsins og víst er að þar hefur verið útræði frá upphafi Íslandsbyggðar.

Náttúrugripasafn Bolungarvíkur er staðsett við Vitastíg og tengist starfsemi Náttúrustofu Vestfjarða. Í safninu eru sýndar íslenskar stein- og bergtegundir, spendýr og fuglar.

Bókasafn Bolungarvíkur er staðsett í húsakynnum Grunnskóla Bolungarvíkur. Félagsheimili Bolungarvíkur, Víkurbær, er við Aðalstræti. Það var byggt árið 1952 en í janúar 2011 var það tekið í notkun að nýju eftir gagngerar endurbætur og er nú hið glæsilegasta hús sem býður uppá gott aðgengi fyrir alla.



**Mynd 11.1 Félagsheimili Bolungarvíkur. (Mynd af vefsíðu Bolungarvíkur)**

### Kirkjur og kirkjugarðar

Hólskirkja er eina kirkjan í sveitarfélaginu en Hóll hefur frá fornu fari verið kirkjustaður Bolungarvíkur. Kirkjan er mjög sýnileg frá stórum hluta byggðarinnar og er hún mikilvægt kennileiti. Hún var byggð árið 1908 og er eina friðaða byggingin í Bolungarvík sem hlotið hefur friðlýsingu skv. nýjum lögum um menningarminjar.

Tveir kirkjugarðar eru í Bolungarvík, Hólskirkjugarður og Grundarhólskirkjugarður. Hólskirkjugarður er mjög gamall og þar er mikill fjöldi óþekkra legstaða. Garðurinn er nánast ekkert nýttur til greftrunar í dag. Grundarhólskirkjugarður var stækkaður á síðasta skipulagstímabili og og er nægt rými þar út þetta skipulagstímabil.

Vitar eru samofnir sögu og menningu íslensku þjóðarinnar. Þeir gegna enn í dag öryggishlutverki en eru einnig aðdráttarafl ferðamanna, enda sérstæð mannvirki á myndrænum stöðum. Jafnframt bera þeir merki þróunar íslenskrar byggingarlistar á síðustu öld. Einn viti er í Bolungarvík, Óshólaviti, sem byggður var úr steinsteypu árið 1937. Vitinn stendur við aflagðan þjóðveg um Óshlíð og er vel sýnilegur frá þéttbýlinu. Hann er því mikilvægt kennileiti í Bolungarvík.

### Markmið og stefna - Menning

#### Markmið

- ◆ Efla safna- og menningarstarfsemi í Bolungarvík með áherslu á sérstöðu svæðisins, sjósókn, útgerð, landbúnað og náttúru svæðisins.
- ◆ Ýtt verði undir skapandi greinar og skapandi hugsun.
- ◆ Gamlar byggingar með sögulegt gildi verði nýttar fyrir menningarstarfsemi.

#### Útfærsla stefnu

Mikilvægt er að hlúa vel að því safnastarfi sem nú er í Bolungarvík. Sjóminjasafnið Ósvör er endurgerð verstöð sem varðveitir sögu útgerðar á árabátaöld og er afar mikilvægt fyrir sögu Vestfjarða. Safnið hefur mikið aðdráttarafl fyrir ferðamenn og eru miklir möguleikar á frekari eflingu safnastarfsins. Lögð er áhersla á að allar framkvæmdir stuðli að því að

upplifun gesta og ásýnd svæðisins verði í anda árabátaaldarinnar. Með tilkomu jarðganga lagðist vegurinn um Óshlíð af sem þjóðvegur. Mikilvægt er að tryggja að örugg aðkoma verði að safninu í Ósvör.

Sveitarfélagið mun ýta undir skapandi starfsemi og hugsun. Í því eru bæði fólgin atvinnutækifæri en einnig smitar slík starfsemi út frá sér með jákvæðum áhrifum á íbúa.

Félagsheimilið er mikilvægur staður í menningarlífi bæjarins. Mikilvægt er að efla tengsl þess við miðbæinn sem skilgreindur er í kafla um miðbæjarsvæði.

Aðalskipulagið gerir ráð fyrir að Óshólavita og nánasta umhverfi hans verði ekki raskað og hægt verði að nýta mannvirkið fyrir ferðabjónustu.

*Stefnan er útfærð með afmörkun svæða fyrir samfélagsþjónustu, miðsvæði, afþreyingar- og ferðamannasvæði og opin svæði á uppdrætti og viðeigandi skipulagsákvæðum. Stefna er m.a. útfærð í landnotkunarreitum K-1, AF-2, M-1 og S-2 og S-3.*

### **Helstu stefnubreytingar**

Meginstefnan er sú sama og í fyrra aðalskipulagi.

### **Umhverfisáhrif stefnu**

Almennt séð hefur stefna um menningu jákvæð áhrif á alla matsþætti og verulega jákvæð áhrif á hagræna og félagslega þætti, innviði og aðgengi. Stefnan er líkleg til að varðveita og draga fram sérstöðu svæðisins og stuðlar m.a. að eflingu nærþjónustu sem nýtist bæði íbúum Bolungarvíkur sem og ferðamönnum.

## **11.3 HEILBRIGÐISMÁL, ÖRYGGI OG MÁLEFNI ALDRAÐRA**

Viðbragðsaðilar eru staðsettir á þremur stöðum í sveitarfélaginu. Stjórnsýslan er við Aðalstræti, slökkvilið við Mávakamb og þjörgunarsveit við Hafnargötu. Sýslumaðurinn á Vestfjörðum er með sýsluskrifstofu á Ísafirði og þjónar skrifstofan m.a. íbúum Bolungarvíkur.

Heilbrigðisstofnun Vestfjarða er með aðstöðu við Höfðastíg og þangað kemur læknir reglulega. Hjúkrunarheimilið Berg er við Aðalstræti, í Árborg (Hvíta húsinu), og þar er auk þess sjúkrahjúkrunarþjónusta. Sjúkrahúsið á Ísafirði þjónar að öðru leyti íbúum Bolungarvíkur. Íbúðir fyrir aldraða eru einnig í Árborg við Aðalstræti og því samtengdar hjúkrunarheimilinu. Í Kjölfar könnunar á húsnæðisþörf eldri borgara árið 2006 var byggt við Árborg. Húsnæðið, sem er með sérhönnuðum íbúðum fyrir eldri borgara, var tekið í notkun árið 2015.

Heilsubærinn Bolungarvík er forvarnarverkefni sem verið hefur í gangi í Bolungarvík frá árinu 2000. Markmið verkefnisins eru m.a. forvarnir og að vekja almenning til ábyrgðar á eigin heilsu og hvetja til heilbrigðra lífshátta.

Aðgengi fyrir einstaklinga með skerta færni er víða ábótavant, bæði í opinberri þjónustu, almenningssamgöngum og í einkageiranum.

## **Markmið og stefna – Heilbrigðismál, öryggi og málefni aldraðra**

### **Markmið**

- ♦ Bolungarvík verði fjölskylduvænt samfélag sem tryggir öryggi íbúa og veitir góða heilbrigðisþjónustu sem tekur mið af þörfum íbúa óháð aldri og þjóðfélagsstöðu.
- ♦ Skipulag byggðar og uppbygging heilbrigðisþjónustu í Bolungarvík stuðli að lífsgæðum fólks, bættri lýðheilsu og vellíðan.
- ♦ Íbúar Bolungarvíkur búi við heilnæmt andrúmsloft, samkvæmt ströngustu mörkum. Jafnframt verði stuðlað að minnkun útblásturs gróðurhúsalofttegunda og annarrar mengunar sem hefur áhrif á heimsvísu.
- ♦ Bolungarvík verði bær með aðgengi fyrir alla.

### Útfærsla stefnu

Styrkur Bolungarvíkur er það samfélag sem þar dafnar og sá félagsauður sem í því felst. Stærstu verðmætin felast í traustum fjölskylduböndum, vináttu og sameiginlegum sigrum samfélagsins. Í samkeppni sveitarfélaga um fólk og fyrirtæki er mikilvægt að viðhalda og efla samfélagslega auðlegð Bolvíkinga. Mikilvægt er að styrkja þær stoðir sem stuðla að fjölskylduvænu samfélagi og skapa þannig góð skilyrði fyrir fjölskyldusamveru. Smæð samfélagsins, samvinna og félagsleg nálægð íbúa, óháð aldri, færni eða uppruna, eru þar lykilatriði.

Bolungarvík er fjölmenningslegt samfélag en þar býr og starfar fjöldi fólks af erlendum uppruna. Mikilvægt er að efla tengsl nýrra íbúa við samfélagið. Jafnframt ber að leggja áherslu á þátttöku almennings í tengslum við stefnumótun og ákvarðanir í bæjarfélaginu, enda stuðlar slíkt að eflingu félagsauðs. Ríkulegur félagsauður hefur jákvæð áhrif á hegðun fólks og viðheldur heilbrigði og hamingju í samfélaginu.

Eins og fram kemur hér að ofan hefur heilsuefningarverkefnið Heilsuþæringin verið í gangi í Bolungarvík um nokkurt skeið. Aðalskipulagið leggur áherslu á að öll uppbygging í samfélaginu taki mið af markmiðum verkefnisins um heilbrigða lífshætti. Við skipulagningu verður lögð áhersla á gott net göngustíga og góðar almenningsgöngur sem dregið geta úr loftmengun. Taka skal tillit til hljóðvistar og myrkurgæða sbr. kafla um gæði byggðar.

Mikilvægt er að viðhalda og efla þjónustu á félags- og heilbrigðisviði, þannig að Bolvíkingar geti notið góðrar og persónulegrar þjónustu.

Gert er ráð fyrir að heilsugæslan færir í Árborg (Hvíta húsið) og verði þannig í betri tengslum við þá starfsemi sem þar fer fram. Lögð er áhersla á heimabjónustu, þannig að fólk geti búið sem lengst í heimahúsi við sem eðlilegast aðstæður. Með því móti er komið betur til móts við þarfir hvers og eins, auk þess sem þörf fyrir sérhæfðar íbúðir minnkar.

Staðsetning Árborgar er heppileg, bæði með tilliti til líðan íbúa þess og fyrir uppbyggingu miðbæjarins. Starfsemi sem þessi færir daglega umferð til svæðisins sem er einn af grundvöllum þess að miðbær dafni. Það er ekki

síður mikilvægt að íbúar á heimilum sem þessu geti fylgst með daglegum athöfnum í bænum, séð fólk við leik og störf.

Umhverfið hefur talsverð áhrif á líkamlega og andlega heilsu íbúa og dvalargesta stofnana. Þetta á bæði við um útsýni sem og beinan aðgang að svæðum utandyra. Þess vegna er lögð áhersla á að umhverfi stofnana verði hannað með þarfir notenda þeirra í huga og að jafnframt verði hugað að útsýni frá vistarverum þeirra. Sérstök áhersla skal lögð á notkun náttúrulegra efna, eins og trjá- og blómgróðurs, dýralífs og vatnsyfirborðs. Jafnframt skal reynt að tryggja útsýni til sjávar, fjalla, gróðursvæða, sem og útsýni yfir svæði þar sem búast má við fólk við leik og störf. Mikill kostur er ef útisvæðið dregur einnig að sér gesti og blómlegt mannlíf.

Tryggja skal möguleika allra til fullrar þátttöku í samfélaginu, óháð aldri, kyni, færni eða uppruna. Stefnt er að því að Bolungarvík verði bær með aðgengi fyrir alla. Forðast skal, eins og kostur er, aðgreiningu aðgengis eftir færni einstaklinga en miða heldur lausnir við að allir geti nýtt sér aðalinngang og megingönguleiðir.

*Stefnunni er fylgt eftir með því að festa í sessi ákvarðanir um landnotkun, svo sem á miðsvæði M-1. Markmiðin hér fyrir ofan eru leiðbeinandi við þróun viðkomandi svæða skv. nánari útfærslu í deiliskipulagi og hönnun.*

### Helstu stefnubreytingar

Meginstefnan er sú sama og í fyrra aðalskipulagi. Helsta breytingin fellst í flutningum á þjónustu (heilsugæslunni).

### Umhverfisáhrif stefnu

Stefna um heilbrigðismál, öryggi og málefni aldraðra hefur jákvæð áhrif á hagræna og félagslega þætti og verulega jákvæð áhrif á heilsu og öryggi og innviði og aðgengi. Áhrifin á náttúrufarslega þætti eru óveruleg. Stefnan gerir ráð fyrir að heilbrigðisþjónusta og þjónusta við aldraða og íbúðir fyrir aldraða verði byggð á miðsvæðinu, í góðum göngutengslum við aðra þjónustu. Þetta er líklegt til að styrkja miðsvæðið, glæða það lífi og auka lífsgæði íbúanna í Bolungarvík.

## 12 ÚTIVIST, ÍPRÓTTIR OG SKÓGRÆKT

Hér er fjallað um almenna útivist, leiksvæði, íþróttir og önnur græn svæði. Einnig er fjallað um útivist á óbyggðum svæðum.

### 12.1 ÚTIVIST OG GRÆN SVÆÐI

Útivist af ýmsum toga hefur almennt aukist á Íslandi síðustu árin. Fjölbreytnin hefur aukist jafnt og þétt en einnig er um tískusveiflur að ræða. Áhugi á útivist tengist m.a. breytingum á viðhorfi og breyttum lífsgildum þar sem meira er horft til heilsu. Í Bolungarvík er í gangi heilsuefningarverkefnið Heilsuþæringin.

Í skipulagsgerð er vaxandi meðvitund um áhrif hins byggða umhverfis á andlega og líkamlega heilsu og vellíðan. Koma þar margir þættir til, svo sem aðgengi að vönduðum almenningsrymum og aðstaða til göngu og hjólreiða í daglegu lífi. Einnig aðgengi að villtri náttúru og grænum svæðum, sem og heilnæmi umhverfis. Möguleikar til útivistar eru góðir í Bolungarvík, vegna fjölbreytileika í náttúru- og búsetulandslagi. Sveitarfélagið er ekki víðfeðmt en innan þess eru aðgengilegar sandfjörur, ár, stöðuvatn, góð berjalönd, fjöll og heiðar; allt í göngufæri frá þéttbýlinu. Að auki eru sveitabýli í mikilli nálægð við þéttbýlið, en þau setja svip sinn á landslagið í Víkinni og auka fjölbreytileikann. Í Skálavík er vinsælt útivistarsvæði en byggð hefur lagst þar af.

Skógræktarsvæði er neðan Þjóðólfsvegur. Komið hefur verið fyrir skemmtilegum skokkstíg frá skógræktarsvæðinu að íþróttamiðstöðinni og þverar hann Hólsánnu á tveimur stöðum. Unnið er að gerð útivistarsvæðis á og við snjóflóðagarðinn undir Traðarhyrnu. Vísar að skrudgöörðum eru beggja vegna Aðalstrætis, austan Vitastígs.

### Íþróttir

Knattspyrnuvöllur og æfingasvæði eru sunnan kirkjugarðsins og hreystivöllur við Grunnskóla Bolungarvíkur. Í Syðridal er níu holu golfvöllur sem tekinn var formlega í notkun árið 2002. Syðridalsvöllur er strandvöllur umlukinn

sandhólum og melgresi. Vorið 2016 var einnig tekinn í notkun frísbíggvöllur í Bernódusarlundi í Bolungarvík. Völlurinn er með 9 körfur og 2 teiga á hverri braut.

Gömul skíðalyfta, sem ekki hefur verið gangsett í mörg ár, er í Traðarhyrnu við innri enda snjóflóðagarðs. Skíðalyftan er líklega, skv. álit Veðurstofu Íslands, á snjóflóðahættusvæði C. Skv. reglugerð nr. 636 / 2009 flokkast skíðasvæðið sem lítið og því ber rekstraraðilum að gera áætlun um daglegt eftirlit vegna snjóflóða, verði lyftan ræst að nýju. Stutt er í öflugt Skíðasvæði í Tungudal í Skutulsfirði.

Hesthúsahverfi er undir Erninum austanverðum. Skv. hættumati er hesthúsahverfið allt innan snjóflóðahættusvæðis C. Þar hafa margsinnis fallið snjóflóð sem hafa stundum valdið tjóni. Staðsetningin takmarkar aðgengi að svæðinu yfir vetrartímann. Fyrir liggur ákvörðun í eldra aðalskipulagi um að ný hesthúsabyggð rísi austar á öruggara svæði. Deiliskipulag fyrir hesthúsabyggðina hefur verið samþykkt í bæjarstjórn.



Mynd 12.1 Syðridalsvöllur. Golfvöllur í Bolungarvík.

### Leiksvæði

Leiksvæði eru við grunnskólann og leikskólann en auk þess er leikvæði á horni Höfðastígs og Aðalstrætis sem hefur nú fengið nýtt líf með tilkomu svokallaðs ærslabelgs.

## Gildi útivistar

Í dag einkennist líf fólks af hraða, spennu og flóknum samskiptum manna á milli. Breytingar sem átt hafa sér stað í samfélögum og miklar kröfur sem gerðar eru til einstaklinga og fjölskyldna hafa leitt af sér aukið álag og streitu. Gert er ráð fyrir að streitutengdir sjúkdómar verði ríkjandi heilsuvandamál næstu áratugina. Langvarandi streita leiðir til margvíslegra skaðlegra breytinga á hjarta- og æðakerfi líkamans, auk taugaskemmda, meltingarfærarsjúkdóma og svefntruflana. Þá fylgja oft geðrænir sjúkdómar í kjölfarið, eins og þunglyndi og kvíði.

Rannsóknir sýna að dvöl á grænum svæðum minnkar streitu og hefur jákvæð áhrif á andlega líðan fólks.<sup>57</sup>

Hreyfing í heilnæmu umhverfi ríku af náttúruþyrirbærum, s.s garðar, almenningsvæði, skógar og óspillt náttúra, hefur jákvæð áhrif bæði á andlega og líkamlega heilsu fólks. Í náttúrunni er að finna umhverfi sem veitir ómeðvitaða slökun og andlega hvíld ásamt því sem dagsbirtan og hreina loftið bætir líðan. Allt sem einstaklingurinn upplifir í umhverfinu hefur áhrif á vellíðan hans og heilsu, bæði andlega og líkamlega.

Mikilvægt er því að allir hafi aðgengi að grænu svæði ásamt möguleikum á að nýta það, hvort sem það eru börn, eldra fólk eða aðrir sem eiga við einhvers konar skerðingar að stríða. Hafa þarf í huga að ákveðnir hópar fólks eiga á hættu að einangrast ef ekki er hugað að aðgengi að náttúru í öllu skipulagi. Þá staðfesta rannsóknir einnig að regluleg hreyfing gegnir lykilhlutverki fyrir heilsu og vellíðan alla ævi. Hún minnkar líkurnar á flestum langvinnnum sjúkdómum og ávinningurinn af því að hreyfa sig takmarkast ekki við að fyrirbyggja sjúkdóma eða halda þeim í skefjum heldur eykur hreyfing líkamshreysti, vellíðan og lífsgæði almennt.

Skógar landsins henta vel til útivistar. Þar er að finna skjól gegn vindum, hlýlegt og fjölbreytt umhverfi, líffræðilega fjölbreytni, náttúruupplifun og jafnvel góða innviði fyrir almenna notkun. Rannsóknir sýna að dvöl í skógi,

m.a. bætir ónæmiskerfið, lækkar blóðþrýsting, minnkar stress, bætir geð, eykur einbeitingu og bætir svefn.

## Markmið og stefna – Útivist og græn svæði

### Markmið

- ◆ Aðalskipulag Bolungarvíkur stuðli að gæðum í hinu byggða umhverfi hvað varðar samspil byggðar, útivistarsvæða, atvinnusvæða, bæjarrýma og ferðamáta.
- ◆ Uppbygging útivistarsvæða stuðli að heilsueflingu í anda Heilsuþjáfarins.
- ◆ Aðgengi verði fyrir alla að íþrótt- og útivistarsvæðum bæjarins.
- ◆ Aðstaða verði bætt á leiksvæðum og þeim fjölgað.
- ◆ Tryggja varðveislu náttúrunnar sem útivistarsvæðis.

### Útfærsla stefnu

Aðalskipulagið leggur áherslu á að öll uppbygging í samfélaginu taki mið af markmiðum heilsueflingarverkefnisins Heilsuþjáfarinn Bolungarvík.

Gert er ráð fyrir þremur aðalleiksvæðum, þ.e. núverandi leiksvæði á horni Höfðastígs og Aðalstrætis og lóðir grunnskólans og leikskólans Glaðheima. Allar íbúðir í þéttbýli verða þá í innan við 500 m frá aðalleiksvæði. Að auki er gert ráð fyrir minni nærleiksvæðum sem skulu vera innan við 200 m fjarlægð frá íbúðum. Nærleiksvæði eru almennt ekki sýnd á uppdrætti. Opin svæði í eldri íbúðarhverfum er einnig hægt að nýta sem leiksvæði. Lögð er áhersla á að leiksvæði barna hvetji til útivistar og hollrar hreyfingar og miða ber að því að svæðin nýtist öllum íbúum hverfisins til samveru. Mikilvægt er að varðveita náttúrulegt landslag og nýta náttúruleg leiktæki eins og kostur er.

<sup>57</sup> Stigsdotter og Grahn, 2002.

Huga skal að öruggum aðkomuleiðum að leiksvæðum og ávallt skal miða við aðgengi fyrir alla.

Lögð er áhersla á að bæta og fjölga göngu- og hjólaleiðum, þannig að þær hvetji til útivistar en verði jafnframt raunhæfur valkostur sem samgönguleið. Nánar er fjallað um göngu- og reiðleiðir í kafla um samgöngur. Við varnargarðinn undir Traðarhrynu er útivistarsvæði, í samræmi við gildandi deiliskipulag.

Varðveita skal náttúru þeirra svæða sem henta vel til útivistar. Á meðal þessara svæða eru Hólsá innan þéttbýlis og nánasta umhverfi hennar, Morðingjamýri, sandfjaran milli Ósvarar og þéttbýlisins, fjörur í Skálavík, Ósá og Skálavíkurlá, Syðridalsvatn og góð berjalönd. Uppbygging á slíkum svæðum skal miðast við að skerða ekki gæði þeirra, en huga skal að aðgengi fyrir alla þar sem það er kostur.

Grunnatvinnuvegir eins og sjávarútvegur og landbúnaður eru mikilvægir þættir í umhverfi íbúa í Bolungarvík. Ásamt náttúrunni skapar nálægð atvinnuveganna við íbúðarbyggð sérstöðu og auðgar útivistarmöguleika í sveitarfélaginu. Aðalskipulagið leggur áherslu á að varðveita þessa sérstöðu og tryggja að íbúar og gestir geti áfram fylgst með atvinnulífi bæjarins. Það verður gert með góðu aðgengi gangandi vegfarenda um hafnarsvæðin og sveitina.

Nægt landrými er fyrir íþróttamannvirki á núverandi íþróttasvæði sunnan þéttbýlisins. Gert er ráð fyrir möguleikum til að bæta aðstöðuna þar og byggja upp öflugt íþróttasvæði með viðeigandi mannvirkjum, s.s. áhorfendapalla eða hús með aðstöðu fyrir knattspyrnuíðkun. Lögð er áhersla á að bæta göngutengingu milli þéttbýlisins og íþróttasvæðisins og tryggja aðgengi fyrir alla að mannvirkjum.

Gert er ráð fyrir áframhaldandi uppbyggingu golfvallar á núverandi stað, með möguleikum á stækkun innan svæðis sem skilgreint er til sérstakra nota. Tryggja ber að golfíðkun hafi ekki neikvæð áhrif á aðra landnotkun, svo sem landbúnað, hestamennsku eða aðra útivist á svæðinu.

Hesthúsabyggðin verður flutt af snjóflóðahættusvæði C og yfir á öruggara svæði fjær Erninum (merkt ÍP-3 á skipulagsupprætti). Þar verður jafnframt

rými fyrir annars konar frístundabúskap. Önnur mannvirki, m.a. skeiðvöllur og gerði, verða áfram nýtt á núverandi stað. Huga ber uppbyggingu í samræmi við hættumat og taka skal tillit til ásýndar og annarrar nýtingar. Gömlu hesthúsin verða tekin úr notkun fyrir lok skipulagstímabilsins. Gert er ráð fyrir að hægt verði að nýta þau sem geymslur með lágmarksviðveru fólks. Fjallað er um reiðleiðir í kafla um samgöngur.

Á milli Ósár og nyrðri enda gömlu flugbrautarinnar, ofan fjörunnar, er gert ráð fyrir svæði fyrir akstursíþróttir. Svæðið er þegar raskað en mikilvægt er að lágmarka hagsmunaárekstra sem geta skapast á milli þeirra sem nýta þetta svæði.

Mikilvægt að taka tillit til hljóðvistar og ljósvistar við ákvarðanatöku, sbr. kafla um gæði byggðar.

*Stefnan er útfærð með afmörkun svæða fyrir fyrir íþróttasvæði og opin svæði til sérstakra nota á uppdrætti og viðeigandi skipulagsákvæðum. Það eru svæði fyrir ÍP-1 til og með ÍP-5 og OP-1 til og með OP-6. Stefnan er einnig útfærð í kafla um samgöngur fyrir göngu-, hjóla- og reiðleiðir.*

*Á hverfisvernduðum svæðum gilda sérstök ákvæði til verndar náttúru og menningarminjum.*

### **Helstu stefnubreytingar**

Meginstefnan er sú sama og í fyrra aðalskipulagi. Helst má nefna að nú er lögð ríkari áhersla en áður á útivist og þá jákvæðu þætti sem hún hefur á samfélagið og einstaklinga.

### **Umhverfisáhrif stefnu**

Stefna um útivist og græn svæði, með áherslu á íþróttir, heilsueflingu og opin svæði til útivistar, er líkleg til að hafa veruleg jákvæð áhrif á heilsu og öryggi íbúa í Bolungarvík og stuðla að heilbrigðu lífern og vellíðan. Áhrifin á loftslagsmál eru óveruleg, en heilt yfir er stefnan líkleg til að auka tengsl íbúa við náttúru og menningu svæðisins.

## 12.2 SKÓGRÆKT OG TRJÁRÆKT

Í *Landsskipulagsstefnu 2015-2020* er áhersla á að skipulag landnotkunar stuðli að möguleikum á fjölbreyttri og hagkvæmri nýtingu landbúnaðarlands í sátt við umhverfið. Landi sem hentar vel til ræktunar verði almennt ekki ráðstafað til annarra nota með óafturkræfum hætti. Val á svæðum til skógræktar og stefna um þau taki mið af því að skógrækt falli vel að landi og að eftir því sem við á séu samþætt sjónarmið skógræktar, annars landbúnaðar og útivistar.

Skógrækt leiðir til breytinga á umhverfinu og getur haft áhrif á gróðurfar, landslag, veðurfar, samfélag og svæði sem njóta verndar, t.d. vegna vatns, náttúrufars eða söguminja.

Öll ræktun útlendra tegunda hér á landi er óheimil á friðlýstum svæðum, á jarðmyndunum og vistkerfum er njóta sérstakrar verndar og alls staðar ofan 500 m h.y.s., sbr. reglugerð nr. 583/2000 um innflutning, ræktun og dreifingu útlendra plöntutegunda.

Minni háttar skógrækt hefur verið utarlega í Skálavík og auk þess nokkur trjárækt innan við þéttbýlið í Bolungarvík. Engir jarðeigendur í Bolungarvík hafa gert samning um landshlutaverkefni í skógrækt á vegum Skógræktarinnar.

Fjallað er um gróður, jarðveg og rof í kafla 6. Gróðurfar og dýralíf. Þar kemur m.a. fram að jarðvegur er mjög viðkvæmur á þessu brattlenda svæði en mikið rof er þó ekki mjög útbreitt.

Skógrækt, uppgræðsla lands og ruðningur á náttúrulegum skógi kann að vera háð mati á umhverfisáhrifum (tilkynningarskyld) samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum. Öll meiri háttar skógrækt er háð framkvæmdaleyfi sveitarstjórnar, hvort sem hún fellur undir lög um mat á umhverfisáhrifum eða ekki. Felling skóga eða hluta þeirra er, skv. 18. gr. laga um skóga og skógrækt nr. 33/2019, óheimil nema með leyfi Skógræktarinnar.

## Markmið og stefna – Skógrækt og trjárækt

### Markmið

- ♦ Sköpuð verði skógarauðlind til útivistar og til atvinnusköpunar.
- ♦ Skógrækt skerði ekki önnur náttúruleg gæði eða hafi neikvæð áhrif á aðrar atvinnugreinar.
- ♦ Ágengar tegundir, eins og skógarkerfill og lúpína, verði ekki nýttar utan skrudgarða og útbreiðsla þeirra verði heft.

### Útfærsla stefnu

Aðalskipulagið gerir ráð fyrir skógrækt til útivistar og atvinnusköpunar. Jafnframt er skógrækt jákvæð í baráttunni gegn loftslagsbreytingum. Gæta skal þess að skógrækt hafi ekki neikvæð áhrif á náttúruleg gæði, svo sem gróðurfar og búsvæði, sem og menningarminjar eða aðrar atvinnugreinar.

Mikilvægt er að farið sé varlega með innfluttar tegundir innan sveitarfélagsins. Sumar tegundir, s.s. skógarkerfill og lúpína, geta verið mjög ágengar og rutt náttúrulegum gróðri og vistkerfum úr vegi. Þessar tegundir breyta ásýnd landsins og erfitt getur reynst að halda þeim í skefjum eða uppræta þær. Hefta þarf útbreiðslu ágengra tegunda og jafnvel uppræta þær sem þegar eru komnar. Til að bæta ræktunarskilyrði á landbúnaðarlandi með skóg- og skjólbeltarækt skal leggja áherslu á að skerða ekki gott landbúnaðarland.

Gert er ráð fyrir áframhaldandi trjárækt við þéttbýlið, til prýðis og skjóls. Skógrækt er möguleg á landbúnaðarsvæðum og opnum svæðum. Í landi Hanhóls er gert ráð fyrir skógrækt og er þar skilgreint skógræktar- og landgræðslusvæði.

Við ákvörðun um staðsetningu og stærð skógræktarsvæða sem eru framkvæmdaleyfisskyld eða á hverfisvernduðum svæðum skal greina áhrif skógræktar. Matsblað er að finna í viðauka í aðalskipulaginu. Við afgreiðslu



framkvæmdaleyfis skal sérstaklega hugað að áhrifum á landbúnað og landbúnaðarsvæði. Jafnframt er æskilegt að leita samráðs við Skógræktina.

Leggja skal áherslu á góðar tengingar og gott samræmi á milli skógræktar, útivistar og ferðaþjónustu.

*Stefnan er útfærð með því að tilgreina lágmarksfjarlægðir á milli skógræktar og annarra takmarkandi þátta.*

### ***Helstu stefnubreytingar***

Meginstefnan er sú sama og í fyrra aðalskipulagi.

### ***Umhverfisáhrif stefnu***

Skógar geta laðað að sér fólk og haft jákvæð áhrif á andlega og líkamlega heilsu einstaklinga. Gæta þarf þó að mögulegum neikvæðum áhrifum á náttúruleg gæði svæðisins. Skógrækt hefur jákvæð áhrif í baráttunni gegn loftslagsbreytingum.




**INNVIÐIR**

## MEGINMARKMIÐ INNVIÐIR

- ◆ Innviðir þjóni atvinnulífi og auki lífsgæði íbúa, þannig að sveitarfélagið verði samkeppnishæft við önnur sveitarfélög á landinu.
- ◆ Sjálfbær þróun og vistkerfisnálgun verði höfð að leiðarljósi við uppbyggingu innviða.

## 13 VEITUR OG FJARSKIPTI

Í þessum kafla er fjallað um fjarSKIPTI og veitur, þ.e. vatnsveitu, hitaveitu, fráveitu og rafveitu.



Mynd 13.1 Veitur og fjarSKIPTI í Bolungarvík.

### 13.1 VEITUR

Til veitna teljast stofn- og dreifikerfi veitna, s.s. vatnsveita, hitaveita, rafveita, fjarSKIPTI og fráveita. Í aðalskipulagi skal gera grein fyrir þegar byggðum og fyrirhuguðum stofnkerfum veitna, þ.e. flutningskerfi, frá upptökum að dreifikerfi.

Í Landsskipulagsstefnu 2015-2026 er fjallað um veitur í kafla um Gæði hins byggða umhverfis. Þar kemur fram að „við skipulagsgerð sveitarfélaga verði stuðlað að heilnæmi umhverfis með viðeigandi ráðstöfunum varðandi vatnsvernd, vatnsveitu, fráveitu, úrgangsmæðhöndlun, hljóðvist og

*loftgæði*“. Gera þurfi ráð fyrir landrými, aðstöðu og aðgerðum til að tryggja vatnsból, fráveitu og aðra þætti sem varða heilnæmt umhverfi og skoða möguleika á sjálfbærum eða blágrænum ofanvatnslausnum.

## Rafveita

Landsnet rekur stofnlínakerfi á Vestfjörðum ásamt Orkubúi Vestfjarða. Dreifikerfi raforku og hitaveitu í Bolungarvík er í höndum Orkubúsins.

Á norðanverðum Vestfjörðum er 66 kV kerfi sem tengir Ísafjörð, Bolungarvík, og Breiðadal við flutningskerfið. Frá Hrutatungu í Hrutafirði liggur 132 kV lína að tengivirki við Mjólkárvirjun en þar er tengipunktur svæðisins við meginflutningskerfið. Þessar línur eru allar í eigu Landsnets. Orkubú Vestfjarða á dreifilínur sem liggja frá Mjólká í Breiðadal og áfram til Bolungarvíkur. Annars vegar liggur Bolungarvíkurlína 1 (66 kV) frá Breiðadal og niður í Syðridal og hins vegar liggur Bolungarvíkurlína 2 (66 kV) niður í botn Skutulsfjarðar og áfram þaðan í jörðu í gegnum Bolungarvíkurgöng og að tengivirkinu inn á Sandi sunnan byggðarinnar.

Afhendingaröryggi raforku á Vestfjörðum hefur lengi verið lakara en víðast annars staðar á landinu. Til að bæta afhendingaröryggið hafa á síðustu árum þó verið gerðar ýmsar endurbætur á kerfinu. Ný varafsstöð í Bolungarvík var tekin í notkun árið 2015 og Bolungarvíkurlína 2 var endurnýjuð sem jarðstrengur. Spennuafli var aukið í Mjólká og tengivirki í Bolungarvík og á Ísafirði hafa veri endurnýjuð, sem og fleiri raflínur á Vestfjörðum. Trufanir á raforku geta haft talsverðan samfélagslegan kostnað í för með sér og haft neikvæð áhrif á rekstrarumhverfi fyrirtækja sem og óþægindi fyrir einstaklinga.

Nánast allt rafmagn sem afhent er í sveitarfélaginu er frá endurnýjanlegum orkugjöfum. Hlutfall orku frá smærri virkjunum hefur aukist verulega síðustu ár. Vestfirðir eru töluvert frá því að vera sjálfbærir með raforku en orkuframleiðslan er um 40% af orkuþörfinni. Búast má við aukinni raforkunotkun og breytingum á innviðum samfara orkuskiptum í

samgöngum en það er eitt af því sem stjórnvöld hafa lagt áherslu á til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda.

Ljóst er að framtíðarlausnir felast í styrkingu flutningslína og mögulega frekari framleiðslu á raforku innan Vestfjarða. Á Vestfjörðum er unnið að undirbúningi frekari virkjana.

Í Kerfisáætlun Landsnets 2019-2028 er fjallað um úrbætur á svæðisbundnu flutningskerfi og á meginflutningskerfinu en einnig möguleika á að hringtengja flutningskerfið á Vestfjörðum og þannig tryggja betur raforkuflutning frá landskerfinu. Ekki er gert ráð fyrir slíkri hringtengingu á gildistíma áætlunarinnar en hins vegar er gert ráð fyrir styrkingu á raforkukerfinu á sunnanverðum Vestfjörðum.

Vestfirsk sveitarfélög hafa gert þá kröfu að kerfisáætlun taki til umfjöllunar hvernig byggja megi upp flutningskerfi raforku á Vestfjörðum. Þau krefjast þess að orka verði afhent með svokallaðri N-1 tengingum innan þéttbýlis og nágrennis þeirra. Stefna vestfirskra sveitarfélaga er að uppbygging kerfisins sé samkeppnishæf við aðra landshluta í samræmi við þingsályktun nr. 26/148. Svæðið þarf að vera samkeppnisæft til að taka við aukinni framleiðslu á raforku innan Vestfjarða og geta afhent raforku til stærri notenda í og við þéttbýli á Vestfjörðum.

Algengara er að jarðstrengir séu lagðir í jörðu nú en áður til að draga úr sjónrænum áhrifum og auka afhendingaröryggi. Áhrifin fara þó talsvert eftir landslaginu og landfræðilegum aðstæðum hverju sinni. Í sumum tilvikum kunna loftlínur að valda minna raski en jarðstrengir. Jarðstrengir hafa einnig tæknilega annmarka sem tengjast spennubreytingum og því er einungis hægt að leggja takmarkaða vegalengd af þeim innan hvers svæðis. Loftlínur þurfa því einnig að koma við sögu.

Loftlínur utan þéttbýlis, til flutnings á raforku með 66 kV spennu eða hærri, eru ávallt háðar mati á umhverfisáhrifum. Það á einnig við um sæstrengi sem eru með 132 kV spennu eða hærri og eru 20 km eða lengri. Flutningskerfi raforku með jarðstrengjum, sem eru 10 km eða lengri og utan þéttbýlis, sæstrengir, og flutningur raforku með loftlínunum um verndarsvæði, eru

tilkynningaskyld til Skipulagsstofnunar sem úrskurðar hvort þörf sé á umhverfismati.

Samkvæmt reglugerð um raforkuvirki nr. 678/2008 skal af öryggisástæðum skilgreina lágmarksfjarlægðir raflína til annarra mannvirkja. Helgunarsvæði háspennulína er skv. ÍST EN 50341-1:2001 og EN 50341-3-12:2001 og ákvarðast af kennistærðum línunnar. Gildir sú ákvörðun ef fjarlægð skal vera meiri en tilgreind er í ofangreindum köflum. Dæmigerð breidd helgunarsvæðis meðfram 66 kV háspennulínu er 25 m og 35-45 m fyrir 132 kV línu. Innan helgunarsvæðis háspennulína gildir byggingarbann sem felst í að á því svæði er óheimilt að reisa mannvirki og skógrækt er takmörkunum háð, sbr. töflu 16.4, en ýmis önnur landnotkun er leyfð. Við jarðstrengi er öryggissvæði innan 1,5 m fjarlægðar frá ysta streng og þar eru allar framkvæmdir bannaðar.

### Vatnsveita

Neysluvatn fyrir Bolungarvík kemur úr Hlíðardal og hefur vatnsverndarsvæði verið afmarkað (mynd 4.1 í kafla 4). Dæluhús eru í Hlíðardal og Tungudal. Neysluvatnið er hreinsað með geislun en ómeðhöndlað stenst vatnið ekki gæðakröfur. Minni einkaveitur eru fyrir stök býli í dreifbýli.

Í lögum nr. 93/1995 um matvæli og neysluvatnsreglugerð nr. 536/2001 er fjallað um starfsleyfi vegna vatnsveitu. Miðað er við að eftirlit sé með neysluvatni vatnsveitna þar sem íbúafjöldi er 20 eða meira. Ekki er sérstakt eftirlit á sveitarbæjum, nema þar sem fram fer matvælastarfsemi, gisting, veitingasala, fiskvinnsla, kúabú eða annað sambærilegt. Minni einkaveitur fyrir stök býli og minni svæði í dreifbýli eru ekki með skilgreint vatnsverndarsvæði og ekki sýnd á skipulagsuppdrætti. Nánar er fjallað um vatnsverndarsvæði í kafla 4.

### Hitaveita

Upphitun húsnæðis og neysluvatnsnotkun í Bolungarvík á sér stað með endurnýjanlegum orkugjöfum að stærstum hluta. Um er að ræða beina rafhitun í viðkomandi húsi eða rafkynta hitaveitu sem saman stendur af kyndi- og dælustöð og hitaveitudreifikerfi til notenda. Rafkatlar hita vatnið í kyndistöðinni og olúkatlar eru notaðir sem varaafli þegar raforkuskortur er.

Á gildistíma fyrra aðalskipulags var jarðhitaleit á vegum Orkubús Vestfjarða, m.a. í landi Gils í Syðridal. Leitin bar ekki árangur en ekki hafa verið teknar ákvarðanir um frekari leit.

### Fráveita

Reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólþ hefur það markmið að vernda almenning og umhverfið gegn mengun af völdum skólps, en einnig að koma á samræmdri og kerfisbundinni söfnun, meðhöndlun og hreinsun skólps frá íbúðabyggð og tilteknum atvinnurekstri. Frá íbúðabyggð berast lífræn efni, næringarefni og gerlar. Frá iðnaði geta auk þess borist ýmis önnur efni, s.s. olíuefni, þungmálmar og þrávirk lífræn efni. Hér á landi er miðað við að fjöldi hitapolinna kólígerla, saurkólígerla eða saurkokka skuli vera undir 1.000 pr. 100 ml utan þynningarsvæðis en undir 100 pr. 100 ml þar sem útivistarsvæði eða matvælaíðnaður er í grennd (skv. reglugerð nr. 798/1999).

Sjórinn er viðtaki skólps frá Bolungarvík og hann þynnir það og eyðir því. Engin hreinsun á sér stað áður en skólpið rennur til sjávar. Útrásir fráveitu frá íbúðabyggð, iðnaði og annarri starfsemi liggja í sjó á beltum sem nær norður og suður fyrir hafnarmannvirkin.

Skv. skýrslu Náttúrustofu Vestfjarða um skólpmengun<sup>58</sup>, reyndist mengun í viðtaki skólps á svæðinu almennt vera innan viðmiðunarmarkna fyrir útivistarsvæði. Nánast allur iðnaður á svæðinu er matvælaíðnaður, þannig að um mjög takmarkaða efnamengun er að ræða. Um 90% af lífrænum efnum í skólpi reyndist vera frá iðnaði og aðeins 10% frá heimilum. Niðurstöður framkvæmdaáætlunar um varnir gegn mengun sjávar, sýna

<sup>58</sup> Anton Helgason og fleiri, 2002.

einnig að hafið umhverfis Ísland er góður viðtaki og að með hreinsun má halda skólpmengun í lágmarki.

## Markmið og stefna - Veitur

### Markmið

- ◆ Afhendingaröryggi raforku verði sambærilegt við önnur sveitarfélög á landinu.
- ◆ Hægt verði að mæta aukinni orkuþörf.
- ◆ Hlutfall endurnýjanlegra orkugjafa í orkunotkun verði sem hæst og stuðlað verði að aukinni orkunýtni.
- ◆ Hugað verði að orkuskiptum í samgöngum við skipulagsgerð og aðra ákvarðanatöku.
- ◆ Allir íbúar og fyrirtæki hafi ávallt nægan aðgang að heitu vatni og ómenguðu köldu vatni.
- ◆ Fráveita sveitarfélagsins verði í samræmi við þarfir samfélagsins og lög og reglugerðir.
- ◆ Tryggt verði að veitulagnir spilli ekki verðmætum náttúrusvæðum og að frágangur þeirra verði til fyrirmyndar.

### Útfærsla stefnu

Stefnt skal að því að raflínur verði lagðar í jörðu þar sem þess er kostur. Mikilvægt er að allar lagnir falli vel að landslagi og verðmætum náttúrusvæðum verði hlíft eins og kostur er. Æskilegt er að línur liggja meðfram vegum þar sem land er þegar raskað. Virða skal helgunarsvæði og stuðla að öryggi og tryggja gott aðgengi að línunum og möstrum.

Þá er mikilvægt að í öllum tilvikum verði gengið þannig frá að sem minnst ummerki verði á yfirborði landsins. Allt jarðrask skal lagað að aðliggjandi landslagi m.t.t. gróðurs, efnis og forma.

Innan helgunarsvæðis háspennulína er ekki heimilt að reisa mannvirki og ekki er gert ráð fyrir skipulagðri trjárækt innan þessa svæðis. Hvorki má grafa né byggja í minna en hálfsmetra fjarlægð sitt hvoru megin við ysta jarðstreng (tafla 13.1). Þetta fer þó eftir aðstæðum hverju sinni. Leitast skal við að hækka ekki yfirborð lands sem er undir háspennulínunum, án þess að grípa til viðeigandi ráðstafana. Jafnframt skal forðast að háspennulínur og vegir þveri hvort annað. Tryggja skal aðgengi að raflínunum og möstrum eins og kostur er til að hægt sé að sinna viðhaldi.

Gera skal ráð fyrir rými og aðgengi sem búnaður vegna dreifingar og afhendingar raforku krefst í deiliskipulagsáætlunum.

Bolungarvíkurlína 1 og 2 eru sýndar á skipulagsupprætti.

**Tafla 13.1 Rafveita og helgunarsvæði.**

Línustærð	Helgunarsvæði	Skipulagsákvæði
Jarðstrengur <i>Lágspenna</i>	1 m	Yfir strengskurði er óheimilt að byggja, grafa eða raska jarðvegi. Á landbúnaðarsvæðum er jarðvinna á efstu 0,30 m þó heimil.
Jarðstrengur <i>Háspenna</i>	2 m	Yfir strengskurði er óheimilt að byggja, grafa eða raska jarðvegi. Á landbúnaðarsvæðum er jarðvinna á efstu 0,30 m þó heimil.
Loftlína <i>11 kV</i>	10 m	Óheimilt að reisa mannvirki innan helgunarsvæðis.
Loftlína <i>66 kV</i>	25 m	Óheimilt að reisa mannvirki innan helgunarsvæðis.
Loftlína <i>132 kV</i>	35-45 m	Óheimilt að reisa mannvirki innan helgunarsvæðis.

Línustærð	Helgunarsvæði	Skipulagsákvæði
Loftlína 220 kV	65-85 m	Óheimilt að reisa mannvirki innan helgunarsvæðis.

Lögð skal áhersla á það að viðhalda eða auka gæði þess neysluvatns sem afhent er í sveitarfélaginu. Gert er ráð fyrir áframhaldandi rekstri og viðeigandi viðhaldi og uppbyggingu hitaveitu, eftir því sem þurfa þykir. Ekki er gert ráð fyrir því að ráðist verði í almenna uppbyggingu á veitum utan þéttbýlis.

Áhersla skal lögð á góðar mengunarvarnir fyrir skólþ frá iðnaði á svæðinu en með því næst viðunandi takmörkun á losun lífræns úrgangs í hafið. Stefnt skal að grófhreinsun í fráveitukerfinu. Allt skólþ frá þéttbýlinu skal leitt út fyrir höfnina, þ.e. utan við Brjótinn, þar sem viðtakinn ræður vel við þá mengun sem þangað berst. Sameina þarf fráveitulagnir. Gert er ráð fyrir grófhreinsistöð verði staðsett utan við Brjótinn (svæði AT-3).

Mannabústaðir skuli tengdir við fráveitur eða viðurkenndar rotþrær. Veitumannvirki skulu falla vel að landslagi og valda sem minnstu raski.

Uppfylla skal ákvæði laga og reglugerða um heilbrigðis- og hollustuhætti. Í því sambandi er vísað til reglugerðar um fráveitur og skólþ nr. 798/1999.

Mikilvægt er að veitulagnir falli vel að landslagi og verðmætum náttúrusvæðum verði hlíft eins og kostur er. Í öllum tilvikum skal gengið þannig frá að sem minnst ummerki verði á yfirborði landsins. Allt jarðrask skal lagað að aðliggjandi landslagi m.t.t. gróðurs, efnis og forms. Fyrirvari er gerður um legu veitulagna á uppdrætti vegna skorts á upplýsingum og mælikvarða korts.

Tafla 13.2 Lágmarksfjarlægð framkvæmdasvæða frá veitulögnum.

Takmarkandi þáttur	Lágmarks fjarlægð	Skipulagsákvæði
Skógrækt	Háspennulínur Breytileg, sjá töflu 16.3	Skógrækt er ekki heimil innan uppgefinna marka, sbr. kafla um Skógræktar- og landgræðslusvæði.
	Jarðstrengir og aðrar veitulagnir 1,5 m	
Frístundahús	Háspennulínur 25 m	Taka skal tillit til lágmarksfjarlægðar við staðsetningu frístundahúsa, sbr. kafla um Frístundahús.
	Jarðstrengir 8 m Aðrar veitulagnir 4 m	
Uppbygging á landbúnaðarsvæðum	Háspennulínur 25 m	Taka skal tillit til lágmarksfjarlægðar við alla uppbyggingu á landbúnaðarsvæðum. Undantekning eru byggingar tengdar veitum, sbr. kafla um Landbúnaðarsvæði.
	Jarðstrengir og aðrar veitulagnir 4 m	

Stefnan er útfærð með því að setja stofnleiðir raflína og annarra veitulagna inn á skipulagsuppdrátt. Jafnframt eru sett skipulagsákvæði um megin veitumannvirki þar sem veitulagnir tengjast þeim.



### Almenn ákvæði

Virða skal helgunarsvæði og tryggja aðgengi að línunum og möstrum vegna viðhalds.

Virða skal öryggissvæði jarðstrengja og annarra lagna og tryggja nægt athafnasvæði utan við það.

Mikilvægt er að allar lagnir falli vel að landslagi og verðmætum náttúrusvæðum verði hlíft eins og kostur er. Ganga skal frá yfirborði lands og allt jarðrask lagað að aðliggjandi landslagi m.t.t. gróðurs, efnis og forms.

### Sértæk ákvæði

Auðkenni	Lýsing	Skipulagsákvæði
VH-1	Bolungarvíkurlína 1 - 66 kV flutningslína, lengd 17,1 km. Liggur loftleiðina frá Breiðadal að tengivirki í Bolungarvík. Afar há truflanatíðni er á línunni.	Gert ráð fyrir því að línan verði lögð í jörðu þar sem kostur er. Ávallt skal leitast við að lágmarka neikvæð áhrif á umhverfið við framkvæmdir.
VH-2	Bolungarvíkurlína 2 - 66 kV flutningslína, lengd 16,5 km. Jarðstrengur. Liggur frá Ísafirði í gegnum Bolungarvíkurgöng að tengivirki í Bolungarvík.	Ávallt skal leitast við að lágmarka neikvæð áhrif á umhverfið við framkvæmdir.

### Helstu stefnubreytingar

Meginstefnan er sú sama og í fyrra aðalskipulagi. Áfram er lögð rík áhersla á uppbyggingu innviða til að auka samkeppnishæfni Bolungarvíkur. Stefnan er útfærð nánar m.t.t. nýrri upplýsinga og þeirra áætlana og laga sem í gildi eru.

### Umhverfisáhrif stefnu

Innviðauppbygging og viðhald innviða hefur óhjákvæmilega einhver umhverfisáhrif. Ekki þarf þó að ráðast í viðamiklar endurbætur á innviðum á skipulagstímabilinu. Þær úrbætur sem fjallað er um í skipulaginu munu í mörgum tilfellum hafa jákvæð umhverfisáhrif. Má í því sambandi m.a. nefna úrbætur á fráveitu og lagningu raflínu í jörðu þegar það á við. Lögð er áhersla á endurnýjanlega orkugjafa og vandaðan yfirborðsfrágang á landi. Í heildina hefur stefna um veitur óveruleg áhrif á umhverfið.

### 13.2 FJARSKIPTI

Góðar fjarskiptatengingar eru mikilvægar fyrir eflingu svæðisins og í raun ein af grunnforsendum í uppbyggingu samfélagsins. Gott aðgengi að fjarskiptum er mikilvægt fyrir íbúa en hefur ekki síður mikil áhrif á rekstrarskilyrði fyrirtækja. Fjarskiptasamband á Vestfjörðum hefur verið lakara en á mörgum öðrum landsvæðum. Víða á Vestfjörðum hefur GSM-samband verið stopult og gæði nettenginga óviðunandi. Þar sem samkeppnishæfni svæða og íbúabyggða má meðal annars mæla út frá ástandi fjarskipta er líklegt að það hafi haft neikvæð áhrif á samkeppnisstöðu sveitarfélagsins gagnvart uppbyggingu atvinnulífs, nýsköpun og möguleikum til menntunar.<sup>59</sup>

Í stefnu stjórnvalda um fjarskipti (Þingsályktun um stefnu í fjarskiptum fyrir árin 2019-2033) er sett fram sú framtíðarsýn að *Ísland verði í fremstu röð með trausta og örugga innviði, öflug sveitarfélög, verðmætasköpun og framsækna þjónustu. Tækni tengi saman byggðir landsins og Ísland við umheiminn með umhverfissjónarmið í huga.*

<sup>59</sup> Fjórðungssamband Vestfirðinga, 2016.

Í lok árs 2019 voru um 82% íslenskra heimila tengd ljósleiðara en í stefnu stjórnvalda er gert ráð fyrir að aðgengi lögheimila og atvinnuhúsnæðis að ljósleiðara verði 99,9%.<sup>60</sup>

Seinnihluta árs 2016 var lokið við hringtengingu ljósleiðara á Vestfjörðum og er nú hægt að tengja heimtaugar við ljósleiðarann. Vonir eru bundnar við að atvinnulíf á Vestfjörðum muni eflast með komu ljósleiðara. Sjá má legu ljósleiðara á mynd 13.1

Stopult GSM símasamband og netsamband (4G / 3G) er á ákveðnum svæðum í dreifbýli í Bolungarvík, m.a. í Syðridal og í Skálavík.

Á Bolafjalli er ratsjár- og fjarskiptastöð sem rekin er af Landhelgisgæslunni. Stöðin var tekin í notkun árið 1992 og þangað lagður vegur. Tveir starfsmenn stöðvarinnar hafa fasta búsetu í Bolungarvík. Starfsemi ratsjár- og fjarskiptastöðvarinnar er veigamikill þáttur við framkvæmd þjóðréttarlegra skuldbindinga á sviði öryggis- og varnarmála. Jafnframt felast í starfsemi hennar mikilvægir hagsmunir vegna flugöryggis. Sjá nánari upplýsingar í Varnarmálalögum nr. 34/2008 og reglugerð um skipulags- og mannvirkjamál á öryggis- og varnarsvæðum, nr. 736/2008. Einnig er fjarskiptamastur við Óshólavita.

## Markmið og stefna - Fjarskipti

### Markmið

- ♦ Að öll heimili, fyrirtæki og opinberar stofnanir í sveitarfélaginu geti tengst háhraðaneti og treyst á örugga gagnaflutninga og góð fjarskipti.

### Útfærsla stefnu

Lögð skal áhersla á að öll heimili og fyrirtæki í sveitarfélaginu verði tengd háhraðaneti sem fyrst. Jafnframt er nauðsynlegt að efla farsímasamband og 4G netsamband í dreifbýli til að styrkja byggð þar og þjóna vaxandi umferð

og auknum fjölda ferðamanna. Við uppbyggingu fjarskipta á svæðinu skal miða við að þjónusta verði til jafns við það sem best gerist á landinu.

Þegar veituframkvæmdir eru fyrirhugaðar er mikilvægt að skoðaðir verði möguleikar á því að leggja ljósleiðara samhliða þeim. Lágmarka skal umhverfisáhrif ljósleiðara eins og kostur er, m.a. með vönduðum yfirborðsfrágangi á landi.

Við uppsetningu fjarskiptamastra skal hugað að sýnileika og afturkræfni framkvæmda og þess gætt að valda sem minnstum skaða á náttúrunni. Uppsetning fjarskiptamastra er háð útgáfu byggingarleyfis sem byggir á deiliskipulagi eða málsmeðferð grenndarkynningar. Umsóknir um nýjar staðsetningar farskiptamastra innan þéttbýlisins og á landbúnaðarsvæðum skal leggja fyrir sveitarfélagið og þarf ekki breytingu á aðalskipulagi. Í aðalskipulaginu er gert ráð fyrir frekari uppbyggingu fjarskipta en endurvarpsstöðvar eru þó ekki almennt sýndar á aðalskipulagsupprætti.

Gert er ráð fyrir að á Bolafjalli verði áfram starfrækt ratsjár- og fjarskiptastöð og auk þess er gert ráð fyrir frekari uppbyggingu og viðhaldi fjarskiptamannvirkja þar. Samræma þarf starfsemina við uppbyggingu tengda ferðaþjónustu, sbr. kafla um ferðaþjónustu. Nánari skipulagsákvæði eru útfærð fyrir landnotkunarreitinn VÖ-1 (kafla 16.20).

*Stefnan er útfærð með því að setja stofnleiðir fjarskiptalagna og afmörkun landnotkunar fyrir VÖ-1 inn á skipulagsupprátt og nánari ákvæði fyrir viðkomandi reit í greinargerð.*

### Helstu stefnubreytingar

Meginstefnan er sú sama og í fyrra aðalskipulagi. Uppbygging fjarskipta og veitna styður við þá uppbyggingu sem er fyrirhuguð til að auka lífsgæði íbúa og til eflingar ferðaþjónustu.

### Umhverfisáhrif stefnu

<sup>60</sup> Gagnaveita Reykjavíkur, 2019.

Innviðauppbýgging og viðhald innviða hefur óhjákvæmilega einhver umhverfisáhrif. Jákvæð áhrif uppbyggingar í fjarskiptakerfinu eru ótvíræð og afar mikilvæg til eflingar samfélagsins. Lögð er áhersla á góðan og vandaðan frágang við framkvæmdir.

## 14 SAMGÖNGUR

Í þessum kafla er fjallað um þróun og stefnu um samgöngumál og helstu áhrifaþætti, s.s. megingatnakerfi, ný samgöngumannvirki, almenningsamgöngur og vistvæna samgöngumáta. Fjallað er um hafnarsvæði í kafla 10.6.

Samgöngur eru ein af grunnforsendum búsetugæða og undirstaða öflugra atvinnu-, þjónustu- og menntakjarna. Meginmarkmið samgönguáætlunar eru að samgöngur skuli vera greiðar, hagkvæmar, öruggar, umhverfislega sjálfbærar og að þær stuðli að jákvæðri byggðaþróun. Samkvæmt skilgreiningu Byggðastofnunar eru þéttbýliskjarnarnir á norðanverðum Vestfjörðum innan eins vinnusóknarsvæðis með Ísafjörð sem miðstöð.<sup>61</sup> Í samgönguáætlun 2020-2034 eru fimm meginmarkmið skilgreind: Öruggar samgöngur, greiðar samgöngur, hagkvæmar samgöngur, umhverfisvænar samgöngur og jákvæð byggðaþróun. Í framtíðarsýn samgönguáætlunar segir: *Ísland er í fremstu röð með trausta innviði, öflug sveitarfélög, verðmætasköpun og framsækna þjónustu. Tækni tengir byggðir Íslands við umheiminn og jafnvægi við umhverfið.*

Miklar breytingar urðu í samgöngum á síðasta skipulagstímabili með tilkomu Bolungarvíkurganga. Á skipulagstímabilinu hefur einnig verið unnið að gerð göngustíga og eflingu almenningsamgangna á milli Bolungarvíkur og Ísafjarðar.

Um skilgreiningar vega og helgunarsvæða vega er fjallað í vegalögum nr. 80/2007.


Nýbygging og/eða breyting á eldri samgöngumannvirkjum er í mörgum tilvikum háð mati á umhverfisáhrifum og er vísað til laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.br.

*Stefnan er útfærð með almennum og sértækum skilmálum fyrir vegi og gatnakerfi og göngu-, reið og hjólaleiðir í ýmsum landnotkunarflokkum.*

<sup>61</sup> Byggðastofnun, 2015.

### 14.1 GÖNGU-, HJÓLA- OG REIÐLEIÐIR

Göngu- og hjólaleið er á gamla þjóðveginum meðfram golfvelliinum og gönguleið er á milli Þjóðólfsvegur og Hóls og alveg að Íþróttamiðstöðinni. Við snjóflóðavarnarvirkin undir Traðarhyrnu er net göngustíga. Gamli Óshlíðarvegurinn sem nú er aflagður er mikið notaður til göngu og hjólreiða. Aðrir vegir, s.s. Skálavíkurvegur og Syðridalsvegur, eru einnig mikið notaðir til göngu- og hjólaferða. Gönguleiðir eru mikið notaðar af bæjarbúum og gestum. Sjá einnig umfjöllun í kafla um útivist, íþróttir og skógrækt.



Mynd 14.1 Göngu-, hjóla- og reiðleiðir í dreifbýli.

Hestamennska hefur vaxið síðustu ár sem íþrótt- og tómstundagrein í sveitarfélaginu líkt og annars staðar á Íslandi. Hesthús og aðstaða fyrir hestamenn er undir Erninum á ofanflóðahættusvæði en tekin hefur verið ákvörðun um að færa hesthúsin út fyrir það svæði. Reiðleiðir liggja frá hesthúsasvæðinu, m.a. eftir gömlum aflögðum vegum, þ.m.t. Óshlíðarvegi. Á meðal reiðleiða í dreifbýli má nefna reiðleið í Skálavík og leiðir upp frá Syðridal og Tungudal.



Mynd 14.2 Helstu göngu- og hjólastígar í þéttbýli.

## Markmið og stefna - Göngu-, hjóla- og reiðleiðir

### Markmið

- ◆ Innan þéttbýlisins verði áhersla lögð á að gera net öruggra göngu- og hjólaleiða sem verði raunhæfur valkostur í samgöngum en einnig spennandi valkostur fyrir ferðamenn.
- ◆ Göngu- og hjólaleiðir verði aðlaðandi og í sem heilsusamlegustu umhverfi.
- ◆ Bæta göngutengingu milli íbúðarbyggðar og útivistarsvæða.
- ◆ Fyrirkomulag göngu- og hjólaleiða virki hvetjandi fyrir íbúa sveitarfélagsins til að stunda útivist og holla hreyfingu.
- ◆ Ávallt verði hugað að öryggismálum og aðgengi fyrir alla.

### Útfærsla stefnu

Lögð er áhersla á viðhald og frekari uppbyggingu göngu- og hjólaleiða í sveitarfélaginu. Stígakerfið á að vera valkostur við aðrar samgönguleiðir en jafnframt að veita aðgengi að helstu útivistarsvæðum með neti gönguleiða sem liggur út frá þéttbýlinu. Þannig er leitast við að stýra umferð inn á ákveðnar leiðir og minnka álag á náttúrulegt umhverfi og mannvirki, s.s. girðingar. Sérstaklega skal huga að sérstöðu svæðisins hvað varðar landslag og lífríki. Mikilvægt er að íbúar og ferðamenn geti nýtt sér þann fjölbreytileika sem landslagið í sveitarfélaginu hefur. Sérstök áhersla er því á að bæta aðgengi að fjörum, vötnum, fjalllendi og vinsælum útivistar- og ferðamannastöðum, með nýlagningu stíga eða merkingu leiða eftir því sem við á.

Bygging gönguleiða skal miðast við aðstæður á hverjum stað, s.s. staðhætti og umferð. Á fáförnum útivistarleiðum skal miða við lágmarksframkvæmdir. Miða skal hönnun við að stígarnir nýtist öllum bæjarbúum, þar sem kostur

er. Innan hverfisverndaðra svæða ber að taka mið af ákvæðum þeirra við framkvæmdir og viðhald, sbr. nánari umfjöllun í kafla um hverfisvernd.

Gamli vegurinn um Óshlíð er skilgreindur sem göngu-, hjóla- og reiðleið. Leiðin liggur um stórbrotið landslag með útsýni yfir Djúpið og langt út á haf. Miklir möguleikar eru því á að skapa spennandi og sérstæða útivistarleið.

Mikilvægt er að tryggja öruggar göngu- og hjólaleiðir innan þéttbýlisins og leggja áherslu á gott aðgengi fyrir alla. Þetta á bæði við um byggingu nýrra hverfa og endurbætur í eldri hverfum.

Tryggja skal hæfilega lýsingu á gönguleiðum innanbæjar þannig að þær nýtist allt árið. Jafnframt ber að tryggja að útigögn, m.a. bekkir og sorplát, verði með hæfilegu millibili.

Gert er ráð fyrir neti reiðleiða með tengingu við fyrirhugaða hesthúsabyggð við Sand. Sérstök áhersla er lögð á að reiðleiðir liggja þannig að sem minnst skörun verði við aðra umferð.

Í þeim tilvikum sem reiðleiðir liggja samsíða þjóðvegi skal þess gætt að þær liggja ekki of nálægt vegum en sveigi frá þeim þar sem færi gefst. Jafnframt skal forðast þveranir yfir fjölfarna þjóðvegi og bæjargötur.

Lögð er áhersla á að nýta aflagða vegi sem reiðleiðir, þar sem það er mögulegt og ekki er skörun við önnur not.

Bæta skal og fjölga áningarstöðum á reiðleiðum en lágmarka umhverfiskrask.

Áningarstaði skal staðsetja þar sem umhverfið, náttúra og samfélag, þolir vel álag og hlífa skal sérstaklega viðkvæmum gróðri. Áningarstaðir eru ekki sýndir á uppdrætti. Mikilvægt er að bygging reiðleiða miðist við aðstæður á hverjum stað, s.s. staðhætti og umferð. Á fáförnum leiðum skal miða við lágmarksframkvæmdir.

*Samgönguleiðir fyrir gangandi og hjólandi eru sýndar á skipulagsuppdrætti auk þess að vera á þemauppdráttum. Staðsetning þeirra er þó ekki nákvæm, sérstaklega ekki í dreifbýli. Þar sem þær eru samhliða vegi er ekki tekin afstaða til þess hvoru megin við veginn þær liggja, þó svo þær séu sýndar á uppdrætti. Nákvæm lega og útfærsla verður ákvörðuð í deiliskipulagi eða á*

*framkvæmdastigi. Einnig er fjallað um göngustíga í kafla um útivist, íþróttir og skógrækt.*

*Reiðleiðir eru sýndar á skipulagsuppdrætti. Staðsetning þeirra er þó ekki nákvæm. Þar sem þær eru samhliða vegi er ekki tekin afstaða til þess hvoru megin við veginn þær liggja, þó svo þær séu sýndar á uppdrætti.*

### **Helstu stefnubreytingar**

Göngu-, hjóla- og reiðleiðir hafa verið uppfærðar. Meginstefnan er sú sama og í fyrra aðalskipulagi.

### **Umhverfisáhrif stefnu**

Gerð göngu-, hjóla- og reiðstíga veldur raski og einnig geta komið upp hagsmunaárekstrar á milli mismunandi notendahópa. Stefnan tekur á þessu og því má búast við að neikvæð áhrif verði óveruleg. Útivist og tengsl við náttúruna eru almennt talin hafa jákvæð áhrif á samfélagið, bæði íbúa og ferðabjónustu. Efling stígakerfis dregur úr útblæstri gróðurhúsalofttegunda.

## **14.2 VEGIR OG GATNAKERFI**

Götur í þéttbýli flokkast í stofnbrautir, tengibrautir og aðrar götur. Einungis stofn- og tengibrautir eru staðfestar í aðalskipulagi en aðrar götur eru hafðar til skýringar og koma fram á þemakortum (mynd 14.3).

Þjóðvegir flokkast í stofnvegi, tengivegi, landsvegi og héraðsvegi og er Vegagerðin veghaldari þeirra. Sveitarfélagsvegir eru vegir sem ekki teljast þjóðvegir og eru í umsjá sveitarfélaga, svo sem í þéttbýli. Einkavegir eru aðrir vegir og eru í eigu einstaklinga, fyrirtækja eða opinberra aðila. Flokka skal sveitarfélagsvegi og einkavegi eftir ástandi vega skv. reglugerð 260/2018 um vegi í náttúru Íslands (mynd 14.4).



**Mynd 14.3 Götur í þéttbýli.**

Djúpvegur er eina leiðin sem tengir Bolungarvík við önnur sveitarfélög. Óshlíðarvegur var aflagður sem stofnvegur með tilkomu Bolungarvíkurganga árið 2010. Jarðgöngin stytta vegalengdina á milli Bolungarvíkur og Ísafjarðar og annarra landshluta um tæpa tvo kílómetra en fyrst og fremst jókst öryggi vegfarenda verulega og nú eru samgöngur áreiðanlegar á milli

þéttbýlisstaðanna. Göngin, sem hafa verið fjölförnustu göng landsins á eftir Hvalfjarðargöngum, hafa bætt lífsgæði íbúa í Bolungarvík umtalsvert. Nú eru flutningar greiðari og hægt er að sækja atvinnu og þjónustu betur en áður. Áhrifin í Ísafjarðarbæ hafa einnig verið mjög jákvæð. Óshlíðarvegurinn er nú notaður sem göngu-, reið- og hjólaleið.

Syðridalsvegur, Skálavíkurvegur og vegur á Bolafjall eru malarvegir. Skálavíkurvegur frá vatnsbóli er aðeins fær yfir sumarmánuðina, en vegurinn er slæmur að vestanverðu. Vegurinn á Bolafjall er í góðu standi en er lokaður stóran hluta vetrar vegna snjóá. Þó er reynt að hafa hann opinn eins og hægt er vegna starfsemi ratsjárstöðvarinnar á fjallinu. Unnið er að gerð áningarstaðar á Bolafjalli eins og fram hefur komið. Viðræður standa yfir á milli Landhelgisgæslunnar, Vegagerðarinnar og Bolungarvíkurkaupstaðar um að Vegagerðin taki við umsjón vegarins.

Tafla 14.1 sýnir umferð á mismunandi leiðum og tímum. Þar má m.a. sjá að umferð um Djúpveg jókst úr ríflega 600 bílum á dag árið 2007 (um Óshlíðarveg) í tæplega 1000 bíla árið 2018 (um Bolungarvíkurgöng).


Umferð um hafnarsvæðið og um Skálavíkurheiði jókst einnig talsvert á þessu sama tímabili. Umferð til og frá hafnarsvæði við Brjótinn, sem og umferð milli hafnarsvæða, liggur um Aðalstræti sem er aðalgata bæjarins. Gatnakerfið annar nú vel þeirri umferð sem er í þéttbýlinu.

Góðar tengingar eru nú innan hafnarsvæðisins eftir að Hólsá var brúuð við ósinn. Hafnarsvæðið tengist Djúpvegi um Árbæjarkant og Grundargarð.

**Tafla 14.1 Umferðartölur í sveitarfélaginu ásamt vegflokkun (Vegagerðin, Umferðartölur 1995, 2001, 2007 og 2018).**

Númer - vegkaflí	Númer - vegkaflí	Vegflokkur	ÁDU				SDU				VDU			
			1995	2001	2007	2018	1995	2001	2007	2018	1995	2001	2007	2018
61 – Djúpvegur, Hnífsdalur	45 – Bolungarvík, Grundarkambur	Stofnvegur	592	569	636	980	802	688	772	1161	447	439	526	583
61 - Djúpvegur	46 - Hafnarsvæði	Stofnvegur		970	987	1522		1208	1196	1798		768	849	1376
629 - Syðridalsvegur		Héraðsvegur		29	30			40	38			20	22	

630 - Skálavíkurvegur	Landsvegur		14	15	63		24	25	75		7	8	55
6302 Ósvararvegur	Tengivegur												



Mynd 14.4 Vegaflokkun í dreifbýli Bolungarvíkur.

### „Vegir í náttúru Íslands“

Í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 260/2018 um vegi í náttúru Íslands, sem sett er skv. lögum um náttúruvernd er gerð grein fyrir vegum og slóðum í Bolungarvík, utan þjóðvegakerfisins. Nánari upplýsingar og flokkun veganna má finna í töflu 14.2 og á mynd 14.4.

Samkvæmt 4. gr. reglugerðarinnar skulu sveitarfélög flokka vegina á eftirfarandi hátt:

- F0 Greiðfær vegur, fær allri almennri umferð að sumarlagi.
- F1 Seinfær vegur, fær allri almennri umferð að sumarlagi.
- F2 Lakfær vegur, fær fjórhjóladrifnum bílum, mjög öflugum fólksbílum, jepplingum og vélhjólum.
- F3 Torfær vegur, einungis fær stórum og vel búnum fjórhjóladrifnum bílum, ofurjeppum og vélhjólum.

Vegina skal einnig flokka eftir heimild til notkunar í opna vegi og vegi með takmarkaða notkun.

Tafla 14.2 Vegflokkun og takmarkanir á vegum í náttúru Íslands skv. reglugerð nr. 26/2018. Legu veganna má sjá á mynd 14.4.

Nr.	Vegheiti	Vegfl.	Tegund og takmarkanir
1	Reiðhjallavirkjun, Tröllá	F0	Vegur frá Hanhóli að Tröllá. Engar takmarkanir.
2	Reiðhjallavirkjun, stífla	F3	Vegur frá Tröllá að stíflu Reiðhjallavirkjunar. Háð leyfi eiganda virkjunar.
3	Kistufell	F3	Línuvegur notaður til viðhalds á raflínu. Háð leyfi eiganda raflínu.
4	Skálavíkurvegi	F3	Námuvegur frá Skálavíkurvegi að námu E-5. Eingöngu til notkunar við efnistöku.



Nr.	Vegheiti	Vegfl.	Tegund og takmarkanir
5	Hlíðardalur	F3	Gamall námuvegur úr Hlíðardal neðan Tunguhorns. Engar takmarkanir.
6	Bolafjall	F0	Vegur sem liggur frá Skálavíkurvegi uppá Bolafjall. Engar takmarkanir.

### Markmið og stefna - Vegir og gatnakerfi

#### Markmið

- ◆ Að tryggja öruggar, áreiðanlegar og greiðar samgöngur í sveitarfélaginu.
- ◆ Að stuðla að því að umferðarhraði sé innan leyfilegra marka.
- ◆ Viðhalda áhugaverðum ferðamannaleiðum.

#### Útfærsla stefnu

Við skipulag og uppbyggingu samgöngumannvirkja skal hugað að sérstöðu svæðisins hvað varðar landslag og lífríki sem og aðgengi að náttúrunni.

Jafnframt skal það tryggt að aðgengi íbúa að náttúru verði ekki rofin þar sem aðrir valkostir eru fyrir hendi. Hugað skal að áhrifum á íbúa við leiðarval svo sem hvað varðar hljóðvist í byggð og öryggi íbúa í nágrenni vega.

Góðar samgöngur eru forsendur öflugs atvinnulífs og góðra búsetumöguleika. Samgöngur hafa einnig bein áhrif á upplifun ferðamanna. Bæta þarf ástand vega innan sveitarfélagsins s.s. með bundnu slitlagi á vegum í byggð. Lagt er til að vegurinn yfir Skálavíkurheiði verði bættur og gerður að heilsársvegi. Jafnframt er lögð áhersla á að veginum á Bolafjall

verði haldið við þannig að hann nýtist sem best fyrir ferðamenn og aðra gesti.

Ekki er þörf á breytingum á núverandi gatnakerfi vegna stækkunar íbúðarsvæða. Aðkoma að stækkun hverfisins norðan Hólsár verður um Völusteinsstræti, Höfðastíg og Skólastíg en aðkoma að nýjum hverfum sunnan Hólsár verður um Kirkjuveg. Þessar götur anna vel þeirri aukningu sem fylgir stækkun íbúðarbyggðar. Gatnakerfi innan nýrra hverfa skulu miðast við hagkvæmni og þarfir íbúa.

Miða ber frágang gatna við aðgengi fyrir alla sbr. markmið í kafla um stofnanir, félags- og velferðamál.

Veghelgunarsvæði er tilgreint í vegalögum nr. 80/2007 en framkvæmdir innan þess svæðis eru háðar leyfi veghaldara (tafla 14.3). Skógrækt er ekki heimil innan veghelgunarsvæðisins og þar sem líkur eru á snjósöfnun á veg skal fjarlægðin aukin.

#### Tafla 14.3 Veghelgunarsvæði skv. vegalögum nr. 80/2007.

Vegflokkun	Helgunarsvæði frá miðlínu
Stofnvegur	30 m
Tengivegur	15 m
Gatnamót	Beinar línur milli punkta á miðlínu vega 40 m frá skurðpunkti.

*Stefnan er útfærð með því að sýna stofnbrautir og tengibrautir á skipulagsupprætti og safngötur og húsagötur eru sýndar sem aðrar götur. Flokkun gatna er sýnd á þemaupprætti og jarðgöng eru merkt inn á skipulagsupprætt. Vegir í náttúru Íslands eru sýndir á þemaupprætti. Í almennum skilmálum fyrir mismunandi landnotkunarflokka eru einnig settar fram frekari kvaðir fyrir vegi, götur og stíga.*

#### Helstu stefnubreytingar

Meginstefnan er sú sama og í fyrra aðalskipulagi.

### *Umhverfisáhrif stefnu*

Ekki er gert ráð fyrir breytingum á stofnvegakerfinu og því verða umhverfisáhrif óveruleg. Áhersla er lögð á að lágmarka áhrif innviða á náttúru og sérstöðu svæðisins. Góðar samgöngur eru forsenda öflugs atvinnulífs og góðra búsetumöguleika og hafa því jákvæð samfélagsleg áhrif.

### **14.3 ALMENNINGSAMGÖNGUR**

Góðar almenningssamgöngur eru mikilvægar fyrir þróun sveitarfélagsins og almenn búsetuskilyrði. Mikið af opinberri þjónustu fyrir norðanverða Vestfirði er að finna á Ísafirði, s.s. menntastofnanir, sjúkrahús og stjórnvísly. Í Bolungarvík eru jafnframt stofnanir sem þjóna landshlutanum. Auk þess er ýmis verslun og þjónusta í boði bæði í Bolungarvík og nágrenna-sveitarfélögunum en telja má svæðið sem eitt atvinnu- og þjónustusvæði, sbr. kafla um atvinnu. Öruggar almenningssamgöngur eru því nauðsynlegar til að allir íbúar geti nýtt sér þá þjónustu sem er í boði á svæðinu, óháð búsetu.

Áætlunarferðir eru á milli Bolungarvíkur og Ísafjarðar. Síðustu misseri hefur svokölluð frístundarúta gengið á milli Ísafjarðar og Bolungarvíkur. Þetta hefur reynst vel og hefur auðveldað börnum tómstundastarf og samnýtingu íþróttamannvirkja á Ísafirði og í Bolungarvík. Síðustu sumur hafa verið rútuferðir á milli Ísafjarðar og Hólmarvíkur og á milli Ísafjarðar og Patreksfjarðar.

Áætlunarflug er á milli Ísafjarðar og Reykjavíkur. Flugsamgöngur eru lykilþáttur í samgöngukerfi landsins, til að uppfylla þarfir um hraða og skilvirkni í viðskiptum, stjórnvísly og þjónustusókn, milli höfuðborgar og landsbyggðar. Bolvíkingar sækja flugsamgöngur til Ísafjarðar en áður var lítill flugvöllur í Bolungarvík. Flugbrautin var nálægt Ósá en hún er nú aflögð enda þverar núverandi vegur brautina. Flugrúta fer á milli Ísafjarðarflugvallar, Ísafjarðar og Bolungarvíkur.

### **Markmið og stefna - Almenningsamgöngur**

#### *Markmið*

- ♦ Allir íbúar sveitarfélagsins geti nýtt almenningssamgöngur í stað einkabíls til að sækja þá þjónustu eða atvinnu sem í boði er á svæðinu.
- ♦ Farþega- og sjúkraflug verði öruggt og áreiðanlegt.

#### *Útfærsla stefnu*

Gert er ráð fyrir að almenningssamgöngur nýtist fólki til að sækja vinnu og þjónustu milli byggðarlaga. Jafnframt skulu þær tengjast neti almenningssamgangna til annarra landshluta s.s. flugi, ferjusiglingum og rútuleiðum. Áhersla skal lögð á að gott aðgengi verði fyrir alla að almenningssamgöngum, bæði á biðstöðum og í faratækjum sbr. kafla um stofnanir, félags- og velferðamál. Góðar almenningssamgöngur, eins og frístundarúta, geta aukið nýtingu íþróttamannvirkja hjá börnum og unglíngum. Jafnframt geta þær dregið úr umferð og þannig stuðlað að minni losun gróðurhúsalofttegunda.

Ekki er gert ráð fyrir flugvelli í Bolungarvík en áhersla lögð á að Ísafjarðarflugvöllur geti þjónað íbúum og atvinnulífi Bolungarvíkur. Afar mikilvægt er að flugsamgöngur á svæðinu verði greiðar og öruggar, þannig að almenningur geti gert ráð fyrir að komast leiðar sinnar á tilsettum tíma. Öruggar og tíðar flugsamgöngur eru ekki síður mikilvægar fyrir atvinnulífið, ferðatími getur haft mikil áhrif á samkeppnisstöðu og afkomu fyrirtækja. Þetta á bæði við um aðkeypta þjónustu og sölu á þjónustu. Flugsamgöngur skulu einnig gegna lykilhlutverki í aðgengi fyrirtækja að mörkuðum erlendis.

#### *Helstu stefnubreytingar*

Meginstefnan er sú sama og í fyrra aðalskipulagi.

***Umhverfisáhrif stefnu***

Almenningssamgöngur draga úr akstri einkabíla og þar með úr útblæstri gróðurhúsalofttegunda. Góðar almenningssamgöngur auka lífsgæði íbúa og

betri nýting mannvirkja næst á íþróttamannvirkjum. Þetta hefur ekki síst áhrif á börn og unglina í Bolungarvík og nágrannasveitarfélögunum. Bætt flugþjónusta er líkleg til að auka losun gróðurhúsalofttegunda. Í heildina eru áhrif stefnunnar að mestu jákvæð.



# SKIPULAGSSKILMÁLAR

## 15 ALMENN ATRIÐI

Í þessum hluta greinargerðarinnar eru skipulagsskilmálar aðalskipulagsins settir fram. Tilgreindir eru almennir skilmálar fyrir hvern landnotkunarflokk og sértækir skilmálar fyrir hvern reit. Skipulagsuppdráttur sýnir þessa skiptingu með lituðum reitum og auðkenni fyrir hvern reit. Séu reitir ekki merktir sérstaklega, eins og óbyggð svæði, veghelgunarsvæði og sum opin svæði, gilda um þá almennir skilmálar viðkomandi landnotkunarflokks. Afmörkun landnotkunarreita fylgir ekki endilega lóða- og eignamörkum, heldur miðast við miðlínu aðliggjandi gatna og jaðar veghelgunarsvæða stofnbrauta. Flatarmál reita er því brúttóstærð sem felur í sér gatnakerfið. Ekki eru sett sérstök skipulagsákvæði um veitur, fjarskipti og samgöngur en vísað er í skipulagsuppdrátt og stefnukafla (kafla um innviði). Þá eru í almennum skilmálum fyrir mismunandi landnotkunarflokka, einnig settar fram frekari kvaðir og lágmarksfjarlægðir fyrir veitur, vegi, götur og stíga.

## 16 LANDNOTKUN

### 16.1 ÍBÚÐARBYGGÐ (ÍB)

Svæði fyrir íbúðarhúsnæði og nærþjónustu sem því tengist, auk minniháttar atvinnustarfsemi sem samrýmist búsetu eftir því sem nánar er kveðið á um í stefnu skipulagsins.

#### Skipulagsákvæði fyrir íbúðarbyggð

##### Almenn ákvæði

Á íbúðarsvæðum skal fyrst og fremst gera ráð fyrir íbúðarhúsnæði. Þar má þó einnig gera ráð fyrir annarri starfsemi sem þjónar íbúðarhverfunum og ekki veldur óþægindum vegna lyktar, hávaða, óþrifnaðar eða dragi að sér óeðlilega mikla umferð.

Sérkenni byggðar og náttúru skulu varðveitt við uppbyggingu á íbúðarsvæðum.

Rík áhersla er lögð á mótun bæjarrýmis og gott yfirbragð hverfa og bygginga, með vönduðu deiliskipulagi og hönnun.

Hugað skal að nálægð við útivistarsvæði við uppbyggingu, öruggum göngu- og hjólaleiðum sem og aðgengi fyrir alla.

##### Sértæk ákvæði

Auðkenni	Lýsing	Skipulagsákvæði
ÍB-1	Íbúðarsvæði norðan Hólsár (37,2 ha). Stærsti hluti núverandi byggðar. Hluti byggðar er á snjóflóðahættusvæði. Deiliskipulag er í gildi fyrir lítinn hluta byggðar.	Gert er ráð fyrir þéttingu byggðarinnar í samræmi við hættumat vegna ofanflóða, s.s. við Grænuhlíð, Þjóðólfsveg og norðurenda Hafnargötu. Allt að 70 nýjar íbúðir, þar af um 10 í grónum hverfum og 20 íbúðir í byggingum sem verður breytt í íbúðarhús. Við uppbyggingu í grónum hverfishlutum skal þess gætt að ný hús falli vel að þeirri götumynd sem fyrir er, s.s. fjarlægð frá götu, þakform og efnisval.
ÍB-2	Íbúðarsvæði á Hóli (0,7 ha). Utan snjóflóðahættusvæða.	Svigrúm til stækkunar húsa og breytinga.

<i>Sértæk ákvæði</i>		
<i>Auðkenni</i>	<i>Lýsing</i>	<i>Skipulagsákvæði</i>
		<p>Svæðið er innan hverfisverndarsvæðis HV-3 og skulu allar framkvæmdir taka mið af ákvæðum hverfisverndar.</p> <p>Tryggja skal að Hólskirkja verði áfram kennileiti í Bolungarvík, þrátt fyrir hugsanlega uppbyggingu á svæðinu.</p>
ÍB-3	Íbúðarsvæði sunnan Hólsár (2,5 ha). Utan snjóflóðahættusvæða.	Lítils háttar stækkun frá eldra skipulagi. Allt að 10 nýjar íbúðir.
ÍB-4	Íbúðarsvæði við Grundarstíg (1,8 ha). Utan snjóflóðahættusvæða.	Þétting byggðar. Allt að 8 nýjar íbúðir. Við uppbyggingu skal hugað að nálægð við iðnaðar- og afhafnasvæði. Ný hús skulu falla vel að þeim húsum sem fyrir eru.



## 16.2 MIÐSVÆÐI (M)



Svæði fyrir verslunar- og þjónustustarfsemi og stjórnsýslu sem þjónar heilu landsvæði, þéttbýlisstað eða fleiri en einu bæjarhverfi, svo sem verslanir, skrifstofur, þjónustustofnanir, hótél, veitinga- og gistiús, menningarstofnanir og önnur hreinleg atvinnustarfsemi sem talin er samræmast yfirbragði og eðli starfsemi miðsvæðis.

### Skipulagsákvæði fyrir miðsvæði

Auðkenni	Lýsing	Skipulagsákvæði
M-1	Miðsvæði Bolungarvíkur (7,5 ha). Aðalstræti og Hafnargata milli Miðstrætis og Búðarkants.	<p>Áhersla á eflingu byggðar fyrir fjölbreytta starfsemi, með aðaláherslu á reitinn milli Hafnargötu, Aðalstrætis og Skólastígs og um Vitastíg að Lækjarbryggju, sem miðbæ.</p> <p>Svigrúm til uppbyggingar verslunar- og þjónustustarfsemi svo sem verslun, veitingahús, hótél og gistiheimili, ferðaþjónustu, söfn, menningarstofnanir, félagsheimili, stjórnsýslu, skrifstofur, aðstöðu viðbragðsaðila, hjúkrunar- og dvalarheimili auk íbúða. Einnig svigrúm fyrir hreinlega atvinnustarfsemi, svo sem matvælaframleiðslu og verkstæði sem styrkt geta uppbyggingu líflegs miðbæjar og falla vel að yfirbragði hans.</p> <p>Uppbygging á miðsvæðinu skal taka mið af byggingarhefð á svæðinu. Varðveita ber byggingar með mikið verndargildi, byggðamynstur og götumynd í samræmi við hverfisverndarákvæði.</p> <p>Við uppbyggingu skal miða við manneskjulegan kvarða og aðlaðandi umhverfi.</p> <p>Áhersla á uppbyggingu grænna opinna svæða með sérstaka áherslu á rýmismyndun í miðbænum og uppbyggingu fyrir gangandi vegfarendur. Leiksvæði og önnur opin svæði skulu hvetja til útivistar og hollrar hreyfingar.</p> <p>Miða ber að því að miðbærinn nýtist íbúum og gestum til samveru.</p> <p>Aðkomuleiðir skulu vera öruggar og ávallt skal miða við aðgengi fyrir alla, þar sem því er viðkomið.</p> <p>Við uppbyggingu skal ávallt hugað að gönguhæfi byggðarinnar með viðeigandi gönguleiðum og tengingum til að tryggja umferð gangandi vegfarenda.</p> <p>Nálgast skal lýsingu á miðsvæðinu á heildrænan hátt, þar sem öryggi og velferð fólks er sett í forgrunn. Miða ber að því að lýsingin skapi öryggi, undirstriki einkenni byggðarinnar og</p>

<i>Auðkenni</i>	<i>Lýsing</i>	<i>Skipulagsákvæði</i>
		valdi ekki ljósmengun. Sjá nánar kafla um myrkurgæði. Fyrirkomulag lýsingar skal nánar ákveðið í deiliskipulagi.

---

### 16.3 VERSLUN OG ÞJÓNUSTA (VP)



Svæði þar sem gert er ráð fyrir verslun og þjónustu, þ.m.t. hótélum, gistiheimilum, gistiskálum, veitingahúsum og skemmtistöðum.

#### Skipulagsákvæði fyrir verslun og þjónustu

Auðkenni	Lýsing	Skipulagsákvæði
VP-1	Bolafjall (11,5 ha)	<p>Svigrúm til uppbyggingar þjónustu, s.s. útsýnispalla við fjallsbrún, bílastæða, þjónustuhúss, afþreyingar, veitinga- og safnareksturs, gistingar auk núverandi notkunar. Taka skal tillit til starfsemi ratsjár- og fjarskiptastöðvarinnar við mannvirkjagerð og skipulagsbreytingar á nærsvæði stöðvarinnar, í samráði við þá stofnun sem rekur stöðina. Almenn umferð og starfsemi er ekki heimiðuð innan 100 m fjarlægðar frá ratsjárstöðinni. Tryggja skal að uppbygging ferðaðjónustu raski ekki starfsemi ratsjár- og fjarskiptastöðvarinnar m.t.t. öryggis- og varnarmála og flugöryggis.</p> <p>Sérstaklega skal huga að öryggi ferðamanna og lágmarka hættu á heilsufarslegum áhrifum frá ratsjárstöðinni.</p> <p>Huga skal að aðgengi fyrir alla að mannvirkjum fyrir ferðaðjónustu og gönguleiðum.</p> <p>Huga skal að lýsingu og myrkurgæðum við uppbyggingu og hönnun svæðisins.</p> <p>Forðast skal röskun á búsvæðum fugla í Stighlíð vegna uppbyggingar ferðaðjónustu.</p> <p>Nýting skal samræmast meginmarkmiðum aðalskipulagsins og ákvæðum um vatnsvernd en svæðið er í nágrenni við vatnsverndarsvæði.</p> <p>Leita ber umsagnar utanríkisráðuneytis vegna mannvirkjagerðar í nágrenni ratsjárstöðvarinnar.</p>

## 16.4 SAMFÉLAGSPJÓNUSTA (S)



Svæði fyrir stofnanir og fyrirtæki sem, óháð eignaraðild, veita almenna þjónustu við samfélagið, svo sem menntastofnanir, heilbrigðisstofnanir, menningarstofnanir, félagslegar stofnanir, trúarstofnanir og aðrar þjónustustofnanir ríkis, sveitarfélaga eða annarra aðila.

### Skipulagsákvæði fyrir samfélagsþjónustu

#### Almenn ákvæði

Forðast skal, eins og kostur er, aðgreiningu aðgengis eftir færni einstaklinga en miða heldur lausnir við að allir geti nýtt sér aðalinngang og megingönguleiðir. Ávallt skal hugað að aðgengi fyrir alla við hönnun nýbygginga, útisvæða og uppbyggingu innviða. Lögð er áhersla á að aðgengi verði einnig bætt í eldri byggingum þar sem þjónusta er veitt. Huga ber þó að verndargildi eldri bygginga á svæðinu og miða lausnir við að gildi þeirra skerðist ekki.

Á svæðum fyrir samfélagsþjónustu skal gert ráð fyrir fjölbreyttum ferðamátum, t.d. með því að hafa góðar tengingar við göngu- og hjólastíga og góð hjólastæði.

#### Sértæk ákvæði

Auðkenni	Lýsing	Skipulagsákvæði
S-1	Leikskólinn Glaðheimar (0,4 ha). Á svæðinu við Hlíðarstræti 16 er einnig aðalleiksvæði bæjarins.	Umhverfi leikskólans verði fjölbreytilegt, heilsusamlegt, stuðli að góðri hreyfingu og efli þroska allra nemenda og iðkenda. Svigrúm er til endurbóta. Útileiksvæði hvetji til útivistar og hollrar hreyfingar og miða ber að því að svæðið nýtist öllum íbúum hverfisins til samveru. Aðkomuleiðir skulu vera öruggar og varðveita skal náttúrulegt landslag og nýta náttúruleg leiktæki eins og kostur er.
S-2	Grunnskóli Bolungarvíkur, tónlistarskóli og íþróttamiðstöðin Árbær (2,7 ha).	Svigrúm til frekari uppbyggingar íþrótt- og skólamannvirkja. Umhverfi bygginga verði fjölbreytilegt, heilsusamlegt, stuðli að góðri hreyfingu og efli þroska allra nemenda og iðkenda. Aðkomuleiðir skulu vera öruggar. Skólinn og íþróttastarfsemi nýti sér nálægðina við náttúruna.

<i>Sértæk ákvæði</i>		
<i>Auðkenni</i>	<i>Lýsing</i>	<i>Skipulagsákvæði</i>
S-3	Hólskirkja. Sóknarkirkja Bolunarfíkur. Timburhús, tilsniðið í Noregi og hannað af Rögnvaldi Ólafssyni arkitekti (0,23 ha). Byggð 1908.	Friðuð frá 1. janúar 1990 samkvæmt aldursákvæði 1. mgr. 36. gr. Þjóðminjalaga nr. 88/1989 og friðlýst frá gildistöku laga um menningarminjar nr. 80/2012. Útlit og umhverfi kirkju og kirkjugarðs skal verndað sem heild. Reiturinn er innan hverfisverndar HV-3.

## 16.5 ATHAFNASVÆÐI (AT)



Svæði fyrir atvinnustarfsemi þar sem lítil hætta er á mengun svo sem léttur iðnaður, hreinleg verkstæði, bílasölur og umboðs- og heildverslanir. Einnig atvinnustarfsemi sem þarfnast mikils rýmis, t.d. vinnusvæði utandyra á lóðum eða starfsemi sem hefur í för með sér þunga-flutninga, svo sem vörugeymslur og matvælaíðnaður.

### Skipulagsákvæði fyrir athafnasvæði

#### Almenn ákvæði

Umgengni á athafnasvæðum skal vera snyrtileg og haga skal mannvirkjum og frágangi á lóðum þannig að ásýnd og yfirbragð séu til sóma.

Forðast skal að varningur safnist á ónýttar lóðir og opin atvinnusvæði. Trjágróður á jöðrum athafnasvæða skal nýta til að draga úr sjónrænum áhrifum þar sem því verður við komið.

Stuðla skal að öryggi á athafnasvæðum í samræmi við markmið aðalskipulagsins m.t.t. náttúruvár.

Lýsingu á athafnasvæðum þarf að nálgast á heildrænan hátt þar sem öryggi og velferð íbúa og þeirra sem nýta svæðið er sett í forgrunn. Hugað skal að gerð búnaðar, gerð og stigi lýsingar og hvaða fletir verða upplýstir við byggingar, athafna- og vinnusvæði, þannig að lýsingin skapi öryggi, undirstriki einkenni byggðarinnar og valdi ekki ljósmengun. Sjá nánar kafla um myrkurgæði. Fyrirkomulag lýsingar skal nánar ákveðið í deiliskipulagi.

#### Sértæk ákvæði

Auðkenni	Lýsing	Skipulagsákvæði
AT-1	Grundarstígur. Athafnasvæði við Grundarstíg (0,95 ha).	Svigrúm fyrir léttan iðnað og hreinlega starfsemi sem samrýmist landnotkun í nágrenninu. Svæðið er sýnilegt við aðkomu að bænum og því ber að huga að ásýnd þess.
AT-2	Múrhúsavegur. Geymslsvæði austan Ernis (4,1 ha).	Geymslur og geymslsvæði fyrir gáma. Nýting skal samrýmast landnotkun í nágrenninu. Tryggja ber snyrtilega umgengni, einkum m.t.t. nálæggra útivistarsvæða. Svæðið er á snjóflóðahættusvæði C. Haga ber nýtingu m.t.t. ofanflóða. Gert er ráð fyrir lítilli viðveru fólks á svæðinu. Gömlu hesthúsin skulu tekin úr notkun fyrir lok skipulagstímabilsins en heimilt verður að nýta þau sem geymslur með lágmarksviðveru fólks.

<i>Sértæk ákvæði</i>		
<i>Auðkenni</i>	<i>Lýsing</i>	<i>Skipulagsákvæði</i>
AT-3	Hafnargata, Búðar- og Árbæjarkantur. Athafnasvæði við höfnina, frá Brimbrjóti að Hólsá (2,9 ha).	Gert er ráð fyrir fjölbreyttri athafnastarfsemi, einkum þjónustu við sjávarútveg en einnig er svigrúm fyrir starfsemi tengdri þjónustu, ferðaþjónustu og menningarstarfsemi. Á reitnum, við útrásina utan við Brjótinn, er gert ráð fyrir grófhreinsistöð fyrir fráveitu. Leggja skal áherslu á snyrtilegt umhverfi og góð tengsl við miðsvæðið og hafnarsvæðið. Tryggja skal góðar tengingar fyrir gangandi á milli miðsvæðis og hafnarinnar. Aðkomuleiðir skulu vera öruggar og ávallt skal miða við aðgengi fyrir alla.

## 16.6 IÐNAÐARSVÆÐI (I)

Svæði fyrir umfangsmikla iðnaðarstarfsemi eða starfsemi sem er talin geta haft mengun í för með sér, svo sem verksmiðjur, virkjanir, tengivirki, veitustöðvar, skólpælu- og hreinsistöðvar, endur-vinnslustöðvar, brennslustöðvar, förgunarstöðvar, sorpurðunarsvæði, flokkunarmiðstöðvar og birgðastöðvar fyrir mengandi efni.

### Skipulagsákvæði fyrir Iðnaðarsvæði

#### Almenn ákvæði

Umgengni á athafnasvæðum skal vera snyrtileg og haga skal mannvirkjum og frágangi á lóðum þannig að ásýnd og yfirbragð séu til sóma.

Forðast skal að varningur safnist á ónýttar lóðir og opin atvinnusvæði. Trjágróður á jöðrum athafnasvæða skal nýta til að draga úr sjónrænum áhrifum þar sem því verður við komið.

Stuðla skal að öryggi á iðnaðarsvæðum í samræmi við markmið aðalskipulagsins m.t.t. náttúruvár.

Lýsingu á iðnaðarsvæðum þarf að nálgast á heilðrænan hátt þar sem öryggi og velferð íbúa og þeirra sem nýta svæðið er sett í forgrunn. Hugað skal að gerð búnaðar, gerð og stigi lýsingar og hvaða fletir verða upplýstir við byggingar, athafna- og vinnusvæði, þannig að lýsingin skapi öryggi, undirstriki einkenni byggðarinnar og valdi ekki ljósmengun. Sjá nánar kafla um myrkurgæði. Fyrirkomulag lýsingar skal nánar ákveðið í deiliskipulagi.

#### Sértæk ákvæði

Auðkenni	Lýsing	Skipulagsákvæði
I-1	Tjarnarkambur á Sandi Iðnaðarsvæði innan byggðar, sunnan Hólsár (14,3 ha).	Gott svigrúm fyrir iðnaðarstarfsemi sem samrýmist landnotkun í nágrenninu. Huga ber að nálægð við íbúðarbyggð, ferðaþjónustusvæði og sýnileika svæðisins við innkomu í bæinn.
I-2	Reiðhjallavirkjun. Stöðvarhús (0,3 ha).	Svigrúm fyrir endurbætur og stækkun virkjunar. Haga ber nýtingu m.t.t. náttúruvár. Lágmarka skal allt rask á umhverfi og fella mannvirki sem best að landslagi.
I-3	Brimbrjótur. Iðnaðarstarfsemi við Brimbrjót (0,6 ha).	Svæði fyrir sjávartengda starfsemi.



<i>Sértæk ákvæði</i>		
<i>Auðkenni</i>	<i>Lýsing</i>	<i>Skipulagsákvæði</i>
1-5	Grundargarður. Iðnaðarstarfsemi á landfyllingu við Grundargarð (2,3 ha).	Svæði fyrir starfsemi sem krefst góðs aðgengis að höfn, svo sem fiskeldi eða annar sjávarútvegur. Landfylling skal taka mið af ágangi sjávar og nýbyggingar skulu hæfa umhverfinu.
1-6	Hóll. Sorpurðunarstaður (1,0 ha).	Heimild til urðunar á óvirkum úrgangi í samræmi við starfsleyfi. Áhersla lögð á vandaðan frágang og snyrtilega umgengni vegna nálægðar við þéttbýli, útivistarsvæði, fornminjar og þjóðminjaverndarsvæði. Endurskoða skal starfsemi urðunarstaðarins við heildarendurskoðun aðalskipulagsins í lok skipulagstímabilsins.

## 16.7 EFNISTÖKU- OG EFNISLOSUNARSVÆÐI (E)



Svæði þar sem ráðgert er að losa, taka eða vinna jarðefni, svo sem malarnám, sandnám, grjótnám, gjallnám eða vikurnám.

### Skipulagsákvæði fyrir Efnistöku- og efnislosunarsvæði

#### Almenn ákvæði

Lágmarka skal neikvæð áhrif á náttúru, menningarmínjar, útivistarsvæði eða aðra starfsemi við notkun en einnig við tímabundinn frágang og langtímafrágang námusvæðanna.

Verði hlé á notkun námu eða henni lokað skal ganga snyrtilega frá framkvæmdasvæðinu eins fljótt og auðið er, þannig að það falli sem best að umhverfi.

Ganga skal snyrtilega um efnistökusvæði á meðan á vinnslu stendur, sérstaklega þar sem sýnileiki er mikill eða umhverfið er viðkvæmt.

Frágangur á gömlum efnistökustöðum skal vera í samræmi við uppgræðslu- og skógræktarverkefni þar sem því verður við komið.

Landeigandi skal tilkynna Bolungarvíkurkaupstað um minni háttar efnistöku til eigin nota og mun þá hreppurinn leiðbeina um framkvæmd efnistökkunnar.

#### Sértæk ákvæði

Auðkenni	Lýsing	Gerð	Frágangur skv. námu- skrá Vegagerðarinnar	Umfang	Skipulagsákvæði
E-1	Skálavíkurheiði, Hærrikross	Storkubergsnáma	Ófrágengin	100.000 m <sup>3</sup> 5 ha	Á grann- og fjarsvæði vatnsverndar skal lágmarka notkun á og gæta fyllstu varúðar við notkun á mengandi efnum í samræmi við reglugerð nr. 796/1999 m.s.br. Þetta ber að útfæra nánar í samstarfi við Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða.
E-2	Syðridalsvegur	Setnáma	Frágengin með vottun	20.000 m <sup>3</sup> 0,5 ha	Sjá almenn ákvæði.
E-3	Tunga	Setnáma	Hálfrágengin	10.000 m <sup>3</sup> 0,6 ha	Sjá almenn ákvæði.

ENDURSKOÐUN AÐALSKIPULAGS BOLUNGARVÍKUR 2008-2020. DRÖG, kynning á vinnslustigi

---

E-5	Hlíðardalur	Setnáma	Óskráð hjá Vegagerðinni	20.000 m <sup>3</sup> 2,3 ha	Á grann- og fjarsvæði vatnsverndar skal lágmarka notkun á og gæta fyllstu varúðar við notkun á mengandi efnunum í samræmi við reglugerð nr. 796/1999 m.s.br. Þetta ber að útfæra nánar í samstarfi við Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða.
-----	-------------	---------	----------------------------	------------------------------------	--

---

## 16.8 FRÍSTUNDAFYGGÐ (F)



Svæði fyrir frístundahús, tvö eða fleiri og nærþjónustu sem þeim tengist, þ.m.t. orlofshús og varanlega staðsett hjólhýsi. Föst búseta er óheimil í frístundabyggðum.

**Tafla 16.1 Lágmarksfjarlægðir fyrir frístundahús vegna takmarkandi þátta.**

Takmarkandi þáttur	Lágmarksfjarlægð
Landamerki	50 m
Vötn, ár og sjór	50 m
Fornminjar	20 m
Verksmiðjur, loðdýra-, alifugla- og svínabú eða önnur starfsemi sem veldur óþægindum vegna hávaða eða lykta	500 m
Háspennulínur	25 m
Jarðstrengir	8 m
Aðrar veitulagnir	4 m
Stofn- og tengivegir	100 m
Aðrir vegir	50 m

## Skipulagsákvæði fyrir frístundabyggð

### Almenn ákvæði

Trjárækt telst eðlilegur hluti svæða fyrir frístundabyggð enda þjóni hún fyrst og fremst frístundabyggðinni til fegrunar, skjólmyndunar og landmótunar.

Öll uppbygging frístundahúsa skal miða að því að skerða ekki sérstöðu svæðisins og ásýnd þess í heild, þ.e. lítt spillta náttúru, líffræðilega fjölbreytni, landslagsheildir og menningarsögu.

Uppbygging frístundahúsa skal hvorki skerða góð landbúnaðarsvæði, t.d. ræktarland, né aðgengi að útivistarsvæðum eða loka gömlum göngu- og reiðleiðum.

Frístundabyggð skal vera í sátt við nærliggjandi landnotkun. Við byggingu frístundahúsa skal þess gætt að þau séu ekki staðsett nær takmarkandi þáttum en sem segir í töflunni hér að ofan.

Útlit frístundahúsa skal taka mið af umhverfinu, þ.e. náttúrulegu landslagi og menningarlandslagi, þannig að sérstaða svæðisins skerðist ekki. Er þar átt við stærðarhlutföll, form og efnisnotkun sem og staðsetningu.

Leitast skal við að samnýta nauðsynlega innviði eftir því sem kostur er, svo sem veitur, bílastæði, heimreiðar, stíga, útivistarsvæði og fleira þess háttar.


Lögð er áhersla á að lóðir í frístundabyggðum verði ekki samliggjandi, þannig að gott aðgengi að náttúru svæðisins verði tryggt.

Mörk landeigna liggja ekki fyrir en ber að skoða í deiliskipulagi.

<i>Sértæk ákvæði</i>		
<i>Auðkenni</i>	<i>Lýsing</i>	<i>Skipulagsákvæði</i>
F-1	Hanhóll (39,5 ha). Eitt hús í dag. Allt að 12 ný hús. Svæðið hefur ekki verið metið m.t.t. ofanflóðahættu.	Í landi Hanhóls er fyrirhuguð skógrækt og skal þess gætt að frístundahúsin samrýmist henni. Svæðið er skipulagt með fyrirvara um ofanflóðahættumat. Staðbundið hættumat skal vinna áður en frekari ákvarðanir verða teknar um uppbyggingu á svæðinu. Innan þessa svæðis liggur Bolungarvíkurlína 1. Innan helgunarsvæðis háspennulína er ekki heimilt að reisa mannvirki og ekki er gert ráð fyrir skipulagðri trjárækt innan þessa svæðis. Leitast skal við að hækka ekki yfirborð lands sem er undir háspennulínunum, án þess að grípa til viðeigandi ráðstafana. Tryggja skal aðgengi að línunum og möstrum vegna viðhalds.
F-2	Í landi Minni-Bakka og Breiðabóls í Skálavík (4,6 ha). Sex hús í dag. Á svæðinu er hverfisvernd.	Ekki er gert ráð fyrir nýjum frístundahúsum á þessum reit. Á hverfisvernduðu svæði (HV-2 og HV-4) gilda ákvæði hverfisverndar.
F-3	Meiri-Bakki í Skálavík (15,3 ha). Fimm hús í dag. Á svæðinu er hverfisvernd.	Allt að 3 ný hús. Svæðið er skipulagt með fyrirvara um ofanflóðahættumat. Staðbundið hættumat þarf mögulega að vinna áður en frekari ákvarðanir verða teknar um uppbyggingu á svæðinu. Á hverfisvernduðu svæði (HV-2) gilda jafnframt ákvæði hverfisverndar.
F-4	Kroppstaðir í Skálavík Eitt hús í dag.	Allt að 3 ný hús. Svæðið er skipulagt með fyrirvara um ofanflóðahættumat. Staðbundið hættumat þarf mögulega að vinna áður en frekari ákvarðanir verða teknar um uppbyggingu á svæðinu.
F-5	Minna-Hraun í Skálavík Ekkert hús í dag.	Allt að 3 ný hús. Svæðið er skipulagt með fyrirvara um ofanflóðahættumat. Staðbundið hættumat þarf mögulega að vinna áður en frekari ákvarðanir verða teknar um uppbyggingu á svæðinu.
F-6	Meira-Hraun í Skálavík Eitt hús í dag.	Allt að 3 ný hús. Svæðið er skipulagt með fyrirvara um ofanflóðahættumat. Staðbundið hættumat þarf mögulega að vinna áður en frekari ákvarðanir verða teknar um uppbyggingu á svæðinu.
F-7	Minni-Bakki í Skálavík Ekkert hús í dag. Á svæðinu er hverfisvernd.	Allt að 3 ný hús Svæðið er skipulagt með fyrirvara um ofanflóðahættumat. Fyrir liggur að vinna þarf staðbundið hættumat áður en frekari ákvarðanir verða teknar um uppbyggingu á svæðinu.

<i>Sértæk ákvæði</i>		
<i>Auðkenni</i>	<i>Lýsing</i>	<i>Skipulagsákvæði</i>
		Á hverfisvernduðu svæði (HV-2) gilda jafnframt ákvæði hverfisverndar.
F-8	Breiðaból í Skálavík Ekkert hús í dag. Á svæðinu er hverfisvernd.	Alltað 3 ný hús. Svæðið er skipulagt með fyrirvara um ofanflóðahættumat. Fyrir liggur að vinna þarf staðbundið hættumat áður en frekari ákvarðanir verða teknar um uppbyggingu á svæðinu. Á hverfisvernduðu svæði (HV-2) gilda jafnframt ákvæði hverfisverndar.

## 16.9 AFÞREYINGAR- OG FERÐAMANNASVÆÐI (AF)



Svæði fyrir afþreyingu og móttöku ferðafólks, þ.m.t. þjónustumiðstöðvar á hálendi og verndarsvæðum, fjallaskálar, tjald- og hjólhýsasvæði og skemmtigarðar.

### Skipulagsákvæði fyrir afþreyingar- og ferðamannasvæði

Auðkenni	Lýsing	Skipulagsákvæði
AF-1	Tjaldsvæði við Sundlaug Bolungarvíkur (1,3 ha).	Gert er ráð fyrir stækkun með svigrúmi fyrir þjónustubyggingu og byggingu smáhýsa til gistingar. Gert er ráð fyrir þeirri mannvirkjagerð og umhverfisfrágangi sem nýting svæðisins kallar á. Við skipulag og framkvæmdir ber að huga sérstaklega að nálægð við íbúðarbyggð.
AF-2	Ósvör. Sjóminjasafn og Óshólaviti (11,5 ha).	Við Ósvör verður áfram byggt upp safnasvæði sem getur tekið við talsverðum fjölda ferðamanna. Áhersla er lögð á gott aðgengi að svæðinu svo og varðveislu fjörunnar og þeirra menningarverðmæta sem er að finna á svæðinu. Yfirbragð svæðisins skal endurspegla anda þess tíma sem safnið fjallar um. Óshólavita má nýta fyrir ferðaþjónustu ef slík nýting stangast ekki á við öryggishlutverk vitans. Þó skal varðveita núverandi útlit og ásýnd.
AF-3	Tjaldsvæði og móttaka ferðamanna í Skálavík, í landi Minni-Bakka (4,1 ha). Á svæðinu er hverfisvernd.	Bílastæði og aðstaða fyrir ferðamenn. Einnig er gert ráð fyrir tjaldsvæði með hreinlætisaðstöðu, vatnssalernum og þjónustuhúsi. Stöðuleyfi fyrir færanleg íveruhús, s.s. rútur, húsbíla eða hjólhýsi, eru ekki heimil á tjaldsvæðinu. Nánari uppbygging verður útfærð í samhengi við aðra nýtingu svæðisins í deiliskipulagi. Framkvæmdir skulu vera í samræmi við markmið hverfisverndarinnar.

## 16.10 ÍPRÓTTASVÆÐI (ÍP)




Svæði fyrir landfreka íþróttaaðstöðu aðra en þá sem þjónar tilteknu hverfi, svo sem skeiðvelli og hesthúsabyggð, akstursíþróttasvæði, skotæfingasvæði, golfvelli og stærri íþróttamiðstöðvar.

### Skipulagsákvæði fyrir íþróttasvæði

Auðkenni	Lýsing	Skipulagsákvæði
Íp-1	Íþróttasvæði sunnan Hóls (9,6 ha).	Svigrúm til stækkunar og frekari uppbyggingar íþróttamannvirkja í sátt við landslag svæðisins. Meta þarf hættu vegna ofanflóða komi til byggingar íþróttahúss. Taka þarf tillit til sjávarfitja sem njóta verndar skv. lögum um náttúruvernd nr. 60/2013.
Íp-2	Syðridalsvöllur. 9 holu golfvöllur í Syðridal (24 ha).	Svigrúm til stækkunar og frekari uppbyggingar í sátt við náttúru svæðisins sem og önnur útivistarsvæði. Svæðið liggur beggja vegna Syðridalsvegar en stækkunarmöguleikar eru meðfram þjóðveginum í átt að þéttbýlinu. Taka þarf tillit til sjávarfitja sem njóta verndar skv. lögum um náttúruvernd nr. 60/2013.
Íp-3	Hesthúsasvæði Hesthúsabyggð og skeiðvöllur hestamanna við Erninn, vestan Syðridalsvegar (12,1 ha).	Gert er ráð fyrir nýjum hesthúsum á austasta hluta svæðisins og viðhaldi og uppbyggingu annarra mannvirkja í samræmi við nýtt deiliskipulag. Huga ber að nálægð hesthúsahverfisins við önnur útivistarsvæði og ásýnd þess gagnvart aðkomu að bænum. Uppbygging hesthúsa og tengdra mannvirkja þrengi ekki að golfiðkun og annarri útivist á nærliggjandi svæðum. Mikilvægt er fyrir ásýnd bæjarins að hesthúsahverfið sé snyrtilegt.
Íp-4	Akstursíþróttasvæði. Svæði afmarkað fyrir akstursíþróttir á Sandinum, austan gömlu flugbrautarinnar. (4,5 ha).	Svigrúm til uppbyggingar aðstöðu fyrir akstursíþróttir í sátt við náttúru, landslag og aðra nýtingu. Sérstaklega skal samræma uppbyggingu og nýtingu við hundaviðrunarsvæði sunnan aksturssvæðisins.



## 16.11 KIRKJUGARÐAR OG GRAFREITIR (K)



Svæði fyrir kirkjugarða og grafreiti.

### Skipulagsákvæði fyrir kirkjugarða og grafreiti

<i>Auðkenni</i>	<i>Lýsing</i>	<i>Skipulagsákvæði</i>
K-1	Grundarhólskirkjugarður (0,7 ha) Aðal grafreiturinn í Bolungarvík.	Garðurinn er 0,66 ha og er reiknað með því að fjöldi grafreita dugi út þetta skipulagstímabil. Huga skal að aðgengi fyrir alla og snyrtilegri ásýnd.
K-2	Hólskirkjugarður (0,4 ha). Gamall grafreitur sem tilheyrir Hólskirkju.	Hólskirkja er friðuð skv. lögum um menningarminjar nr. 80 / 2012. Útlit og umhverfi kirkju og kirkjugarðs verndað sem heild.

## 16.12 OPIN SVÆÐI (OP)

---



Svæði fyrir útivist, aðallega í tengslum við þéttbýli, með aðstöðu sem almennri útivist tilheyrir, svo sem stígum og áningarstöðum, auk þjónustu sem veitt er á forsendum útivistar.

### Skipulagsákvæði fyrir opin svæði

---

#### *Almenn ákvæði*

Á helstu viðkomustöðum skulu vera góðar tengingar við göngu- og hjólastíga og góð hjólastæði.

Í deiliskipulagi opinna svæða skal sérstaklega hugað að því hvernig stígar falla að landslagi og náttúru.

Á hverfisvernduðum opnum svæðum gilda jafnframt ákvæði hverfisverndar.

#### *Ferðapjónusta*

Útivist, áningarstaðir og önnur þjónusta þessu tengdu.

#### *Skógrækt*

Skógrækt er heimil á opnum svæðum.

Skógrækt skal falla vel að náttúrulegu landslagi og menningarlandslagi og má ekki skerða óhóflega útsýni, aðgengi að útivistarsvæðum eða spilla berjalöndum.

Gæta skal þess að skógrækt hafi ekki neikvæð áhrif á náttúruleg gæði, svo sem gróðurfar og búsvæði, sem og menningarminjar.

Skógrækt má ekki raska náttúrufrýrbrigðum sem njóta sérstakrar verndar skv. náttúruverndarlögum.

Meðhöndlun innfluttra tegunda skal vera í samræmi við þá stefnu sem sett er í kafla um skógrækt.

Við ákvörðun um staðsetningu og stærð skógræktarsvæða skal sá aðili er hyggur á skógrækt greina áhrif skógræktar skv. viðauka í aðalskipulaginu.

---

<i>Sértæk ákvæði</i>		
<i>Auðkenni</i>	<i>Lýsing</i>	<i>Skipulagsákvæði</i>
OP-1	Hóll (8,7 ha). Útivistarsvæði við Hól og meðfram Hólsá. Innan hverfisverndarsvæðis að hluta.	Svigrúm til uppbyggingar sem er í sátt við sögu svæðisins og gerir hana sýnilega. Tryggja skal að hugsanlegar fornminjar spillist ekki. Hluti svæðisins er innan hverfisverndarsvæðis HV-3 og ber að taka mið af ákvæðum hennar á því svæði. Gert er ráð fyrir trjárækt til prýðis og skjóls.
OP-2	Útivistar- og skógræktarsvæði neðan Þjóðólfsvegur (5,5 ha).	Skipulögð útivistarsvæði í sátt við náttúru og aðra nýtingu. Huga skal að aðgengi fyrir alla. Gert er ráð fyrir trjárækt til prýðis og skjóls.
OP-3	Útivistarsvæði undir Traðarhyrnu (48 ha). Hluti af svæðinu tilheyrir varnargörðunum og gamla skíðasvæðinu.	Skipulögð útivistarsvæði í sátt við náttúruna og aðra nýtingu í samræmi við gildandi deiliskipulag. Huga skal að aðgengi fyrir alla. Haldið er opnum þeim möguleika að opna skíðalyftuna undir Traðarhyrnu, að uppfylltum skilyrðum m.t.t. snjóflóðahættu. Gert er ráð fyrir trjárækt til prýðis og skjóls.
OP-4	Syðridalur og Ósá (107,6 ha). Útivistarsvæði sem nær frá byggð að Syðridalsvatni og Ósá. Á milli Ósár og gömlu flugbrautarinnar er einnig 4,8 ha hundaviðrunarsvæði.	Útivist skal vera í sátt við náttúruna og aðra nýtingu. Heimilt er að reisa hundagerði. Sérstaklega skal gæta þess að trufla ekki fuglalíf. Tryggja skal aðgengi að fjöru. Taka þarf tillit til sjávarfitja sem njóta verndar skv. lögum um náttúruvernd nr. 60/2013.
OP-5	Skálavík (275 ha). Útivistarsvæði í Skálavík. Hluti svæðisins er innan hverfisverndar.	Svigrúm til uppbyggingar útivistarsvæða í sátt við náttúru og búsetulandslag. Heimilt er að nýta núverandi mannvirki til að bæta aðgengi að svæðinu og auka útivistarmöguleika þar. Taka þarf tillit til skipulagsákvæða um frístundabyggð, landbúnaðar og ferðaþjónustusvæðis. Hluti svæðisins er innan hverfisverndarsvæðis HV-2 og ber að taka mið af ákvæðum hennar á því svæði. Nýting skal taka mið af mögulegri ofanflóðahættu. Taka þarf tillit til óraskaðs votlendis sunnan Hraunsár. Votlendið nýtur verndar skv. lögum um náttúruvernd nr. 60/2013.

<i>Sértæk ákvæði</i>		
<i>Auðkenni</i>	<i>Lýsing</i>	<i>Skipulagsákvæði</i>
OP-6	Leiksvæði (0,7 ha). Fjögur minni nær leiksvæði í íbúðarhverfi.	Nýta skal landslag sem leiktæki eins og kostur er. Huga skal að öruggum aðkomuleiðum að leiksvæðum og tryggja aðgengi fyrir alla.

## 16.13 HAFNIR (H)



Svæði fyrir hafnir og hafnarmannvirki þar sem gert er ráð fyrir mannvirkjum og tækjum til móttöku skipa og báta, losunar og lestunar þeirra, geymslu vöru, móttöku og afgreiðslu þessarar vöru til áframhaldandi sjó- eða landflutninga, til móttöku og brottfarar farþega og smábátahafnir.

### Skipulagsákvæði fyrir hafnir

#### Almenn ákvæði

Svigrúm er fyrir viðhald og endurbætur á hafnarmannvirkjum.

Byggingar skulu taka mið af einkennum núverandi byggðar.

Sérstaklega skal huga að ásýnd og lýsingu í samræmi við ákvæði í kafla um gæði byggðar.

#### Sértæk ákvæði

Auðkenni	Lýsing	Skipulagsákvæði
H-1	Brimbrjótur, Búðarkantur og Lækjarbryggja (1,4 ha). Hafnarsvæði þar sem fram fer löndun, sjóflutningar og þjónusta við ferðamannabáta.	Við Brimbrjót er fyrst og fremst gert ráð fyrir löndun á fiski og sjóflutningum en einnig er mögulegt að taka á móti minni skemmtiferðaskipum. Lækjarbryggja þjónustar ferðamannabáta og smærri fiskveiðibáta. Gert er ráð fyrir endurbyggingu hennar og mögulega lítils háttar tilfærslu. Tryggja skal gott aðgengi fyrir þá sem starfa við höfnina en einnig leggja áherslu á gott aðgengi fyrir gangandi, einkum frá miðsvæðinu að Lækjarbryggju. Sérstaka áherslu skal leggja á að umhverfi Lækjarbryggju sé aðlaðandi.
H-2	Grundargarður (0,4 ha). Svæðið hefur tengingu við landfyllingu á iðnaðarsvæði.	Gert er ráð fyrir lengingu Grundargarðs til suðvesturs. Grundargarður mun einkum þjónusta þá starfsemi (sjávarútveg og eða hafnsækinn iðnað) sem verður á landfyllingu suðaustan við hafnarkantinn (I-5). Tryggja skal gott aðgengi fyrir þá sem starfa við höfnina en einnig leggja áherslu á gott aðgengi fyrir gangandi, einkum frá miðsvæðinu.

## 16.14 LANDBÚNAÐARSVÆÐI (L)



Svæði fyrir landbúnað og mannvirki sem tengjast búrekstrinum, með áherslu á búfénað, matvæla- og fóðurframleiðslu.

**Tafla 16.2 Takmarkandi þættir við uppbyggingu á landbúnaðarsvæðum.**

Takmarkandi þáttur	Lágmarks fjarlægð	Undantekningar
Landamerki	50 m	Sameiginleg uppbygging aðliggjandi jarða Jarðhitaleitarholur
Vötn, ár og sjór	50 m	Smávatnsvirkjanir Jarðhitaleitarholur
Friðlýstar fornminjar	100 m	Uppbygging til verndar minjum
Friðaðar fornminjar	15 m	Uppbygging til verndar minjum
Háspennulínur	25 m	Byggingar tengdar háspennulínum.
Jarðstrengir og aðrar veitulagnir	4 m	Byggingar tengdar veitum.
Stofn- og tengivegir	100 m	Jarðhitaleitarholur

## Skipulagsákvæði fyrir landbúnaðarsvæði

### Almenn ákvæði

Gert er ráð fyrir landbúnaði og ekki er heimilt að ráðstafa landinu í aðra nýtingu sem hindrar landbúnaðarnot.

Landeigendur geti nýtt hlunnindi sín, s.s. með beit, útivist, dúntekju, veiðum og skógrækt.

Minni háttar mannvirki eru heimil, svo sem fjarskiptamöstur, litlar vindmyllur, sólarsellur og mannvirki tengd fiskverkun.

Við uppbyggingu á landbúnaðarsvæðum skal þess gætt að framkvæmdir verði ekki staðsettar nær takmarkandi þáttum en tilgreint er töflunni hér að ofan og um fjarlægðir vegna skógræktar í töflu 16.3.

### Smávirðjanir

Aðalskipulagið heimilar allt að 30 kW smávirðjanir með minni háttar uppistöðulóni eða allt að 200 kW rennslisvirðjanir. Framkvæmdir þurfa að vera í samræmi við meginmarkmið aðalskipulagsins og öllu raski skal haldið í lágmarki. Við uppsetningu virðjana skal huga að sýnileika og afturkræfni framkvæmda og þess gætt að valda sem minnstum skaða á náttúrunni. Á hverfisvernduðum svæðum og svæðum á náttúruminjasrá skal meta áhrif virðjanaframkvæmda í greiningu á umhverfisáhrifum deiliskipulags, sem gera skal samfara deiliskipulagi, skv. staðlaðri matstöflu sem birt er í viðauka.

### Ferðapjónusta

Gert er ráð fyrir að hægt verði að nýta núverandi mannvirki og byggingar á landbúnaðarsvæðum til minni háttar ferðapjónustu, svo sem til gistingar. Heimild er fyrir minni tjaldsvæðum (3 ha eða minni) ef þau valda litlu raski og hafa ekki veruleg áhrif á ásýnd. Einnig er gert ráð fyrir heimasölu og heimavinnslu.

### Skógrækt

Skógrækt er heimil á opnum svæðum. Skógrækt skal falla vel að náttúrulegu landslagi og menningarlandslagi og má ekki skerða óhóflega útsýni, aðgengi að útivistarsvæðum eða spilla berjalöndum. Gæta skal þess að skógrækt hafi ekki neikvæð áhrif á náttúruleg gæði, svo sem gróðurfar og búsvæði, sem og menningarminjar. Skógrækt má ekki raska náttúrufrýrbrigðum sem njóta sérstakrar verndar skv. náttúruverndarlögum. Meðhöndlun innfluttra tegunda skal vera í samræmi við þá stefnu sem sett er í kafla um skógrækt. Við ákvörðun um staðsetningu og stærð skógræktarsvæða skal sá aðili er byggur á skógrækt greina áhrif skógræktar skv. viðauka í aðalskipulaginu.

### Sértæk ákvæði

Auðkenni	Lýsing	Skipulagsákvæði
L-1	Landbúnaðarland í Syðridal og Tungudal (305,4 ha)	<p>Gert er ráð fyrir að tún og beitolönd verði áfram nytjuð í Skálavík.</p> <p>Gert er ráð fyrir allt að þremur frístundahúsum á hverri jörð. Hámarksstærð nýrra húsa er 100 m<sup>2</sup> og skulu þau reist utan ræktaðs lands.</p> <p>Uppbygging frístundarhúsa skal ekki skerða:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>▪ Góð landbúnaðarsvæði, t.d. ræktarland</li> <li>▪ Sérstöðu svæðisins og ásýnd þess í heild, þ.m.t. óröskuð svæði, líffræðilega fjölbreytni, landslagsheildir og menningarsögu</li> <li>▪ Aðgengi að útivistarsvæðum eða loka gömlum göngu- og reiðleiðum</li> </ul>
L-2	Landbúnaðarland í Skálavík (37,8 ha)	Svæðið er fyrst og fremst hugsað til nýtingar á túnum og beitar.

## 16.15 SKÓGRÆKTAR- OG LANDGRÆÐSLUSVÆÐI (SL)



Samkvæmt skipulagsreglugerð eru skógræktar- og landgræðslusvæði (SL) svæði fyrir skógrækt, landgræðslu og aðra uppgræðslu.

Tafla 16.3 Lágmarksfjarlægð á milli takmarkandi þátta og skógræktar.

Takmarkandi þáttur	Lágmarks fjarlægð	Skipulagsákvæði
Landamerki	-	Á svæði nærri landamerkjum skal landeigandi hafa samráð við landeiganda aðliggjandi jarðar vegna skógræktar.
Vötn, ár og sjór	-	Ekki þétt skógrækt við vatns-, árbakka og sjó. Heimilt að láta jarðar nærliggjandi skógræktar þynnast út í átt að vötnum, ám og sjó.
Friðlýstar fornminjar	100 m	Hvers konar röskun fornleifa er óheimil án leyfis Minjastofnunar Íslands skv. lögum nr. 80/2012 um menningarminjar.
Friðaðar fornleifar	15 m	Hvers konar röskun fornleifa er óheimil án leyfis Minjastofnunar Íslands skv. lögum nr. 80/2012 um menningarminjar.
Háspennulínur	Breytileg	Fjarlægð trjáa til háspennulína miðist við það að hún sé hæð fullvaxinna trjáa margfölduð með 1,5.
Jarðstrengir og aðrar veitulagnir	1,5 m	Fjarlægð miðist við rótarkerfi fullvaxins trjágróðurs.
Stofnvegir, tengivegir og aðrir vegir	15-30 m	Ekki skógrækt á 30 m breiðu svæði frá miðlínu stofnvega og 15 m frá miðlínu annarra þjóðvega, sbr. vegalög nr. 80 / 2007. Þar sem líkur er á snjósöfnun á veg skal fjarlægðin aukin. Sjá einnig kafla um samgöngur.



## Skipulags ákvæði fyrir skógræktar- og landgræðslusvæði

### Almenn ákvæði

Við ákvörðun um staðsetningu og stærð skógræktarsvæða, skal virða lágmarksfjarlægðir, sbr. töflu hér að framan.

Varast ber þó að láta þessar takmarkanir vera leiðandi í mótun ræktunarsvæðis, enda um lágmarksfjarlægðir að ræða. Mótun svæðis ætti alltaf að taka mið af landslagi og heildarásýnd svæðisins.

Skógrækt skal falla vel að náttúrulegu landslagi og menningarlandslagi og má ekki skerða óhóflega útsýni, aðgengi að útivistarsvæðum eða spilla berjalöndum.

Gæta skal þess að skógrækt hafi ekki neikvæð áhrif á náttúruleg gæði, svo sem gróðurfar og búsvæði, sem og menningarminjar.

Skógrækt má ekki raska náttúruyrirbrigðum sem njóta sérstakrar verndar skv. náttúruverndarlögum.

Meðhöndlun innfluttra tegunda skal vera í samræmi við þá stefnu sem sett er í kafla um skógrækt.

Við ákvörðun um staðsetningu og stærð skógræktarsvæða skal sá aðili er hyggur á skógrækt greina áhrif skógræktar skv. viðauka í aðalskipulaginu

### Sértæk ákvæði

Auðkenni

Lýsing

Skipulagsákvæði

SL-1

Hanhóll (20,5 ha).  
Skógræktarsvæði.

Sérstaklega skal gætt að því að planta ekki trjám í hverfisverndað svæði (HV-6) við Gil og Gilsnámu.

Skógræktaráætlun skal taka mið af landslagi og annarri nýtingu. Skógræktin kann að vera háð framkvæmdaleyfi sveitarstjórnar og skal þá einnig gera greiningu á áhrifum skógræktarinnar (sjá viðauka). Landeigandi skal hafa samráð við Skógræktina við nánari útfærslu á skógrækt.

## 16.16 ÓBYGGÐ SVÆÐI (ÓB)



Svæði þar sem ekki er gert ráð fyrir búsetu né atvinnustarfsemi, svo sem hálendi, heiðar og afréttir, að mestu án mannvirkja annarra en þeirra sem þjóna útivist, afréttarnotum, öryggismálum og fjarskiptum.

### Skipulagsákvæði fyrir óbyggð svæði

Sértæk ákvæði		
Auðkenni	Lýsing	Skipulagsákvæði
ÓB-1	Óbyggð svæði í Bolungarvík (9.662 ha)	<p>Mannvirkjum skal haldið í lágmarki.</p> <p>Fjarskiptamannvirki (s.s. endurvarpstöðvar) eru heimiluð á opnum óbyggðum svæðum í samræmi við deiliskipulag eða að undangenginni grenndarkynningu, þar sem það á við.</p> <p>Mannvirki til almannanota, s.s. fjallaskálar, og neyðarskýli, skulu vera í lágmarki og taka mið af öryggismálum og þörf fyrir neyðarafdrep og gistaðstöðu fyrir gangnamenn og ferðafólk þar sem það á við. Slíkir skálar skulu sérmerktir á aðalskipulagsuppdrætti sem afþreyingar- og ferðamannasvæði.</p> <p>Skógrækt er ekki heimil á óbyggðum svæðum.</p> <p>Innviðir, svo sem gönguleiðir og veitur, eru sýndir með viðeigandi táknum á óbyggðum svæðum á skipulagsuppdrætti.</p> <p>Á óbyggðum svæðum eru ýmsar takmarkanir sem m.a. tengjast náttúruvernd, vatnsvernd og minjavernd. Sjá nánar í kafla um verndarákvæði.</p> <p>Taka skal mið af ákvæðum hverfisverndar við leyfisveitingar á óbyggðum svæðum.</p>

## 16.17 SÉRSTÖK NOT HAF- OG VATNSSVÆÐA (SN)



Svæði innan netlaga á hafi og vatni þar sem sérstaklega þarf að gera ráð fyrir tilteknum notum, t.d. veiðum, fiskeldi eða siglingaleiðum.

### Skipulagsákvæði fyrir sértök not haf- og vatnssvæða

#### Sértæk ákvæði

Auðkenni

Lýsing

Skipulagsákvæði

SN-1

Höfnin og innsiglingin (16 ha).  
Svæði frá sjóvarnargarði við Brjótinn að strandlengju við Grundargarð.

Um svæðið gildir hafnarreglugerð fyrir Bolungarvík nr. 489, 1985.  
Svæðið er mikilvægur hluti hafnarinnar með siglingaleið, flotbryggjum, viðleguköntum og varnargarði.  
Siglingaleið skal vera greið og aðkoma aðlaðandi.

## 16.18 VÖTN, ÁR OG SJÓR (V)



Vatnsfletir núverandi og fyrirhugaðra vatna, fallvatna og sjávar, þar með talið legu þeirra vegna stífla, breytingu á árfarvegum og landfyllinga.

### Skipulagsákvæði fyrir vötn, ár og sjó

Sértæk ákvæði		
Auðkenni	Lýsing	Skipulagsákvæði
V-1	Strandlengja (219 ha). Strandsvæði frá Háuskriðu að Skálavík og frá Landi í Skálavík að þéttbýli Bolungarvíkur. Einnig svæðið frá Óshlíð að Ófæru.	
V-2	Syðridalsvatn (111,4 ha).	Nýting skal vera í samræmi við meginmarkmið aðalskipulagsins.
V-3	Helstu ár í Bolungarvík. Ósá, Tröllá, Fossá, Gilsá, Hlíðará, Hólsá, Breiðabólsá, Hraunsá og Þverá.	Strandsvæði haldist í sem náttúrulegustu ástandi og án inngripa mannsins. Umgengni á umræddum svæðum skal vera góð.
V-4	Uppistöðulón fyrir Reiðhjallavirkjun við Fossá (1,2 ha).	
V-5	Vatn í Seljadal og fleiri smávötn á heiðum.	

## 16.19 STRANDSVÆÐI (ST)



Svæði innan netlaga og meðfram sjó, ám eða vötnum þar sem aðgengi almennings er tryggt og mannvirkjagerð er haldið í lágmarki.

### Skipulagsákvæði fyrir strandsvæði

<i>Sértæk ákvæði</i>		
<i>Auðkenni</i>	<i>Lýsing</i>	<i>Skipulagsákvæði</i>
ST-1	Strandsvæði (60 ha). Strandsvæði og fjara í Skálavík og í þéttbýli að Hólatá í Bolungarvík.	Nýting skal vera í samræmi við meginmarkmið aðalskipulagsins. Tryggja skal aðgengi gangandi að fjöru. Strönd skal haldið í náttúrulegu ástandi eins og kostur er. Umgengni á strandsvæðum skal vera góð.

## 16.20 VARNAR- OG ÖRYGGISSVÆÐI (VÖ)



Svæði innan sveitarfélags þar sem ráðherra sem fer með málefni varnar- og öryggissvæða fer með yfirstjórn skipulags- og mannvirkjamála, sbr. 8. gr. skipulagslaga.

### Skipulagsákvæði fyrir varnar- og öryggissvæði

<i>Sértæk ákvæði</i>		
<i>Auðkenni</i>	<i>Lýsing</i>	<i>Skipulagsákvæði</i>
VÖ-1	Bolafjall (11,5 ha) Ratsjár- og fjarskiptastöð Landhelgisgæslunnar og fjarskiptamöstur.	Möguleiki fyrir áframhaldandi notkun ratsjár- og fjarskiptastöðvar og uppbyggingu og viðhald fjarskiptabúnaðar. Uppbygging skal taka mið af vatnsvernd, ásýnd og ferðapjónustu á Bolafjalli. Leita ber umsagnar utanríkisráðuneytis vegna mannvirkjagerðar á svæðinu.



# TAKMARKANIR Á LANDNOTKUN



## 17 VERNDARÁKVÆÐI

Auk þeirrar stefnu um landnotkun sem fram kemur með reitaskiptingu í kafla um landnotkun, gilda takmarkanir af ýmsum ástæðum. Um er að ræða hvers konar friðun og verndun vegna náttúrufars, menningarminja og auðlinda og ákvæði vegna hættu af hugsanlegri náttúruvá.

Svæði þar sem takmarkanir gilda eru sýnd með punktum og/eða mismunandi yfirstrikuðum reitum á skipulagsupprætti. Hættusvæði vegna ofanflóða eru sýnd með hættumatslínunum Veðurstofunnar.

### 17.1 NÁTTÚRUVÁ (NV)

Svæði þar sem hætta er talin stafa af náttúruhamförum, svo sem snjóflóðum, skriðuföllum, sjávarflóðum, vatnsflóðum, jarðskjálftum, eldvirkni eða veðurfari (ofviðri).

#### Viðbótarákvæði vegna náttúruvár

Hættumetin svæði vegna ofanflóða	Flokkur	Skipulagsákvæði (í samræmi við reglugerð nr. 505/2000.)
<ul style="list-style-type: none"> <li>▪ Traðarhyrna</li> <li>▪ Minni-Hlíð</li> </ul>	Hættusvæði A (Gul lína)	Styrkja þarf hús þar sem búist er við miklum mannsafnaði, svo sem fjölbýlishús, skóla, sjúkrahús, og íbúðarhús með fleiri en fjórum íbúðum.
<ul style="list-style-type: none"> <li>▪ Athafnasvæði og geymslusvæði undir Erni í Syðridal</li> <li>▪ Ós</li> </ul>	Hættusvæði B (Blá lína)	Atvinnuhúsnæði má byggja án styrkinga. Byggja má íbúðarhús og byggja við hús þar sem búist er við miklum mannsafnaði (fjölbýlishús, sjúkrahús, skólar o.þ.h.) ef þau eru styrkt.
Sjá nánar í ákvæðum fyrir viðkomandi landnotkunarreiti	Hættusvæði C (Rauð lína)	Engar nýbyggingar nema frístundahús (ef áhættan er minni en 5 · 10 <sup>-4</sup> á ári) og húsnæði þar sem viðvera er lítil.

## 17.2 MINJAVERNND (MV)

Svæði þar sem eru friðlýstar fornleifar og friðaðar fornminjar, hús og mannvirki sem njóta sjálfkrafa verndar á grundvelli aldurs þeirra samkvæmt lögum um menningarminjar.

### Viðbótarákvæði vegna minjaverndar

Auðkenni	Lýsing	Skipulagsákvæði
MV-1	Hólskirkja. Timburhús, tilsniðið í Noregi og hannað af Rögnvaldi Ólafssyni arkitekti. Byggt árið 1908. Friðuð frá 1. janúar 1990 samkvæmt aldursákvæði 1. mgr. 36. gr. Þjóðminjalaga nr. 88/1989 og friðlýst frá gildistöku laga um menningarminjar nr. 80/2012.	Útlit og umhverfi kirkju og kirkjugarðs verndað sem heild. Óheimilt er að gera nokkrar breytingar á friðlýstu húsi eða mannvirki án vitundar Minjastofnunar Íslands. Við endurbætur og viðhald friðlýstra húsa og mannvirkja skal leita áhlits og ef til þarf leyfis Minjastofnunar Íslands með minnst sex vikna fyrirvara sbr. 31. gr. laga um menningarminjar. Umhverfis friðlýstar fornleifar skal einnig afmarka 100 m friðhelgað svæði frá ystu sýnilegu mörkum þeirra, sbr. 22. gr. sömu laga.
MV-2	Vatnsnes. Fornar bæjarrústir, taldar vera frá bæ Þuríðar sundafyllis. Friðlýst árið 1971.	Svigrúm til framkvæmda sem stuðla að upplýsingagjöf og miða að verndun svæðisins. Umhverfis friðlýstar fornleifar er 100 metra friðhelgað svæði út frá ystu sýnilegu mörkum þeirra. Hvers konar röskun, byggingarframkvæmdir eða aðrar framkvæmdir á friðhelguðu svæði umhverfis friðlýstar fornleifar og á fornleifunum sjálfum eru óheimilar án leyfis Minjastofnunar Íslands.

### 17.3 VATNSVERNDARSVÆÐI OG VATNSBÓL (VF, VG, VB)

Vatnsverndarsvæði, þ.e. svæði sem heilbrigðisnefnd sveitarfélags hefur ákvarðað sem vatnsverndarsvæði umhverfis hvert vatnsból, annars vegar grannsvæði (VG) og hins vegar fjarsvæði (VF) sbr. reglugerð um neysluvatn.



*Vatnsból (VB):*

Svæði fyrir vatnsöflun, það er brunnsvæði vatnsverndar.

#### Viðbótarákvæði vegna vatnsverndar

Auðkenni	Lýsing	Skipulagsákvæði
VB-1	Vatnsból, brunnsvæði í Hólsá.	Brunnsvæði er næsta nágrenni vatnsbólsins. Það skal vera algjörlega friðað fyrir óviðkomandi umferð og framkvæmdum öðrum en þeim, sem nauðsynlegar eru vegna vatnsveitunnar.
VB-2	Vatnsból, brunnsvæði við Þverá.	Brunnsvæði er næsta nágrenni vatnsbólsins. Það skal vera algjörlega friðað fyrir óviðkomandi umferð og framkvæmdum öðrum en þeim, sem nauðsynlegar eru vegna vatnsveitunnar.
VG-1	Vatnsverndarsvæði, grannsvæði.	Umgengni í samræmi við reglugerð um varnir gegn mengun vatns nr. 796/1999 m.s.br. Á grannsvæði er notkun á hættulegum efnum og birgðageymsla slíkra efna bönnuð. Hér er m.a. átt við olíu, bensín og skyld efni, salt, eiturefni til útrýmingar á skordýrum eða gróðri og önnur efni sem mengað geta grunnvatn, auk efna sem sérstaklega eru tilgreind í reglugerð um neysluvatn. Ekki skal leyfa nýjar byggingar, sumarbústaði eða þess háttar á svæðinu. Vegalagnir, áburðarnotkun og önnur starfsemi innan svæðisins skal vera undir ströngu eftirliti.
VF-1	Vatnsverndarsvæði, fjarsvæði.	Umgengni í samræmi við reglugerð um varnir gegn mengun vatns nr. 796/1999 m.s.br. Þar sem vitað er um sprungur eða misgengi á þessu svæði, skal fyllstu varúðar gætt í meðferð efna, sem talin eru upp í II. Flokki í viðauka reglugerðarinnar. Stærri geymslur fyrir slík efni eru bannaðar á svæðinu. Heilbrigðisnefnd getur gefið út frekari fyrirmæli varðandi umferð á þessu svæði, svo og um byggingu sumarhúsa og annarra mannvirkja.

## 17.4 HVERFISVERND (HV)

Svæði þar sem sveitarstjórn hefur sett ákvæði um hverfisvernd til að vernda sérkenni eldri byggðar eða annarra menningarsögulegra minja, náttúruminjar, landslag eða gróður vegna sögulegs, náttúrulegs eða menningarlegs gildis, án þess að um friðun sé að ræða samkvæmt öðrum lögum.

### Viðbótarákvæði vegna hverfisverndar

Auðkenni	Lýsing	Skipulagsákvæði
HV-1	Bakkar (2,7 ha). Nær til þess hluta bæjarins sem hefur að geyma helming af þeim húsum sem byggð eru fyrir 1910, eða átta hús.	<p>Ákvæðin miða að því að skapa umhverfi sem styrkir efnahagslegan og samfélagslegan grunn Bolungarvíkur. Þau taka til bygginga og umhverfis innan hverfisverndarsvæðisins.</p> <p>Við viðhald og uppbyggingu hverfisins skal taka mið af hefðum og arkitektúr fyrstu áratuga tuttugustu aldar. Þó er heimilt að viðhalda yngri húsum í núverandi mynd, þ.e. endurbyggingar, viðbyggingar og viðhald verði í sama stíl og húsið er, við staðfestingu skipulagsins. Hús með verndargildi skulu ekki fjarlægð. Miða skal viðhald þeirra við upprunalegt horf eða það horf sem viðheldur verndargildi hússins sem best.</p> <p>Heimilt er að byggja ný hús eða færa hús inn á hverfisverndaða svæðið, enda falli þau að hefðum og arkitektúr fyrstu áratuga tuttugustu aldar.</p> <p>Hugað skal sérstaklega að gæðum í efnisvali og handverki. Leitast skal við að hafa hlutina í sem upprunalegustu mynd.</p> <p>Umhverfi húsa skal vera í samræmi við arkitektúr hverfisins.</p>
HV-2	Ytri hluti Skálavíkur (141 ha).	<p>Allar nýbyggingar skulu vera í samræmi við deiliskipulag og tilheyrandi greiningu á áhrifum þess, skv. staðlaðri matstöflu í viðauka aðalskipulagsins. Stöðuleyfi eru ekki heimil fyrir færanleg íveruhús, s.s. rútur, húsbíla eða hjólhýsi.</p> <p>Stærð og útlit húsa, þéttleika og stærð svæðis skal ákvarða í deiliskipulagi í samræmi við greiningu á áhrifum deiliskipulags. Lóðir frístundahúsa skulu þó ekki vera samliggjandi.</p> <p>Nýbyggingar og aðrar framkvæmdir skulu falla vel að yfirbragði byggðar og landslags og samræmast markmiðum verndarinnar.</p> <p>Útlit frístundahúsa og breytingar á þegar byggðum húsum skulu taka mið af þeim byggingarstíl sem tíðkaðist meðan byggð hélst á svæðinu. Einkum er átt við stærð, efnisval, lit, hlutföll, glugga og þakgerð.</p>

Auðkenni	Lýsing	Skipulagsákvæði
		Engar framkvæmdir eða ný mannvirki, s.s. frístundahús, skulu vera á beltum sem nær 100 m frá sjávarmáli og Skálavíkurlá. Undanteknar eru þó framkvæmdir til að verja mannvirki í augljósri hættu og til að tryggja aðgengi að á og fjöru, enda verði slíkar framkvæmdir í samræmi við markmið verndarinnar og með viðeigandi leyfum. Við hugsanlega endurbyggingu á þjóðvegi skal þess gætt að hann fylgi landslagi og raski ekki þeirri landslagsheild sem svæðið er.
HV-3	Hóll (10,5 ha). Nær til þess svæðis þar sem líkur eru á að minjar höfuðbólsins Hóls sé að finna, skv. upplýsingum frá minjaverði Vestfjarða.	Tryggja skal að hugsanlegar fornminjar og menningarverðmæti spillist ekki. Tryggja skal að framkvæmdir spilli ekki möguleikum á að gera sögu svæðisins sýnilega. Hverfisverndin hefur ekki áhrif á núverandi landnotkun nema ef talið er að fornminjar geti spillst.
HV-4	Verminjar í landi Minni-Bakka (3,3 ha).	Allar framkvæmdir innan svæðisins skulu miða að verndun þeirra verminja sem eru á svæðinu. Heimilar eru einnig framkvæmdir sem miða að því að gera sögu minjanna sýnilega. Óheimilt er að spilla fornminjum á svæðinu.
HV-5	Stigahlíð–Deild (291 ha). Alþjóðlega mikilvæg sjófuglabyggð. Svæðið er hluti af stærra svæði á B-hluta náttúruminjasrár, kennt við Patreksfjörð og Djúp.	Nýting og framkvæmdir sem ógna sjófuglabyggðinni eru óheimilar.
HV-6	Gil í Syðridal og Gilsnáma (80 ha). Svæðið er á náttúruminjasrá, flokkað sem aðrar náttúruminjar eða C – hluti skrárinnar. (1) Surtarbrandslög við Gilsá upp af Syðridal. (2) Fundarstaður surtarbrands frá tertíer.	Vernda skal surtabrandslögin og námuna. Svigrúm er til framkvæmda sem stuðla að verndun, fræðslu og bættu aðgengi að náumunni.
HV-7	Hafnargata og Bjarnarbúðarreitur (4,1 ha).	Hverfisverndin felur í sér að varðveita beri byggðarmynstur og götummynd reitsins og markvisst verði unnið að því að bæta götummyndina til að tryggja gæði hennar. Ef byggja á við hús eða fjölga þeim, skal það gert í sátt við eldri byggð til að styrkja og bæta götummyndina. Viðbyggingar og ný hús skulu taka mið af formi og hlutföllum eldri byggðar. Unnin verði húsakönnun fyrir Bjarnabúðarreit og Hafnargötu. Með tilliti til hennar verði unnið deiliskipulag fyrir Hafnargötu þar sem skilgreindir eru breytingar– og uppbyggingarmöguleikar sem tryggja að hið gamla byggðarmynstur haldi sér.

<i>Auðkenni</i>	<i>Lýsing</i>	<i>Skipulagsákvæði</i>
		Hús sem eru friðuð, friðlýst eða byggð 1925 eða fyrr skulu ekki rifin og breytingar skulu einungis gerðar í samráði við Minjastofnun Íslands. Það á einnig við um hús sem hafa verndargildi eða gildi fyrir götmyndina skv. húsakönnun.

## 18 HEIMILDIR

Albertína Friðbjörg Elíasdóttir, Alda Davíðsdóttir, Íris Hrund Halldórsdóttir og Guðbjörg Ásta Ólafsdóttir, 2008. Ferðamenn á norðanverðum Vestfjörðum sumarið 2008. Rannsókn- og fræðasetur Háskóla Íslands á Vestfjörðum.

Anton Helgason, 2019. Tölvupóstur 29.11 2019. Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða. Anton Helgason, Sigurjón Þórðarson og Þorleifur Eiríksson, 2002. Athugun á skólpmengun við sjö þéttbýlisstaði. Áfangaskýrsla 1. Náttúrustofa Vestfjarða.

Bolungarvíkurkaupstaður, 2020. Húsnæðisáætlun. Samþykkt í bæjarstjórn 19. maí 2020.

Byggðastofnun, 2015. Vestfirðir. Stöðugreining 2014.

Byggðastofnun, 2017a. Byggðaleg áhrif fiskeldis.

Byggðastofnun, 2018b. Atvinnutekjur 2008-2017 eftir atvinnugreinum og landshlutum.

Byggðastofnun, 2019. Hagvöxtur landshluta 2012-2017.

Byggðastofnun, 2019b. Atvinnutekjur 2008-2018 eftir atvinnugreinum og landshlutum.

Byggðastofnun og Hagfræðistofnun HÍ, 2019. Hagvöxtur landshluta 2012-2017. Nóvember 2019.

Ferðamálastofa, 2008. Ferðapjónustan mikilvægur drifkraftur. Birt á vef Ferðamálastofu 28.10. 2008.: <https://www.ferdamalastofa.is/is/um-ferdamalastofu/frettir/ferdathjonstan-mikilvaegur-drifkraftur> Ferðamálastofa, 2020. Heildarfjöldi erlendra ferðamanna.

Fjarhitun, 1995. Lágsvæði, 2. Áfangi Skipulags- og byggingarráðstafanir og sjóvarnir. Reykjavík: Skipulag ríkisins.

Fjórðungssamband Vestfirðinga, 2016. Stefnumörkun sveitarfélaga á Vestfjörðum – fyrstu skref. 24. maí 2016.

Fjórðungssamband Vestfirðinga, 2019. Sóknaráætlun Vestfjarða 2020-2024. Unnið af Vestfjarðastofu fyrir Fjórðungssamband Vestfirðinga í nóvember 2019.

Gagnaveita Reykjavíkur, 2019. Ljósleiðarinn – tilkynning. Ljosleidarinn.is. Guðrún Elín Jóhannsdóttir, 2017. Sjávarflóð á Íslandi. Skýrsla VÍ 2017-008. Vegagerðin, 2018.

Hafrannsóknastofnun, 2017. Mat á burðarþoli Ísafjarðardjúps m.t.t. sjókvíaldis.

Hafrannsóknastofnun 2020. Eldi á frjóum laxi í opnum sjókvíum. Áhætta erfðablöndunar – ráðgjöf 2020. 17. mars 2020.

Hagstofa Íslands, 2019. Vísasafn. Upplýsingar fengnar af vefsíðu stofnunarinnar: [www.hagstofa.is](http://www.hagstofa.is). Upplýsingar sóttar í október 2019.

Hagstofa Íslands, 2019b. Sjávarútvegur, talnaefni. Afla og verðmæti afla eftir fisktegund, löndunarhöfn og löndun í heimahöfnum 1992-2018. Hagstofa.is

Hagstofa Íslands, 2020. Vísasafn. Upplýsingar fengnar af vefsíðu stofnunarinnar: [www.hagstofa.is](http://www.hagstofa.is). Upplýsingar sóttar í febrúar-ágúst 2020.

Halldór Björnsson, Árný E. Sveinbjörnsdóttir, Anna K. Daniélsdóttir, Árni Snorrason, Bjarni D. Sigurðsson, Gísli Viggósson, Jóhann Sigurjónsson, Snorri Baldursson, Sólveig Þorvaldsdóttir og Trausti Jónsson, 2008. Hnatrænar loftslagsbreytingar og áhrif þeirra á Íslandi – Skýrsla vísindanefndar um loftslagsbreytingar. Umhverfisráðuneytið.

Halldór Björnsson, Bjarni D. Sigurðsson, Brynhildur Davíðsdóttir, Jón Ólafsson, Ólafur S. Ástþórsson, Snjólaug Ólafsdóttir, Trausti Baldursson, Trausti Jónsson 2018. Loftslagsbreytingar og áhrif þeirra á Íslandi – Skýrsla vísindanefndar um loftslagsbreytingar 2018. Reykjavík: Veðurstofa Íslands. Húsnæðis- og mannvirkjastofnun, 2019. Upplýsingar fengnar af vefsíðu stofnunarinnar: [www.hms.is](http://www.hms.is). Upplýsingar sóttar í nóvember 2019.

IPCC, 2018. Summary for Policymakers of IPCC Special Report on Global Warming of 1.5°C Approved by Governments. Fréttatilkynning 2018/24/PR.

Íbúðalánasjóður, 2019. Húsnæðismarkaðurinn, mánaðarskýrsla.

Ísafjarðarhöfn, 2019. Skemmtiferðarskip 2019. Sótt 6. Febrúar 2020 af <http://port.isafjordur.is/>

Íslandsbanki, 2016. Íslensk ferðaþjónusta.

KPMG, 2017. Laxeldi í Ísafjarðardjúpi – greining á áhrifum þess á efnahag og íbúaþróun. Reykjavík: Fjórðungssamband Vestfjarða.

Landbúnaðarháskóli Íslands, 2015. Vefsíða: [https://www.lbhi.is/-votlendissetur\\_lbhi](https://www.lbhi.is/-votlendissetur_lbhi)

Landsbankinn, 2019. Landsbankinn, fréttir. 26. september 2019.

<https://www.landsbankinn.is/frettir/2019/09/26/Voxtur-ferdathjonustumun-hvila-a-sjalfbaerari-grunni-ny-greining-Hagfraedideildar-Landsbankans/>

Lára Dögg Gústafsdóttir, 2008. Staða útlendinga á norðanverðum Vestfjörðum – tveir heimar í faðmi blárra fjalla. Háskólinn í Reykjavík, Reykjavík.

Markaðsstofa Vestfjarða, 2018. Áfangastaðaáætlun Vestfjarða. Unnin af Markaðsstofu Vestfjarða fyrir Ferðamálastofu.

Mennta- og menningarmálaráðuneyti. 2014. Menningarstefna í mannvirkjagerð: Stefna íslenskra stjórnvalda í byggingarlist. Sótt 23. maí 2019 af <https://www.stjornarradid.is/>

Minjastofnun, 2020. Minjavefsja á vefsíðunni [www.minjastofnun.is](http://www.minjastofnun.is). Upplýsingar sóttar á tímabilinu júní til ágúst 2020.

Námur, kortasja 2020. Kortasja á vefsíðunni [namur.is](http://namur.is). Vegagerðin, Landsvirkjun og Umhverfisstofnun.

Náttúrufræðistofnun Íslands, 2019. Kortasjár Náttúrufræðistofnunar Íslands. <https://www.ni.is/midlun/utgafa/kort/kortasjar>

Náttúrufræðistofnun Íslands og Landgræðsla ríkisins, 2019. ([www.agengar.land.is](http://www.agengar.land.is))

Landmælingar Íslands, 2019. Gögn frá niðurhalsþjónustu Landmælinga Íslands. Dreifing gróðurs.

Ólafur Arnalds, Einar Grétarsson og Sigmar Metúsalemsson, 1996. Kvasir, Upplýsingavefur Rannsóknarstofnunar landbúnaðarins og Landgræðslu ríkisins um jarðvegsrof á Íslandi. <http://www.rala.is/kvasir>. Sótt í nóvember 2009.

Ragnar Edvardsson, 2000. Fornleifaskráning í Bolungarvíkurkaupstað. Lokaskýrsla. Fornleifastofnun Íslands FS120-96023.

Ragnar Edvardsson, 2019. Fornleifaskráning í Bolungarvík vegna deiliskipulags í landi jarðarinnar Óss.

Ragnar Edvardsson 1996. Fornleifaskráning í Bolungarvíkurkaupstað. Fyrsti hluti. Kaupstaðurinn og jarðirnar næstar honum. Fornleifastofnun Íslands FS021-86021.

Ragnar Edvardsson 1997. Fornleifaskráning í Bolungarvíkurkaupstað. Annar hluti. Hanhóll, Gil, Tunga, Meirihlíð, Minnihlíð, Ós. Fornleifastofnun Íslands.

Ragnar Edvardsson, 2007. Menningarminjar við hugsanleg jarðgöng og vegstæði á milli Bolungarvíkur og Hnífsdals. Unnið fyrir Vegagerðina. Náttúrustofa Vestfjarða, nr. 2-07.

Samband íslenskra sveitarfélaga, 2009. Áherslur Sambands íslenskra sveitarfélaga í úrgangsmálum.

Þjóðskrá Íslands. 2019. Lögbýlaskrá. Sótt 28. janúar af <https://www.skra.is/um-okkur/utgafur-og-skjol/>

Samtök fyrirtækja í Sjávarútvegi, 2020. Radarinn, mælaborð sjávarútvegsins. Sótt 15. maí 2020 af <https://radarinn.is/>.

Siglingastofnun Íslands, 2011. Yfirlitsskýrsla um sjóvarnir árið 2011.

Sigríður Sif Gylfadóttir, 2020. Tölvupóstur frá Sigríði Sif, sem er starfsmaður Veðurstofu Íslands, þann 7. maí til skipulagsráðgjafa.

Sigurður Jóhannesson, 2007. Hvernig á að verðleggja náttúruverndarsvæði? Erindi á ráðstefnu um skipulagsmál á Hornströndum, haldin á Ísafirði 26.-27. janúar 2007

Sigurður Sigurðarson, 2018. Lágsvæði – viðmiðunarreglur fyrir landhæð. Vegagerðin, apríl 2018.



Skipulagsstofnun, 2007. Leiðbeiningar um umhverfismat áætlaða. Sótt 27. maí 2019 af <http://www.skipulag.is/media/pdf-skjol/aaetlanamat.pdf>.

Skipulagsstofnun, 2016. Landsskipulagsstefna 2015-2026 ásamt greinargerð. Sótt 23. maí 2019 af <http://www.landsskipulag.is/>

Skógræktin, 2018. Gögn af skóglendisvefsjá: <https://www.skogur.is/is/rannsoknir/skogar-i-tolum/skoglendisvefsja/grunnoggn>

Sólrún Geirsdóttir, 2000. Byggingarár húsa í Bolungarvík. Unnið fyrir Veðurstofu Íslands. Útgefið af Náttúrustofu Íslands.

Stigsdóttir, Ulrika & Grahm, Patrik, 2002. What Makes a Garden a Healing Garden? Journal of Therapeutic Horticulture. 13, 60-69.

Stjórnarráð Íslands, 2019. Heimsmarkmiðin. Sótt 6. janúar 2020 af <http://heimsmarkmidin.is/>

Tómas Jóhannesson, Hörður Þór Sigurðsson og Harpa Grímsdóttir, 2007. Hættumat fyrir Seljalandshverfi, Tunguskeið, Tungudal og Dagverðardal. Veðurstofa Íslands, greinargerð 07008.

Umhverfisráðuneytið, 2010. Velferð til framtíðar: Sjálfbær þróun í íslensku samfélagi - Áherslur 2010-2013. Sótt 23. maí 2019 af <https://www.stjornarradid.is/>

Umhverfisráðuneytið, 2011. Náttúruvernd. Hvítbók um löggjöf til verndar náttúru Íslands.

Umhverfisráðuneytið, 2013. Myrkurgæði á Íslandi.

Umhverfis- og auðlindaráðuneytið, 2016. Endurheimt votlendis, aðgerðaáætlun.

Umhverfis- og auðlindaráðuneytið, 2018. Aðgerðaáætlun í loftslagsmálum 2018 – 2030. Fyrsta útgáfa, september 2018. Sótt 19. nóvember 2019 af <https://www.stjornarradid.is>

Veðurstofa Íslands, 2003. Bolungarvík – Hættumatskort. Hættumat vegna ofanflóða fyrir Bolungarvík.

Veðurstofa Íslands, 2020. Veðurfarsgögn skv. pöntun Bolungarvíkurkaupstaðar.

Þjóðskrá Íslands, 2019. Fasteignaskrá á vefsíðunni [www.skra.is](http://www.skra.is). Upplýsingar sóttar í október 2020.

Þjóðskrá Íslands, 2020. Fasteignaskrá á vefsíðunni [www.skra.is](http://www.skra.is). Upplýsingar sóttar í mars 2020.

## 19 VIÐAUKAR